



# Grímur Óðins

(Masks of Odin)

Elsa-Brita Titchenell



# GRÍMUR ÓÐINS

(Masks of Odin)

Elsa-Brita Titchenell

## FORMÁLI

### INNGANGUR

1. KAFLI GOÐSAGNIR
2. KAFLI YGGDRASIL
3. KAFLI GOÐ OG JÖTNAR
4. KAFLI SKÖPUN HEIMSINS
5. KAFLI SKÖPUN JARÐARINNAR
6. KAFLI RÍKI NÁTTURUNNAR
7. KAFLI RÍG, LOKI OG HUGURINN
8. KAFLI DAUÐI OG ENDURFÆÐING MANNSINS
9. KAFLI VÍGSLA
10. KAFLI VÖLUSPÁ
11. KAFLI GYLFAGINNING
12. KAFLI HÁVAMÁL
13. KAFLI VAFÞRÚÐNISMÁL
14. KAFLI ÞÓR OG LOKI Í JÖTUNHEIMUM
15. KAFLI HÝMNISKVIÐA
16. KAFLI GRÍMNISKVIÐA
17. KAFLI ÞRYMSKVIÐA
18. KAFLI RÍGSÞULA
19. KAFLI LOKI STELUR BRISINGAMENINU
20. KAFLI GRÓTTUSÖNGUR
21. KAFLI VÖLUNDARKVIÐA
22. KAFLI LOKASENNA
23. KAFLI ALVÍSMÁL
24. KAFLI GRÓUGALDUR OG FJÖLVINNSMÁL
25. KAFLI SKÍRNISMÁL
26. KAFLI BALDURS DRAUMUR (VEGTAMSKVIÐA)
27. KAFLI HRAFNAGALDUR ÓÐINS
28. KAFLI AÐ LOKUM

### ORÐSKÝRINGAR

Copyright © 1985 by Theosophical University Press. Öll réttindi áskilin.  
Íslensk þýðing: Áhugamenn um þróunarheimspeki



## Grímur Óðins

### Formáli þýðanda.

Efni þessarar bókar, *Masks of Odin*, eftir Else-Brita Titchenell, norrænufræðing, guðspeking, vísindaáhugamaður, arfsagnafræðing, skáldsagnahöfund og þýðanda, er byggt á hugleiðingum höfundar um norrænar fornsagnir annars vegar, og hins vegar á þýðingum hennar á helstu kviðum þeirra úr sænsku-/íslensku yfir á ensku. Við þýðingu bókarinnar á íslensku var ákveðið að í stað þess að þýða kviðurnar yrði íslensk útgáfa þeirra notuð í staðinn sem íslenskum lesendum er töm, og ákveðið að velja útgáfa Guðna Jónssonar. Annað efni bókarinnar, þ.e. hugleiðingar höfundar, er þýtt óbreytt, enda um fágæta innsýn og túlkun að ræða. Höfundur leiðir okkur inní kosmískan heim sagnanna, hvar persónur þeirra standa fyrir sem náttúru- og þróunaröflin í sólkerfinu, hvar Óðinn leitar visku og færir hana til manna í mörgum persónubirtingum í sögunum, -með sínum mörgu grímum.-Höfundur tengir þætti í sögnunum við uppgötvanir í stjörnufræði, sem og hliðstæður í öðrum eldri menningarheimum en þeim norrænu og um leið að sagnirnar eru alheimslegar og sameiginlegar öllu mannkyni. Sögnunum var ætlað að efla siðferði þess tíma, andlega innrætingu um að það væri regla í óreglunni, að til væru öfl sem voru æðri mannum og sendiboðar þeirra leiddu mannkynið til meiri þroska.

Þessi þýðing er ekki ætluð til útgáfu í bókarformi, heldur verði komið á framfæri á netinu, þar sem þeir finna sem leita.

Þýðandi.

Formáli bókarinnar



Mörgum þeirra sem heyrt hafa af Eddu, eða norrænni goðafræði kemur í huga Baldur, sólargoðið sem dó af stungu mistilsteins; eða þeir muna hið mikla þrumu- og eldingargoð Þór, og að jörðin skelfur undan fótataki hans. Eða kannski minnst þeir hins slæga Loka sem oft kom af stað misgjörðum milli goða og jötna, en með sköpunargáfu sinni og viti leysti oft þá erfiðleika sem hann skapaði.

*Grímur Óðins* er eftirtektarverð rannsókn á „visku í fornnorrænni goðafræði“. Hún skýrir hin mismunandi hlutverk og form sem Óðinn tekur á sig til að öðlast þekkingu á hinum níu heimum goða, jötna, manna, álfa og dverga. En Elsa-Brita Titchenell hefur hærra markmið í huga. Sem áhugasamur nemi í norrænni goðafræði og guðspeki sér hún þetta kosmískri sýn og sýnir okkur með innsæi sínu hvernig marglitur vefur Eddanna fellur að *theosophia perennis, eilífri* visku guðanna.

Þessi elsta arfsögn heimsins segir okkur að fyrir langa löngu hafi allir menn, þó dreifðir um alla jörðina átt sameiginlega arfleifð heilags sannleika um æðri verur af hærri sviðum, og einnig að goðsagnir voru minni um hærri þekkingu og vísindi. Höfundur tekst á við að skýra nokkrar mikilvægar sagnir í hinum norrænu arfsögnum í því ljósi með því að bera saman textana í sænsku saman við hinn upprunalega texta á íslensku. Ætlun hennar er ekki að setja saman annan texta á ensku sem þegar eru fyrir hendi, heldur að „komast að innblásnum kjarnanum“ sem leynist í þessum launhelgu arfsögnum heimsins. Það hefði ekki komið til greina að reyna þetta að áliti höfundarins nema fyrir tvær mikilvægar breytingar í hugarmynd heimsins: í fyrsta lagi mikilvægri birtingu í þróunarheimspeki á heimsmynd okkar fyrir um öld, rituð af H. P. Blavatsky, og áhrifum hennar á hugi manna, og í öðru lagi nýrrar þróunar í vestrænum vísindum.



Í fyrri hluta verksins (1-9. kafla) lýsir höfundur í stórum dráttum megin leikendum sem hafa áhrif á kosmíska og jarðneska sköpun eins og hún er skráð í norrænni goðafræði, færsla eiginleika þriggja goða til manna í upphafi, þ.e. anda, hug og líf svo menn gætu með tímanum orðið „goðumlíkir“. Hún tengir hin hefðbundnu tákni arfsagnanna við kenningu guðspekinnar (Theofista) og uppgötvanir í stjörnufræði og eðlisfræði og sýnir þessar fornu arfsagnir í ljósi heimspeki og vísinda. Fyrir norræna sagnaritara eða skáld var samspil goða og jötna stöðug samskipti anda og efnis á fjölmörgum sviðum sem „hinar mörgu ár lífsins“ sem streymdu hver með sínum hraða gegnum jarðar- og sólar svið Alföðurs.

Í seinni hluta verksins (10.-27. kafla) birtir höfundur athuganir sínar á undan þýðingu við einstaka sagnir og kviða og gefur lesandanum verðmæta leiðsögn gegnum oft flókin vöfundarhús samlíkinga og tákna tilvísanna. Fyrsta sögnin er hin þekktu *Völuspá*, sem segir frá myndun heimanna, af þekkingarleit Óðins á efnissviðunum og falli heimstrésins, þegar goðin hurfu til síns heima og jörðin var ekki lengur— þar til Vala sér aðra jörð rísa úr hafi þar sem fornar skuldir eru ei meir og goðin hafa snúið til baka. Í söng hins æðsta lærum við að Óðinn fullkomnaði reynsluna þegar hann hékk í níu nætur á „hinu vindbarða tré“; tré lífsins, svo hann megði „reisa rúnirnar“ og drekka mjöð eilífrar visku..

Það er margt sem gleður og upplýsir lesandann í sögn eftir sögn, hver af sínu efni. Skiljanlega er aðeins hluti efnisins sem til er yfirfarinn með þessum hætti og mest úr eldri Eddu Sæmundar fróða, en höfundur vonast eftir að þetta muni hvetja aðra höfunda til að rannsaka og finna „hluta af rúnaviskunni“ í þessari norrænu goðafræði.

Hvort sem Elsa-Brita Titchenell skrifar sem norrænufræðingur, guðspekingur, vísindaáhugamaður, arfsagnafræðingur eða þýðandi setur hún efnið fram á

*Grímur Óðins*



skýran hátt, og fræðileg framsetning hefur sett *Grímur Óðins* á stall með því besta í Eddu bókmenntum.

GRACE F. KNOCHE

---



## Inngangur höfundar

Það var upp úr 1940 þegar höfundur rakst á bók af tilviljun í bókasafni Theosophical University í Altadena — fallega innbundið eintak af *Edda* á sænsku. Þó mér hafi verið kunnugt frá barnæsku um sumar norrænu goðasögurnar var þetta í fyrsta sinn sem ég las í hinni skáldlegu eldri Eddu. Er ég fletti í gegnum kvæðin og hreifst af hinum myndrænu „kenningum“ og grípandi setningum varð ég skyndilega lostin hrífandi skilningi, eins og broti af sannleika. Efins í fyrstu, en við lestur með meiri athygli að lokum að fullu sannfærð um að Edda væri ein helgasta goðsögn heimsins, gullnáma um náttúrusögu og andleg verðmæti. Sænski undirtitill bókarinnar: *gudasaga* —átti vel við.

Mörgum árum seinna, eftir mikla leit og samanburð við aðrar arfsagnir voru nægar sannanir fyrir því að innihald þessara norrænu sagna, Edda, hafði að geyma leynd andleg sannindi sem hægt var að greina. Í hinu mikla efni norrænna goðsagna varð nauðsynlegt að velja efni, að hluta vegna þess að margar útgáfur eru af sömu sögunum og líka vegna þess að markmið þessarar bókar er að draga fram tilgátur um þær goðsagnir sem höfða til okkar tíma.

Þær sagnir eru að mestu úr „*Codex Regius* — *Konungsbók*“ — sem er talin skrifuð af Sæmundi fróða fyrir um þúsund árum, og innihald hennar hefur eflaust verið þekkt í langan tíma þar á undan. Í dag öðlast þessar arfsagnir nýja merkingu vegna tveggja mikilvægra breytinga í hugarmynd heimsins: í fyrsta lagi mikilvægri birtingu í þróunarheimspeki á heimsmynd okkar í lok nítjándu aldar og áhrifum hennar á hugi manna, og í öðru lagi nýrrar þróunar í vestrænum vísindum.

Saga *Konungsbókar* er sjálf einstök. Frederik III, konungur Danmerkur, hafði sent Þormóð Torfaeus til Íslands með bréf dagsett 27. maí 1662, sem veitti



honum umboð til að kaupa gömul handrit og annað efni sem snerti íslenska sögu. Hann afhenti Brynjólfi Sveinssyni biskupi bréfið, en Brynjólfur var sjálfur ákafur safnari sögulegra minja frá því að hann tók við biskupsembætti í Skálholti 1639. Skömmu síðar sendi biskup konungi nokkur handrit að gjöf sem Þormóður gerði skrá yfir og Guðbrandur Vigfússon listaði upp í inngangi sínum að *Sturlunga Saga*. Í þessu safni er handrit merkt nr. 6 sagt vera „Edda Sæmundar; quarto“. Þessi bók var gersemi Konungsbókasafnsins í Kaupmannahöfn þar til fyrir fáum árum að því var skilað til Íslands og er nú geymt í safni Árna Magnússonar. Talið er að Brynjólfur hafi eignast bókina um 20 árum fyrir komu Þormóðs, því hann hefur ritað nafn sitt á latínu, Lupus Loricatus í opnu bókarinnar með ártalinu 1643, og hann hafði einnig látið gera afrit af bókinni á hvítt pergament.

Nokkrar útgáfur af Eddu eru til í hlutum. Safn handrita sem safnað var af Árna Magnússyni er talið af sama uppruna og Sæmundar Edda, annað safn er *Ormsbók í Snorra Eddu* (þaðan er fengin Rígsþula og Vegstamskviða) og *Flateyjarbók*. Gróugaldur, Alvísmál og Hrafnagaldur Óðins eru fengin úr sænskri þýðingu og koma ekki fyrir í *Konungsbók*. Gróttasöngur er úr *Snorra Eddu*.

Kvæðin sem er stuðst við hér eru úr (þýðing úr sænsku yfir í ensku) tveim sænskum útgáfum Godecke og Sander, með tilvísunum frá Viktor Rydberg og borið saman við Wimmer og Jonsson *Sæmundar Eddu*, ljósprentuðu eintaki af handriti *Konungsbókar* (*Codex Regius*) með prentaðri þýðingu á gagnsíðu. Þar er um að ræða samfellda texta með engri skiptingu og aðeins innfeldur titill er við upphaf hvers kvæðis. Flestar þýðingar skipta þeim í 6 eða 8 línur sem gefa til kynna hátt þeirra en við höfum valið í mörgum tilfellum að setja kvæðin fram í ferskeyttu formi. Það er engin rímun, en með fjórstuðlun sem algeng var áður og gefur kvæðunum ákveðinn sjarma.





Sæmundar Edda er í tveim meginköflum eins og flest forn handrit sem fjalla um sköpun heimsins og þróun mannsins. Fyrri hlutinn fjallar um heiminn umhverfis og seinni hlutinn um „hetjur“, mannkynin og þróun þeirra gegnum sviðin frá upphafi frumþroska og til sjálfvitundar sem mannkynið hefur öðlast. Þessar sagnir eru oft skreyttar staðbundnum og þekktum sögulegum atburðum til að gefa innsýn í mun stærri mynd sem þeir leyna. Þetta verk einblínir á fyrri hlutann sem fjallar stærri alheimsatburði og leitast við að draga fram grunnmyndina í hinni guðlegu náttúru sem einnig hefur áhrif á mannanna heim.

Við getum greint og skýrt innri merkingu *Eddu* m.a. með samanburði við eitt mesta upplýsandi verk á okkar dögum, *The Secret Doctrine*, þar sem höfundurinn, H. P. Blavatsky, ber saman gríðarlega mikið safn arfsagna sem tengjast myndun heimsins, sögu mannsins og örlögum lífvera. Í þessu verki eru lykilatriði sem sýna sömu megindrætti í hinum mismunandi afsögnum heimsins. Þar er okkur gefin heildarsýn yfir alheiminn, tímabil athafna og hvílda og hvernig guðleg vitund birtist sem hinn sýnilegi kosmos í rúmi og tíma.

Til að finna upplýsingar sem Edda geymir verðum við að styðjast við orðsifjafræði nafna og orðamerkingar sem í sumum tilfellum eru margar. Cleasby's *Icelandic Dictionary*, sem Guðbrandur Vigfússon lauk við 1869 hefur reynst ómissandi því hún inniheldur tilvitnanir úr upphaflegu handritunum og gefur oft innsæislegar útskýringar. *Undersokningar i Germansk Mitologi (Teutonic Mythology)* eftir Viktor Rydberg gefur einnig skýr og nákvæm dæmi og miklar upplýsingar.

Einn vandinn við samningu bókar sem þessarar er að setja efnið fram á eðlilegan hátt án margendurtekninga.

## **Þakkir**



Miklar þakkir eru til margra vegna samningar þessarar bókar: Fyrst ber að nefna James A. Long forseta Theosophical Society, sem hvatti mig við rannsóknir á norrænum fornbókmenntum og samningu átta greina um guðspekilegt innihald þeirra, sem birtust í IV hefti *Sunrise* 1954-5, auk sex annarra sem birtust síðar; einnig þakkir til Kirby Van Mater, en án hans stuðnings hefði bókin aldrei orðið til, og Sarah Belle Dougherty, sem las efnið yfir með góðar tillögur, auk Gertrude (Trudy) Hockinson sem prentaði mestallt handritið, Rod Casper frá Millikan Library við California Institute of Technology, sem hjálpaði við útvegum rannsóknarefnis, A. Studley Hart, sem framdi ritstjórnargaldrá, minn kæri vinur Ingrid (Binnie) Van Mater, sem las efnið og útbjó nafna- og atriðaskrá og margt annað sem þurfti til að klára slíka bók. Hún, Manuel Oderberg, Eloise og Studley Hart lásu próföörk. Að lokum vil ég þakka starfsfólki útgáfu Theosophical University Press, sérstaklega Will Thackara, Raymond Rugland, Mark Davidson, og John Van Mater, Jr., sem bar af í fagmennsku við útgáfuna. En framar öllum er þakklæti mitt til Grace F. Knoche, en án stöðugs stuðnings hennar hefði bókin ekki orðið að veruleika.

ELSA-BRITA TITCHENELL

31 maí, 1985

Altadena, California

---

Heimildir:



- *Codex Regius af den aeldre Edda*: Handskriftet No. 2365 4to gl. kgl. Samling printed by S. L. Mollers Bogtrykkeri, Copenhagen 1891.
- *Codex Wormianus*.
- *Edda*, Saemundar hins Froda: *Edda Rhythmica seu Antiqvior, vulgo Saemundina dicta*, Havniae 1787, from a fourteenth century parchment

Swedish versions of Godecke and Sander are taken from the above and also from

- *Hauksbok*
- *Sorla Thattr*, "little thread," which is part of the Younger Edda.
- *The Younger Edda* by Snorri Sturlusson

#### GENERAL WORKS:

- Anderson, R. B., *Norse Mythology*, Scott Foresman & Co., Chicago, 1907.
- Asimov, Isaac, *The Universe, From Flat Earth to Quasar*, Walker and Company, New York, 1966.
- Barker, A. T., ed., *The Mahatma Letters to A. P. Sinnett*, facsimile reprint of 2nd ed., Theosophical University Press, Pasadena, 1975.
- Bhattacharjee, Siva Sadhan, *The Hindu Theory of Cosmology*, Bani Prakashani, Calcutta, 1978.
- -----, *Unified Theory of Philosophy*, Rama Art Press, Calcutta, 1981.
- Blavatsky, H. P., *Isis Unveiled (1877)*, Theosophical University Press, Pasadena, California 1976.
- -----, *The Secret Doctrine (1888)*, facsimile reprint, Theosophical University Press, Pasadena, 1977.
- -----, *The Voice of the Silence (1889)*, Theosophical University Press, Pasadena, 1976.
- Cleasby, R., and G. Vigfusson, *Icelandic Dictionary*, Clarendon Press, Oxford, 1869.
- Cruse, Amy, *The Book of Myths*, George G. Harrap & Co. Ltd., London, 1925.
- Godecke, P. Aug., *Edda*, P. A. Norstedt, Stockholm, 1881.
- Gordon, E. V., and A. R. Taylor, *An Introduction to Old Norse*, Clarendon Press, Oxford, 1957.
- Hapgood, Charles H., *The Path of the Pole*, Chilton Book Co., Philadelphia, 1970.
- Harrison, Edward R., *Cosmology, The Science of the Universe*, Cambridge University Press, Cambridge, 1981.
- Judge, W Q., *Bhagavad-Gita*, Recension combined with *Essays on the Gita*, Theosophical University Press, Pasadena, 1969.
- King, Ivan R., *The Universe Unfolding*, W. H. Freeman & Co., San Francisco, 1976.
- Krupp, E. C., *Echoes of the Ancient Skies*, Harper & Row, New York, 1983.
- -----, ed., *In Search of Ancient Astronomies*, Doubleday & Co., New York, 1977.
- Kurten, Bjorn, *Not From the Apes*, Random House, New York, 1972.
- Mutwa, Vusamazulu C., *Indaba, My Children*, Blue Crane Book Co., Johannesburg, 1965.
- Nilson, Peter, *Himlavalvets sallsamheter*, Raben & Sjogren, Stockholm, 1977.
- -----, *Frammande varldar*, Raben & Sjogren, Stockholm, 1980.
- Purucker, G. de, *Fountain-Source of Occultism*, Theosophical University Press, Pasadena, California, 1974.
- -----, *Fundamentals of the Esoteric Philosophy*, 2nd & rev. ed., Theosophical University Press, Pasadena, 1979.



- -----, *Man in Evolution*, 2nd & rev. ed., Theosophical University Press, Pasadena, 1977.
  - -----, *The Esoteric Tradition*, Theosophical University Press, Pasadena, 1935.
  - Rydberg, Viktor, *Undersokningar i Germansk Mitologi (Teutonic Mythology)*, Albert Bonnier, Gothenburg, 1886, 1889.
  - Sander, Fredrik, *Edda*, P. A. Norstedt, Stockholm, 1893.
  - Santillana, G. de, and H. von Dechend, *Hamlet's Mill*, Gambit, Inc. Boston, 1969.
  - Sullivan, Walter, *Continents in Motion*, McGraw-Hill Book Co., New York, 1974.
  - Turville-Petre, E. O. G., *Myth and Religion of the North*, Weidenfeld & Nicolson, London, 1964.
  - Vigfusson, Gudbrand, and F. York Powell, *Corpus Poeticum Boreale, The Poetry of the Old Northern Tongue*, Clarendon Press, Oxford, 1883.
  - Zeilik, Michael, *Astronomy: The Evolving Universe*, Harper & Row, New York, 1979.
-



## 1. Kafli

### Goðsagnir — Tímahylki

Einna áhugaverðast við goðsagnir er hve andi þeirra er varanlegri en lífið. Ókunnar og tímalausar sýnast þær óskapaðar í óreiðum alheimi og bíða aðeins eftir því að verða uppgötvaðar. Efni þeirra er eins tímalaust og óendanlegur geimur, eins víðfeðmt eins og kraftarnir sem sveipa kosmísku ryki upp í spírala og spinna frumefnin í skipuleg form og mynda stærri heima.

Það er aðeins til einn sannleikur, einn umvefjandi raunveruleiki sem er sameign mannkynsins. Hann er og hefur ávallt verið til. Frá skini þessa sannleika eiga launsagnir heimsins uppruna sinn og hafa tekið lit sinn og áherslur frá ótal mannlegum hugum niður í skráðar og óskráðar goðsagnir fjölmargra menninga og trúarkerfa. Engu að síður er hægt með samanburði þessara goðsagna að greina kjarnann sem gaf þeim líf.

Á meðal þeirra mörgu goðsagna frá ýmsum stöðum víðsvegar um hnöttinn greinum við að norrænu sagnirnar fela í sér vísindi og heimspeki á háu stigi, reynda þekkingu sem á sér rætur í átrúnaði fólks sem uppi var löngu fyrir víkingatímamann. Sagnir þeirra gefa okkur sýn og vitund um öfl og eigindir sem við þekkjum undir mismunandi nöfnum sem hafa verið enduruppgötvað af vísindum síðustu 100 árin eða svo. Það er í raun merkilegt hve þessi heimspeki norrænu goðsaganna er enn skýr fyrir okkur í dag þrátt fyrir að hafa lifað í munnlegri geymd um ómuna tíð og jafnvel kann að hafa litast af róstri víkingatímans þegar þær voru ritaðar á bókfell.

Ótal kynslóðir endursögðu sagnirnar og eflaust voru þær hálfgerð ævintýri sögð á dimmum vetrarkvöldum þar sem öfl himingeims og umhverfis varð manngert í goðum, hetjum og jötnum, en dýpri skilningur sagnanna farið hjá garði. Kannski var það tilgangur höfunda þeirra að geymd þeirra varðveittist til móttækilegri



kynslóða. Það er í raun kraftaverk að þessir söngvar og sagnir skuli enn vera til þegar hugleitt er hve fljótt jafnvel mest seldu bækur nútímans gleymast fljótt. Saga um hversdagslega hluti, raunverulega eða skáldaða gleymist strax. Langlífi sagnanna er vegna innbyggðs varanleika sem hvílir á óséðum öflum tilverunnar, óháð umhverfi sagnamannsins sem þó litar þær. Flest þekkjum við margt úr brunni klassískra sagna, ævintýra og goðsagna sem við lærðum sem börn, einfaldlega vegna þess að þær voru áhugaverðar og eins og foreldrar okkar segjum við þær næstu og þarnæstu kynslóð án þess að spyrja um uppruna þeirra, einfaldlega vegna þess að við njótum þeirra. Þó þýðir orðið „goðsögn“ eitthvað leynt sem ekki er endilega staðreynt. Sagnirnar voru sagðar mann fram að manni um aldir, sungin og kveðin af þeim sem lært höfðu og geymdu ótrúlegt safna kvæða og því er það ekki óeðlileg spurning hvort þær hafi verið eins nákvæmlega sagðar og hin ritaði texti. Við þekkjum öll hve ofurnæm börn eru fyrir breytingum á orðalagi ævintýranna. Kannski skynja þau ósjálfrátt helgi þessara sagna það þurfi að vernda fyrir óþurfta breytingum.

Ekki eru allar goðsagnir jafn innihaldsríkar. Sumar einungis skemmtilegar, aðrar með mikla tilvísun í raunvísindi þó þær séu orðaðar með ólíkum hætti og viðfangsefni sem eru aðgreind í okkar skilgreiningum eins og stjörnufræði, líffræði, mannfræði, sálfræði og eðlisfræði, eru sem ein heild í sögnunum. Tilvísun í löngu liðna atburði eru merkingalausar fyrir okkur, en hins vegar geta goðsagnir verið launsagnir sem geyma tímalaust og alheimslegt þema, - eins og sköpun heima, stjarnfræðilega atburði og náttúrusögu, varðveitir um aldir vísindi, heimspeki og átrúnað og stígur upp úr gleymsku hvenær sem kynslóð er móttækileg fyrir merkingu þeirra.

Allar launhelgar sem eiga rætur sínar í elstu hefðum bergmála sömu heimsmynd og leggja áherslu á svipaðar siðareglur, hver með sínum ólíka hætti. Við getum greint þær með því að bera saman mismunandi launsagnir. Án slíks samanburðar verða margar ævintýrasagnir, fornleifafundir, sögusagnir, óperur eða goðsagnir



merkingalausar, eins og bókakápa án bókar eða eins og rammi án myndar. Ef við leitum að innri merkingu goðsagnanna finnum við í raun launsögn, verðmæta tímahylkið, -ekki fullt af hlutum, heldur mikla visku í dulbúinni sögn sem haldist hefur varanlega ósnert í menningu okkar.

### Tungumál launsagna

Launsagnir eru ekki aðeins samsafn af sögum, þær eru tungumál og eins og önnur mál notar það sín tákni til að lýsa stöðluðum hugmyndum. Orð eins og „upp“, „hærri“, „háleit“ merkja hluti sem eru upplyftandi og göfugir, og orðin „niður“, „lægri“ og „grunnur“ merkja hluti sem eru óæskilegir og ógöfugir.

Svipað tákni sem finnst oft í Eddunum er "kenning". Því var trúað hér áður fyrr, að með því að gefa ókunnum sitt rétta nafn væri í raun verið að gefa honum vald yfir þér, því er *kenning* fremur notuð sem lýsandi samheiti. Til að skilja Eddurnar verðum við að skoða upprunamerkingu nafna, því oftast en ekki mun það gefa okkur lykil að hlutverki persónu í tilteknum aðstæðum. Við höfum reynt að þýða merkingu „kenningar“ eins og hún birtist, til að gefa lesandanum tækifæri til að skilja merkinguna sjálfur. Oft er *kenning* notuð til að draga athyglina að sérstökum þætti persónu eða hlut sem er þýðingarmikill í það skipti.

Til dæmis þegar sorgmædd Iðunn liggur grátandi, fallin af Tré Lífsins, lýsir sagan því hvernig „tár féllu af heilahjálmum hennar“. Til að þýða þetta sem „tár úr augum hennar“ getur að sjálfsögðu verið heimilt, en rænir kvæðinu hinum sérstaka blæ sínum. Sama er um Tré lífsins, Yggdrasil, sem er sjaldan nefnt tvívegis með sama hætti. Það er kannski kallað „lífsuppspretta“, „skuggagjafi“, „jarðarhylur“, „hin göfugi askur“, „hestur Óðins“, eða „gálgi Óðins“ (þar sem hann var krossfestur).



Norrænu launsagnirnar nota einnig öfugmæli og tvíræðni sem getur verið áhrifarík aðferð í kennslu. Eftirtektarvert dæmi er sagan af Öskubusku, þar sem nafn sögunar felur í sér mikla visku. Hún er hin franska Cendrillon og Little Polly Flinders sú enska (sem sat í öskunni). Sagan er svo kunn að ekki þarf að segja hana alla og táknmyndir hennar eru skýrar. Í stuttu máli er hún um munaðarlaust barn sem þrælað er af illri stjúpmóður og stjúpsystur: sál sem misst hefur tengingu við faðir sinn á himnum kemst undir áhrif lægri hvata náttúrunnar sem hún á þó ekki skyldleika við. Það er stjúpmóðirin en ekki hinir sönnu foreldrar sem er hin vondi. Fjarri sínum rétta stað stritar sálin að því að finna sínar réttu aðstæður. Með hreinleika og dyggðum ávinnur hún sér aðstoð hinnar björtu meyjjar,-tákn hins andlega innri manns. Margar sögur nota þetta þema um hina dularfullu guðsmóðir er veitir gjafir, sem táknar hina fínni þætti mannlegrar sálar sem hún öðlast við ástundun dyggða. Þetta álfaafli sem sameinast andlegri mannlegri sál er sá farvegur (elfa) sem barninu veitist við eflingu allra dyggða.

Hin norræn Öskubuska nefnist *Askungen* — . Hún er afspringi hins göfuga Asks, Yggdrasil, tré Lífsins sem ber alla heima og og lífsform þeirra á greinum sínum. Allar lifandi verur eru börn hins kosmíska Asks frá hinni minnstu til hinnar stærstu. Það sem meira er, þá erum við ekki aðeins hluti hins kosmíska trés, heldur hvert og eitt okkar einnig sjálfstætt tré lífsins.

Barn Asksins er reglulega endurborið úr ösku fyrri tilveru, líkt og fuglinn Fönix. Það sjáum við í Gullveigu „gull-aflið“, sem knýr vitundina til að leita dulda „gullsins“— vísdóminn. Gullveig er sögð hafa verið brennd þrisvar og jafnoft endurborin, og lifir enn (Völuspá 21).

Skyld orð eins og *askunnigr*, fela í sér dýpri merkingu en sýnist og þýða m.a. „af goðakyni“ — „guðaþekking“ — hafa þekkingu á hinu guðlega og búa yfir guðlegri visku og að „vera þekkur af guðum“. Hvert þessara hugtaka lýsir aðeins





þeirri sál sem hefur náð fullkomnun sem maður. Enn fleiri merkingar geta komið fram í samsetningu orða í launsögnum sem gefur þeim dýpri og oft ólíkari merkingu en sýnist á yfirborðinu.

Margar kenningar eru um þátt eða áhrif þjóðflokka á gamlar goðsagnir og eflaust má vera að Óðinn hafi verið höfðingi til í fyrndinni, kannski í dýpri sögulögum Troy eins og sett hefur verið fram af fleiri en einu sagnfræðingi. Það kemur þó ekki í veg fyrir að þættir sagnanna séu skoðaðir út frá öðrum sjónarhornum, -stjörnufræði, -sálfræði, -eða andlegum. Sama á við um allt annað í sögunum. Launsagnirnar innihalda og tákna allt sem á sér stað í náttúrunni og í okkur sjálfum — og taka ekki aðeins til jarðnesku ríkjanna, heldur einnig til alls í sólkerfinu.

Þrír þættir verða að vera til staðar, til að hugmyndir nái í gegn. Fyrsti þátturinn er skilaboðin, annar er hvernig skilaboðin eru sett fram og sá þriðji er hvernig hugurinn skilur skilaboðin. Hugmyndir launsagna verða að byggjast á varanlegri almennri þekkingu á atburðum sem lýsa sannindunum. Þess vegna koma hlutir fyrir í launsögnunum sem þekktir eru í hugum fólks. Stríð og átök eru mjög ráðandi, því það hefur þekkt á öllum tímum, þar að auki endurspeglar þau átök sem eiga sér stað í sál einstaklings sem rísa hærra þegar hann leitar innri markmiða og hærri hugmynda. Slíkt hraðar framgangi mannsins, sem er það sem sögurnar miða að því að boða og efla.

## Hetjusögurnar

Hetjusögurnar í Eddunum hafa skýra tvískipta merkingu. Þær eru bæði arfsögur og goðsagnir og fjalla um fjölmarga atburði sem sem tengir saman fjölda aðila í vef undirróðurs og svika. Margir atburðirnir sem koma fyrir tengjast, söguhetjur þeirra svo fjölmargar að til að halda þræði sagnanna reynir verulega á, jafnvel sérfræðinga. En með bakgrunn í aðgerðafræði launsagna getum við séð



ljósskímu sem bendir á mynstur sem fellur að framgangi elstu kynþátta, einkennum þeirra, lífsháttum og fjölgun.

Heimspeki guðspekinnar staðsetur manninn á meðal skapara heims okkar, allt frá upphafi jarðarhnötturinn var þá enn að þéttast úr upprunalegu stjörnuefni og hafði ekki tekið á sig efnislega mynd,. Nöfn elstu hetjanna geta gefið okkur áhugaverða staðfestingu á því, ef þeir stæðu fyrir horfnum kynþáttum frá þessu stigi efnisbirtingarinnar. Ef hetjudáð þeirra er táknræn fyrir framgang fyrstu kynstofnanna þá getum við rakið forfeður okkar frá formlausum þokusvipum til hálf gagnsærra og að lokum til holdgaðrar vera; frá kynlausum til samkynja og að lokum til tvíkynja lífvera; frá ómeðvitaðra vera til smá vaxandi meðvitaðra huga. Með vaxandi reynslu hinna fyrstu goða varð hlutverk þeirra að vernda og hjálpa þessu frumkyni manna í að skipuleggja, vernda og rækta, móta hluti, smíða verkfæri og í tímans rás að verða sjálfþurfandi og sjálfstæðir. Í hetjusögunum getum við séð hvernig samneyti þeirra er, hvernig lífsformin breytast í tímans rás og þar með hvernig samsetning hnattarins breytist. Árangursríkir hópar manna og annarra ríkja náttúrunnar tóku við hver af öðrum í samkeppni um búsetu og lifibrauð, sigruðu andstæðinga sem og skyldmenn og með fjölkvæni komu mismunandi afkvæmi inní myndina. Sum voru hvorki mannlegar né dýrslæg verur, heldur sérlega aðlögunarhæfar verur.

Til að tengja sagnirnar við forsögu mannkynsins þarf að vinda ofan af mörgum þráðum frásagnanna — söguleg athöfn, án nokkurra vissu um rétta túlkun eða afleiðinga. Hin langa saga af Sigurði Fáfnisbana vísar í þessa ævaformu tíma. Þýska útgáfan er nokkuð þekkt að hluta í Hring Niflunga. Nafnið *Niflungar* í norrænu, þýðir "börn þokunnar". Það minnir mjög á hliðstæðu á „Sonum eldþokunnar“ í *The Secret Doctrine*, þessar hliðstæður standa fyrir öfl sem komu að myndun frumheimsins. Í kjölfar Niflunga komu Völsungar en nafnið þýðir „synir valsins“, sem hefur tengingu við upphaf fjölgunar mannkynsins með kynfrjóvgun — þróun sem guðspekin staðsetur í þriðja mannkyninu og síðar.



Viðá um sagnirnar eru fjölmörg átök sem auðsjáanlega vísa í sigur kynstofna, kynspátta og þjóðflokka sem og margar tilvísanir í athafnir frumstæðra vitunda sem einkenna fólk á frumstigi jarðarlífsins. Sagan er full blekkinga og hefndarþorsta, blóðhefndir ganga í gegnum margar kynslóðir, frágögnin er án tilfinninga og fordómalaus sem er frásagnarmáti sannra launsagna. Lofsyrði eru afurð skáldsögunnar og endurspeglar viðhorf samtímans, en launsagnir eru skráning atburða án lof né lasts.

Í tákmyndum sagnanna og í útdúrum sem þær taka frá meginstefi sínu getum við fundið fjölmörg atriði sem vísa í ævagamla tíð, í æsku jarðar vorrar, þegar efnið var enn að þéttast og ríki náttúrunnar voru enn í mótun. Aukin fjölbreytni í forminu flýtti fyrir efnislegri þróun en um leið hamlaði það andlegum þroska mannsins í efninu. Til að vinna gegn því eru sagnir af komu Rígs, geisla goðsins Heimdalls hins „Hvíti Áss“, föður mannkynsins sem kom þrisvar niður í mannríkið og mótaði það. (Rígsþula) Því er uppruni okkar þríheilagur. Eins og Sigurður Fáfnisbani þá erum við goðakennd en blinduð af blæjum efnisins. Við verðum að endurheimta sverðið sem við erfðum, þ.e. viljann til að yfirvinna blekkinguna og vekja Valkyrju sálarinnar.

### **Vísindi í Eddunum.**

Til að skilja tilvísanir í staðreyndir og niðurstöður í laun- og arfsögnum verðum við að þekkja hlutina sem vísað er til. Það þarf sérfræðing til að skilja tæknilega uppfinningu annars í sama fagi og það þarf þekkingu á náttúrufyrirbrigðum til að skilja lýsingu á þeim í goðsögn. Lýsing í goðsögnunum á rafmagni, segulmagni og leiðni hefur farið fram hjá fræðimönnum fyrri alda sem vissu lítið eða ekkert um slík fyrirbrigði, þó lýsing sé á „vængjuðum vögnum“ og „fjarðarblöðum“ — líkt og „Himnavagnar“ úr fornum ritum Hindúa, *Mahabharata* og *Ramayana* (1) — kunnir að lýsa verkfærum til flugs og hafi farið fram hjá þeim áður en flugvélavæðingin kom til sögunnar. Við sem notum



flugvélar reglulega getum séð sterkar vísbendingar, að ekki aðeins flugferðir, heldur líka segulhjúpur jarðarinnar, svarthol og dulstirni voru þekkt fyrirbrigði hjá höfundum launsagnanna. Enn höfum við höfum ekki uppgötvað hvaða kröftum var beitt við þau stórkostlegu mannvirki í margskonar steinbyggingum sem enn eru til staðar frá fyrri tímum, né er vitað hvernig þeir gátu mótað og komið risasteinblokkum á sinn stað af slíkri nákvæmni eins og sést víða um jörðina, t.d. Egyptalandi, Peru, Bretlandi og Kambódíu.

Fornleifafraeðingar eru nokkuð vissir um að margar ef ekki allar hengjur Bretlands — Stonehenge, það þekktasta meðal mörg hundraða, — voru byggðar til þess að fylgjast með hreyfingu himinhnatta; staðsetning lóðréttu hluta voru auðsjáanlega til þess m.a. að reikna út sól og tunglsmyrkva, sem krafðist nákvæmra langtímaathugana og útreikninga. Sumar þessara bygginga eru taldar hafa einnig verið gerðar til athugana á öðrum fyrirbrigðum. Bæði í gamla og nýja heiminum sjást ýmsar manngerðar menjar fyrri tíma, hæðir, steinhringir, lækningahjól, steinristur og byggingar sem þjóna því að sýna stöðu stjarna og plánetna. Í Skandinavíu og Bretlandi er urmul af dularfullum steinhringjum sem er minnkuð útgáfa af hinum þekktu hengjum, raða sem uppréttir steinar í hring eða sporöskjulöguðu formi. Ég og vinur minn lékum okkur oft í slíku „steinskípi“ á hæð í eyju í Eystrasalti. Við uppgötvuðum eftir talsverðan mokstur að steinarnir sem stóðu aðeins um tvö fet upp úr jörðu voru svo jarðfastir að þeir losnuðu ekkert. Það má ráða af því að á löngum tíma hefur safnast að þeim jarðvegur og að þeir hafi verið mun hærri á jörðu upphaflega. (Önnur „steinskip“ hafa líklega verið seinni tíma líkbrennslustaður víkinga, því það var síður víkinga að leggja höfðingja um borð í skip sitt og brenna á slíkum stöðum.) Eldri slíkir steinhringir voru staðsettir þannig að þeir gætu hafa verið fyrir athuganir á himintunglum og fyrirbrigðum þeirra.

Margt sem sýnist vera vitlaust, rangt og ósamrýmanlegt í launsögnum verður skýranlegt og eðlilegt þegar við skoðum það frá öðru sjónarhorni. Í stað þess að



líta niður á skrifin sem heimskuleg og líta upp til himingeimsins með efnislegum viðmiðunum, ættum við fremur að líta á Algeiminn sem tjáningu lífs, sem stórkostlega samsetna lífsheild sem hefur í sér svo víðfeðmar vitundir og fjölbreytileg efnissvið að okkur er ekki fært að ímynd sér þau. Sífelld fleiri vísindamenn færa sig inná svið heimspekinnar og taka undir að mannkynið sé óaðskiljanlegur hluti af lífinu í sólkerfinu. Í nýlegri bók um stjörnufræði segir: „Stjörnufræði kennir að við séum sköpun sólkerfisins, börn stjarnanna, afsprengi stjörnuþoka. Við erum afurð og hluti kosmískar þróunar. Kannski erum við leið sólkerfisins til að skynja sjálf sig. Þegar ég og þú og aðrar lífverur í Alheiminum lítum upp í geiminn — sjáum við uppruna okkar og bætum í þann víðfeðma geim mannlegum tilfinningum eins og von, hræðslu, ímyndunum og kærleika.“ (3)

Norræna goðafræðin lítur á sólina, tunglið og plánetunnar sem dvalastaði sem „góðviljuð öfl“ hafa búið íbúum þeirra. Sumir þessara dvalastaða skiptast eftir efnissviðum og eru nefndir í samræmi við það, t.d. Breiðablik (Víðsýni), Himnabjarg ( Á tindi Himins), Hliðskjálf (Hlið tilfinninga), (4) Sökkabekkur (Djúp) sem og önnur slík sérheiti. Auðvitað er ekki hægt að lýsa með mannlegum hugtökum þeim háu sviðsheimum goða, en við getum ályktað að stjörnur og plánetur sem við sjáum á himni hafi verið hinir sýnilegu hlutar þessara goðumlíku vera, það er að segja, staðið fyrir þá vitundarkrafta sem einkenndu hvert og eitt þessara goðvera. Launsagnir sem fjalla um þessa goða og goðynjur, um dvalarstaði og hallir sem þeir byggðu fyrir sig gefa tilfinningu að tilheyri fjölskyldu, eða öllu heldur hópi skyldra einstaklinga með skýrt afmörkuð sérkenni og stöðu. Þeir haga sér líkt hver og einn og gagnvart hvor öðrum, og haga sér almennt eins og búast má við af fjölskyldumeðlimur geri.

Þó goðsagnafræðingar haldi fram þessum „góðviljuðu öflum“ sem hreyfiafli himnanna, þá eru engin merki um slíkt í nútímaskilningi þess orð. Það er kannski viðurkenning á tilveru þeirra sem sólkerfisöflum sem útskrifuðust úr



fyrri „jötnaheimi“ og eru undan okkur á þróunarbrautinni, lýsa veg mannkynsins til ómunatíðar. Þeim er heldur ekki lýst sem birtingarmynd sólar eða jarðar sem þær þó standa fyrir. Umfang þeirra er mun meira, þekking okkar í dag segir okkur að umhverfis jörðina er mikið segulsviði og jörðin inní því sviði sýnist eins og tennisbolti inní körfubolta. Frá sólinni streyma miklir rafsegulvindar sem skella á segulsviði jarðarinnar svo það flets út á þeirri hlið sem snýr að sólu en teygist út í geiminn á þeirri hlið sem snýr frá sólu..

Þó tjáningin sé mismunandi þá lýsa vísindin og goðsagnirnar sólkerfinu á svipaðan hátt. Goðsögnin lýsir því sem stigveldisverum sem frá streymir lífsorka,- lífsfljót Eddanna — streyma frá bústað til bústaða og tengir hina guðlegu orku (vitundina) inní vef lífsins. Vísindi líta á það sem eina heild þar sem öldur þyngdarafllsins framkalla á óskýranlegan máta vaxtatímabil á jörðunni og þau sjá á stærri mælikvarða áhrif vetrarbrauta hver á aðra í sama vetrarbrautakerfi. Lýsing goðsagna á sólkerfinu sem samfellu sýnilegra og ósýnilegra heima sem tengjast í goða-jötna samband, orku-efnis samband, samspili hliðstæðu sálfræði- og huglægum þáttum á mannlegri veröld.

Í tengslum við þetta, hefur stjarnlíffræðin í nokkurn tíma tekist á um hugmyndina um „lokaðan“ eða „opinn“ Alheim. Svárið er háð því hversu mikið efni er í geimnum, ósýnilegt og óuppgötvað með núverandi þekkingu. Hver sem niðurstaðan er úr þeirri umræðu þá viðurkenna vísindin tilveru óséðs-, óheyr- og óáþreifanlegs efni. Að því leyti nálgast þau dulvísindin sem alltaf hafa haldið fram tilveru óbirtanlegs efni. Ekki það að launspeki þurfi staðfestingu eða höfnun. Því skilaboð þeirra standa á eigin verðleikum.

Ef að meginhluti efni er óséður þá er það einföld niðurstaða að hnöttur á himni er hluti af stærra kerfi heima sem við sjáum ekki en hafa hliðstæðu við okkar og hefur jafnvel einhver samskipti við okkar eigin náttúru. Í Guðspekinni er sýnilega efnið í sólkerfinu talið grófasta samsetningin þessara plánetuanda. Það



er líkamar þeirra sem við getum ímyndað okkur eða fundið fyrir en getum ekki séð sálu þeirra. Til að taka skrefið lengra þá hafa þær samskipti hver við aðra alveg eins og menn gera á líkamlegra tenginga. Við deilum hugsunum okkar og tilfinningum og stundum innblásum eða verðum innblásin af öðrum og verðum þannig hluti af ósýnilegum hlutum sólkerfisins og hjálpum við að byggja upp og hafa áhrif á sýnilega og ósýnilega hluti. Það fellur vel að hugmyndinni um að fljót lífsins sem samanstandur af fjölbreyttum gerðum lífs og tilheyrandi efni flæði um hið mikla sólarlíkama, með aðdráttaraflum segulflæðisins hvers lífs sem og sem lítill hluti heildarinnar. Hluti þessa lífs er í steinaríkinu sem myndar þetta grófa jarðneska efni, en sem okkur finnst erfitt að líta á sem „líf“. Önnur líf hafa þróast inni plönturíkið með sinni miklu fjölbreytni og enn önnur inni dýraríkið og með enn meiri fjölbreytni og að síðustu inni mannríkið. Gegnum allt kerfið sést tengingin í stöðu okkar í líffræðilegri fæðukeðjunni, þar sem við umbreytum og umbyltum efni jarðarinnar og höfum þannig ekki síður áhrif á ótal vitundarþætti. Allt það líf sem færst hefur í gegnum þau tilverustig upp að mannríkinu eru hluti stærri verundar. Það er því ekki skrítíð að álykta að við, ein æð lífsins hafi sinn stað í sólkerfinu. Það virðist vera það sem goðsagnirnar gefi til kynna með sínum hætti.

Hin grípandi lýsing í Grímsmálum á hinum tólf heimkynnum goðanna, hver á sínu stað eða sviði er ótrúlega lík því mynstri sem gefið er í *The Secret Doctrine* og útskirt af G. de Purucker í *Fountain-Source of Occultism*. Þar er reynt að tengja hvert goð og samsvarandi hluta af innra lífi plánetu og tengsl þeirra hver við aðra sem hluta af sólkerfisheildinni. Marghliða samskipti tengir hver við annan á hinu himneska sviði og skýrir betur þau flóknu tengsl og samskipti hinna norrænu goða. Það sama á við í grískum og öðrum fjölgyðingslegum átrúnaði. Þegar launsagnir fullvissa okkur um slík tengsl utan skilningsvita okkar, bæði ofan og neðan okkar „heims“ kemur í hugann hinar fjölmörgu efnistíðnir sem einkenna og mynda heim okkar og sannarlega tilheyr



okkur þó þær séu ofan og neðan sjónsviðs okkar og líklega er tómur geimurinn fullur lífs sem við skynjum ekki. Við getum ekki sannað né afsannað þessar upplýsingar fyrr en við höfum skilið og reynt þá staði eða heimkynni sem þær segja frá. Skilningur eða túlkun á þeim er því einstaklingsbundin. Goðsögn sem vísar til Freyju snýr ekki alltaf að hinni sýnilegri plánetu Venus, né að ósýnilegum öflum hennar sem styðja og snúa sérstakalega að mannkyninu, heldur má vera að það snúi að Venusarþætti okkar eigin plánetu. Í einstökum tilvísunum er ekki hægt að setja fjölbreytileika náttúrunnar mörk, - takmörkin eru á okkar skilningi.

Áhugaverður möguleiki birtist þegar við hugleiðum stjarnæðlisfræðina sem snýr að hinni víðtæku dreifingu á tvístirnum og vetrarbrautum í Alheiminum. Þau eru mun fjölmennari en einstaka stjörnur í geimnum og í mörgum tilfellum paraðar þannig saman að meðan önnur er að efnisþéttast er hin að efnisléttast, — að missa efni sitt. Í ákveðnum tilvikum er sú fyrri að gleypa þá seinni. Ef við leiðum hugann að kenningum guðspekinnar um sólar og plánetugoð sem draga saman efni til byggingu bústaða sinna meðan goðar í sama kerfi eru í dauðastríði, þá birtist það sem svið sem þróast til skýrari birtingar meðan önnur svið í sama kerfi dragast saman, slík færsla á sviðum í þörun tveggja hnatta gæti birst okkur sem tvístirni.

Án þess að ráða yfir algjörrri þekkingu — sem engin fullgreindur maður myndi telldi sig hafa — verðum við að játa að það geti verið tilvera lífs sem við vitum ekki um. Goðsagnir kynna okkur heim fullan af þroskandi vitundarverum í lífsformum þó við skiljum þau ekki til fulls. Fyrir sagnahöfundanna var náttúran ein lifandi heild þar sem stærri og minni kerfi lifðu og höfðu samskipti, hvert og eitt fyrst og fremst sem vitund sem starfrækti og lífgaði tilheyrandi líkama. Það var auðsýnilega tekið sem sjálfsögðum hlut að annarskonar efnisheimar samtvinnuðust og jafnvel hefðu samskipti við okkar heim, þó oftast ofar mannlegri vitund. Aðferð þeirra til að lýsa jafn þekktu fyrirbæri og





rafsegulmagni gefur okkur vísbendingu um hvernig goðsagnir geymdu slíkar upplýsingar. Það væri áhugavert að skoða hvernig við myndum útskýra þekkingu okkar fyrir eftirlifendum mikilla hamfara og tæknin væri horfin, og hversu þekkjanleg hún væri eftir nokkrar endursagnir. Ímyndið ykkur til dæmis hvernig væri að lýsa hvernig rafmagn virkaði — sem auðveldast væri sem samanburð við eldingarveður— og hvernig þær upplýsingar myndu hafa ummyndast á nokkrum kynslóðum. Óhjákvæmilega myndi rísa úr því nýr Indra, Jove, eða Þór sem þeyttist sem þrumubolti um himininn og fljótlega yrði til nýr Olympus eða Ásgarður og öflugar og klárar verur myndu enn á ný fylla himininn.

### **Skáld og Fræðarar**

Í þeirri fjarlægi dögum þegar mannkynið varð fyrst meðvitað um sjálft sig sem hugsandi, vitandi og sérstakt, hafa elstu hefðir verið sammála um að þessi vakning hafi átt sér stað vegna þess að hærri greind, reyndari sálir mannkyns úr enn fjarlægari fortíð, hafi blandast fyrstu mönnum þessa mannkyns. Þessi samúð þeirra gaf okkur ævarandi sýn á veruleikann sem er tenging okkar við hina guðlega grunn lífsins.

Goðsagnirnar eru, ef þær hafa einhverja merkingu fyrir okkur yfirleitt, leiðarvísar til innra ljóss sem lýsti mönnum í greiningu á gott og illt, þegar val er enn ekki til - ljós sem enn var ótendrað í dýpstu vitund okkar. Goðsagnirnar segja okkur af heimum og mönnum sem gengu lífsins veg til að fullkomna okkur og heilagan tilgang mannkynsins. Sögur þeirra eru stundum óskýrar, hreyfa við okkur og er stundum fyndnar. Þær halda athygli okkar, jafnvel þegar við skiljum þær ekki, gefa vísbendingar, og hvetja okkur til að vekja innsæisgreind okkar og finna sannleikskjarna sem þær dylja.

Sagnapulirnir voru meistarar sem sögðu frá án þess að bæta í eða breyta né setja fram skoðanir. Fegurð sagna þeirra liggur í því flugi sem fá hugann til að taka og



Í sífellt nýrri sýn þar sem glittir ofar við hvern nýjan skilning. Kannski gefur engin goðafræði svo marga lykla að leyndardómum náttúrunnar sem hinar norrænu launsagnir. Nokkrar hreinustu útgáfur af visku Alheimsins kunna að vera í Eddunum þó þær séu minna þekktar en en grísku og rómverskar goðsagnir sem hafa útpýnnst í tímans rás. Goðsagnir Miðjarðarhafsins hafa afskræmst svo frá lokun Launhelgaskólanna að almenningur á síðari öldum sér aðeins guðina í þeim endurspegla mannlega galla. Ókunnir og illa útskýrðir varð merking þeirra á myrkum öldum Evrópu enn frekar misskilin og mistúlkuð. Þess vegna hefur fólk tilhneigingu til að líta á allar goðsagnir sem barnalega óra þeirra sem tilbiðja það sem þeir skilja ekki. Ef við hefðum meiri innsýn inn í þau göfug sannindi sem þeim upphaflega ætluð, gætum við auðgað okkar eigin andlega garð. Arfleið norrænu goðsagnanna virðast hafa fundið öruggra skjól í hinu fjarlæga norðri fyrir hina fornu visku.

Enginn veit hversu lengi hinar norrænu sagnir voru sagðar mann fram að manni sem orð af munni áður en þær voru skráðar. Það kann að hafa verið mjög langur tími, kannski frá fyrri siðmenningu sem hafði þekkingu á anda mannsins, uppruna alheimsins og örlögum sem og veg þróunarinnar. Höfundar launsagnanna voru eflaust vitrastir meðal manna; hinir norrænu, eins og í fornri menningu Indíalanda sem og annarra, þeir settu fram þekkingu sína á taktvísan hátt í vísunum svo auðveldar var að leggja á minnið og ástundað þannig gegnum árpúsundir. Sá er lærði og fór með sagnirnar var skáld og það er enn notað. Það er einnig gefið til kynna í Eddunum, að sé sá sem býr yfir visku, andlegri vitneskju, það er bundið við hugmyndina um mjöðinn, næringu guðanna. Skáldamjöður (ljóðræn mjöður) tákna leyndardóma, visku sem Óðinn, höfðingi hinna skapandi guða sóttist eftir í leit sinni í gegnum svið efnisins – „Jötnaheiminn“

Falið í launsögnum er andlegur sannleikur, rökrétt heimspeki, og einnig vísindalegar staðreyndir. Nýjustu uppgötvanir í vísindum hafa oft reynst vera



ómissandi til skilnings á vísindin í goðsögnum. Við gætum aldrei uppgötvað hvernig óþekktar þjóðir í fjarlægri fornöld öðluðust þessa þekkingu nema við viðurkennum að sannleikurinn er eðlisbundinn á greindarstigi lífsins og birtist á jörðu með mannkyninu. Sú forna goðsögn að guðir hafi skapaði mennina „í sinni eigin mynd“ eins og Biblían orðar það og um aldir hafi guðlegir kennarar manna gengið á jörðina með okkur, þjálfað hina nýfæddu greindarvitund til að skilja og vinna með aðferðum náttúrunnar. Í tímans rás, eftir því sem mannkynið öðlaðist þekkingu og reynslu á góðu og illu fyrir sinn frjálsa vilja, hvarf sakleysi þessara daga. Í stöðugum framgangi efnislegra þátta, fjarlægðist mannkynið guðlegum forfeðrum sínum. Héðan af verðum mannkynið að vinna að frelsun sinni: vitundin verður að læra að þekkja rétt frá röngu og losa sig vísvitandi úr viðum efnisins til að geta náð aftur sess sínum meðal guða.

Uppruni launsagnanna er frá þeim tíma er guðir gengu meðal manna. Það er ekki að undra að efni sagnanna kunni oft að vera okkur framandi, þær eru útkoma ógrynni endursagna þar sem endurminni, misminni og torskilningur sagnamanna litar þær, sem og viðhorf nútímans á hið fyrra. Með núverandi þekkingu okkar og með opnari huga sem smá saman er að koma í stað afturhaldsamra skoðana á því liðna og þegar við viðurkennum að allar launsagnir endurspeglar sannindi sem vísindauppgötvanir, nýjar stefnur í heimspeki og trúarviðhorfum bregða birtu á, verður það auðveldara að sjá sömu náttúrulegu sannindin í öðrum kerfum.

Orðið *Edda* merki "langamma" og getur einnig merkt "Heimsmóðir." Orðið er sennilega upprunnið frá *veda*, hinum Hindúísku ritum eða hinum leyndu *vidya* (þekking, frá *vid*, að vita, að skilja), einnig skylt *wissen*, í þýsku, *veta* í sænsku og *wit* í fornensku — allt orð sem þýða „að vita“. *Skáld* voru virt fyrir þekkingu sína og jafnvel á víkingatímanum var *drott* (druid) álitinn sá er byggir yfir guðlegri vísu. (Seinna var orðið notað fyrir hugrakka og göfuga foringja, stríðskonunga, sem féll vel að



víkingatímanum. Þessi viska, eða Edda var skáldunum innblásin sem ferðuðust á milli þorpa og bæja sem lágu í hinum mörgu víkum sem einkenna strandlengju Skandinavíu og orðið *víkingur* er dregið af.

Með allri sanngirni, verður að geta þess að Víkingar sem gjarnan eru sagðir hafa verið grófir og einfaldir, skelft alla Evrópu með grimmd sinni og sannarlega fundu Ameríku löngu undan Kólumbusi, höfðu ríka hefð fyrir heiðri og ríkt siðferði. Margir þeirra voru sagðir hafa haldið svo rík agagildi að fáir nútímamenn gætu lifað eftir. Kaupmenn sem áttu á hættu að verða fyrir árásum sjóræningja á þessum tíma réðu gjarnan víkinga sér til verndar. Þessir norðanmenn sem þekktir voru fyrir hraustleika og hugprýði buðu fram vopnaða vernd og urðu einskonar trygging fyrir meginlandið. (Þeir, víkingar, urðu m.a. lífverðir keisara Byzantium frá níundu og frá á tólftu öld.) Engin vafi er á því að einhverjir á meðal þeirra féllu í freistni að fara í ránsferðir, en það væri einföldun að fella alla norðanmenn í þann flokk því menning þeirra hafði áhrif í margar aldir. Lög þeirra og þjóðfélagsskipan er þekkt þar sem þeir námu land og settust að,- hin frægu *Danalög* — og Ísland varð fyrir þúsund árum hið upprunalega heimkynni þingræðisins og elsta þekhta dómskerfi sem skipað var jafningum. En þetta var útúrdúr frá efninu.

Í munnlegri geymd sagnanna má efast um að viskan sem falin var í söngvunum og sögunum hafi alltaf verið skáldum og sögumönnum fullkomlega ljós, og þeir hafi á stundum bætt við efnið einhverjum skreytingum til að geðjast áheyrendum sínum, eða sleppt að segja frá einhverjum sögum sem ekki voru eins vinsælar. Gera má ráð fyrir mannlegum veikleikum í munnlegri geymd þar sem við höfum enga hugmynd um hversu langt aftur í tímann þær höfðu verið sagðar. Við vitum að Sæmundur Fróði (1057-1133 A.D.), hafði opnað skóla í Odda eftir að hann lauk námi í Svartaskóla í Frakklandi og þar í Odda er talið að hann hafi ritað niður hina Eldri Eddu, eða Ljóða Eddu. Yngri Edda er tileinkuð Snorra Sturlusyni (1178-1241), en hann hafði verið í námi í Odda hjá sonarsyni



Sæmundar Fróða og þar hafi hann kynnst sögnunum. Flestum sögnunum, þar á meðal nokkrum sem ekki voru í Eldri Eddu endursagði hann í óbundnu máli. Mörgum fræðimönnum finnst auðveldar að skilja efnið hjá Snorra en í kvæðum/ljóðum Sæmundar Eddu.

Í inngangi að *Corpus Poeticum Boreale, the Poetry of the Old Northern Tongue* (1883), eftir G. Vigfusson og F. York Powell, benda þeir á að mikið af sögnunum í óbundnu máli úr eldri sagnakvæðunum, sé annað hvort ekki að finna í kvæðunum sem hafa varðveist eða eru mjög sundurlaus og í hlutum. Niðurstaða þeirra er að efnið í Snorra Eddu, hvort það er frá Snorra sjálfum eða öðrum sé úr heilstæðari frumheimildum sem ekki eru til annarsstaðar. Þessir tveir fræðimenn vísa til hluta úr Völuspá í einni óbundinni útgáfu sem, „ruglingslega, óskipuleg brot og vísulínum ruglað í röð, eins og kvæðavísunum hafi verið hrist saman í flösku“ (p. xcvi); þeir komast að einna líklegustu niðurstöðunni, sem sé að eftir að vísdómurinn hafi verið settur fram upprunalega af höfundum sem sögn eða kvæði hafi „lokið tímabili samningu þeirra og tímabil sagnamanna, endurgerða og endursagna tekið við og við séum heppin að fá þær á bók áður en tímabil afskiptaleysis og hnignunar tók við þó efnið hafi að einhverju leyti glatast.“ (p. xcvi).

Árið 1890 gaf sænski fræðimaðurinn Fredrik Sander út verk sitt *Rigveda-Edda*, þar sem hann rakti germanskar hefðir til hinna fornu Aría menningar. Rannsóknirnar sannfærðu hann um að hinar norrænu launsagnir séu upprunnar frá Indlandi hinu forna og varðveiti hindúískar launsagnir mun betur en hinar grísku og rómversku sem séu mjög afbakaðar. Max Muller áleit hinsvegar að efni Eddurnar væri eldra en Vedaritin, aðrir fræðimenn, m.a. Sven Grundtvig, álíta efni norrænu sagnanna upprunnið frá því snemma á jarnöld, enn aðrir álíta efnið frá því í byrjun kristni. Hver sem aldur sagnanna er, þá er innhald þeirra í samræmi við elstu sagnir annarstaðar í heiminum, sem sýnir að þær eiga allar einn og sameiginlegan uppruna þekkingar sem var sameign mannkynsins fyrir



ævalöngu, eða hver þessara menninga reis upp sjálfstætt og einangruð með sameiginleg líkindi, — það er þó kenning sem ekki gengur auðveldlega upp. En líkindin eru meiri á að sagnirnar hafi einn uppruna og breiðst út og hægt sé að finna í einhverju formi í öllum hornum heimsins.

Þessi rannsókn styðst næstum eingöngu við Sæmundar Eddu af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi vegna hversu mikið efni sem hún innheldur, jafnvel í tiltölulega fáum sögnum ásamt þeirri vissu að jafnvel þó þær séu stytтар og ekki í fullri lengd þá hafi þær hafið verið sem minnst breyttar. Þó innihald þessarar sagna sé minna en upphaflega var, er líklegt að það hafi ekki verið bætt við þær af öðrum höfundum. Hin ástæðan fyrir vali okkar er að efni hinar Eldri Eddu er betur þekkt hjá Teósófastum. Mörg sannindi sem þær innihalda hafa ekki verið uppgötvuð né haldið fram af trúarástæðum, enda efnið talið heiðið. En í seinni tíð hafa nýjustu vísindarannsóknir varpað ljósi á ýmis sannindi á óvæntan hátt.

Samtími okkar er mun frjálslýndari en nokkur annar sögulegur tími. Þegar kristnin var að breiðast yfir Evrópu eyddu öfgamenn hinnar nýju trúar öllum merkjum og menjum eldri átrúnaðar og myrtu alla þá sem héldu í gömlu átrúnaðarsíðina. Heiðingjar norðurlandanna sem voru vanir gestrisni og algjöru umburðalyndi í trúmálum og voru vammlausir fyrir þessum ágangi, þeim var ýmist snúið vegna ákvarðanna konunga sinna sem sáu stjórnmalaleg tækifæri í að snúa þjóðum sínum til nýrrar trúar áður en þeir fengu rönd við reist eða ella velja dauðann. Þannig féllu þeir undir áhrif Páfans í Róm sem krafðist notkunar á latínu og kristnum guðspjöllum í stað innlendra tungu og rita. Hin norrænu trúarbrögð urðu fljótlega blanda af kristni og hnignandi heiðni. Aðeins á hinu afskipta Íslandi þar sem áhrif yfirstjórnar kirkjunnar að prestum og almenningi var takmarkaður sökum fjarlægða varð yfirgangur öfganna ekki eins mikill. Jafnvel hinir kristnu prestar hunsuðu hinar nýju reglur — svo sem hreinlífi — og héldu í síði forfeðra sinna að nota eigin tungu og héldu áfram að segja börnum sínum hinar fornu sögur og kvæði. Þannig lifði Sæmundur Fróði og skrifaði



niður kvæði hinnar Eldri Eddu og varðveitti þannig hinn háttbundnu framsetningu kvæðanna sem vakti innsæi hlustandans. Snorri lagði seinna meiri áherslu á knappan texta og sagnir sem fjölluðu sérstaklega um kynþætti mannsins og þróun þeirra. Þessar norrænu launsagnir hafa skapað ótölulegan fjölda þjóðsagna og ævintýra sem aftur hafa tekið á sig myndir, allt frá vöggusöng til ópera, eftir ýmsa höfunda svo sem Gæsamömmu, Wagner og Grímsbræður.

Af öllum þeim fjölmörgu útgáfum af alheimslegri visku í guðspjöllum, sögum, kenningum og trúarvitnisburðum, brennur hvert nýtt ljós sem tendrað er aðeins svo lengi sem það gefur aðdáendum sínum mikilvæg sannindi. Fyrr eða síðar dregur á áhrifunum, t.d. þegar sett er upp stofnun til að varðveita skilaboðin og tekur forræði yfir þeim og brenglar þau. Eftir það er áherslan á grímuna, — aðferðir og siði — en kjarnanum sleppt. Mistúlkun, misskilningur og hjátrú í stað innblásturs og hin helga þekking er aftur gleymd. Verur launsagnanna sem táknuðu hin miklu náttúrulögmál Alheimsins urðu persónugerð sem goðar og hetjur og gerðir þeirra sýndust óútreiknanlegar vegna skorts á þeim vísdomi sem í upphafi fylgdi, en var nú einungis merkingalaus orð — það eina sem eftir stóð af sambandi manni við þau háu öfl sem stjórna sólkerfinu.

En launsögnin lifir. Því það er hin eilífi leyndardómur, hinn eilífi sannleikskjarni klæddur í ótal búninga sem hafa innblásið manninum gegnum aldirnar. Í öllum löndum hafa þeir verið til sem með hugrekki hafa leitað inná sálarsviðin og komið með til baka með döggi frá hinum óþrjótandi sannleiksbrunni. Þessir afkomendur hinna fyrstu launsagnahöfunda eru hin svonefndu *skáld*, skáld og sjáendur sem hafa haldið opnu sambandi manna og goða. Þeir hafa fært okkur þá eilífu visku gegnum aldirnar svo við hin getum baðað okkur í "goðagaldri" sem rís djúpt innra með okkur í óljósri minningu um leyndan trúnað. Raddir sögumannanna munu aldrei þagna, því þeir óma tóna eilífðarinnar. Þeir höfða til



ó dauðleika okkar, jafnvel þó hið dauðlega sjálf okkar hæðist eins og Loki gerir þegar hann kemur óboðinn og óundirbúinn í veislu goðanna. (5)

---

Tilvísanir:

1. Sænska: *vingvagn*, *fjaderblad*; Sanskrit: *vimana*.
2. Quasi-stellar objects, venjulega kallaðir quasars.
3. Michael Zeilik, *Astronomy: The Evolving Universe*, 1979 ed., p. 501.
4. *Líða*. Að líða eða *hlið*, skipa, eða til hliðar. Með tilvísun í "hillu" er gefið í skín að goðaverur séu við hlið okkur, eða öllu heldur, "þjást" eða "líða með" — líkt og í latínu *compassion* og grísku *sympathy* frá *pathein*, að þjást, að þrauka, í merkingunni að bera byrði fyrir.
5. Cf. Hæðni Loka, p. 214.

## 2. Kafli





## Lífsins tré — Yggdrasil

Allar launsagnir segja frá Tré lífsins. Í frásögn Biblíunnar varð Guð "reiður" — þegar maðurinn hafi étið ávexti af þekkingartré góðs og ills, og óttaðist „Bara að hann rétti nú ekki út hönd sína, taki einnig af lífsins tré og eti og lifi eilíflega.“ Kerúbarnir settu því „loga hins sveipanda sverðs til þess að gæta vegarins að lífsins tré“ (1) Í launsögnum Bantu er mikið lífsins tré sem gyðja frjósemi sem fæðir öll ríki náttúrunnar.(2) Í launsögnum Indlands á tréð Asvattha (3) rætur sínar í hæsta himni og allir heimar hvíla á greinum þess. Þessi hugmynd um tré og greinar þess dreifi sér um heiminn er alheimsleg. Enn höldum við áfram þeim sið að tilbiðja tré með marglitum kúlum þó merking þess sé löngu gleymd.

Í norrænni goðafræði er tré lífsins kallað Yggdrasil, augljóslega af mörgum ástæðum. Þetta er ein af snilldarlegum öfugmælum skáldanna til að leyna skilaboðum sínum. *Ygg er ýmist talið merkja „eilífð“, „mikill“ eða „hræðilegur“ einnig „aldinn“ eða „eilífur“ Óðinn (4) er kallaður Yggjungur — „aldni-ungi“, sem samsvarar sem í biblíunni er kallað „Aldni daganna“ — hugmynd sem hugurinn getur aðeins að skilja í vöku innsæisins. Yggdrasil er farskjótti Óðins og líka gálgi hans, tilvísun í guðlega fórn, krossfestingu hins þögla verndara, þar sem líkami hans er heimurinn. Í þessari mynd táknar tré lífsins, stórt sem smátt, krossinn, þar sem hin drottandi vera er bundin meðan á efnislegri tilvist stendur. Yggdrasil táknar alheiminn með öllum sínum heimum, en hann táknar líka hverja mannveru og mælieiningu hennar, smámynd ask alheimsins. Hver og einn á rætur sínar í goðumlíkri moldu alverunnar og ber í brjósti sinn eigin Óðinn — alheimsanda sem uppruni og ástæða allra lifandi vera.*

Öll tré lífsins— alheims og mannleg — dregur næringu sína frá þremur rótum sem standa í þremur heimum, einn í Ásgarði, heimkynnum Æsa þar sem hún er vökvuð af brunni Urðar, sem almennt er kenndur fortíðinni. Hinsvegar er raunveruleg merking hennar Uppruni, hin fyrsta orsök. Frá upprunalegri orsök



flæða allar afleiðingar. Urður er ein þriggja meyja „sem vita“, nornir eða forlög, sem geta séð og skoðað fortíð, nútíð og framtíð sem þær spinna í örlagavef manna og heima.

„Urð hétu eina, aðra Verðandi,....Skuld ina þriðju; þær lög lögðu, þær líf kuru, alda börnum, örlög seggja.“<sup>(5)</sup>

*Urður*, fortíðin, stendur fyrir allt sem er gengið og er orsök nútíðar og framtíðar. *Verðandi*, er nútíðin, sem þó er ekki stöðugt ástand, heldur það sem koma skal, — öflugur og síbreytilegur stærðfræðilegur puntur á milli fortíðar og framtíðar. Staður og stund sem ávallt er mikilvæg fyrir manninn, þegar ákvörðun er tekin vitandi vits, knúin af löngun til þroska eða afturfarar á þróunarbrautinni. Tökum eftir að þessar tvær nornir skapa þá þriðju, *Skuld*, eitthvað sem er ekki í jafnvægi en þarf að rétta af í framtíðinni, — hin óhjákvæmilega niðurstaða fortíðar og nútíðar.

Nornirnar eru samsvörun grísku Moirai, örlaganna, sem spinna þræði örlaga, sem við þekkjum líka úr Stanzas of Dzyan <sup>(6)</sup> sem *Lipikas* — sem í Sanskrit merkir "skrifarar" eða "skrásetjarar." Líkt og nornirnar eru þetta ópersónuleg öfl (framgangur) sem skrá öll atvik og setja sviðið fyrir athafnir sem jafna karma, hið eðlilega „lögmál afleiðinganna“ eða örsök og afleiðingu, sem vinnur óskeinkullega á öllum sviðum og ákvarðar aðstæður sem hver og einn þarf að mæta sem afleiðingu af vali sínu í fortíðinni. Í ríkjum náttúrunnar sem ekki hafa sjálfsvitund er þetta sjálfvirk aðlögun, í ríki mannsins færir sérhver viðleitni, göfug eða ekki, viðeigandi tækifæri eða andstöðu til að aðlaga framtíðina. Mannleg vitund er hæf til sjálfsákvörðunar og í vaxandi mæli gerir sér grein fyrir ábyrgð sinni á komandi atburðum. Hver og einn er ávöxtur af eigin verkum og verður það sem hann skapar í núinu með hugsunum sínum og verkum. Allt í flóknum og síbreytilegum öflum mannsins er skráð í sálu hans, hans eigin norn, sem í norrænni goðafræði er kölluð *hamingja* hans, en í kristni er kölluð *verndarengill*.



Önnur rót Yggdrasils er í brunni Mímis. Þessi brunnur hins afstæða efnis tilheyrir hinum vísa jötni, Mími, - uppruna allrar reynslu. Óðin drakk daglega af þessum brunni, en til að geta það þurfti hann að gefa annað auga sitt, sem liggur falið á botni brunnsins. Í öllum sögum um Óðinn sem gamlan mann, er hann í blárri skinnkápu og með slútandi hatt sem hylur þá staðreynd að hann hafi misst auga. Það er þó ekki sama og segja að hann hafi aðeins eitt auga. Getum við verið fullviss um að hann hafi aðeins haft tvö augu upphaflega? Launhelgar segja frá að í fjarlægri fortíð hafi maðurinn haft „þriðja augað“, -líffæri innsæis, sem samkvæmt guðspekinni þróaðist inní höfuðkúpuna fyrir milljónum ára og er þar nú sem „heilaköngulinn“ og bíður þess tíma að fá mikilvægara hlutverk í framtíðinni. Þessi tilgáta skýrir ekki aðeins merkingu sagnarinnar heldur það myndmál sem notað er í goðsögnunum. Eins og innganga í reynsluheim efnisins gefur visku, þá fórnar vitundin (Óðinn) hluta af sýn sinni til að fá daglegan aðgang að honum (brunni Mímis) og Mímir sem efnið, fær í staðinn upplyftingu andans. Mímir er forfaðir allra jötna, tímalaus rót Ýmis-Örgelms, frostjötunsins sem allir heimar eru gerir af.

Sagt var, að fyrir löngu hafi Njörður (tíminn) drepið Mími og líkama hans var hent í dý („vatn“ geimsins). Óðinn náði afhöggnu höfði Mímis og ráðfærir sig daglega við það. Þetta myndmál vísar í að goðið, -vitundin-, noti besta efnið í efnisheiminum („höfuðið“) í líkama sinn til að öðlast reynslu í þeim heimi, um leið öðlast jötuninn (efnið) snertingu við vitund,- snertingu við kraftinn, hina guðlegu hlið náttúrunnar. Þessi tvíliða er algild, enginn heimur er svo án þessara samskipta og þessi snerting stýrir þróuninni í heimi athafna (efnisheimi), „ristir viskurúnir“ við reynsluna. Vitund og efni er þannig bundið hvort öðru á öllum sviðum, það sem er vitund á einu stigi í kosmísku lífi er efni fyrir vitund á næsta stigi ofar. Þessar tvær hliðar tilverunnar eru óaðskiljanlegar. Báðar samstanda af öllum hliðum lífsins, jötnar geta vaxið í að verða goðar og goðar komnir úr jötnaheimum þroskast til enn hærri sviða.



Tré Mímis er Mímismeidur, þekkingartréð, sem ekki má rugla saman við tré lífsins, þó þau tengist, því þekking og viska eru ávextir lífsreynslu og viskan sem skilur ódauðleikann lyftir greinunum á lífsins tré.

Þriðja rót Yggdrasils gengur í Niflheim (skýjaheim), þar sem skýin — stjörnuþokur — fæðast. Líkt og hin tvö sviðin vísa ekki á staði, heldur til aðstæðna. Nafnið er myndrænt alveg eins og stjörnuþokur eru ákveðið stig í þróun líkama alheimsins. Rótin er nærð af Hvergelmi, „upphafi allra fljóta lífsins“, - flokka lífvera. (7) Þetta er það sem við köllum ríki náttúrunnar í allri sinni fjölbreytni sem skapar hverja plánetu. Niflheimur, er uppruni allra þessara lífsforma suðupottur frumefnis sem sækja sína sundurgreiningu úr. Þar er *mulaprakriti* (frumnáttúra) Hindúísku kosmólógíunnar, þar sem hið guðlega hlið er *parabrahman* (handan-brahman).

Hið samtvinnnaða lífskerfi Yggdrasils felur í sér bæði staðreyndir náttúru- og stjarnedlisfræði. Sem dæmi um það er fyrsta rótin í Ásgarði, heimkynnum Æsa (Ása), nærð af brunni fortíðar og dregur upp mynd af „örlögum hetja“, frá örsökum til afleiðinga fyrir öll ríki tilverunnar og goðin eru ekki undanskilin af þessu ófrávíkjanlega lögmáli frekar en önnur lífsform. En hver stund breytir stefnu örlaganna þar sem hver vera hefur frelsi innan marka sinnar eigin sjálfskipaðrar marka.

Önnur rótin er nærð af efnisreynslu úr brunni Mímis, reynslu sem er vöktuð af guðlegu auga andans, þar sem Óðinn ráðfærir sig daglega við höfuð Mímis.

Þriðja rótin er nærð af uppruna alls frumefnis, þaðan sem öll lífsform fá efni sitt til að uppfylla kröfur þeirra eigin vitunda.

Á fyrri helmingi lífs síns er Yggdrasill, hið mikli Askur, kallaður Mjötviður (mælivíður). Á vaxtarskeiði sínu flæðir kraftur trésins frá andlegum rótum þess í heiminn sem er að myndast. Efni þess blómkast á öllum sviðum af næringu úr



brunnunum þremur anda, efni og formi. Þegar Askurinn er fullvaxta er hann Mjötviður (fullmældur) flæðir næringin aftur til brunnanna og lífsorkan hverfur úr efnissviðanum eins og haustið fellir blóm og fræ í jörðu næsta lífs. Við tekur drómi vetrarins hjá frostajötni,- hvíldartími, Pralaya í Hindúískri kosmólógíu.

Þessi samlíking við tré sem er í svo mörgum launsögnum og ritum til að lýsa alheiminum er ótrúlega nákvæm. Við vitum hér á jörð að með hverju vori kemur flæðikraftur sem hreyfir gróðurkraft í hvern lim og lauf sem gefur svo fegurð og fullkomnun í blómstrun, sem í fullnustu tímans verður að ávexti sem ber fræ að trjám framtíðar. Að hausti dregur tréð orku sumarsins niður í rætur sínar til geymslu fyrir næsta árs vöxt. Við sjáum þessa samlíkingu einnig í mannlegu lífi, í vexti ungviðis og þroska þess til fullvaxta manns á miðum aldri, en eftir það verður viðsnúningur fram að gegnsærri brothættu þess háaldraða. Þannig birtir hin undirdveljandi æðri máttur sig úr ómótuðu efni sem fær uppbyggingu, sérkenni og formgerð og vex í umfangi, þéttleika og styrk, úr þessari fullnustu snýst hringurinn við. Hin mörgu lög kosmosins þenjast út og greina sig í gegnum alla efnisgerð þar til takmörkum þróunarfasa síns er náð, þar sem lífsorkan hörftar aftur til andlegra sviða þar sem guðlegar rætur fá til sín kjarnann úr lífsreynslunni. Því það sem vitundin tekur með sér úr margskiptum heimum eru hin guðlegu verðlaun.

Yggdrasill nærir allar verur með lífgefandi hunangi. Heimarnir hanga á greinum þess og allar hillur tilverunnar fá af guðlegum rótum þess, það sem þörf er fyrir vöxtinn, móttökuleiki úr Urðarbrunni, efnið úr Mímisbrunni og tilhlýðileg þörf á lífflæði úr brunni Hvergelmis. Við dauðann þegar andinn dregur sig úr efninu líkt og krafturinn hverfur í ræturnar, þá eru til staðar fræ framtíðarinnar eins og óafmáanleg skráning, en líflaus efnisskelin leysist í frumeindir sínar til endurvinnslu í framtíðinni eins og haustlaufin sem falla, leysast upp og endurbæta jarðveginn.



Yggdrasill er ekki ódauðlegur. Líftími þess er sá sami og helgivaldsins sem tréð á að tákna. Niðurbrotsöflin (sem hluti af sköpuninni) eru ávallt að verki og leiða að lokum allt til hnignunar og dauða, fjórir hirtir éta lauf þess, börkur þess er nagaður af tveim geitum og rætur þess eyddar af Níðhöggi (nagar að neðan). Þegar lífsferli Yggdrasill er lokið er hinn mikli Askur felldur. Þannig er áminnt um skammvinna tilveru og efnis.

Í gegnum líf Asksins gera íkornar það að heimkynnum sínum og hlaupa upp og niður stofn þess til að vera á milli arnarins, hátt í krónu þess og snáksins við rætur þess. Þessi litlu nagdýr tákna lífið eða vitundina sem spannar hæðir og lægðir tilverunnar. Myndrænt tákna þau líka bor sem getur borað í hið þéttasta efni. Í Hávamálum segir frá leit Óðins að ljóðamiðinum sem falin var djúpt inni fjalli og hann leitaði liðsinnis íkorna (bors) til að fara í gegnum bergið og í líki snáks komst hann í gegnum þá holu sem þeir grófu. Þegar hann kom inn sannfærði hann dóttir jötunsins Súttúngs, (sem hafði falið mjöðinn í neðanjarðarhelli sínum) um að gefa honum að drekka af þeim miði og öðlast þannig visku. Þetta atriði kemur aftur og aftur fyrir, hið guðlega leitar mjaðar í efninu, til að ná visku og lærdóm úr efninu áður en snúið er aftur til hærri heima.

---

Neðanmálgreinar:

1. Sköpunarsagan 3:22, 24.
2. *Indaba, My Children*, pp. 3-13.
3. *Bhagavad-Gita*, ch. xv.
4. Einnig kallaður Woden eða Wotan.
5. *Völuspá*, 20.
6. Þessi erindi mynda hluta af hinum fornu skráum sem *The Secret Doctrine* er útlistun á.
7. *Grímnismál*, 26.

### 3. Kafli



## Goð og jötnar.

Þegar við skoðum fornar goðsagnir í ljósi hugmynda guðspekinnar sjáum við að goðin í sögunum eru náttúruöflin persónugerð, sem hvorki eru stöðug né fullkomin en standa fyrir þroskaða vitsmuni af ýmsum gerðum. Sum eru langt ofar okkar háleitustu ímyndunum og hafa í fortíðinni gengið í gegnum bernsku sjálfsvitundar, eins og við göngum í gegnum, og hafa öðlast andlega stöðu sem við höfum ekki náð. Önnur hafa jafnvel ekki náð þroska mannkynsins; þau eru á leiðinni niður í efnið og hafa ekki náð okkar stigi í efnislegum þroska.

Goð og jötnar í norrænum goðsögnum eru hinar tvær hliðar tilverunnar tvenndin sem heimarnir eru gerðir úr. Goðin eru vitsmunaleg orka á ýmsum stigum. Þau klæða sólar, plánetur og menn, - á öllum stigum lífs, jafnvel líflítið efnisform eins og steinaríkið, lofthjúpin eða öldur hafsins,- sem við venjulega lítum ekki á sem líf, en eru form atóma sem hafa skipulag og kraft sem myndar einstök og sérstök einkenni í uppbyggingu og hreyfingu. Sú orka sem gefur þennan kraft í heiminum eru þróaðar vitundir sem launsagnir kalla goð.

Jötnar eru andstæðan. Kyrrstaðan,- köld, óhreyfð og ómótuð. Þeir verða efnið, en þó aðeins þegar því er gefið líf og sett á hreyfingu af goðunum og það hættir að vera til þegar goðin yfirgefa það. Tíminn sem lífið er í efninu er í raun jötnarnir sem nefndir eru í goðasögunum, þ.e.a.s. þeir eru lífskilyrði og líkamar goðanna.

Í mörgum sagnanna ferðast einn eða fleiri goðar til jötunheima, oft til að til að hitta einstaka jötun “til að sjá hvernig höll hans er búin”. Þar eru oft átök á milli goða og jötna sem felast í að keppa í gátuþrautum þar sem sá sem tapar glatar lífi sínu. Tilgangur þessara keppna er auðsjáanlega að upplýsa áheyrandann (eða lesandann) og sýna á meistaralegan hátt hvernig guðleg orka segir efnislegri hlið sinni hvar hún eigi stað sinn. Í staðinn fær hún reynslu af tilvist í efninu og



aukinn skilning. „Dauði” jötuns (sem alltaf tapar í gátukeppninni) getur táknað breytingu á stöðu eða þroska, þar sem eðli upprunaefnisins „deyr” frá fyrra stigi yfir á næsta stig þróunar.

Tilveran er auðsjáanlega óendanleg, vitundir eru aðeins þroskaðar eða vanþroskaðar í samanburði við aðrar, aldrei í endanlegum skilningi í tíma eða eðli. Svipað og eilífðin (Aions) hjá frumkristnum (Gnostics), voru norrænu jötnarnir bæði heimarnir og tíminn. Goðin eru hið dveljandi líf tímabilsins sem mótar heimana. Jötnar eru oft nefndir „foreldrar” tiltekinna goða eða jötna, sem sýnir stöðu viðkomandi, eða eins og sagt er „barn endurnýjunar”, eða „barn síns tíma”. Stytttra tímabil innan lengra er jafnvel sagt vera dóttir jötuns, og nokkrar dætur vísa til nokkurra tímabila innan lengra tímabils.

Þegar goðar eru að mynda heima og líf sitt eru þeir sagðir vera að undirbúa veisluborð, því það er í sólar-, plánetu- eða öðrum efnislegum „borðum” sem guðlegir vitsmunir njóta „fæðu,” reynslunnar sem þar er aflað.

Öfugt við jötnana sem eru líkamar eða efnisberar orku goðanna meðan goðarnir dvelja í efninu er tíminn án lífs þegar guðlegir vitsmunir hverfa úr efninu, endurnýjaðir í upprunatilvist þeirra, efnið verður hitalaust. Það tímabil er tími frostjötna. Þeir tákna tímabil kyrrstöðu þegar engin orka er til staðar. Engin hreyfing, hvorki líf né tilvist í geimnum, engin atóm hreyfast, engin formmyndun, því engin guðleg orka er til staðar. Í austrænni heimspeki er slíkt ástand nefnt *pralaya* (upplausn, hvíld), þegar vitundir eru í sínum eigin *nirvanas* og efnið er algjörlega uppleyst. Eina mögulega vísindalega lýsingin á slíku ástandi er það sem þau kalla alkul (0 gráða Kelvin), algjört hreyfingarleysi, fjarvera allrar tilveru. Fyrir okkur er þetta algjörlega fræðilegt ástand, óhugsandi fyrir lifandi veru, en nútíma vísindi eru í rauninni mjög nálægt hugmyndinni um frostjötna með kenningu sinni að efni sé afleiðing orku á hreyfingu og án þess væri ekkert efni til.





Í goðsögunum er Aurgelmir (frumhljómurinn), (1) svipaður og Brahma, „þenjandinn“ í heimsmynd Hinduheimspekinnar; hann er fyrsta hreyfing sem felur í sér myndun alheimsins, og síðasti jötuninn, Bergelmir (lokahljómurinn), sem er „kornið í trektina“ og sá sem „bjargað“ var, einum jötna. Hann er hliðstæða Siva, eyðandanum, uppbyggjandanum. Það er erfitt að fá betri lýsingu á Stóra hveli eða svartholum stjarnæðlisfræðinnar en þessar fornsögur lýsa. Þetta er eins og sláttur einhvers mikils kosmíks hjarta; í samdrætti þess endurnýjast orka og kemur reglu á óreglu, en í útþenslu dregur það aftur til sín lífið til að endurnýja efnið, - korn goðanna komið í frostjötuninn á ný.

Í allri efnisbirtingu, hvort sem það er í vetrarbraut, manni eða atómi er stöðugt samspil á milli hreyfingar og kyrrstöðu, vitundar og efnis, goða og jötna. Slíkar andstæður eru ávallt tengdar, óaðskiljanlegar í birtingu. Það getur ekki verið jötunn ef ekki er goð, því það þarf orku til að mynda atóm; á hinn bóginn þurfa goð efnislíkama til að ná þeirri reynslu sem nærir vitundina. Án efnisheimsins af einhverri tegund getur vitund ekki vaxið eða tjáð sig; því eru goðar og jötnar ávallt háðir og tengdir hvorir öðrum. Þannig er mjöður goðanna bruggaður í jötnahöllum (geimnum) og borinn fram á borðum sól- og hnattakerfa. Þetta er norræna útgáfan af heimspekinni Hundúa um að tilvera alheimsins sé til fyrir reynslu sálarinnar og lausn hennar.

Í rás tímans urðu goð fornsagnanna persónugerð í mönnum. Grísku goðin virðast hafa goldið þessara niðurlægingar mest, þó að hin norrænu hafi líka sett niður með lélegum eftirlíkingum í vinsælum sögum og tímaritum. Samfallandi ofurorkusvið þeirra og eigindir þyngdarsviðs sem þeir valda eru sýnd í vinsælum sögum sem ofurstríð, og innræktuð sambönd þeirra dæmd af kynslóðum leikinna sem lærðra sem siðleysi ímyndaðra vera. Snorra-Edda gefur sjálf skemmtilega tilbúið dæmi í þessum anda í „Lokasennu.“

## ÓÐINN



Höfðinginn á meðal Ásanna er að sjálfsögðu Óðinn. Sem Alfaðir eiga allar lifandi verur í öllum heimum rætur í honum. Guðlegur kjarni er í öllum lífsformum, í hinum smæstu sem og í alheiminum sjálfum. Þegar Óðinn heimsækir jötnaheima ríður hann á áttfættum fola, Sleipni (skeiðari), sem getinn er af Loka (í mynd merar). Óðinn notar ýmis nöfn og gervi sem tengjast hverju sinni sérstöku tilefni. Hann átti galdrahring, Draupni, sem fylgdi sú náttúra að níundu hverja nótt drupu af honum átta gullhringar jafnhöfgir. Þetta svarar til hringferla sem ein hreyfing kemur af stað og sjá má í vatnsgárum og hljóðbylgjum sem mynda nýjar, bæði í tíma og rúmi, hringir innan hrings. Slíkt hringform má sjá í plöntum og dýrum allstaðar í náttúrunni, og í rúmi myndar þetta spíralform sem má sjá í smáheimi atóma og í geimnum í hreyfingum stjarna og vetrarbrauta.

Mesta áhersla Eldri Eddu, Völuspá, er á Óðinn, háleitán píligrím sem fer um heimana í leit að þekkingu og reynslu, rúnum sannleikans. Því Óðinn er einstaklingur sem og Alheimur. Á hnattræna sviðinu er hann verndarandi Merkúr. Hann er guð allra á jörðu og hinn helgi sendiboði, Hermóður, er sonur hans, Hermóður svarar til hins gríska Hermes.

Eiginkona Óðins er Frigg, sú vitra móðir goðanna, ímynd góðmennskunnar og verndari hinnar leyndu visku. Í norrænu goðafræðinni er hún hliðstæða hinnar egypsku Isis og annarra forna sagna um hina alheimslegu óflekkuðu móður sem öll orka lífs kemur frá. Vísað er til Friggjar sem „veit örlög allra vera, sem hún segir ekki“ (Lokasenna, p. 217). Máttur hennar er til jafns við mátt Óðins þó áhrifum hennar séu aldrei beitt af valdi. Við sjáum einnig að Frigg hefur ekki eigin höll, en eins og Saga deilir hún hýbýlum Óðins. Við getum því ályktað að þó Frigg sé hin óbirta og óvirka hlið Óðins, þá birtist viska fortíðarinnar í Sögu sem táknar hana í lífinu (Lokasenna).



Óðinn birtist á ólíkum sviðum, -sem skapandi kraftur í öllum heimunum, eins og Logos í klassískri grísku heimspekinni, og einnig sem fræðari mannlegs anda. Hann er allstaðar, á öllum sviðum tilverunnar, stundum í dulargervi, undir mismunandi nöfnum, en alltaf auðþekktur. Það styrkir hugmyndina um að guðlegt eðli sé til staðar í öllum formum lífsins, og sú sjálfsvitund er til þegar efnið er uppleyst. Því kemur það ekki á óvart þegar vísað er til Óðins sem Alföður og hann uppgötvaður með mismunandi grímur í öllum sögum og kvæðum. Besta dæmið um þetta er í Völuspá þegar hann er ávarpaður „*Hljóðs bið ek allar, helgar kindir, meiri ok minni*“ — þar er vísað til allra lífvera í alheiminum. Í Hávamálum er hann „Hinn hæsti,“ í Vaftrúðsmálum er hann Gagnráður, í Grímnismálum er hann Grímnir, í Baldursdraumum er hann Vegtamur. Í Valhöll fagnar hann hetjum sínum sem Ropt og Nikar af ástæðu sem síðar verður útskýrð. (bls. 79)

## ÞÓR

Annað þekkt goð, Þór, samsvarar Júpiter hinum rómverska og að hluta til Zeus hinum gríska. Líf hans og orka tekur á sig þær myndir sem rafsegulsvið skapa. Hann er ekki aðeins þrumuguðinn sem stjórnar veðrinu, hann er líka verndari hnattarins Júpiter. Þegar Þór gengur undir nafninu Véurr samsvarar hann lífskraftinum sem býr í öllum verum. Sem Hlórriði er hann rafmagnið sem hleðst upp í skýjunum og birtist í þrumum og eldingum.

Í víðáttum geimsins er hann Þrúðgelmir, ómur Þórs, viðhaldsorkan (Fohat í austrænni heimspeki) sem skipar alheiminum í reglu úr óreglu, og hringverkið í geiminn. Þrúð eða Þór er krafturinn sem viðheldur atómunum á hreyfingu, eins og Vishnu viðheldur allri virkni á líftíma þeirra. Hamar Þórs er Mjöltnir, (malarinn), orka sem eyðir og skapar. Það er rafstraumurinn sem alltaf snýr til baka til upphafs síns. Svastika, annað hvort þrí- eða fjórarma, táknar



snúningshreyfinguna, þá stöðugu hreyfiorku sem aldrei hættir meðan eitthvað líf er í tíma og rúmi.

Prúðgelmir á tvo syni: *Móða* (orku) og *Magna* (styrk), sem vísa í hina tvo póla rafmagns eða segulmagns á kosmísku sviði. Allt sem tengist Þór er tvíþóla afl. Synir hans, miðflótta- og aðdráttarafl birtast sem geislun og þyngdarafli í öllum myndum lífsins. Í manningum þekkjum við þessi öfl sem ást og hatur, aðlöðun og fráhrinding. Járnbelti Þórs myndar leiðara fyrir rafstraum, tveir stálhanskar hans vísa til jákvæða og neikvæða pólsins. Vagnhjól hans senda eldingar þegar hann fer í gegnum ský; af þeim sökum getur hann ekki notað regnbogabréu goðanna, Bifröst, (2) þar sem eldingarnar myndu kveikja í henni. Hann verður því að ferjast yfir vötnin (rúmið) sem skilur að heimana. Þetta er væntanlega ekki vandamál fyrir goð, en þar er kannski erfitt að finna óslitinn þráð milli samskipta Þórs og ferjumannsins Harbárðs sem Þór reynir að fá til að ferja sig. Það er augljós leið til að sýna fram á nauðsyn þess að hafa leiðara fyrir orkuna. Á jörðunni eru verk Þórs unnin af tveim fóstursonum hans, Þjálfu (hraða) og Röskva (vinnu), þeim tveim þekktum þáttum sem þjóna orkuhungri menningarsamfélaga.

Hin fagra eiginkona Þórs er nefnd Sif. Hún hefur langt og gullið hár sem er stolt allra goðanna. Það stendur fyrir vöxt og uppskeru, eins og þróunarkrafturinn og ferill hans viðheldur allri birtingu.

## **SÓLIN OG AÐRAR VERUR**

Baldur er sólin í heimi okkar. Hann deyr, en hvern dag og hvert ár er hann endurborinn, hann tákna líftíma sólarinnar. Þetta er leið til að lýsa endurnýjun sem á sér stað í öllum hringferlum, stærri sem smærri, eins og sólarguð er „deyr“ og „endurfæðist“ í lok og upphafi hvers hrings og umferðar jarðarinnar. Sál sólarinnar nefnist Alfröðull (Skírnismál 4.), „geislandi álfahjól“ og hin sýnilega



sól nefnd „valins leikur.“ (Alvísmál 16) . Efnissólin er forsenda lífs á jörðu, en innri verund viðheldur andlegu lífi (Vafþrúðnismál 46-7).

Þegar sólargoðið er vegið af hinum blinda bróður sínum, Heði (fáfræði og myrkur), - í átakanlegri sögn „aldurs draumar,“— brestur hjarta Nönnu, hinnar trúu eiginkonu Baldurs. Hálf systir hennar, Iðunn, tekur við hlutverki hennar að færa goðunum epli ódauðleikans. Af innihaldinu má ráða að Iðunn tákni jörðina, en Nanna standi fyrir líkama tunglsins sem dó fyrir ævalöngu. Í guðspekinni er tunglið forveri jarðarinnar.

Goðið Týr stendur fyrir plánetuna Mars— orðið þýðir dýrsleg vera, orka, en er engu að síður goð. Týr er hetja á meðal bræðra sinna fyrir að fórna hægri hendi sinni í gin Fenrisúlfs við að fjötra hann, úlfinn sem mun gleypa sólina þegar hann verður leystur úr fjötrum.

Guð jarðar, Freyr, er bróðir Freyju (hin norræna Venus-Aphrodite). Þau eru börn Njarðar sem stendur fyrir Satúrnus og (eins og gríski Krónos) táknar tímann. Freyja er verndari mannkynsins og ber það á barmi sér sem men — Brislingamenið, andlegt eðli mannkynsins (*brisínur*; eldur hins andlega hugar. *Men*; eðalsteinn). Kona Freys, Gerður, er dóttir jötunsins Gymis og hennar manns, jötunsins Aurboða.

## LOKI

Loki hefur alveg sérstaka stöðu meðal goðanna. Hann er af jötnakyni en hlaut goðastöðu og stendur fyrir leynda og helga eiginleika mannsins. Á annan bóginn er hann guðlegir vitsmunir er birtust í mannkyninu fyrir ævalöngu (eðalsteini Freyju sem hann er tengdur) og hinn frjálsi vilji sem mannkynið getur valið að nýta til góðs eða ills. Á hinn boginn er hann hinn slungni uppreisnargjarni útlagi sem stöðugt veldur goðunum vandræðum og ógæfu og er ávallt tekinn til bæna fyrir misgjörðir sínar. Hann er líka sá sem getur bætt fyrir þær aðstæður sem



hann veldur. Í öllu er hann hinn dæmigerði mannlegi hugur, snjall, kjánalegur, óþroskaður. Þegar hann hefur bætt fyrir syndir sínar er hann kallaður Loftur, sem vísar til hins upplífandi leitandi eiginleika í mannlegum huga.

Það eru margir aðrir goðar í hofinu, en það eru tveir sem verður sérstaklega að nefna; Forseta -réttlæti, sem hefur það hlutverk í norrænni heimsmynd sem karma hefur í hinni austrænu heimspeki. Hinn er Bragi, persónugervingur ljóðræns innsæis, viska skáldanna og guðleg uppljómun sálar,- manns og alheims.

Það er augljóst af sögnum af Vönum að þeir eru æðri Æsum í heimunum á margan hátt, hafa dýpri skilning og innsæi, þar sem hið hærra blæs hinu lægra í brjóst og vekur upp það sem þar er, alveg eins og í hinu endalausasta stighækkandi lífi. Þessir tveir flokkar goða, Vanir og Æsir, (3) samsvara augljóslega *asuras* og *suras* í Hindu heimspekinni (ekki-goð og goð; sá fyrri hefur tvíraða merkingu, annað hvort æðri guðum eða óæðri guðum). Það er mjög oft vitnað í Vani sem hina „vísu Vani” og ekki er að sjá að þeir hafi neitt sérstakt hlutverk á sviðum lífsins. Æsir eru á hinn bóginn þeir sem blása lífi í hnetti sólkerfisins. Íbúar Ásgarðs (garðs Ásanna) heimsækja jötunheima, venjulega í dulargervi eða senda sérstaka sendiboða sína. Skýrt dæmi um slíka er Skírnir, -„geisli” Freys, sem er sendur með bónorð til jötunsins Gerðar fyrir hönd goðsins. Guðleikinn getur ekki haft beint samband við efnið, hann verður að dylja með einhverjum hætti, eða eins og sagt er í raffræðinni „að þrepa niður, “ þá með spennu-/straumbreyti, eða á máli norrænu goðafræðinnar, með *álfi*, (elfu) sem farveg,-sál. “Dulargervi” goðanna eru sálir sem hæfa fyrirætlun þeirra hverju sinni.

Í öllum fornsögnum eru stríð guðanna það sem hefur duldustu merkingu og erfiðast er að ráða í. *Opinberunarbókin* segir af Mikjál og englum sem berjast við drekann og hirð hans. Í hinni indversku *Rig Veda* er stríðið milli *suras* og *asuras*, og í norrænni goðafræði eru kosmísku öflin Vanir og Æsir gegn



jötnum. Vestræn hugsun hefur í langan tíma persónugert þessar fornsöguverur sem það eina ofar mannum í kosmosinum, Ásarnir eru álitnir vera eldri í goðafræðinni en Vanir hafi komið síðar inn í þessa heimsmynd. En það eru sterkar vísbendingar um að að þessir hópar báðir tilheyri sitt hvoru stigi tilverunnar, annar æðri hinum. Þeir eru hliðstæða *kumaras* í Hindú heimsmyndinni (Sanskrit virgins) og *agnisvattas*, (þeir sem hafa verið reyndir í eldi), einskona guðir sem ekki eru í birtingu og hafa þroskast með birtingu í efnisheimum. Þetta er stutt í Völuspá (23-25 vers) sem segir frá því er Æsum var úthýst úr heimkynnum sínum af „sigursælum” Vönum á þessum guðlegu sviðum. Upplausnin sem kom af stað kosmískum öflum Þórs og nýrri sköpun sýnist vera afleiðing af bálför Gullveigar (þyrst í gull) og sem var „borin á spjótum” goðanna. Það minnir á gátuna um fuglinn Fönix, sem reis ávallt upp fegurri eftir hverja hreinsun í eldinum. Eins og alkemistarnir umbreyttu öðrum málum í gull finnur þessi leyndi þráður svörun í mannlegri sál. Við þekkjum þetta í hungri mannsins fyrir uppljómun hugans, sem og í árangri goða í sköpun alheims. Það er þörf til að efnisbirtast. Þverstæðan er að þorstinn í gull hefur aðra hlið í okkar mannlega samfélagi, -græðgina í að eiga.

Á samkundu goðanna batt Óðinn enda á ágreininginn; áttu allir goðar að vera sammála, eða aðeins Æsir? „Sigráðir” eftirlétu Æsir Vanagoðum himinsviðin, heimkynni sín, en útlægir urðu Æsir að lífga og uppljóma efnisheimanna. Þetta virðist samsama Æsi við *agnisvattas*, því þeir næra heimana í Alheiminum. Það er tilvist þeirra í lifandi verum sem kveikir þrá sálnanna í andleg heimkynni sín. Fyrir goðin er það háleit hjartans ósk að færa fórn í guðlegri návist Óðins til að eflast að visku.

Aftur koma goðin saman til ráðagerða. Hver hafði eitrad andrúmsloftið og gefið jötnum mey Óðs? Það má umorða þetta: Hver hefur gefið mannkyninu frjálsan vilja til að velja á milli góðs og illis, og vitsmuni (eiginleika Freyju Óðinsdóttur, brúði manndóms — æðri sál mannsins) til að læra og þroskast?



Já hver? Ekkert svar er nákvæmlega gefið, en ef haft er í huga að í ljósi slóttugheitanna er ljóst að ein hlið Gullveigar er Loki.— Lægra eðlið sem þroskast til sjálfsvitundar og þaðan til hærri stöðu frá fyrri efnislegum aðstæðum. Ólíklegar athafnir hans lýsa mannlegu eðli, óöguðu og ófullkomu en með goðumlíkum möguleikum. Loki er næstum alltaf í samfylgd goðanna á ferðalögum þeirra til Jötunheima og virkar eins og milliliður. Hann táknar brú milli goða og dverga, milli andlegrar sálar og dýrslegs eðlis í manningum, sannar tvíeðlið, þar sem takast á það herra og eðlisávísun. Þegar Loki stal Brislingameni Freyju var mannlegri vitund snúið af rétttri.

Sátt á milli Vana og Æsa byggðist á gíslaskiptum. (4) Mímir og Hænir voru sendir af Æsum sem gíslar til Vana sem í staðinn sendu Njörð og son hans Frey, niður til Æsa. Vanir sáu fljótt að Hænir (vitsmunir á kosmísku sviði) var einskis virði án Mími (fjölbreytileika efnisins) og ráðlegginga hans (hugur án efnislegra athafna), svo þeir afhöfðuðu Mími og sendu Óðni, sem svo ráðfærði sig við höfuð Mímis dag hvern og nam leyndardóma tilverunnar.

Þessi margskipti alheimur launsagna er óvenjulegt sjónarhorn fyrir okkur, en þannig er það í flestum hinna fornu heimsmynda Mímir hefur níu nöfn á níu sviðum lífsins, níu himnum og heimum. Í öðrum heimsmyndum sjáum við sjö eða tólf nöfn. Vestræn heimsmynd í dag takmarkar alheiminn við þrjá hluta. Guð uppi, maðurinn í miðjunni og Kölski niðri í kjallara. Þessi mynd gefur engu öðru lífsformi tilgang nema manningum. Öll sköpun er neðar okkar eigin og þróast til hennar, en það viðhorf leiðir manningum auðsjáanlega í blindgötu. Með þessu viðhorfi er ekki gert ráð fyrir þroska og þróun ofar hinu mannlega, og sem gerir hugtök eins og *eilífð* og *óendanleiki* ómerk. Þessi sýn er alveg andstæð við fornu heimsmyndirnar sem gera ráð fyrir óteljandi vistarverum í tíma og rúmi og í óteljandi samsetningum andlegra og efnislegra lífsforma, þar sem okkar heimur er aðeins krossgata. Í slíkum heimi er ekki hægt að gera ráð fyrir að andlegt sé alltaf „hið góða” og efnið sé „hið illa”, það er alltaf hliðrun í því að hið góða sé





Það rétta, -samræmi í eigin innihaldi, en hið illa ósamræmi. Hina ruglandi tilvitnun í Biblíunni um „andlega illsku á háum sviðum” er hægt að skýra sem ófullkonnun á andlegum sviðum, eða sem samanburð við miklu hærri vitund. Í launsögnum eru guðir og jötnar, orka og kyrrstaða, vitund og efni alltaf órjúfanlega tengd, alltaf afstæð og ættu ekki að vera borin saman við okkar takmarkaða skilning á „góðu” og “illu.” Það er alltaf að breytast og vaxa frá minna til hins meira, hið takmarkaða brýtur af sér bönd. Sjálfsvitundin vex í átt til alvitundar.

Í bókmenntum Brahma eru guðir og risar einnig undir nöfnunum *lokas* og *talas*, meðal annarra nafna. Þeir standa fyrir marga heima í birtingu, þar á meðal þann sem við byggjum. *Loka* er vitund sem er að vaxa á hverju sviði, en *tala* svarar til lífs sem er að fara niður í efnið, og orðin „upp” og „niður” í þessu samhengi eru að sjálfsögðu einungis táknræn. Þessi samtenging goða og jötna í eilífri andstöðu er dregin vel fram í Grímnismálum sem reynir að lýsa „hillum” efnis sem byggja „hallir” eða „vistarverur” goðanna.

Skýringa á stríðum á himni verður að skilja eftir fyrir innsæi lesandans. Við áttum okkur á að efnisheimar þroskast með ídveljandi guðlegum vitsmunum, sönnu víti fyrir þessi háleitu öfl til að lægra lífið megi njóta einhvers af þroska þeirra. Þessi undirliggjandi straumur af þátttöku goðanna á lægri sviðum í þágu íbúa þeirra sést vel í öllum norrænum goðasögnum og getur vel verið raunveruleg ástæða fyrir því að þessar sagnir höfðu til okkar og hafa verið sagðar og haldið á lofti svo lengi.

---

Neðanmál:



1. *Aur* (íslensku) eða *ur* (sænsku) er forskeyti og er dregið af „ur,“ út úr einhverju, af einhverju upprunalegu eða upphaflegu.

2. *Bifröst* (einnig nefnd *Ásbrú*). Brú milli *Ásgarðs*, heimkynna goðanna, og *Miðgarðs*, heimkynna manna. *Heimdallur*, hinn hvíti áss, gætir brúarinnar. Rauði litur brúarinnar er eldur og verndar hann *Ásgarð* frá jötnum. *Æsir* ferðast um þessa þessa brú daglega til að funda undir skugga *Asks Yggdrasils*.

3. *Vanir* eru annar tveggja flokka goða í norrænni goðafræði og búa í *Vanaheimum*. Hinir eru *Æsir*. Í goðafræðinni er talað um stríð milli þeirra og er oft talið að vanatrú sé leifar eldri trúarbragða, sem urðu undir við þjóðflutninga. Þetta er einnig vegna þessa að ekkert er talað um uppruna þeirra, meðan góðar lýsingar eru á tilurð *Æsa*.

Helstu *Vanir* eru *Njörður* og börn hans, *Freyr* og *Freyja*, sem voru gíslar ása eftir fyrrnefnt stríð.

4. Úr *Ynglingasögu Snorra*, hinni yngri *Eddu*.



## 4. kafli

### Sköpun Alheimsins.

Fyrir birtingu heimanna var aðeins myrkur og þögn - Ginningargap. Guðirnir farnir til sinna heima, tími og rúm voru aðeins óhlutlægir þættir því efnið var ekki til í fjarveru lífsins. Þetta er eins og „Kaos“ grísku heimspekinnar, áður en reglan, Kosmos, varð til. Í *Stanzas of Dzyan* segir: „Tíminn var ekki, því hann svaf í eilífum faðmi tilverunnar.”<sup>1</sup> Eddan kallar þetta Fimbulvetur – hina löngu köldu nótt tilveruleysisins.

Þegar stund sköpunarinnar kom bræddi hiti Múspellsheims (Eldheima) frosinn Niflheim (Þokuheim) og skapaði frjósaman eim í tóminu. Það er úr Ými, frostjötuninum, sem guðirnir skapa heima, ósýnilega sem sýnilega, er lífsflóðin flæða um. Ýmir er fæddur af og nærast á þeim fjórum mjólkurám sem streyma úr kúnni Auðhumlu, frjósemistákni óbirts frækorns lífsins. Þegar Ýmir er „drepinn“ af goðunum verður hann að Aurgelmi, frumtóninum, og yfirtónar hans byrja að óma um tóm svið geimsins. Líkt og hin tibetski Fohat (eldur) sem setur snúning atómsins, lýsir þessi fyrsti ómur skipulagðri hreyfingu í óvirka frumefninu, skapar hringiðu þar sem sveifluspenna og sveifluhraði ákvarða bylgjulengd og tíðni sem mótar mismunandi efni. Eins og segir í *Völuspá* í þriðja og fjórða erindi<sup>2</sup>.

En það má endursegja á eftirfarandi hátt: Áður en tíminn varð, voru engin frumöfl, því það voru „engar bylgjur“-engin hreyfing; því var ekkert form eða tími.- Þessa lýsingu er varla hægt að bæta. Efnið og allur hinn sýnilegi alheimur er, eins og við vitum, afleiðing af hreyfingu rafhleðslna. Skipulagar eins og

---

<sup>1</sup> *The Secret Doctrine*, I, 27.

<sup>2</sup> *Völuspá*, 3, 4.



atómið sameinast hinar margbreytilegu eindir í margvíslegum formum efnisins sem mynda sólar og plánetur. Í fjarveru hinna skipulögðu afla, guðanna, varð ekkert til. Rúmið er í sjálfu sér afstætt, óbirt, en samt hið eina sem til er. Það er Ginningargapið, hyldýpi ginnungs, ólýsanlegt, ósegjanlegt ekkert, handan hugleiðinga, þar sem Ýmir, frostjötuninn, leyfir engan gróður þar til hin skapandi öfl fanga hann og móta heima, „reisa töflur,“ þar sem þeir fagna með lífsins miði.



## 5. kafli.

### Sköpun jarðarinnar.

Sköpun jarðarinnar er sýnd á nokkra vegu. Hinn hugrakki Freyr er persónugerð jarðar. Hann er sonur Njarðar og Freyju og á galdrasverð sem sagt er vera styttra en venjulegt vopn en er ósýnilegt þegar því er beitt af hugrekki. Hver stríðsmaður Óðins sem vill komast í Valhöll verður að vinna til þess að bera slíkt sverð.

Sál jarðar er Iðunn, af álfaætt, vörður epla, eilífrar æsku, er hún gefur goðunum á tilteknum tímum, en gefur ekkert á milli mála. Iðunn er dóttir álfajötunsins Ívalda — og sögð „fyrst yngri barna“ hans. Nanna, sál mánans, ein af „ldra kyni“, dó af hjartasorg við dauða bónda síns, Baldurs sólargoðs. Þetta kann að vera leið til að segja að jörðin sjái aðra sól, aðra hlið sólargoðs en forveri hennar, máninn. Synir Ívalda eru frumöflin sem mynduðu plánetu okkar; þau eru lífsaflíð sem einu sinni mótaði dvalarstað Nönnu (mánann), en myndaði formið fyrir Iðunni (jörðina) eftir dauða Nönnu. Samkvæmt kenningum Guðspekinnar á hver hnöttur í birtingu nokkra bræður, gengna og ógengna; þar er því haldið fram að jörðin sé sú fimmta í röðinni af sjö birtingum plánetugoðsins, og að máninn hafi verið sá fjórði í röðinni. Jörðin er því einu þrepi ofar í þróuninni í okkar plánetukerfi en tunglið myndaði.

Fjölmargar goðsagnir líta á tunglið sem foreldri jarðarinnar og efni þess og lífseðli sé enn að færast til afkomanda þess. Sumt er talið styðja þessa fornsögn, t.d. sú staðreynd að birta sýnilegrar hliðar hans er smá saman að minnka. Ein myndin er móðirin sem snýst um vögg barns, barnið sem jörðin. Hin vinsæla vögguvísa (fóstruríma), Jack and Jill, á uppruna sinn úr Eddu þar sem nöfn þeirra eru Hjúki og Bil sem fara til mánans til að sækja efni sitt og koma því til jarðar. Þegar þau



eru þar sjáum við skugga þeirra á mánamyndinni alveg eins og við sjáum „karlinn í tunglinu“. Sagnir amerískra indíána kalla jörðina „móður“ en tunglið „ömmu“ sem vísar til þessarar sömu söguvenju.

Kýrin Auðhumla sleikir saltið af hrímsteinum Ginningargaps og afhjúpar höfuð Búra (afstæðan geiminn, en ekki í víddum). Hann svarar til hins „sjálfborna“ alheims í Hindu heimspekinni. Auðhumlu upprunafræ lífsins, má líkja við *vac* úr sömu heimspeki, hinni fyrstu hreyfingu eða hljómi sem líka er líkt við kú. Sömu líkingu er að finna í launsögum biblíunnar; *Jóhannes 1:1*: „Í upphafi var orðið og orðið var hjá Guði og orðið var Guð“. Orðið (í grísku *Logos*) þýðir ástæða, og líka hljóð og hreyfing. Í þessum dæmum er fyrsta hreyfing afleiðing hugmyndar guðlegs hugar, eða sem frumafl eða frumtónn sem byggir upp röð yfirtóna sem hver um sig eru einnig grunntónn að nýrri tónaröð. Af slætti á gong má heyra vel hvernig ómur hljómastrengs byggir ofan á þann eina djúpa grunntón sem sleginn var. Þetta minnir á Stóra hvell sem með upphafsorku sinni hefur teygt sig eins og harmónika í útvíkkun sinni. Með slíkri bylgjuútbreiðslu gætu vitundir sem við köllum guði skapað form til að flytja á þeim bylgjum og jafnvel íklætt sig og dvalið í þeim, hvort sem þau væru sólar, menn eða smærra líf.

Frá afstæðum Búra kemur Bor (útvíkkaður geimurinn, rúmið) og af honum leiðir það þriðja, þrjúgreindur Logos sem samanstendur af Óðni, Vilja og Vé (því heilaga –*ave* í upprunalegum skilningi). Þetta er uppruninn eða fyrirmyndin af þeim öflum sem við köllum eld, loft og vatn. Eðli andans (andardráttur), lífi (hita), vökva (huga),- fínni frumþætti efnis. Það er tvírað tenging milli þess sem er kallað í launsögnum „vötn geimsins,“ sem er grundvöllur allrar birtingar í alheiminum-- og vetnis (í grísku *Hydor*: vatn); munum að það er einfaldast, léttast og í mestu magni af öllum frumefnunum og binst öllum öðrum þekktum efnum. Aðra hlið þrenningarinnar má finna í öðru frumefni, helíum, sem tekur nafn sitt af *Helios*, sólinni, þar sem það var fyrst uppgötvað. Tenging er á milli



elds og þriðju hliðar þrenningarinnar, súrefnis sem efnafræðilega sameinar önnur frumefnin í bruna. Einn þáttur eldsins helga var Mundilfari, „vogarstöngin“ eða „öxullinn“ sem snýr „hjólum“ vetrarbrauta, sóla, plánetna og atóma. Það er aflið sem kemur af stað öllum hringferlum og hreyfingum, kraftar „geimhafana“.

Það er sláandi hve ýmsar torræðar vísbendingar í þessum gömlu launsögnum er hægt að þekkja í nútíma vísindum, jafnvel í greinum eins og stjarneldisfræði. Hún segir okkur hvernig formmyndun átti sér stað, en launsagnirnar segja frá orsökum tilveru formsins. Í eðlisfræði er talað um þrennskona efnisástand, -fast, fljótandi og loftkennt, launsagnirnar nefna þetta jörð, vatn og loft; og bæta tveimur við, eldi og eter er voru taldir guðlegir þættir. Í fjarlægum morgni tímans hefur jörðin okkar í allri sinni samsetningu verið það sem má kalla eterísk. Hnötturinn átti eftir að þéttast frá upprunalegum gasmekki sínum (nifl), sem fæddur var í Niflheimum (upprunalega gasheiminum). Við getum séð fyrir okkur guðlegan „viljann til að vera“ draga sig ofan frá óskýranlegum sviðum andans niður gegnum svið huga og skilnings, gegnum eterinn og gegnum þéttara en samt óáþreifanlegt efni, mynda atóm, skipuleggja mólakúl og lífverur, þar til öll lögmál efnisins með sínum ídveljandi lífsformum höfðu verið sköpuð. Frá þessu afli fékk gasryk löngu eyddra stjarna sem dreift var um sofandi geiminn, lífsskossinn á ný og kveikti þá skapandi hvatningu sem myndaði hringiðukrafta sem mynduðu efnið sem heimar okkar eru gerðir úr.

Áður en pláneta okkar varð efnisþétt voru fínir efnir, -eldur og eter,-án efa meira ráðandi; eldur er enn hitagjafi allra lifandi eininga. Jafnvel í geimnum sjálfum, eins og við vitum best, sjáum við slíkt nærri alkulinu, hiti  $2,7^\circ$  Kelvin, sem er þó merki um hreyfingu þó hæg sé og veik. Eter er ekki þekktur sem efnisástand í dag, en engu að síður eru orð í stjarneldisfræðinni eins og „millistjarnaefni“ og „millivetrarbrautaefni“ ("intergalactic medium") sem benda til slíks. Frá þeim óratíma sem liðinn er frá því að jörðin byrjaði að þéttast hafa



hin eterísku efni hörfað undan þetta efninu. Í framtíðinni, þegar jörðin tekur aftur að efnisléttast, eins og guðspekirit spá fyrir um, munum við eflaust enduruppötva eterinn með hraðari geislavirkni.

Við höfum séð hvernig Ýmir, frostjötnum er umbreytt af guðlegum mætti í það efni sem heimar okkar eru gerðir úr, það upphafsefni verður Aurgelmir (fyrsta hljóðið), frumhljómur alheimsins, svo þrunginn orku að það minnir á þann viðburð sem vísindin kalla Stóra hvell. Sköpun jarðarinnar í Grímnismálum (40-41) og Gylfaginningu eru ljóðrænni.

„40. Úr Ýmis holdi var jörð af sköpuð, en úr sveita sær, björg úr beinum, baðmr úr hári, en úr hausi himinn.

41. En úr hans brám, gerðu blíð regin, Miðgarð manna sonum, en úr hans heila váru þau in harðmóðgu ský öll af sköpuð.“

Með augnabránum hans, „brám gerðu blíð regin“, umkringdu þær Miðgarð, heim manna, en af heila hans voru sannarlega sköpuð hin dimmu ský. Þessi lýsing minnir mjög á bogadreginn segulhjúp jarðarinnar sem ver jörðina fyrir geimgeislum og dökk skýin á heilaverk mannanna.

Sköpunarferilinn niður í efnisbirtingu (kallaður í guðspekinni

„Niðurgönguboginn“—í Eddu Mjötviður) er það sem nærir lífsins tré, en þróun andans og hrörnun efnisins (kallað í guðspekinni uppgönguboginn,-- í Eddu, Mjötviður) tekur fyrir næringu Yggdrasils. Óðinn er kallaður Ofnir (sá er opnar, en það er einnig eitt nafna höggormsins við rætur trésins) í upphafi sköpunar þegar hann er óaðskiljanlegur Aurgelmi, frumhljóminum sem endurómar margfaldlega um kosmosinn. Þessum slagbilskrafti kosmíska hjartans fylgir samdráttur þegar tíminn kallar og goðin draga sig til baka enn á ný inn í hjarta tilverunnar, og sannarlega er það staðfest, í lok sköpunar er Óðinn kallaður Sváfir (sá er lokar) og tengist við Bergelmi (lokahljóminn). Þessi efnisjötunn er „efnið í kvörnina,“ – sem gerir efnið einsleitt og formlaust, dregur efnið í sig með ótrúlegri líkingu við það sem vísindin kalla svarthol. Hann er líka sagður





„lagður í lúður og bjargað“,-- (er blóð Ýmis flæðir yfir og drepur alla jötna nema hann); launsögn sem minnir á Nóa flóðið, sem einnig tryggði endurnýjun lífsformsins eftir hamfarir, sem líka tryggir endurnýjun lífformanna eftir upplausn. Þetta getur líka verið frummynd þess að látnir höfðingjar voru lagðir í logandi nökkva sem rak til hafs.

Hinar ýmsu ár Hvergelmis eru hinar ýmsu greinar eða lífsríki sem halda áfram stefnu sinni gegnum svið og heimkynni í heimskerfunum. Þær birta þá miklu breidd lífsforma sem nýttar eru af þessum elfusálum, þeim mannlega einnig. Þar eru dvergar, ljósálfar og einnig svartálfar sem „enn hafa ekki streðað frá hallargólfi upp rampinn“ (Völuspá 14).

Á líftíma kosmískrar verundar er Alfaðir Óðinn nátengdur Þrúðgelmi (hljómi Þórs), sem viðheldur öllu lífi. Við sjáum hvernig Þrúður (á kosmískum skala), Þór (í sólkerfinu), Hlóriður (hiti á efnissviðinu), standa fyrir allri orku í rafsegulsviðinu og hvernig eiginleikar þeirra hafa tilvísun í einstaka eiginleika þeirrar orku. Hamar Þórs, Mjólnir, skapar bæði efni og eyðir því og er því fulltrúi sköpunar og eyðingar sem helgar giftingu en drepur líka risa, uppfyllir skyldur sköpunar og eyðingar með því að draga vitundina frá sviðum lífsins.

Í einni Eddusögn er sköpun jarðarinnar keppni á milli tveggja afla, annars vegar tveggja sona Ívalda, dverganna Sindra og Brokka (jurta og steinaríkisins) og hins vegar af Dvalins (manna/dýra sálin í dvala) með aðstoð Loka (hugarins). Keppnin var til að ákvarða hver skapaði bestu gjöfina til goðanna.

Brokki og Sindri smíða sjálfskapandi hringinn Draupni fyrir Óðinn, hann gefur af sér átta eins hringi hverja níundu nótt, sem tákna fullvissu um endurnýjun lífsformanna. Þeir sköpuðu gylltan gölt fyrir jarðargoðið Frey. Þetta tákn fyrir jörðina er einnig að finna í *Puranas* þar sem Brahma í mynd galtar lyftir jörðinni frá vötnum geimsins og ber hana á vígtönnum sínum. Dvergarnir smíða hamarinn



Mjölni (mélarann) fyrir Þór. Þetta er þrumufleygurinn í skemmtisögunum, sem stendur fyrir raf-og segulmagni, ást og hatri, sköpun og eyðingu, og í mynd Svastiku sem tákn eilífrar hreyfingar Hann hefur þá náttúru að snúa alltaf til baka til þess sem sendi hann af stað, þ.e. lýkur ávallt hringferlinu til viðbótar efnislegum tilgangi; þetta er ein leið til að sýna fram á að lögmál réttlætis er algilt í öllum heimum. Við þekkjum það úr austrænum kenningum um karma, sem gildir á öllum sviðum lífsins, og kemur á samræmi ef því hefur einhvertíma verið raskað, og sem gildir einnig á kosmískum sviðum og kemur fram í nýjum hringrásum, endursköpun efnisins í nýjum plánetum, nýjum heimum. Hamar Þórs hefur einnig stutt skaft, en við smíði hans dulbjó Loki sig sem býflugur og stakk dverginn sem var við smíðabelginn. Dvergunum fataðist augnablik, en þó nægilega til að galli var á gjöfinni og tryggði sigur Loka og Dvalins. Engu að síður voru gjafir dverganna þær bestu sem framleiddar voru af jurta- og steinaríkjunum fyrir það guðlega (Óðinn), lífsorkuna (Þór), og plánetuandann (Frey). Við þurfum að hafa í huga að þessar gjafir, skapaðar af jurta- og steinaríkinu, takmarkast við eiginleika smiðanna. Hringur Óðins táknar augljóslega þróun í hringumferðum sem endurtaka sig í eilífðinni, og árstíðirnar eru gott dæmi um. Göltur Freys með gullnum kömbum sínum dregur vagn hans um himininn, meðan hinn skapandi og eyðandi hamar Þórs táknar lífsorkuna og aflið sem við kennum við frumöflin, þrumur og eldingar, drunur og hreyfingu, samspil þyngdarafis og segulmagns.

Í keppninni um gjafirnar skapaði Dvalinn, með hjálp Loka, galdraspjótið fyrir Óðinn sem aldrei missti marks þegar því er beitt af hjartahreinum. Spjót og stundum sverð tákna þróunarviljann. Það er greytt í hverja lifandi veru að vaxa og þróast til þroskaðri gerðar. Það er í þessari leyndardómsfullu þörf sem fórnin liggur, það má sjá hjá Óðni bundnum á Yggdrasil lífsins tré, með spjótið stungið í síðuna. Spjótstungan er sömuleiðis þekkt í sögnum af öðrum krossfestum frelsurum.



Gjöf Dvalins og Loka fyrir Þór var að endurheimta gullið hár Sifjar, konu hans (uppskeruna), sem Loki hafði stolið — misnotkun manna á jarðneskum gæðum? — . Þetta gæti líka verið önnur tilvísun. Gjöf sem endurheimtist gefur fyrirheit um mögulegan þroska og þróun efnis- og vitundarsviða heims sem er í sköpun. Gjöf Freys var skipið Skiðblaðnir, sem innihélt öll fræ lífsins; það skip var hægt að „brjóta saman sem klút“ þegar líf þess var á enda.

Þegar efnis-og lífspáttum er safnað saman, sem nauðsynlegir eru fyrir mótun eða endurmótun nýrrar plánetu, eru andlegu gildin, Líf og Lífþrasir (líf og lífsþrá, - „þrasir“ merkir „óeyðanlegur“), í þeim skilningi „falin í fjársjóðsminni sólarinnar“. Þetta eru ódauðlegir þættir plánetunnar, eilíf sál/andi mannríkisins, sólarþáttur mannkynsins sem þraukar allan líftíma sólarinnar. Af þessari sögn lærum við táknrænt að þó ríki frumaflanna gefi góðar og gagnlegar gjafir fyrir lífverurnar þá er það frumleiki mannsins og æðri yfirburðir sem gáfu honum vinning í keppninni.

Nafn plánetu okkar, Miðgarður, þýðir „miðjugarður“. Þessi staðsetning hnattar okkar sem miðja svarar mjög til heimsmyndar Guðspekinnar um að efnisleg jörð okkar sé í miðri hnattkeðju okkar (sem samanstendur af mörgum hnöttum og jörðin sú efnispéttasta og eina sýnilega). Fjöldi leyndra hnatta er ekki sá sami í öllum launsögnum, sá hæsti svo andlegur og fjarlægur mannlegum skilningi og því eru þeir settir algjörlega í flokk kosmískra launsagna eða óljóslega geymdir. Í Grímnismálum eru tólf nöfn á efnislegum hnöttum sem gefur til kynna mynstur þar sem sex vaxandi efnislegir hnettir koma saman í okkar eigin og eftir fylgja önnur sex svið sem dragast saman í guðlegt svið ofar okkar jarðneska. Hnöttur okkar er þar jötuninn Þrymur sem hvílir á mesta efnissviðinu sem nærir tólf vistarrými lífs.

Eins og aðrar launsagnir hefur norræn goðafræði sín flóð, bæði alheimsleg og jarðnesk. Við höfum séð hvernig Bergelmir, síðasta jötninum, endalok kosmískrar



hringferðar „er bjargað á kjöl“ til að verða að nýjum heimum í upphafi næstu umferðar efnisbirtingar. Svipað mynstur kemur fram í smærri stíl á líftíma jarðarinnar. Jötnar taka hér við hver af öðrum á löngum tíma, og á styttri tímabilum taka dætur jötnanna við hver af annarri og spegla á samsvarandi hátt breytingar á jarðtíma plánetunnar.

Það er ávallt samsvörun milli fyrstu raðar og þeirrar næstu og svo áfram, stundum er þeim gefið sama eða svipað nafn sem hægt er að ruglast á, en getur einnig verið upplýsandi tákn. Sem dæmi um það er skýr samsvörun á milli jötnanna Ýmis, Gýmis, Hýmis, Rýmis, sem standa fyrir mismunandi röð kosmískra atburða.

Við vitum að jörðin breytist stöðugt og stundum með hamförum. Ein ástæða þess er afrán íbúa hennar, sem á löngum tíma ganga gegn lögmálum hennar, og þegar eyðilegging manna verður óbærileg rís náttúra hennar upp og kemur á breytingum með náttúruhamförum, og kemur á jafnvægi á ný. Þetta er hluti af náttúrulegri framþróun lifandi endurnýjandi jarðarlíkama fyrir endurheimt heilsu og endurnýjun.

Þær miklu uppákomur sem hafa áhrif á kynþættina vegna breytinga á meginlöndum og höfunum stjórnað hinsvegar af slætti lífsstrauma plánetunnar sjálfrar og eiga sér stað með hléum sem ná yfir allan sögulegan tíma. Á þeim fjórum og hálfum milljarða líftíma jarðarinnar eru aðeins fjögur slík tímabil nefnd í Guðspekiritum. Margir minni atburðir eru að sjálfsögðu tíðari.

Goðsagnir víða um heim um gjöreyðingarflóð og afkomu útvalinna eru allar samhljóma. Goðsögur indíána segja frá sólum sem taka við hver af annarri. Hver sól lifir meðan frumöfl lofts, vatns og elds eru í jafnvægi, en ef vöxtur einhvers þeirra verður um of mun jafnvægi verða aftur komið á með tilheyrandi breytingum á landi og sjó. Íbúar „nýja heimsins“ sjá sólina fara annan veg á himni en áður. Samkvæmt arfsögnum Nahuatl og Hopi indíána erum við í hinni fimmtu sól. Zuni indíánar staðhæfa með mikilli nákvæmni að við séum í fjórða heimi og með annan



fótinn í þeim fimmta. Ef við berum þetta saman við kenningu guðspekinnar, þá erum við í fjórðu umferð (af sjö) jarðarinnar og jörðin fjórði hnötturinn í hnattakeðju jarðarinnar, en í fimmta kynstofni á þessum hnetti.

---

<sup>1</sup> „Hann tók tvö börn af jörðu er svo heita: Bil og Hjúki, er þau gengu frá brunni þeim er Byrgir heitir og báru á öxlum sér sá er heitir Sægur, en stöngin Símul. Víðfinnur er nefndur faðir þeirra. Þessi börn fylgja Mána, svo sem sjá má af jörðu.“ (Gylfaginning, 11. kafli )



## 6. kafli.

### Ríki náttúrunnar.

Goðar og jötnar standa fyrir sinn hvorn pólinn í víðfeðmri skiptingu anda og efnis sem nær langt út fyrir okkar skynjun og skilning. Náttúran í norrænni goðafræði náði yfir lifandi verur á öllum stigum þróunarinnar. Þær táknuðu guð (vitund, orku), sál sem tjáð var á sinn eigin hátt og birtust í viðeigandi mynd sem tiltekinn jötunn. Okkar sýnilegi, áþreifanlegi heimur var aðeins einn af mörgum — aðeins ein krossgata í hinni miklu og víðfeðmu tengingu goða og jötna sem lífið flæðir endalaust um í óendanlegri þróun og þroska.

Tengingin sem bæði aðskilur og sameinar goða og jötna eru álfar, en merking orðsins er á, elfa eða farvegur. Álfar tjá guðlega eiginleika sína gegnum efnisformið svo sem hægt er. Það gerir hverja veru þrjúeina, fyrst guðlega vitundin eða eilífan Óðinn, Alföður, ódauðlegan uppruna hverrar veru; það lífmagnar jötuninn, þ.e. líkamann, sem svo deyr og eyðist þegar hið guðlega yfirgefur hann. Tenging þeirra tveggja er álfur—hin starfsama sál sem er farvegur guðlegu áhrifanna í efnisheiminum og er sjálf að þróast til sinnar eigin „hamingju,“ einstaklingsvitundar. Álfasálin verður fyrir áhrifum af báðum heimunum, áhrifum frá guðlega eðlinu sem smá saman gefur honum samræmi, en hins vegar frá dauðlegum efnisþunga, jötninum. Þetta er skýrast í Völundakviðu, þar sem álfasálinni, mannkyninu, er haldið fanginni í öld illskunnar, en yfirvinnur það með andlegum vilja og skörpum úrræðum.

Á hinni löngu þróunarleið vex vitundarsameining við hina guðlegu leiðbeinendur þeirra og smá saman verða þeir ódauðlegir, en þangað til njóta þessir skjólstaðingar guðanna sæluvistar á milli jarðvista í veisluhöll ( himingeimnum)



Ægis. Það eru ótölulegar gerðir af álfum á mismunandi vitundarstigi. Ljósálfar sem sofa í hallarsölum guðanna milli jarðvista, en svartálfar dragast að neðri heimum.

Sálir sem ekki hafa enn náð sjálfsvitundarstigi manns í þróuninni eru kallaðar „dvergar“. Þessar frumaflásálir eru bundnar í dýra- eða plönturíkinu, í steinefnum hnattarins og í öflum lofthjúpsins. Þjóðsagnir lýsa þeim sem smáum verum. Í eldra máli var þeim lýst sem *miðr*, sem fékk merkinguna „minni“ á seinni tímum. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt og vekur tilfinningu um að þær séu minni en mannfólk, —minna þróaðir, skemmra á veg komnir. Nöfn þeirra vísa gjarnan í ýmis dýr, plöntur eða aðrar verur neðar mannríkinu, svo það er meira en líklegt að þessi tilvitnun um smækkun vísi til þroskastigs fremur en stærðar.

Á meðal frumafladverganna (þeirra sem tilheyra lífríkjum neðar steinaríkinu) eru *tröllin* sem eru sögð óvinveitt mönnum, og *verndarvættir* sem þjóna og hjálpa á alla vegu. Í þjóðsögunum eru tröll sýnd sem ógurleg skrímsli, en verndarvættirnir sem aðlaðandi litlir andar í gráum peysum með rauðar skotthúfur. Hver bóndabær hafði sinn vætt sem verndaði bústofn og þjónaði búaliði árið um kring. Það eina sem hann fékk fyrir var skál af graut við hlöðudyr á Þorláksmessu. Tröllin voru hinsvegar liðsmenn hins illa og sátu um að gera mönnum grikk. Það er eftirtektarvert að í öllum þjóðsögum voru engin raunveruleg samskipti milli manna og dverga á tilfinninga- eða andlegu sviði. Hvort sem þeir voru hjálplegir eður ei voru þeir aðeins náttúruæðli sem brást aðeins við af eðlishvöt og forvitni gagnvart mannum jafn ópersónuleg og hjá dýrum. Maðurinn hafði engar tilfinningar til þeirra þó hann væri þakklátur fyrir þjónustu þeirra.

Sú glansmynd sem dregin hefur verið upp á seinni tímum af álfum með vængi, vinalaga og mannlega dverga, blómálfa og fleiri slíkar verur er að sjálfsgöðu aðeins skáldskapur, þó útlit þeirra í þeirri mynd eigi sér kannski einhvern stað. Hinar ýmsu þjóðsagnir sem segja frá þeim og öðrum verum huldulanda enduróma



raunverulega vitneskju sem hefur máðst og misskilist í tímans rás, að neðar steinaríkinu í þróunarstiganum eru vættir og öfl sem tjá sig í frumöflunum og birtingu þeirra. Þau eru vættir sem erfitt er að skilgreina; við höfum engan skilning á eðli eða „sál“ steinaríkisins, hvað þá á þeim öflum sem eru neðar þeim í þróunarstiganum. Klassískar myndir miðalda höfðu tákn fyrir þessi frumöfl; eðlan sem eldinn, sjávargyðju sem vatnið, loftanda sem loftið, og dverg sem jörð. Norræn goðafræði skilgreinir dverga sem séu komnir frá risum eða jötnum, sem tengjast sömu frumöflum. Gríski Oceanus („vatn“ himingeimsins), faðir sædísá, í norrænum launsögum er það Ægir sem með konu sinni Rán, gyðju sjávarins, skapar hinar níu öldur. Það sem við köllum í dag lögmál náttúrunnar og byggir á — efnafræði- og efnislegri, sjálfvirkri sem hálf sjálfvirkri starfsemi náttúrunnar — er tjáning frumaflanna. Án þeirra getum við hvorki tengst efninu sem við lifum í, né gætum við treyst á virkni þess. Þau eru myndun skýjanna, sem og spenna yfirborðsins sem ákvarðar dögginu, virkni eldsins og fall fossanna. En af því að þessar verundir skortir skilgreinda stærð og lögun eru þær ekki skilgreindar sem lífsform, þó þær geti tekið á sig hvaða form sem er í ímyndun fólks. Huldufólk og álfa hefur venjulegt fólk séð; útlit þeirra og fatnaður er undir hugarmyndum sem þjóðsögur hafa skapað, og siðum sem eru sterkir, sérstaklega á ákveðnum stöðum sem ýta undir næmni fyrir náttúrunni og, í bland við áhrif arfsagna, skapa þessar myndir. Hæfileikinn til ímyndunar er raunverulegt afl.

Dvergar eru sagðir fylgja lest Dvalins, því lægri náttúruríkin fá hvatningu til vaxtar frá honum, (dáleidd — er hin mannlega sál sem enn hefur ekki vaknað til vitundar um möguleika sína). Sem Askur og Embla, smækkun heimstrésins, Yggdrasils, var mannkynið enn í heimi jurtaríkisins, án hugsunar, án hugar, og óx eins og planta án sjálfsvitundar þar til „guðirnir litu til baka og sáu þrengingu þeirra.“ Plánetan var enn í mótun af börnum Ívalda, tímabil jötunsins á tungltímanum.





Dvergarnir í lest Dvalins eru m.a. nefndir í Völuspá, jafnvel lýsandi nöfnum eins og Uppgötvun, Vafi Vilji, Ástríða, Mistök, Hraði, Horn og mörg önnur. Sum nafnanna skrítn en önnur skýr einkenni ákveðinna plantna og dýra, „upp til Lofars mannaðir“.

Mennirnir og þrengingar þeirra kveiktu samúð guðanna, sem fylgdu þeim og með hæfileikum sínum gerðu mennina *ásmegin* (guðmegnugir), þ.e. geta orðið goð í þríeiningu; dvergur af kyni Dvalins, af dýrslegu eðli hans; í mannlegu eðli sínu er hann álfur, farvegur eða sál sem tengir dvergefnið við hið guðlega; og andleg sál hans er „hamingja“ hans af kyni norna, verndari hans og fræðari sem aldrei yfirgefur hann nema að maðurinn sjálfur gefi sig á vald og þjóni hinu illa og slíti tengingu við hið guðlega og þvingi „hamingjuna“ á burt.

Mun nákvæmari skilgreining kemur í ljós þegar við áttum okkur á að maðurinn nýtur náðargáfu þriggja skapandi Æsa í eðli sínu. "*Frá því liði (þróandi náttúruríki) úr sölum þriggja Æsa, öflugir, ástúðugir. Þeir fundu á jörðu Ask og Emblu lítt megnandi og örlagalaus. Óðinn gaf þeim anda, Hæfir gaf þeim innsæi, Lóður gaf þeim blóð og guðlega sýn*" (Völuspá 17, 18)<sup>1</sup>). Þetta gerir manninn að samsettri veru. Í góðri greiningu Viktors Rydbergs voru lægri frumöflin þegar í Ask og Emblu fyrir aðkomu guðanna, en náðargjafir þeirra fullkomnuðu manninn sem ásmegin „guðmegnugur“ — ás í mótun — sem tekur þátt í hinum guðlegu þáttum sem móta alheiminn í formi, aflu og skipulagi. Á öllum sviðum er maðurinn óaðskiljanlegur hluti þeirra afla sem lífmagna alheiminn. Sama hugmynd er í Genesis: guðlegt eðli lífs alheimsins blæs í manninn eigin andardrætti og skapar þar með mannlega ímynd sem býr falin í öllu lífi í alheiminum..

Forgengilegi efnisramminn var þríþættur: Fyrst er það líkaminn sem samanstendur af frumefnum jarðarinnar, í öðru lagi er það lífsgerðin sem heldur lögun sinni gegnum lífið, og í þriðja lagi vöxtur allra vera, lífmögnun eða



segulmögnun. Þessir þrír þættir voru fyrir hendi í Aski og Emblu. Til viðbótar bættu guðirnir sínum eigin þáttum, Löður lagði til *lá* eða *læti*, blóð og sjálf, blóð í skilningi arfbera genapátta og það sem kallað er í Sanskrít, *svabhava*, sjálfssköpun, -þessir samsettu eiginleikar gera hvern einstaklingi einstakan. Þessar tvær gjafir gefa goðumlíka mynd ásamt *óð*, gjöf Hænis, sem er hugur eða greindarþátturinn, hinu mannlega álfæðli. Þetta, ásamt guðlega eðlinu, gerir manninn ásmegin, goðumlíkan (Rígsþula,18). Mesta gjöfin var Óðins, sú sem gæðir manninn sínum eigin anda.

Nokkrar árangurlausar tilraunir voru gerðar til að manna jörðina í einhverju ráði. Edda lýsir leirjötuninum Leirbrimi sem varð að eyða þegar Þór drap steinjötuninn Hrugnir.

Hrugnir kom í Ásgarð eftir kappreiðar við Óðinn, varð drukinn mjög og hótaði Æsum, hvernig hann ætlaði að flytja Valhöll til Jötunheima, flæða Ásgarð og drepa alla þar frelsa Freyju og Sif sem hann myndi og taka með sér. Þar sem hann hélt áfram að rausa bar Freyja meiri drykki í hann. Að lokum urðu æsir leiðir á grobbi Hrugnis og nefndu Þór sem birtist um leið í hallarkynnum með hamarinn Mjólnir hátt reiddan. Þór krafðist að vita í hvers leyfi Hrugnir væri á Ásgarði og þjónað af Freyju sem aðeins þjónaði ásum. Jötuninn kvaðst vera í boði Óðins, en þó sagðist hann eiga að sjá eftir að hafa þegið það boð. Orðaskakið leiddi til að Þór og Hrugnir ákváðu að ganga til bardaga á landamærum Ásgarðs og Jötunheima og Hrugnir flýtti sér heim til að vígbúast fyrir einvígið.

Allur jötunheimur var í uppnámi vegna komandi bardaga og óttaðist afleiðingarnar, hvor sem ynni. Svo þeir sköpuðu jötun úr leir, níu álna háan, sem þeir nefndu Leirbrimi. Þeir gátu ekki fundið nægilega stórt hjarta fyrir slíkan risa svo þeir settu í hann merarhjarta. En Snorra Edda segir, „Hjarta Hrugnis var að sjálfsögðu úr steini og og hafði það þrjú horn.“ Haus hans var einnig úr grjóti og bar hann steinbrjóstvörn og steinexi.



Hrugnir ásamt Leirbrimi biðu komu Þórs, en þegar ásin birtist varð leirrisinn hræddur og „missti vatn sitt“. Þjálfí sem fylgdi Þór hljóp snögg að Hrugni og sagði „Þú ert kjáni að hafa skjöld þinn að framan, Þór hefur séð það og mun koma að þér að neðan.“ Þá lagði Hrugnir skjöldinn undir sig og stóð á honum og hélt á öxi sinni með báðum höndum. Með logum og þrumum kom Þór framan að honum og kastaði Mjölni að honum og Hrugnir sinni exi einnig svo vopnin mættust miðsvegar, öxin brotnaði í smátt, annar helmingur hennar dreifðist yfir jörðina sem leiðarsteinar en hinn helmingurinn kom í höfuð Þórs, sem féll við, en hamarinn hitti höfuð Hrugnis og mölvaði í smátt; þegar jötuninn féll niður kom fótur hans að hálsi Þórs.

Þjálfí hafði lítið fyrir að fella Leirbrimir og reyndi síðan að lyfta fæti Hrugnis af hálsi Þórs en fékk ekki hreyft. Allir ásar komu nú til hjálpar til að lyfta fætinum af hálsi Þórs en allt kom fyrir ekki. Nú kom Magni, þriggja ára sonur Þórs og jötunynjunnar Járnsaxa. Magni lyfti léttilega fætinum af hálsi föður síns og afsakaði sig að hafa komið seint til hjálpar, en Þór var stoltur af syninum, og sagðist „myndi ekki erfa seinkunina við hann“. Hinsvegar var hluti steinaxarinnar enn í höfði Þórs. Völvann Gróa (gróður) reyndi að nema það burt með galdrapulu, en um leið og Þór fann það losna vildi hann verðlauna hana með því að segja frá björgun hans á fyrrum jötni Örvendi (Orion) sem hann hafði borið yfir ísaðar báru í körfu. Ein tain sem stóð út úr körfunni fraus, svo Þór braut hana af og henti henni til himins, þar sem hún hefur skinið fram til þessa dags. Við köllum hana Sírius í dag. Gróa var svo uppnumin af sögunni að hún gleymdi allri þulunni og því er axarbrotið ennþá í höfði Þórs.

Líkt og margar sögur úr yngri Eddu þá er svipuð hugsun hér í þessari sögu og við höfum ýjað að; víst er þó að sagan hefur tekið breytingum í tímans rás, þó í takt við glettni og persónur sögumanna, þar til þær voru settar á bókfell. Þriggja ára hetjan og Járnsaxið sem ól hann hefur vissulega merkingu, alveg eins og sögnin um Sírius. Lýsingin á leirrisanum á sér margar hliðstæður í hinum ýmsu



arfsögnum, t.d. eins og Adam er gerður úr leir jarðarinnar (Genesis 2:7). Mannkynið hefur eflaust þróast í milljónir ára til að komast af sem hugsandi vera. Því síður vaknaði hugræn geta þess á einum degi heldur vaknaði smá saman. Guðspekin kennir að það hafi tekið milljónir ára. Í *Stanzas of Dzyan* er sagt frá sonum hugans (manasaputras) sem kveiktu hugareiginleikann í mannkyninu, en höfðu ekki getað það í fyrri mannkynnum, og ekki fyrr en snemma í þriðja mannkyni. Þau, sögðu þeir, „þössuðu ekki fyrir oss.“

Hinir forvitnilegu litlu „moldarhausar“ sem fundust í Mexíkó geta alveg eins táknað eitthvert skeið í þróun okkar. Aðeins smá saman urðu líkamar manna „tilbúnir“; í þriðja kynstofni hafði maðurinn hæfileika til að móttaka hugstillingu frá þeim sem höfðu útskrifast úr mannlegri þróun í fyrri heimsuferð. Núverandi mannkyn mun, ef það lykur þróun sinni á fullnægjandi hátt sem sálir, þá upplýsa og innblása þá sem nú eru „dvergar í lest Dvalins“— í órafjarlægri framtíð á nýrri eða endurmótaðri jörð, afkomanda þess hnattar sem við dveljum á í dag.



## 7. kafli.

### Ríg, Loki og hugurinn.

Einn mest spennandi atburður sem Edda segir frá er koma Rígs. Hann er geisli eða persónugervingur Heimdalls, sólareðlisins sem kom niður til að sameinast mannkyni í mótun og snerti huga þess og eðli til þess sem við þekkjum í dag.

Í Rígpulu segir frá fyrstu tilraun til að mynda mannkyn sem leiddi til „Þræls“ kynsins, sem var gróft og frumstætt. Það kyn var forfeður mannkynsins og guðir gengu ekki um hífýli þess. Önnur tilraun lofaði betra kyni; það kyn mannkynsins hafði tekið framförum, en hafði enn ekki sjálfsvitund. Í þriðju tilraun meðtók mannkynið og opnaði dyr sínar fyrir guðlegum eiginleikum. Það guðlega sæði fæddi af sér kyn, og afkomendur þess urðu eigin herrar.

Þetta er merkileg sögn og mjög táknræn. Þessi kyn vísa, alveg eins og í Guðspekinni, til geysilangs tímabils. Þessir kynþættir hafa aðra merkingu en orðið hefur í dag, þ.e.a.s. menningarhópa sem deila jörðinni saman í dag, en eru ekki svo ólíkir nema í litarhætti, en mynda eitt mannkyn. Ólíkt því sem er meðal „dverg“ ríkjanna er munurinn meiri innan hvers þeirra, þar sem gull og granít, bæði úr steinaríkinu, hafa aðeins litla samlíkingu. Eins ólíkir og tré og túnfífill eru, en tilheyra jurtaríkinu svo og mölflugur og mammúti sem tilheyra dýraríkinu. Mannskepnan ein er eins í formi og skynjun. Það sem aðskilur menn eru hugmyndir (skoðanir), tilfinningar og hæfileikar.

Við vitum ekki hve langur tími leið frá fyrstu tilraun guðanna til að vekja greind og sjálfsvitund var gerð og þar til mannkynið öðlaðist það, en við getum álitnið



að það hafi tekið milljónir ára. Goðsagnir vísa oft veginn í þessum efnum. Í Sköpunarsögu Biblíunnar er vísað í hugarvakningu mannsins þar sem segir: „sáu synir Guðs, að dætur mannanna voru fríðar, og tóku sér konur meðal þeirra. . . . Á þeim tíma voru risarnir á jörðunni og einnig síðar, er synir Guðs höfðu samfarir við dætur mannanna og þær fæddu þeim sonu. Það eru kapparnir sem í fyrndinni voru víðfrægir” (Gen. 6:24). Önnur útgáfa af atburðinum er gefin þegar höggormurinn í Eden hvetur Evu til að neyta ávaxta af tré þekkingar til að vita skyn góðs og ills. Hann sjálfur hefur vaknað, Lúsifer, sá bjarti, fallegi engill, ljósberinn sem ögrar guðunum. Í grísku goðsögnunum er það Prometheus, og í þeirri norrænu er það Loki. Báðir eru jötnar, risar sem verða goðumlíkir í þróuninni. Þeir hafa lokið mannlega stiginu og færa mannkyninu hugareldinn af æðri sviðunum. Nafn Loka á rætur sínar í *liechan* eða *liuhan* (upplýstur), úr latínu *luc-*, *lux*, í forn-ensku *leoht* (ljós), og gríska orðið *leukos* (hvítur). Hin skæra stjarna Sírius er kölluð Lokabrenna.

Vitundarvakningin, hæfileikinn að rökhyggja, afl sjálfsþekkingar og sjálfsmats, var það mikilvægasta í mannþróuninni. Í stað eðlishvatar kom rökhyggja, skyn á góðu og illu yrði ráðandi þáttur í þróun mannsins. Eðlishvötin hafði ráðið, sem leyfði aðeins takmarkað frelsi, en þegar hugurinn varð virkur og sjálfsvitund vaknaði fór að þroskast skilningur á ábyrgð; gerandinn varð ábyrgur fyrir öllu því sem hann gerði; hugsunum og tilfinningum og viðbrögðum hans við umhverfi sínu. Eftir þetta gat hin guðumlíki ekki snúið aftur. Hvert andartak gaf val og hvert val gat af sér endalaus keðju afleiðinga, hver rekin af annarri. Af mörgum vondum ákvörðunum Loka varð hann misgjörðasmiður, höfundur hins vonda í mörgum sögum, því hann stóð of oft sem tákngervingur fyrir lágsettri rökhyggjunni sem skorti andagiftina — innsæið. Hann er hinsvegar ávallt í samfylgd guðanna og þjónar sem sendiboði milli þeirra og jötnanna. Kannski hefur fallvalt eðli hans höfðað til skapgerðar víkinganna, og óþekkt hans í



sögunum verið yfirdriffin. Við ættum að hafa í huga að þó hann hafi oft skapað vandræði í Ásgarði þá leysti hann líka vandamál sem urðu af hans eigin völdum.

Þannig vinnur maðurinn einnig; hann skapar endalaus vandamál með gerðum sínum, en ef við þiggjum leiðbeiningar Braga hins vitra, hið ljóðræna innsæis, þá leysum við þau að lokum.

## 8. kafli.

### Dauði og endurfæðing mannsins.

Líf eftir líkamsdauðann var sjálfgefið heimsmynd norrænna manna, og að vitundin héldi óslitið áfram. Þegar líkaminn dó hélt andi hins látna í ferð til Heljar, drottningar dauðra, sem oft var sýnd hálfblá á litinn (helblá) sem táknaði hálf dauð og hálf á lífi; Hel var dóttir Loka — hugans. Þetta mjög svo áhugaverða sjónarhorn, sem er í mörgum goðsögnum, gefur í skyn að vitundin um dauðann komi í kjölfar sjálfsvitundarinnar, og hún og frjáls vilji sem fylgir henni sé sammannlegur og að dauðinn sé tækifæri sálarinnar til að meta eftir atvikum þá reynslu sem jarðlífið gaf, og að njóta hvíldar og endurnæringar.

Þegar maður dó, og áður en hann lagði upp í ferð til Heljar, var sál hans búin þeim fótabúnaði sem hæfði persónunni. Góður maður var vel búinn, en grófur og efnislegur var illa skóaður eða berfættur, og því vanbúinn til að fóta sig á grýtttri og torfærri leið að Urðarbrunni þar sem framtíðin var ákveðin. Urður er, eins og við höfum séð, einnig Upphafið — ástæðan sem sköpuð var í fortíðinni. Hún laugar sálartréð sem og þann kosmíska Yggdrasil. Fortíðin ákvarðar aðstæður framtíðarinnar, í dauðanum jafnt sem næstu lífum.

Við upptök Urðar er sálin dæmd af Óðni, hinu innsta sjálfi, „föður guðanna“, sem og af „föðurnum á himni.“ En þó að Óðinn mæli, gerir hann það



samkvæmt niðurstöðu Urðar — sál fortíðarinnar ákvarðar dóm innri guðsins og dvalarstað í margskiptum heimkynnum Heljar. Í kjölfar niðurstöðunnar fer sálin til þeirra staða sem hæfa henni. Sumar munu njóta sóllitaðra blómabreiða ef svo mætti orða það, en aðrar þurfa, vegna illra verka, þurfa að dvelja í eiturbúrum neðan neðri hliða sem leiða til neðstu heima. Edda segir ekki frá frá eilífaðrdvölinni í smáatriðum, en ef við skoðum þær lýsingar frá grískum, tibetskum og úr öðrum goðsögnum er óhætt að gera ráð fyrir að hver einstaklingur dvelji í draumheimi sinnar eigin gerða þar til þær eru yfirunnar. Önnur lýsing á aðstæðum eftir dauða er gefin í Lokasennu, þar sem álfarnir eru viðstaddir veislu ásanna, en sofandi, og eru því ómeðvitaðir um umhverfi sitt.

Í fyllingu tímans eru þeir tilbúnir að halda áfram för sinni í gegnum lífið á jörðu. Aftur verða þeir að heimsækja Urðarbrunn í þeim tilgangi að velja sér móður fyrir nýja fæðingu sína. Aftur sjáum við fortíðina ákvarða framtíðina af óumflýjanlegri röð orsaka og afleiðinga. Við sjáum það í því hvernig Bargelmir, -lok heims eða alheims,- er malaður og geymdur til endurnota sem Aurgelmir. Sama lögmál gildir fyrir mannlegt líf, sem er alheimur á smærri skala. Alveg eins og fræ sem er sáð á vorin munu eftir daga og nætur skjóta rötum þar sem þeim var sáð, munu fræ hugsana og athafna bera ávöxt til góðs eða ills, jafnvel eftir marga dauða og mörg líf.

Eina helvíti í norrænni goðafræði er Niflheimur, algjört efnissvið þar sem dreggjar gamla heimsins eru endurmótaðar í nýjan heim, eftir að það hefur verið malaðar, uppleystar í formleysi. Það er ketill Sinaöru, konu Surts, sem, eins og ketill Ceridwen hins velska, innheldur móðurefnið. Það virðist því svo að sál sem er gjörneydd öllu því sem guð hennar þekkir hljóti þau örlög að verða gjöreytt, með því að tengja alla sína verund við eðli jötunheima (efnið) og hafa þannig glatað allri andagift, og hamingja þess getur ekki lengur nært og upplyft til æðri heima, sem eru sönn heimkynni hennar. Sál sem fer gegnum og niður fyrir híbýli Heljar hefur enga andagift lengur og fer til Niflheima til endanlegrar





eyðingar. Allir aðrir heimsækja Urðarbrunn til að velja sér næsta hlut, þær aðstæður sem veita bestu möguleika fyrir frekari þroska sálarinnar.

Kringumstæður sem eru valdar eru ekki alltaf okkur að skapi, því við höfum ekki vísdom okkar guðlegu hamingju (sálar) til að sjá nákvæmlega hvað hún vill. Það má vera að hamingjusamt líf muni færa okkur meiri samúð og skilning, en oftar eru það þjáningar okkar sem eru áhrifaríkari til skilnings á þörfum annarra og visku til að veita þá þörf; þær framkalla mildi sálarinnar svo hún geti deilt því í guðlegri ástúð. Réttlátasta valið við brunn fortíðar mun engu að síður ráða.

Eddan, eins og aðrar klassískar arfsagnir, gerir ráð fyrir endurlífgun vitundar á öllum sviðum, og óbreytanlegu réttlætislögmáli. Kristilegri áferð er bætt við í lok annarrar þulu Helga Hundingjabana:

*Því var trúað áður fyrr að fólk fæddist aftur eftir dauðann, en nú er það kallað gamlar kerlingabækur. Helgi og Sigrún eru sögð hafa fæðst aftur; hann var þá skírður Helgi Haddingjaskati og hún Kára Hálfánardóttir; hún var valkyrja.*

Það er vert að skoða að það er í elstu sögnum allra arfsagna sem við finnum mestu alheimsmyndina og stærstu hugmyndirnar. Því er að sjá að síðustu árpúsundin hafi lítið annað gert en að brengla hinar hreinu arfsagnir fyrri tíma. Til að komast að upphaflegu myndinni verðum við oft að þreifa okkur í gegnum hulu heimsku og ótrúlegra fordóma sem hafa orðið til gegnum aldirnar, og hulið gimsteina sem þær geyma.



## 9. kafli

### Vígsla

Hver mannleg vera tjáir að einhverju leyti þá guðlegu vitund sem býr í öllu lífi, - Óðinn/Alfaðir, uppruni allra goða,- við finnum andleg tengsl við hið stærra líf, okkar eigin „hamingju“. Huglægt erum við hluti þeirrar vitundar sem stýrir sólkerfinu, það er persónugert í eðli Freyju og tilfinningalega löðumst við að orku Iðunnar og umhverfis okkar. Ytri skel okkar, líkaminn, er gerður af efninu sem er til staðar þó hann sé hannaður úr því mynstri sem við sjálf höfum mótað í fortíðinni með vali og ákvörðunum okkar.

Þó öll ríki náttúrunnar séu gerð úr sama efninu hefur birting eiginleika þeirra þróast með mismunandi hætti. Mannkynið hefur þróað líkamlega eiginleika úr „dverga“ ríkinu (efnissviðinu) auk þeirra sérstöku mannlegu eiginleika sem einkennast af sjálfsvitund, vitsmunum og andlegri skynjun. Sem menn með tiltekna vitsmuni er okkur fært að þróast áfram til goðumlíkra vera, og með þekkingu og markmiði getum við hraðað þroska okkar til að ná þeim mikla áfanga sem bíður okkar í næstu umferð í vitundarstiganum.

Í arfsögnum, ævintýrum, goðsögnum og alþýðusögnum eru engar sögur eins skemmtilegar og þær sem segja frá hetjunum sem fóru á undan okkur á lífsgöngunni, göfugum sálum sem höfðu meiri víðsýni á stærra samhengi en við höfum. Á öllum tímum og hjá öllum kynstofnum hafa verið uppi miklir menn, — Buddhar, Bodhisattvar, Avatar, "Einherjar" (hermenn Óðins) — sem hafa „tekið himininn með valdi“ og í stað þess að reka með þróunarstraumnum hafa



náð markmiði mannglegrar þróunar, „daggardropinn fellur í hið skínandi haf“ svo notuð séu hin innblásnu orð Sir Edwin Arnold.

Allar goðsagnir segja að einhverju leyti frá baráttu hetju, þrautum hans, mistökum og sigrum á hindrunum hans, -bergmáli hans eigin fortíðar,- til að sameinast sínu herra sjálfi; slík sameining hefur verið kölluð vígsla. Á Vesturlöndum er lýsing á slíkri vígslu í guðspjöllum Biblíunnar, og henni lýst með mörgum táknum sem fylgir slíku. Önnur þekkt sögn er í *Bhagavad-Gita*, þar sem mannleg sál fær leiðbeiningar herra sjálfs síns til að yfirvinna ýmsa vankanta mannlegs persónuleika. Í norrænni goðafræði eru svipaðar sögur; sú sem lýsir því fegurst er dæmisagan af Svipdegi. (1)

Slíkar sagnir eru góð lexía fyrir þá sem vilja létta byrðar þjáninga sem hvíla á mannkyninu. Þeir sem gangast undir þann erfiða sjálfsaga sem flýtir þroskanum þurfa af nauðsyn að hjálpa heildinni, og með fordæmum og hugrekki koma af stað keðjuverkun andlegs þroska. Þess vegna munu þeir sem vilja ákaft hjálpa meðbræðrum sínum sleppa við endalausar röð misstaka og þjáninga sem markaðar eru mannkyninu, og ganga braut sjálfsaga til að ná tökum á eigin eðli svo þeir geti aðstoðað og eflt þroska heildarinnar.

Þeir sem ná að ljúka leiðinni, - sem vitað er að krafist verður af öllum mönnum, - eru almennt álitnir frelsarar og lausnarar, því þeir eru „fullkomnir“ og geta ekkert meira lært í skólastofu jarðarinnar, en koma aftur til að hjálpa og kenna þeim sem standa þeim að baki í þroskastiganum. Sögurnar sem segja frá þrautum vígsluþegans eru þær vinsælustu af öllum sögnum, jafnvel í nútímabúningi teiknimyndasagna, þó innri merking þeirra sé ekki öllum ljós. Í þessum sögum verður söguhetjan fyrst að verða algjörlega óhrædd og draga frá „viskudrekanum“ leyndardóm „ fuglasöngsins“. Þetta þýðir að hann verður að þekkja byggingu og gang alheimsins og hann verður að vera fús til að fórna öllum persónulegum metnaði, jafnvel ávinningi sinnar eigin sálar, fyrir velferð



heildarinnar. Sá sem nær slíku verður samstarfsmaður guðanna, þ.e. verður hluti þess góðviljaða afls sem knýr heiminn áfram.

Hin skáldlegu heimkynni hinna útvöldu í Eddu, þangað sem hetjur fara eftir stríðsdauða er Valhöll (val, velja – höll, eða heimili). Valhöll varð vinsæl, sérstaklega af óperu Wagners, hún er einna best þekkt, en jafnframt er merking hennar mjög misskilin í norrænni goðafræði. Hún hefur orðið nokkurskonar skrípamynd af himnaríki þar sem gróflegir víkingar stunda drykkjusvall. Á hverri nóttu færa Valkyrjur þeim mat og drykk og hvern morgun ganga þeir á ný til bardaga aðeins til að verða drepnir á ný. Valhöll er varin af mörgum hindrunum, hún er umkringd síki, (S)Tund, þar sem býr í djúpinu úlfurinn Þjóðvitnir sem fiskar menn. Hlið Valhallar er varið með göldrum, og á hallardyrum hangir fastur úlfur umvafinn blóðugum erni. Til viðbótar er Valhöll varin af tveim úlfhundum Óðins. Til að skilja merkingu alls þessa þurfum við að greina þessi tákni.

Hver þessara hindrana að höll hinna útvöldu er tákni um veikleika sem þarf að yfirvinna. Stríðsmaðurinn sem veður tímans fljót-, (S)Tund-, og efans elfu-, Ífing-, verður að hafa takmarkið skýrt fyrir sér og sjálfsagan óskertan til að missa ekki fótanna í hringiðu stundartilverunnar. Hann verður að forðast að láta undan dýrshvötum sínum (Þjóðvitnir í djúpinu) ef hann á að ná yfir á hinn bakkann. Fljót eða elfur koma víða fyrir í goðsögum. Í buddhisma er t.d. talað um fjögur stig þroska, sem byrjar hjá þeim sem vaða út í fljótið og endar hjá þeim sem ná yfir á öndverðan bakka. Öll náttúran er sögð fagna þegar leitandinn nær markmiði sínu.

Næsta hindrunin sem mætir leitandanum við Valhöll og hann þarf að yfirvinna eru hundar Óðins, Geri (græðgi) og Freki (frekja); í því fellst að hann verður að forðast langanir, jafnvel löngun í visku sem hann leitar, ef hann á að geta öðlast hana. Til að komast inn í Valhöll þarf hann að aflétta göldrum



hliðsins, hann verður að hafa sterka viðleitni, hrein markmið og viljastyrk til að ná þeim. Úlfinn og örninn yfir hallarinn göngunni sem varna inngöngu þarf að yfirvinna. Það þýðir að yfirvinna dýrseðlið (úlfinn) og stoltið (örninn) — eigingjarnar hvatir, eins og hjá Proteus hinum gríska, rísa upp í einhverri mynd og skora á hólm þá sem nálgast svið goðanna. Öllum vopnum í vopnabúri stolts og stærilætis verður að umbreyta í uppbyggileg verkfæri sem hæfa hinu heilaga hofi. Veggir Valhallar eru spjót stríðsmannanna og þak hennar skildir þeirra. Innan hallarinnar eru allar varnir niðurlagðar, „brynjum um bekki stráð“ (Grímnismál 9).

Afvopnunin er táknið um hefð launhyggjunnar. Sá er leitar sameiningar getur ekki í ljósi eðlis hennar litið á sjálfan sig aðskilinn frá heildinni, hann hefur engin not af ósamhljómi, hvorki í hugsun, orði eða athöfn. Fyrsta vopnið til að falla er móðgun og er umbreytt í skaðleysi. Í framhaldi falla allar varnir persónunnar. Einherjinn er nú handan sérhyggjunnar. Verk hans liggur ekki í því skammvinna heldur í hinu eilífa. Hann er ekki lengur bundinn af sjálfinu heldur getur vaxið ótakmarkað, hetjusálin hefur yfirgefið allt sem snertir persónuna og sett allt traust á hið æðra lögmál sem hún þjónar skilyrðislaust.

Ef þessi arfsögn er upprunnin frá víkingum, -sem samkvæmt hefð þeirra sváfu á skildi sínum með sverð í hendi-, er hún ekki í samhljómi við líf þeirra. Frekar að þessar arfsagnir eigi rætur í mun eldri tíma en víkingartímanum og eigi sér sömu rætur og sumar eldri arfsagnir. Því að sannarlega býr meira undir í norrænum arfsögnum og kvæðum en sýnist, jafnvel þó breytt sé yfir það í efnislegum andstæðum.

Vígvöllurinn\* sem Einherjar sækja hvern dag er kallaður Vígriður, sem má þýða sem tilbeiðsluvöllur og minnir á *dharmaksetra* — völl, *dharm* (skylda, réttlæti) — úr *Bhagavad-Gita* þar sem ljóss og myrkurs í mannlegu eðli takast á. Í þeirri sígildu sögu eru margir andstæðingarnir vinir hetjunnar og nánir ættingjar sem



hann tekst á við, sem standa fyrir persónuþættir og venjur sem hann er orðinn háður/vanur og því erfiðar að yfirvinna. Í báðum sögnunum er hinn tilbúni vígvöllur maðurinn sjálfur, þar sem takast á allar andstæður í mannlegu eðli, sem eru í sjálfu sér endurspeglun á eðli meiri sviða. Hin daglega keppni hefur veruleg áhrif á þróun allra vera. Öðru hvoru kemur Einherji frá mannheimum til að berjast með goðum; slíkir fágætir frumherjar sem fá aðgang að „hinum skínandi bústað“ sameina krafta sína hinni æðri ætlan. Valkyrjurnar, okkar eigið dýpsta sjálf, eru sífellt leitandi að verðugu verki á þessum velli, til að hjálpa guðunum í eilífu starfi þeirra til enda hringrásarinnar, þegar mannkynið finnur æðri tilvist og ábyrgð.

„Glaðsheimr heitir inn fimmti, þar er in gullbjarta Valhöll víð of þrumir“ (Grimnismál 8). Hér krýnir Óðinn hetjur eftir orrustu og Einherjar endurnæra sig með öli og þrír geltir er bornir fyrir þá; Andhrímnir, (loft), Eldhrímnir (eld) og Sæhrímnir (vatn), sem tákna mismunandi hliðar jarðarinnar og eru kjarni reynslu þeirra í mannheimum á þessum hnetti. Geltirnir sem eru fæða Einherja standa einnig fyrir skapandi öfl, orku hinna þriggja höfuðafla í náttúrunni. Í vísu 18 í Grímnismálum\*\* getum við sett aðra merkingu í stað hinna þriggja galta og lesið „Andinn lætur hugann efla vilja og löngun.“ Þannig leyfir herra sjálfið að sálin reyni persónuna til að kanna sameininguna. Sé hún árangursrík birtir maðurinn sinn innri guð, hið dauðlega öðlast ódauðleika, sameinast guðleikanum.

Óðinn, Alfaðir, er kjarni skapandi vitundar alheimsins á öllum sviðum tilverunnar. Nafn hans er myndað af *Óður\*\*\**, alheimsleg vitund (í grísku *nous* og í Sanskrít *mahat*), og sál mannsins er afkvæmi þess. *Óðærir*, sá er gefur af Óð, er einn þeirra heilögu sem hefur í sér „blóð Kvasirs“— guðlega visku (í grísku *theos-sophia*). Kvasir var „gísl“ eða sendiboði hinna „vísu Vana“ til Æsa. Þetta er ljós vísbending um færslu guðlegs innblásturs frá kosmísku afli til goðanna neðar, sem þó eru langtum ofar okkur, og um að jafnvel Óðinn,



Alfaðir, sem er guðleg uppspretta okkar sviðs, hafi risið frá fyrra (lægra) sviði og sé að þroskast áfram til enn hærri sviða fyrir áhrif innblásturs frá þeim.

Í almennum skilningi er Alfaðir til á öllum sviðum, en Óðinn hefur bústað sinn í Glaðheimum og þar er Valhöll, bústaður hinna útvöldu. *Val-* stendur ekki aðeins fyrir að velja, heldur einnig dauða þegar það á við Einherja (í grísku *koiranos*, „stjórnandi“, Ein-herji er sá sem herjar, stýrir, eða stjórnar *einum* — sjálfum sér. Hver hefur einnig valið að deyja sem persóna og öðlast gegnsæi vitundarinnar í ópersónuheimi guðanna. Með öðrum orðum, hann hefur yfirunnið lægra sjálfið og samsamað sig alheimslífi. Það er framhald — þroski, þar sem hver breyting er „dauði“, umbreyting frá einu stigi til annars, frá ófullkominni til fullkonnari aðstæðna. Valkyrjurnar „krýnendur hinna útvöldu“ sem færa hetjurnar til helgu hallar Óðins, eru nátengdar „hamingju“, verndarenglinum, sálinni, verndara og leiðbeinanda hvers manns.

Þegar Alfaðir býður hetjurnar velkomnar til Valhallar er nafn hans Hroptur (freistarinn), sem herfaðir, í „Hrafnagaldri Óðins“ er hann Hnikar, (sá er breiðir yfir). Þessar vísbendingar (sem felast í nöfnum Óðins) verða skýrari þegar við skiljum að Óðinn er vígjandinn, sem leiðbeinir, innblæs, en verður að láta mannlega sjálfið gangast undir eldvígslu eigin gerða, og getur ekki breytt niðurstöðu þolraunarinnar. Það er því aðeins sá sem nær vígslunni sem þekkir rétt eðli Óðins, þann efsta vígjanda.

Valhöll birtir líka annan þátt sem tengist ævafornum austrænum ritum. Óðinn í Grímnismálum segir nemanda sínum að það séu “fimm hundruð dyr og 40 fleiri“ og átta hundruð Einherjar gangi um hverjar þeirra þegar hann (Óðinn) fer í stríð við úlfinn. Einnig er okkur sagt að það séu fimm hundruð og fjórtíu hímýli í Bílskírni (skínandi hæðum), sú stærsta „er sonar míns“ — sólarverunnar Þórs. Ef við margföldum 540 dyr og 800 Einherja sem ganga um þær fáum við 432,000 Einherja. Bæði í babýlónskum og indverskum tímatölum koma þessar



tölur oft fyrir. Margföldun þeirra skilgreinir stjörnufræðilegar hringrásir, og sé þeim skipt með mismunandi tölum vísa þær til jarðneskra atburða í stærra og minna samhengi, jafnvel niður í slátt mannlegs hjarta, sem almennt er talið vera 72 slög á mínútu. Það var einnig sagður aldur manns í árum á járnöld, sem í Sanskrit var kölluð *kali yuga* (sem stóð í 432.000 ár), þegar hin dimmu öfl voru ráðandi. Einkennilegt að þessi tala (432.000) sé einnig fjöldi stríðsmanna Óðins. Þetta vísar sterkt til sameiginlegs uppruna sem þessar fjarlægju siðvenjur hafa skilað til okkar tíma með þessum leyndu talnamerkingum.

Það er ljóst að þessar norrænu sagnir, sagnir um orrustur hinna útvöldu og átök sögupersóna og fleiri þræðir þeirra hafa einhverja skírskotun til almennings, sem sjá má af vinsældum sagnanna fram til nútímans, þrátt fyrir leynda merkingu þeirra. Því er ekki hægt að neita. Á orrustuvellinum, vígsluathöfninni, berjumst við dagleg við ógnarlega fjendur, veikleika okkar og kunnuglegar venjur og galla sem við höfum tileinkað okkur, — það sem *Gita* kallar vini, ættingja og kennara.

Mannlega þróun má skilgreina sem þroska vitundar, aukinn skilning á lífinu. Þetta er ekki aðeins þekking á staðreyndum og tengslum, né vaxandi skilningur á okkur sjálfum og öðrum, heldur felur það í sér beinan skilning og persónulega uppgötvun á andlegri einingu allra vera. Með henni kemur sjálfkennd með öllu, sem lýsir sér vel í orðunum „Ég gæti ekki bróður míns, ég er bróðir minn“. Sjálfið verður ekki-sjálf. Við umbreytingu frá stífri sjálfmynd persónunnar til ekki-sjálfsins samkennir mannssálin sig eðlilega við allt sem er. Baráttan sem hetjur Yggjungs heyja, og veitir þeim aðgang að Valhöll, er stöðug þjálfun í viljastyrk, stjórn á hugsunum og tilfinningum, ávallt algjör óeigingirni, í öllum aðstæðum. Máltækið, „að lifa til að þjóna mannkyninu er fyrsta skrefið“ (2) er staðfest sem siðalögmál norrænna manna í söng Svipdags, þar sem hetjan sameinast „hamingju“ sinni, — Freyja draums hans — snýr aftur til að ná „markmiði ára og alda“. Bandalagið við guðina er ekki aðeins um að gera gott





Þegar tækifæri gefast, heldur líka til að fara ávallt með þeim háa tilgangi sem er einkenni þeirra; „aflí velvildar“. Einherjar hafa dáið persónulegum löngunum og fæðst „meyfæðingu“, - svo notuð sé orðamerking úr öðrum goðsögum-, sem gerir þeim kleyft að taka sinn eðlilega sess sem guðspekin kallar Helgivald samúðar. Hetjur Óðins una sér ekki hvíldar á vegferð sinni, heldur halda áfram að leika mikilvægt hlutverk í eilífri baráttu lífsins í bandalagi við guðina.

Arfsögur gefa til kynna að frá því að guðleg niðurstigning meðal manna hófst og kenndi fyrri kynstofnum, hefur verið meðal okkar óslitin röð andlegra kennara, milligöngumanna manna og guða sem hafa það hlutverk að innblása og aðstoða mannkynið fram til fullkornunar. Slíkir meistarar í list lífsins eru Einherjar. Guðlegur geisli kann að koma til manna, þegar einhver á meðal okkar, sem af öllu afli sínu kys að ganga þá einmanna leið til sameiningar mannlegru sjálfi við kjarna guðlegs eðlis. Frá hinna hæstu boðberum voru „gíslar“ sendir niður til yngri bræður þeirra sem uppljómun. Skírnir var slíkur „gísl“ niður í mannheima.

Margar eru sagnirnar sem eiga við þetta, sagnir sem tengjast því hvernig þroskuð sál leitar síns andlegra sjálfs, „Þyrnirós“, eða „Fegurðin á Glerfjalli“, var aðeins náð hugrakkri, hreinlyndri og algerlega óeigingjarnri hetju. Hún ein kunni að draga úr slíðrum, járnri, steini eða tré og öðru því sem sverð viljans sat fast í. Með töfravopninu sigraði hann drekann eða höggorminn (eigingirnina) og öðlaðist innri visku, skilning á söng fuglanna og röddum náttúrunnar. Hann varð að yfirvinna alla veikleika, allar freistingar, ná tókum á allri hræðslu sem byggðist á hlýðni dýreðlisins, til að stökkva yfir logandi fljótið sem aðskildi heim manna og guða. Þá öðlaðist hann sameiningu við hina æðri „hamingju“ sína. Guðaefnið varð guð.

Því er hægt að segja að ævintýri þar sem riddarinn drap eldspúandi drekann og bjargaði fallegu meyjunni og konungsríkinu séu þjóðsögur sem hafi efnislega stoð. Þau eru of algeng til að lítið sé gert úr þeim. Þau sýna hetjuna yfirvinna



læggra eðlið og uppfylla þrá hjartans á sama hátt og í fornum arf- og goðsögum ólíkra menningartímabila. Við getum velt fyrir okkur þeim möguleika að elstu mannkynin í okkar umferð lífsins hafi deilt sögum af risaeðlunum, hvort þær voru á lofti, láði eða legi áður en þær urðu útdauðar. Hver veit hve lengi síðustu tegundirnar, sem einu sinni voru í miklum fjölda á jörðunni, hafi haft snertingu við fyrra mannkyn? Nálgun við þær myndi hafa skapað sagnir um þær í langan tíma, jafnvel eftir að atburðirnir sjálfir voru göngu gleymdir.

Þetta almenna aðdráttarafl sem goðsagnir hafa eiga rætur sínar í þrá okkar til að vinna hetjulega sigra. Þó við lifum venjulegu lífi blundar djúp löngun til að vinna slík afrek sem sögurnar greina frá, sigrum okkar á lægra sjálfinu. Markmið mannlegrar þróunar verður náð að lokum með eða án okkar tilgangsfullu viðleitni. Okkur getur rekið hægt áfram í ómarkvísu hringjum mistaka og haldið áfram að þjást af óhjákvæmilegum afleiðingum óvisku okkar. Við getum líka gengið gegn velvild náttúrunnar og aukin eigingirni leitt okkur til útrýmingar. Þriðji möguleikinn er sá sem hetjurnar kjósi, að velja tilgang guðanna. Hvaða leið sem við veljum mun það óhjákvæmilega leiða til vals um vitundatilvist sem guð, eða upplausn inn í frostjötnaefni, malaður í myllu útrýmingar. Skírnir, þegar hann eggjaði jötuninn Gerði fyrir Frey, ýjaði að þessu þegar hann hótaði henni með Rímgrímna, hinum ískalda (frostjötnahlið hans) Mími, endanlega efnispætti allra Alheima. Þetta þýddi endalok allrar orkuhleðslu frá afli guðanna. Gerður er auðsjáanlega kyn mannsins sem er gefið tækifæri til að velja á milli ódauðleika eða útrýmingar.

Fyrir hvern og einn kemur stund þegar hvíslandi ákall hins innra er skynjað í þögn sálarinnar. Þeir sem svara kallinu til að þjóna guðunum og hjálpa til að létta framtíðarþjáningar mannkynsins eru á leið Einherjans, hetjur sem safna saman sundrandi krafti sálarinnar undir einfalda skipun tilgangs alheimsins, og viðhalda því ákalli ótal líf. Það er einfaldlega eðlileg hröðun guðskaparins sem þessar hetjulegu sálir taka á sig og með eyðingu persónusjálfsins bindast þeir



langtímamarkmiði guðanna í heimi okkar. Það eru þessi skilaboð sem við finnum í goðsögnunum, vígsla inn í nýtt líf. Vígsla þýðir „byrjun“. Það er að gangast við nýjum skyldum, meira gefandi, og fyrir okkur, goðumlíkt líf. Einherjinn er krýndur baráttumaður guðanna og gengst undir með þeim „takmark árána og aldanna“.

Neðanmál:

1. Fjölsvinnsmál, kafli 24.
2. *The Voice of the Silence*, bls. 33.
3. Skírnismál. Kafli 25.

\* *Vígríðarvöllur*. Þar leita Valkyrjur fallina hetja Óðins Alföðurs sem hafa öðlast inngöngu í Valhöll (höll hinna völdu), þar sem þeim er haldinn veisla í lok baráttu hvers dags. Það eru þeir sem hafa dáíð lægra eðli sínu og gengið inn í hið meira líf sem hetjur guðanna.

Hinir tveir hrafnar Óðins, Huginn og Muninn (hugur og minni), fljúgja yfir vígvöllinn og gefa Óðni upplýsingar um hvað á er stað þar.

\*\*18. Andhrímnir

lætr í Eldhrímni

Sæhrímni soðinn,

fleska bezt;

en þat fáir vitu,

við hvat einherjar alask.

\*\*\* Nafn hans samanstendur af liðunum óð og inn. Óð merkir vit og sál, jafnvel orka og lífskraftur, en *-inn* merkir drottinn í þessu tilfelli og merkir Óðinn því drottinn lífskraftsins. Hann kallar sig mörgum öðrum nöfnum, svo sem Alföður, Valföður, Bölverkur, Síðhöttur, Vegtamur, Grímnir og Herjafaðir.



## 10. Kafli

### Völuspá

Af öllum sögum og ljóðum í íslenskum fornritum skipar Völuspá heiðursess. Hún geymir mikið sagnaminni en er jafnframt mesta ráðgátan í norrænum sögnum. Í henni er dregin upp stórfengleg lýsing á heimum í mótun af alheimstré lífsins (Yggdrasil, hnignun og endalokum, en líka endurfæðingu og endurnýjun þeirra. Til að fylgja framvindu atburðanna sem völvan segir frá verðum við að skoða aðrar sagnir sem eru skýrari um einstök atriði, því í Völuspá er eilífðinni þjappað í eitt augnablik og víðáttu alheimsins í sandkorn.

Völvan sem segir kvæðin er fulltrúi hinnar óafmáanlega tímaskráningar, frá ómuna fortíð til endalausrar framtíðar þar sem heimar taka hver við af öðrum í öldubylgjum lífsins. Völvan persónugerir fortíðina; minni hennar, sem nær yfir alla fortíð, rifjar upp fyrrum níu heimstré, löngu horfin en endurfædd í okkar heimstré.

Völuspá er viðbrögð völunnar við leit Óðins að visku. Kosmísk saga er skoðuð af Alföður — vitund, guðlegir vitsmunir, sem reglulega birtast sem einingarheimur, -sólkerfi, sem knúið er áfram af þörf fyrir að öðlast reynslu. Alföður er upphaf alls lífs, sem myndar þann heim. Þegar völvan ávarpar Óðinn, „þér, allar hinar helgu kindur“, sýnir það ekki aðeins hin nánu tengsl allra vera, heldur einnig að þær eru samkenndar hinum leitandi guði. Leit Óðins að „Uppruna lífs og endalokum heimanna“ er aðferð til að kalla fram þessar upplýsingar fyrir hönd allra „helgar kindir, meiri ok minni mögu Heimdallar“ (1) — allra lífsforma í sólkerfinu, heimkynna Heimdalls—og um leið á áheyrn þeirra.



Fyrir þá sem líta á goðaveru sem fullkominn og alvitran guð er það einkennilegt að hann leiti upplýsinga og sérstaklega um þau svið veraldarinnar sem eru neðan hans háa sviðs. En í launsögnunum eru goðverur ekki staðnaðar í guðlegum fullkomleika, heldur sífellt að vaxa og læra á öllum sviðum til frekari fullkunnar. Í Völuspá er notuð ljóðræn aðferð til ýja að hvernig vitundin kemur í efnisheiminn í þeim tilgangi að læra og þroskast til meiri skilnings, en um leið að samlagast efninu sem hún starfar í.

Völvann segir: „Ek man jötna ár of borna“ — dauða heima þar sem vitundin er þeim löngu horfin og óinnblásið efni þeirra óreiða. Hún segir einnig: „nú man ek heima, nú íviðjur, mjötvið mæran fyr mold neðan“ (2). Annar staðar er nefnt að Heimdallur sé „fæddur af nú meyjum“ og að vaka Óðins þegar hann var hengdur á Yggdrasil, lífsins tré, hafi varað „í nú nætur“ (Hávamál 138). Af þessu má ráða að jarðarkerfi okkar sé það tíunda í röðinni úr frostajötninum Ými er þá; „var þar er ekki var, var-a sandr né sær, né svalar unnir“ (3).

Hvert heimstré er tjáning og birting guðlegrar vitundar sem skipar formum til lífs og öðlast „mjöð“ reynslunnar í staðinn. Í fullkunnun tímans, þegar vitundin hefur fullnýtt reynsluna í þessu efni og hverfur, verður það aftur að frostjötninum.

Sú vísa völvu sem tamdi úlfa, hliðstæða hinnar kosmísku völvu, birtist til að segja hinn leynda vísdom. Völvann Heiða er hin leynda þekking sem hrífur egóið, þó hún sé „eftirsótt af þeim illu“ þó hún geti verið skaðlaus þeim sem eru vísir og „temja úlfa“, þeim sem hafa stjórn á dýrseðlinu með sjálfsaga og þjónustu og hafa öðlast aðgang að skránni náttúrunnar. Munurinn á þessum tveim völvum er eins og segir í kvæðinu: „Hún sér mikið, ég sé meira“ (45). Önnur



tekur til það sem snýr að manningum á jörðinni en hin les allar kosmísku skrárnar.

*Skáldin* notuðu þrennskonar galtra, eða öllu heldur hæfileika: Einn var *sjáandi*, sem hefur hæfileika til að sjá fyrir atburði sem munu gerast sem eðlileg afleiðing af fortíðinni. Í flestum löndum voru „vísar konur“ sem stunduðu þessa list, aðallega um lítilsháttar efni. Slíkir forlagaspámenn eru enn til eins og við þekkjum í áramótaspám og fleiru. Annar var *galdurinn* — aðferð með táknum og þulum í þeim tilgangi að koma eigin óskum fram. Slík álög, ef þau voru að einhverju leyti árangursrík, var svartigaldur, hvort sem gert var í góðum tilgangi eða fávísku. Hann var því hættulegri ef hann var gerður af kunnáttu með vilja og markmið að baki. Óhjálpslega komu áhrif og afleiðingar hans til baka og hittu gerandann fyrir og þá sem tóku þátt í verknaðinum, hvort sem þeir voru saklausir eða fávísir.

Þriðji galdurinn var að „*lesa rúnir*“ — að leita í táknum náttúrunnar og öðlast vaxandi vísu. Þetta er rannsókn Óðins sjálfs þegar hann hékk á Yggdrasil, lífsins tré (Hávamál 137-8): „Ég kannaði djúpin, fann rúnir þekkingar, reisti þær með söng og féll enn aftur“ – af trénu.

Völvann segir fyrir um endalok hinnar gullnu aldar sakleysis og dauða sólargoðsins Baldurs fyrir gerðir blinda bróður hans, Haðar — fávísku og myrkurs —, fyrir tilverknað Loka hinn slóttuga álfs mannglegrar greindar. Eins og í öðrum launsögnum um fall mannsins er þeim sem gáfu manningum þekkingu og vald til að velja á milli góðs og illis kennt um allt það illa sem hrjáð hefur heiminn. Lúsifer, ljósberanum í Biblíunni, frá „björtu morgunstjörnunni“ hefur verið umbreytt í djöful. Prometheus í grískri goðafræði, sem gaf mannkyninu eld hugans, var hlekkjaður við kletta til enda heimsins og mun aðeins bjargað af Heraklesi, sál mannsins, þegar hún hefur öðlast fullkomnun í striti sínu. Loki var bundinn neðan neðstu undirheima til að þjást þar til hringrásinni er lokið. Í



öllum þessum dæmum hefur fórnin fært mannkyninu innra ljós sem lýsir veginn til guðsleika sem næst með vitundarvilja, umbreyttri sjálfsvitund og sameiningu við guðlegan uppruna okkar.

Völuspá gefur lifandi lýsingu á Ragnarökum. Nafnið er dregið af orðunum *Regin* (guð, ráðandi) og *rök* (ástæða, uppruni) og er sá tími þegar ráðandi goðar snúa aftur til uppruna síns við endalok heimsins. Hryllingnum sem lýst er þegar goðarnir hverfa á brott er hrollvekjandi og undirstrikaður af ýlfri hunda Heljar, en hinsvegar er þetta ekki endirinn. Eftir að heimstréð fellur heldur kvæðið áfram og lýsir fæðingu nýs heims, kvæðið segir í lokin af dögum nýrrar og gullinnar aldar. Þeir sem eru kunnugir efni „Niflungahrings“ Wagners kannast við að hvergi er getið um þessa kosmísku endurbirtingu. En þessi endurnýjun fellur þó vel að öðrum hugsanakerfum en þeim sem gera ráð fyrir algjörum endalokum. Slíkur endir finnst ekki í launsögnum, heldur lærum við af endalausum flæði náttúrunnar, frá birtingu og til hnignunar ínn í óþekktan uppruna og aftur til nýrrar birtingar. — Þetta mynstur vekur hjá okkur stærri sýn á takt lífsins í endalausri eilífðinni.

Neðamál:

1. Sögnin *saga*, frásagnarhefð sögð af munni fram, líkt og í Sanskrít *smṛiti* og *skṛiti*, fræðsla „endurmunuð“ og „heyrð“, í þeirri röð.
2. Tölur í sviga ( ) vísa í vísunúmer
3. Ættkvíslir, skyldar kynslóðir.
4. *Skáletruð* nöfn eru ekki þýdd; sum þeirra geta verið „óþýðanleg“, önnur verið heiti sem ekki eru þekkt, eða útdauð.



## Völuspá.

1. Hjjóðs bið ek allar  
helgar kyndir,  
meiri ok minni  
mögu Heimdallar;  
viltu at ek, Valföðr,  
vel fyr telja  
forn spjöll fira,  
þau er fremst of  
man.
2. Ek man jötna  
ár of borna,  
þá er forðum mik  
fædda höfðu;  
níu man ek heima,  
níu íviðjur,  
mjötvið mæran  
fyr mold neðan.
3. Ár var alda,  
þar er ekki var,  
var-a sandr né sær  
né svalar unnir;  
jörð fannsk æva  
né upphiminn,  
gap var ginnunga  
en gras hvergi.
4. Áðr Burs synir  
bjöðum of yppðu,  
þeir er Miðgarð  
mæran skópu;  
sól skein sunnan
- á salar steina,  
þá var grund gróin  
grænum lauki.
5. Sól varp sunnan,  
sinni mána,  
hendi inni hægri  
um himinjöður;  
sól þat né vissi,  
hvar hon sali átti,  
máni þat né vissi,  
hvat hann megins  
átti,  
stjörnur þat né vissu  
hvar þær staði áttu.
6. Þá gengu regin öll  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok um þat gættusk;  
nótt ok niðjum  
nöfn of gáfu,  
morgin hétu  
ok miðjan dag,  
undorn ok aftan,  
árum at telja.
7. Hittusk æsir  
á Iðavelli,  
þeir er hörg ok hof  
hátimbruðu;  
afla lögðu,  
auð smíðuðu,  
tangir skópu
- ok tól gerðu.
8. Tefldu í túni,  
teitir váru,  
var þeim vettergis  
vant ór gulli,  
uns þrjár kvámu  
þursa meyjar  
ámáttkar mjök  
ór Jötunheimum.
9. Þá gengu regin öll  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok um þat gættusk,  
hverir skyldi dverga  
dróttir skepja  
ór Brimis blóði  
ok ór Bláins  
leggjum.
10. Þar var Móðsognir  
mæztr of orðinn  
dverga allra,  
en Durinn annarr;  
þeir mannlíkun  
mörg of gerðu  
dvergar í jörðu,  
sem Durinn sagði.
11. Nýi, Niði,  
Norðri, Suðri,  
Austri, Vestri,





Alþjófr, Dvalinn,  
Nár ok Náinn  
Nípingr, Dáinn  
Bívurr, Bávurr,  
Bömburr, Nóri,  
Ánn ok Ánarr,  
Óinn, Mjödvitnir.

12.  
Veggr ok Gandalfr,  
Vindalfr, Þorinn,  
Þrár ok Þráinn,  
Þekkr, Littr ok Vittr,  
Nýr ok Nýráðr,  
nú hefi ek dverga,  
Reginn ok  
Ráðsviðr,  
rétt of talða.

13.  
Fíli, Kíli,  
Fundinn, Náli,  
Hefti, Víli,  
Hannar, Svíurr,  
Billigr, Brúni,  
Bíldr ok Buri,  
Frár, Hornbori,  
Frægr ok Lóni,  
Aurvangr, Jari,  
Eikinskjaldr.

14.  
Mál er dverga  
í Dvalins liði  
ljóna kindum  
til Lofars telja,  
þeir er sóttu  
frá salar steini  
Aurvanga sjöt  
til Jöruvalla.

15.  
Þar var Draupnir  
ok Dolgþrasir,  
Hár, Haugspori,  
Hlévangr, Glóinn,  
Dóri, Óri  
Dúfr, Andvari  
Skirfir, Virfir,  
Skáfiðr, Ái.

16.  
Alfr ok Yngvi,  
Eikinskjaldr,  
Fjalarr ok Frosti,  
Finnr ok Ginnarr;  
þat mun æ uppi  
meðan öld lifir,  
langniðja tal  
Lofars hafat.

17.  
Unz þrír kvámu  
ór því liði  
öflgir ok ástkir  
æsir at húsi,  
fundu á landi  
lítt megandi  
Ask ok Emblu  
örlöglausu.

18.  
Önd þau né áttu,  
óð þau né höfðu,  
lá né læti  
né litu góða;  
önd gaf Óðinn,  
óð gaf Hænir,  
lá gaf Lóðurr  
ok litu góða.

19.  
Ask veit ek standa,  
heitir Yggdrasil,  
hár baðmr, ausinn  
hvíta auri;  
þaðan koma  
döggvar,  
þær í dala falla,  
stendr æ yfir grænn  
Urðarbrunni.

20.  
Þaðan koma meyjjar  
margs vitandi  
þrjár ór þeim sæ,  
er und þolli stendr;  
Urð hétu eina,  
aðra Verðandi,  
- skáru á skíði, -  
Skuld ina þriðju;  
þær lög lögðu,  
þær líf kuru  
alda börnum,  
örlög seggja.

21.  
Þat man hon folkvíg  
fyrst í heimi,  
er Gullveigu  
geirum studdu  
ok í höll Hárs  
hana brenndu,  
þrisvar brenndu,  
þrisvar borna,  
oft, ósjaldan,  
þó hon enn lifir.

22.  
Heiði hana hétu



hvars til húsa kom,  
völu velspáa,  
vitti hon ganda;  
seið hon, hvars hon  
kunni,  
seið hon hug  
leikinn,  
æ var hon angan  
illrar brúðar.

23.

Þá gengu regin öll  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok um þat gættusk,  
hvárt skyldu æsir  
afráð gjalda  
eða skyldu goðin öll  
gildi eiga.

24.

Fleygði Óðinn  
ok í folk of skaut,  
þat var enn folkvíg  
fyrst í heimi;  
brotinn var  
borðveggr  
borgar ása,  
knáttu vanir vígspá  
völlu sporna.

25.

Þá gengu regin öll  
á rökstóla,  
ginnheilög goð,  
ok um þat gættusk,  
hverjir hefði loft allt  
lævi blandit  
eða ætt jötuns  
Óðs mey gefna.

26.

Þórr einn þar vá  
þrunginn móði,  
- hann sjaldan sitr -  
er hann slíkt of  
fregn -:  
á gengusk eiðar,  
orð ok særi,  
mál öll meginlig,  
er á meðal fóru.

27.

Veit hon  
Heimdallar  
hljóð of folgit  
und heiðvönum  
helgum baðmi,  
á sér hon ausask  
aurgum forsi  
af veði Valföðrs.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

28.

Ein sat hon úti,  
þá er inn aldni kom  
yggjungr ása  
ok í augu leit.  
Hvers fregnið mik?  
Hví freistið mín?  
Allt veit ek, Óðinn,  
hvar þú auga falt,  
í inum mæra  
Mímisbrunni.  
Drekkr mjöð Mímir  
morgun hverjan  
af veði Valföðrs.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

29.

Valði henni Herföðr  
hringa ok men,  
fekk spjöll spaklig  
ok spá ganda,  
sá hon vítt ok of vítt  
of veröld hverja.

30.

Sá hon valkyrjur  
vítt of komnar,  
görvar at ríða  
til Goðþjóðar;  
Skuld helt skildi,  
en Skögul önnur,  
Gunnr, Hildir,  
Göndul  
ok Geirskögul.  
Nú eru talðar  
nönnur Herjans,  
görvar at ríða  
grund valkyrjur.

31.

Ek sá Baldri,  
blóðgum tívur,  
Óðins barni,  
örlög folgin;  
stóð of vaxinn  
völlum hæri  
mjór ok mjök fagr  
mistilteinn.

32.

Varð af þeim meiði,  
er mær sýndisk,  
harmflaug hættlig,  
Höðr nam skjóta;  
Baldrs bróðir var

of borinn snemma,  
sá nam Óðins sonr  
einnættir vega.

33.

Þó hann æva hendr  
né höfuð kembði,  
áðr á bál of bar  
Baldrs andskota;  
en Frigg of grét  
í Fensölum  
vá Valhallar.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

34.

Þá kná Váli  
vígbönd snúa,  
heldr váru harðgör  
höft ór þörmum.

35.

Haft sá hon liggja  
und Hveralundi,  
lægjarns líki  
Loka áþekkjan;  
þar sitr Sigyn  
þeygi of sínum  
ver vel glýjuð.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

36.

Á fellur austan  
um eitrdala  
söxum ok sverðum,  
Slíðr heitir sú.

37.

Stóð fyr norðan

á Niðavöllum  
salr ór gulli  
Sindra ættar;  
en annarr stóð  
á Ókólni  
bjórsalr jötuns,  
en sá Brimir heitir.

38.

Sal sá hon standa  
sólu fjarri  
Náströndu á,  
norðr horfa dyrr;  
falla eitrdropar  
inn um ljóra,  
sá er undinn salr  
orma hryggjum.

39.

Sá hon þar vaða  
þunga strauuma  
menn meinsvara  
ok morðvarga  
ok þann er annars  
glepr  
eyrarúnu;  
þar saug Niðhögg  
nái framgengna,  
sleit vargr vera.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

40.

Austr sat in aldna  
í Járniði  
ok fæddi þar  
Fenris kindir;  
verðr af þeim öllum  
einna nokkurr  
tungls tjúgari



í trölls hami.

41.

Fyllisk fjörvi  
feigra manna,  
rýðr ragna sjöt  
rauðum dreyra;  
svört verða sólskin  
um sumur eftir,  
veðr öll válynd.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

42.

Sat þar á haugi  
ok sló hörpu  
gýgjar hirðir,  
glaðr Eggþér;  
gól of hánnum  
í galgviði  
fagrrauðr hani,  
sá er Fjalarr heitir.

43.

Gól of ásum  
Gullinkambi,  
sá vegr hölða  
at Herjaföðrs;  
en annarr gelfr  
fyr jörð neðan  
sótrauðr hani  
at söllum Heljar.

44.

Geyr nú Garmr  
mjök  
fyr Gniphelli,  
festr mun slitna,  
en freki renna;  
fjölð veit ek fræða,

fram sé ek lengra  
um ragna rök  
römm sigtíva.

45.  
Bræðr munu berjask  
ok at bönum  
verðask,  
munu systrungar  
sifjum spilla;  
hart er í heimi,  
hórdómr mikill,  
skeggöld, skalmöld,  
skildir ro klofnir,  
vindöld, vargöld,  
áðr veröld steypisk;  
mun engi maðr  
öðrum þyrma.

46.  
Leika Míms synir,  
en mjötuðr kyndisk  
at inu galla  
Gjallarhorni;  
hátt blæss  
Heimdallr,  
horn er á lofti,  
mælir Óðinn  
við Míms höfuð.

47.  
Skelfr Yggdrasils  
askr standandi,  
ymr it aldna tré,  
en jötunn losnar;  
hræðask allir  
á helvegum  
áðr Surtar þann  
sefi of gleypir.

48.  
Hvat er með ásum?  
Hvat er með alfum?  
Gnýr allr  
Jötunheimr,  
æsir ro á þingi,  
stynja dvergar  
fyr steindurum,  
veggbergs vísir.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

49.  
Geyr nú Garmr  
mjök  
fyr Gnipahelli,  
festr mun slitna  
en freki renna;  
fjölð veit ek fræða,  
fram sé ek lengra  
um ragna rök  
römm sigtíva.

50.  
Hrymr ekr austan,  
hefisk lind fyrir,  
snýsk Jörmungandr  
í jötunmóði;  
ormr knýr unnir,  
en ari hlakkar,  
slítr nái niðfölr,  
Naglfar losnar.

51.  
Kjöll ferr austan,  
koma munu  
Múspells  
of lög lýðir,  
en Loki stýrir;  
fara fíflmegir



með freka allir,  
þeim er bróðir  
Býleists í för.

52.  
Surtr ferr sunnan  
með sviga lævi,  
skínn af sverði  
sól valtíva;  
grjótbjörg gnata,  
en gífr rata,  
troða halir helveg,  
en himinn klofnar.

53.  
Þá kemr Hlínar  
harmr annarr fram,  
er Óðinn ferr  
við ulf vega,  
en bani Belja  
bjartr at Surti;  
þá mun Friggjar  
falla angan.

54.  
Geyr nú Garmr  
mjök  
fyr Gnipahelli,  
festr mun slitna,  
en freki renna;  
fjölð veit ek fræða,  
fram sé ek lengra  
um ragna rök  
römm sigtíva.

55.  
Þá kemr inn mikli  
mögr Sigföður,  
Víðarr, vega  
at valdýri.



Lætr hann megi  
Hveðrungs  
mundum standa  
hjör til hjarta,  
þá er hefnt föður.

56.  
Þá kemr inn mæri  
mögr Hlóðynjar,  
gengr Óðins sonr  
við orm vega,  
drepr af móði  
Miðgarðs véurr,  
munu halir allir  
heimstöð ryðja;  
gengr fet níu  
Fjörgynjar burr  
neppr frá naðri  
níðs ókvíðnum.

57.  
Sól tér sortna,  
sígr fold í mar,  
hverfa af himni  
heiðar stjörnur;  
geisar eimi  
ok aldrnari,  
leikr hár hiti  
við himin sjalfan.

58.  
Geyr nú Garmr  
mjök  
fyr Gnipahelli,  
festr mun slitna  
en freki renna;  
fjölð veit ek fræða  
fram sé ek lengra  
um ragna rök  
römm sigtíva.

59.  
Sér hon upp koma  
öðru sinni  
jörð ór ægi  
iðjagræna;  
falla forsar,  
flýgr örn yfir,  
sá er á fjalli  
fiska veiðir.

60.  
Finnask æsir  
á Iðavelli  
ok um moldþinur  
máttkan dæma  
ok minnask þar  
á megingdóma  
ok á Fimbultýs  
fornar rúnir.

61.  
Þar munu eftir  
undrsamligar  
gullnar töflur  
í grasi finnask,  
þærs í árdaga  
áttar höfðu.

62.  
Munu ósánir  
akrar vaxa,  
böls mun alls batna,  
Baldr mun koma;  
búa þeir Höðr ok  
Baldr  
Hrofts sigtoftir,  
vé valtíva.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

63.  
Þá kná Hæmir  
hlautvið kjósa  
ok burir byggja  
bræðra tveggja  
vindheim víðan.  
Vituð ér enn - eða  
hvat?

64.  
Sal sér hon standa  
sólu fegra,  
gulli þakðan  
á Gimléi;  
þar skulu dyggvar  
dróttir byggja  
ok um aldrdaga  
ynðis njóta.

65.  
Þá kemr inn ríki  
at regindómi  
öflugr ofan,  
sá er öllu ræðr.  
66.  
Þar kemr inn dimmi  
dreki fljúgandi,  
naðr fránn, neðan  
frá Niðafjöllum;  
berr sér í fjöðrum,  
- flýgr völl yfir, -  
Niðhögggr nái.  
Nú mun hon  
sökkevask.



## 11. Kafli

### Gylfaginning

Heiti sögunnar, Gylfaginning, er venjulega þýtt sem „The Mocking of Gylfe“ því sögnin að *ginna* á íslensku merkir einnig að hafa að háði. Þetta er hinsvegar misskilningur á innihaldi, svipað og þegar dvergar í sögnunum merkja lágvaxið fólk í stað þess að merkja óþroskaðar sálir. Í íslensku hefur nafnorðið *ginn* háleita merkingu, samanber *ginn*-heilagt. Orðið stendur fyrir óskýranlegt guðlegt eðli eða innihald ofar Æsum, Vönnum og ofar allri upphafinni birtingu. Orðið hefur svipaða merkingu og *tat* í Sankrít sem merkir „ÞAÐ“ — sem er svo heilagt að merking þess dvínar við að vera nefnt. Það er hið EINA — Alverund — hið sjálfbæra gap sem felur allt í sér sem hin takmarkaði hugur nær ekki að skilja, það er hugtakið sem tjáð er með orðinu Ginnungagap — „gap af ginn.“<sup>66</sup>

Með þessum skilningi verður sagan skýr og skýranleg. Ásgarður í sögnunum er séður sem efnislegur staður með þroskuðum mannlegum verum, en engu að síður í fjarlægum heimi, í höll svo mikilli að loft hennar er varla sýnilegt. Sjónhverfingameistarnir, verðirnir við inngang hallarinnar, gætu staðið fyrir hæfnina í galdri, — þætti sem alltaf vekur hrifningu en er ekki gefinn mikill gaumur hér: sýnandinn sýnir kúnstir sínar fyrir utan höllina. Hann vísar konungi sem kemur í heimsókn inn í helgidóminn og fram fyrir háseti hinna þriggja háu. Nöfn þeirra eða öllu heldur nafnleysa er í sjálfu sér áhugaverð ráðapraut sem gefur til kynna að þó seta þeirra innbyrðis sé ólík þá sé enginn greinarmunur á stöðu þeirra.



Um leið og gesturinn er genginn inn lokast dyrnar að baki honum — táknrænn þáttur og sannur í lífinu. Því næst er honum lesin Hávamál sem, eins og við munum sjá, sýna og beinast að þremur stigum andlegs þroska.

Eftir að hafa hlotið alla visku sem hann gat numið af þessum þrígreindu guðlegu konungum snéri Gylfi konungur „heim til land síns og sagði þessi tíðindi sem hann hafði séð og heyrt“ og fullnægði þannig örlögum sem sannur andlegur nemandi og kennari.

Í næsta kafla eru Hávamál, þar sem nemandanum er kennd siðfræði.

Niðurstaða *Gylfaginningar* fer þar næst á eftir .

## *Gylfaginning*

### 1. kafli

Gylfi konungur réð þar löndum er nú heitir Svíþjóð. Frá honum er það sagt að hann gaf einni farandi konu að launum skemmtunar sinnar eitt plógsland í ríki sínu það er fjórir öxn drægi upp dag og nótt. En sú kona var ein af ása ætt, hún er nefnd Gefjun. Hún tók fjóra öxn norðan úr Jötunheimum, en það voru synir jötuns og hennar, og setti þá fyrir plóg. En plógurinn gekk svo hart og djúpt að upp leysti landið, og drógu öxnirnir það land út á hafið og vestur og námu staðar í sundi nokkru. Þar setti Gefjun landið og gaf nafn og kallaði Selund. Og þar sem landið hafði upp gengið var þar eftir vatn. Það er nú Lögurinn kallaður í Svíþjóð, og liggja svo víkur í Leginum sem nes í Selundi. Svo segir Bragi skáld gamli:

Gefjun dró frá Gylfa  
glöð djúpröðul óðla,  
svo að af rennirauknum  
rauk, Danmarkar auka;  
báru öxn og átta  
ennitungl þar er gengu  
fyrir vineyjar víðri  
valrauf, fjögur höfuð.



## 2. kafli

Gylfi konungur var maður vitur og fjölkunnugur. Hann undraðist það mjög er ásafólk var svo kunnugt að allir hlutir gengu að vilja þeirra. Það hugsaði hann hvort það myndi vera af eðli sjálfra þeirra eða myndi því valda goðmögnum þau er þeir blótuðu. Hann byrjaði ferð sína til Ásgarðs og fór með laun og brá á sig gamals manns líki og duldist svo. En æsir voru því vísari að þeir höfðu spádóm, og sáu þeir ferð hans fyrr en hann kom og gerðu í móti honum sjónhverfingar. En er hann kom í borgina, þá sá hann þar háa höll svo að varla mátti hann sjá yfir hana. Þak hennar var lagt gylltum skjöldum svo sem spónþak. Svo segir Þjóðólfur hinn hvinverski að Valhöll var skjöldum þökt:

Á baki létu blíkja,  
barðir voru grjóti,  
Sváfnis salnæfrar  
seggir hyggjandi.

Gylfi sá mann í hallardurunum, og lék að handsöxum og hafði sjö senn á lofti. Sá spurði hann fyrr að nafni. Hann nefndist Gangleri og kominn af refilstígum og beiddist að sækja til náttstaðar og spurði hver höllina ætti. Hann svarar að það var konungur þeirra. "En fylgja má eg þér að sjá hann. Skaltu þá sjálfur spyrja hann nafns," og snerist sá maður fyrir honum inn í höllina, en hann gekk eftir og þegar laukst hurðin á hæla honum. Þar sá hann mörg gólf og margt fólk, sumt með leikum, sumir drukku, sumir með vopnum og börðust. Þá litaðist hann um og þótti margir hlutir ótrúlegir þeir er hann sá. Þá mælti hann:

"Gáttir allar  
áður gangi fram  
um skyggnast skyli;  
því að óvíst er að vita  
hvar óvinir  
sitja á fleti fyrir."

Hann sá þrjú hásæti og hvert upp frá öðru og sátu þrír menn, sinn í hverju. Þá spurði hann hvert nafn höfðingja þeirra væri. Sá svarar er hann leiddi inn að sá er í hinu neðsta hásæti sat var konungur og heitir Hár, en þar næst sá er heitir Jafnhár, en sá ofarst er Þriðji heitir. Þá spyr Hár komandann hvort fleira er erindi hans, en heimill er matur og drykkur honum sem öllum þar í Hávahöll. Hann segir að fyrst vill hann spyrja ef nokkur er fróður maður inni. Hár segir að hann komi eigi heill út nema hann sé fróðari, og

"stattu fram meðan þú fregn,  
sitja skal sá er segir."





### 3. kafli

Gangleri hóf svo mál sitt: "Hver er æðstur eða elstur allra goða?"

Hár segir: "Sá heitir Alföður að voru máli, en í Ásgarði hinum forna átti hann tólf nöfn. Eitt er Alföður, annað er Herran eða Herjan, þriðja er Nikar eða Hnikar, fjórða er Nikuss eða Hnikuður, fimmta Fjölnir, sjötta Óski, sjöunda Ómi, áttunda Bifliði eða Biflindi, níunda Sviðar, tíunda Sviðrir, ellefta Viðrir, tólfta Jálgr eða Jálkur."

Þá spyr Gangleri: "Hvar er sá guð eða hvað má hann eða hvað hefur hann unnið framaverka?"

Hár segir: "Lifir hann of allar aldir og stjórnar öllu ríki sínu og ræður öllum hlutum, stórum og smáum."

Þá mælir Jafnhár: "Hann smíðaði himin og jörð og loftin og alla eign þeirra."

Þá mælti Þriðji: "Hitt er mest er hann gerði manninn og gaf honum önd þá er lifa skal og aldrei tynast, þótt líkaminn fúni að moldu eða brenni að ösku. Og skulu allir menn lifa, þeir er rétt eru siðaðir, og vera með honum sjálfum þar sem heitir Gimlé eða Vingólf, en vondir menn fara til Heljar og þaðan í Niflhel, það er niður í hinn níunda heim."

Þá mælti Gangleri: "Hvað hafðist hann að áður en himinn og jörð væru gjör?"

Þá svarar Hár: "Þá var hann með hrímþursum."

### 4. kafli

Gangleri mælti: "Hvað var upphaf eða hversu hófst eða hvað var áður?"

Hár svarar: "Svo sem segir í Völuspá:

Ár var alda  
það er ekki var,  
vara sandur né sær  
né svalar unnir;  
jörð fannst eigi  
né upphiminn,  
gap var Ginnunga,  
en gras ekki."



Þá mælti Jafnhár: "Fyrr var það mörgum öldum en jörð var sköpuð er Niflheimur var gjör, og í honum miðjum liggur brunnur sá er Hvergelmir heitir, og þaðan af falla þær ár er svo heita: Svöl, Gunnþrá, Fjörm, Fimbulþul, Slíður og Hríð, Sylgur og Ylgur, Víð, Leiftur. Gjöll er næst Helgrindum."

Þá mælti Þriðji: "Fyrst var þó sá heimur í suðurhálfu er Múspell heitir. Hann er ljós og heitur, sú átt er logandi og brennandi, er hann og ófær þeim er þar eru útlendir og eigi eiga þar óðöl. Sá er Surtur nefndur er þar situr á landsenda til landvarnar. Hann hefur logandi sverð og í enda veraldar mun hann fara og herja og sigra öll goðin og brenna allan heim með eldi. Svo segir í Völuspá:

Surtur fer sunnan  
með svigalævi,  
skín af sverði  
sól valtíva;  
grjótbjörg gnata,  
en gífur rata,  
troða halir helveg,  
en himinn klofna

## 5. kafli

Gangleri mælti: "Hversu skipaðist áður en ættirnar yrðu eða aukaðist mannfólkið?"

Þá mælti Hár: "Ár þær er kallaðar eru Élivogar, þá er þær voru svo langt komnar frá uppsprettunni að eiturkvika sú er þar fylgdi harðnaði svo sem sindur það er rennur úr eldinum, þá varð það ís. Og þá er sá ís gaf staðar og rann eigi, þá hélaði yfir þannig úr það er af stóð eitrunu og fraus að hrími, og jók hrímið hvert yfir annað allt í Ginnungagap."

Þá mælti Jafnhár: "Ginnungagap, það er vissi til norðurættar, fylltist með þunga og höfugleik íss og hríms og inn í frá úr og gustur. En hinn syðri hlutur Ginnungagaps léttist mót gneistum og síum þeim er flugu úr Múspellsheimi."

Þá mælti Þriðji: "Svo sem kalt stóð af Niflheimi og allir hlutir grimmir, svo var það er vissi námunda Múspelli heitt og ljóst. En Ginnungagap var svo hlætt sem loft vindlaust. Og þá er mættist hrímin og blær hitans, svo að bráðnaði og draup, og af þeim kvikudropum kviknaði með krafti þess er til sendi hitann og varð manns líkandi og var sá nefndur Ýmir, en hrímþursar kalla hann Aurgelmi, og eru þaðan komnar ættir hrímþursa, svo sem segir í Völuspá hinni skömmu:

Eru völu allar



frá Viðólfi,  
vitkar allir  
frá Vilmeiði,  
en seiðberendur  
frá Svarthöfða,  
allir jötnar  
frá Ými komnir.

En hér segir svo Vafþrúðnir jötunn:

Hvaðan Aurgelmir kom  
með jötna sonum  
fyrst hinn fróði jötunn:  
Úr Élivogum  
stukku eiturdropar  
og óx uns úr varð jötunn,  
þar órar ættir  
komu allar saman,  
því er það æ allt til atalt."

Þá mælti Gangleri: "Hvernig óxu ættir þaðan eða skapaðist svo að fleiri menn urðu? Eða trúir þú þann guð er nú sagðir þú frá?"

Þá svarar Hár: "Fyr engan mun játum vér hann guð. Hann var illur og allir hans ættmenn, þá köllum vér hrímþursa. Og svo er sagt að þá er hann svaf fékk hann sveita. Þá óx undir vinstri hönd honum maður og kona, og annar fótur hans gat son við öðrum. En þaðan af komu ættir, það eru hrímþursar. Hinn gamli hrímþurs, hann köllum vér Ými."

## 6. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvar byggði Ýmir, eða við hvað lifði hann?"

Hár svarar: "Næst var það þá er hrímið draup að þar varð af kýr sú er Auðhumla hét, en fjórar mjólkár runnu úr spenum hennar, og fæddi hún Ými."

Þá mælti Gangleri: "Við hvað fæddist kýrin?"

Hár svarar: "Hún sleikti hrímsteinana er saltir voru. Og hinn fyrsta dag er hún sleikti steina kom úr steininum að kveldi mannhár, annan dag mannhöfuð, þriðja dag var þar allur maður. Sá er nefndur Búri. Hann var fagur álitum, mikill og máttugur. Hann gat son þann er Bor hét, hann fékk þeirrar konu er Bestla hét, dóttir Bölþorns jötuns, og fengu þau þrjá sonu. Hét einn Óðinn, annar Vilji,



Þriðji Vé. Og það er mín trúá að sá Óðinn og hans bræður munu vera stýrandi himins og jarðar. Það ætlum vér að hann muni svo heita. Svo heitir sá maður er vér vitum mestan og ágætastan, og vel megið þér hann láta svo heita."

## 7. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvað varð þá um þeirra sætt, eða hvorir voru ríkari?"

Þá svarar Hár: "Synir Bors drápu Ými jötun, en er hann féll, þá hljóp svo mikið blóð úr sárum hans að með því drektu þeir allri ætt hrímpursa, nema einn komst undan með sínu hýski. Þann kalla jötnar Bergelmi. Hann fór upp á lúður sinn og kona hans og hélst þar, og eru af þeim komnar hrímpursa ættir, svo sem hér segir:

Örófi vetra  
áður væri jörð of sköpuð,  
þá var Bergelmir borinn;  
það eg fyrst of man  
er sá hinn fróði jötunn  
á var lúður of lagður."

## 8. kafli

Þá segir Gangleri: "Hvað höfðust þá að Bors synir, ef þú trúir að þeir séu guð?"

Hár segir: "Eigi er þar lítið af að segja. Þeir tóku Ými og fluttu í mitt Ginnungagap og gerðu af honum jörðina, af blóði hans sæinn og vötnin. Jörðin var gjör af holdinu, en björgin af beinum. Grjót og urðir gerðu þeir af tönnum og jöxlum og af þeim beinum er brotin voru."

Þá mælti Jafnhár: "Af því blóði er úr sárum rann og laust fór, þar af gerðu þeir sjá þann er þeir gyrtu, og festu saman jörðina og lögðu þann sjá í hring utan um hana, og mun það flestum manni ófæra þykja að komast þar yfir."

Þá mælti Þriðji: "Tóku þeir og haus hans og gerðu þar af himin og settu hann upp yfir jörðina með fjórum skautum, og undir hvert horn settu þeir dverg. Þeir heita svo: Austri, Vestri, Norðri, Suðri.

Þá tóku þeir síur og gneista þá er lausir fóru og kastað hafði úr Múspellsheimi og settu á miðjan Ginnungahimin, bæði ofan og neðan til að lýsa himin og jörð. Þeir gáfu staðar öllum eldingum, sumum á himni, sumar fóru lausar undir himni,



og settu þó þeim stað og sköpuðu göngu þeim. Svo er sagt í fornum vísindum að þaðan af voru dægur greind og áratál svo sem segir í Völuspá:

Sól það né vissi  
 hvar hún sali átti,  
 máni það né vissi  
 hvað hann megins átti,  
 stjörnur það né vissu  
 hvar þær staði áttu.

Svo var áður en þetta væri of jörð."

Þá mælti Gangleri: "Þetta eru mikil tíðindi er nú heyri eg. Furðu mikil smíð er það og haglega gert. Hvernig var jörðin háttuð?"

Þá svarar Hár: "Hún er kringlótt utan og þar utan um liggur hinn djúpi sjár, og með þeirri sjávarströndu gáfu þeir lönd til byggðar jötna ættum. En fyrir innan á jörðunni gerðu þeir borg umhverfis heim fyrir ófriði jötna, en til þeirrar borgar höfðu þeir brár Ýmis jötuns og kölluðu þá borg Miðgarð. Þeir tóku og heila hans og köstuðu í loft og gerðu af skýin svo sem hér segir:

Úr Ýmis holdi  
 var jörð of sköpuð,  
 en úr sveita sjár,  
 björg úr beinum,  
 baðmur úr hári,  
 en úr hausum himinn.  
 En úr hans brám  
 gerðu blíð regin  
 Miðgarð manna sonum,  
 en úr hans heila  
 voru þau hin harðmóðgu  
 ský öll of sköpuð."

## 9. kafli

Þá mælti Gangleri: "Mikið þótti mér þeir hafa snúið til leiðar er jörð og himinn var gert og sól og himintungl voru sett og skipt dægum. Og hvaðan komu mennirnir þeir er heim byggja?"

Þá svarar Hár: "Þá er þeir Bors synir gengu með sævarströndu fundu þeir tré tvö og tóku upp trén og sköpuðu af menn. Gaf hinn fyrsti önd og líf, annar vit og hræring, þriðji ásjónu, málið og heyrn og sjón; gáfu þeim klæði og nöfn. Hét



karlmaðurinn Askur en konan Embla, og ólust þaðan af mannkindin, þeim er byggðin var gefinn undir Miðgarði.

Þar næst gerðu þeir sér borg í miðjum heimi er kallað er Ásgarður. Það köllum vér Trója. Þar byggðu guðin og ættir þeirra og gerðust þaðan af mörg tíðindi og greinir bæði á jörðu og í lofti. Þar er einn staður er Hliðskjálf heitir, og þá er Óðinn settist þar í hásæti, þá sá hann of alla heima og hvers manns athæfi og vissi alla hluti þá er hann sá. Kona hans hét Frigg Fjörgynsdóttir og af þeirra ætt er sú kynslóð komin er vér köllum ása ættir er byggt hafa Ásgarð hinn forna og þau ríki er þar liggja til, og er það allt goðkunnug ætt. Og fyrir því má hann heita Alföður að hann er faðir allra goðanna og manna og alls þess er af honum og hans krafti var fullgert. Jörðin var dóttir hans og kona hans. Af henni gerði hann hinn fyrsta soninn, en það er Ásapr. Honum fylgdi afl og sterkleikur. Þar af sigrar hann öll kvikvendi.

## 10. kafli

Nörfi eða Narfi hét jötunn er byggði í Jötunheimum. Hann átti dóttur er Nótt hét. Hún var svört og dökk sem hún átti ætt til. Hún var gift þeim manni er Naglfari hét. Þeirra sonur hét Auður. Því næst var hún gift þeim er Annar hét. Jörð hét þeirra dóttir. Síðast átti hana Dellingur. Var hann ása ættar. Var þeirra sonur Dagur. Var hann ljós og fagur eftir faðerni sínu.

Þá tók Alföður Nótt og Dag, son hennar, og gaf þeim tvo hesta og tvær kerrur og setti þau upp á himin, að þau skulu ríða á hverjum tveim dægum umhverfis jörðina. Ríður Nótt fyrri þeim hesti er kallaður er Hrímfaxi, og að morgni hverjum dögguvir hann jörðina með méldropum sínum. Sá hestur er Dagur á heitir Skinfaxi og lýsir allt loft og jörðina af faxi hans."

## 11. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hversu stýrir hann gang sólar og tungls?"

Hár segir: "Sá maður er nefndur Mundilfari er átti tvö börn. Þau voru svo fögur og fríð að hann kallaði annað Mána en dóttur sína Sól og gifti hana þeim manni er Glenur hét. En guðin reiddust þessu ofdrambi og tóku þau systkin og settu upp á himin, létu Sól keyra þá hesta er drógu kerru sólarinnar, þeirrar er guðin höfðu skapað til að lýsa heimana af þeirri síu er flaug úr Múspellsheimi. Þeir hestar heita svo: Árvakur og Alsvinnur. En undir bógum hestanna settu guðin tvo vindbelgi að kæla þá, en í sumum fræðum er það kallað ísarnkol.



Máni stýrir göngu tungls og ræður nýjum og niðum. Hann tók tvö börn af jörðu er svo heita: Bil og Hjúki, er þau gengu frá brunni þeim er Byrgir heitir og báru á öxlum sér sá er heitir Sægur, en stöngin Símul. Viðfinnur er nefndur faðir þeirra. Þessi börn fylgja Mána, svo sem sjá má af jörðu."

## 12. kafli

Þá mælti Gangleri: "Skjótt fer sólin og nær svo sem hún sé hrædd, og eigi mundi hún þá meir hvata göngunni að hún hræddist bana sinn."

Þá svarar Hár: "Eigi er það undarlegt að hún fari ákaflega. Nær gengur sá er hana sækir, og engan útveg á hún nema renna undan."

Þá mælti Gangleri: "Hver er sá er henni gerir þann ómaka?"

Hár segir: "Það eru tveir úlfar, og heitir sá er eftir henni fer Skoll. Hann hræðist hún og hann mun taka hana. En sá heitir Hati Hróðvitnisson er fyrir henni hleypur og vill hann taka tunglið, og svo mun verða."

Þá mælti Gangleri: "Hver er ætt úlfanna?"

Hár segir: "Gýgur ein býr fyrir austan Miðgarð í þeim skógi er Járnsviður heitir. Í þeim skógi byggja þær tröllkonur er Járnsviðjur heita. Hin gamla gýgur fæðir að sonum marga jötna og alla í vargs líkjum, og þaðan af eru komnir þessir úlfar. Og svo er sagt að af ættinni verður sá einn máttkastur er kallaður er Mánagarmur. Hann fyllist með fjörvi allra þeirra manna er deyja, og hann gleypir tungl og stökkvir blóði himin og loft öll. Þaðan týnir sól skini sínu og vindar eru þá ókyrrir og gnýja héðan og handan. Svo segir í Völuspá:

Austur býr hin aldna  
 í Járnsviði  
 og fæðir þar  
 Fenris kindir;  
 verður úr þeim öllum  
 einna nokkur  
 tungls tjúgari  
 í trölls hami.  
 Fyllist fjörvi  
 feigra manna,  
 rýður ragna sjöt  
 rauðum dreyra;  
 svört verða sólskin  
 of sumur eftir,



veður öll válynd.  
Vituð þér enn eða hvað?"

### 13. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hver er leið til himins af jörðu?"

Þá svarar Hár og hló við: "Eigi er nú fróðlega spurt. Er þér eigi sagt það að goðin gerðu brú til himins af jörðu, og heitir Bifröst? Hana muntu séð hafa. Kann vera að það kallir þú regnboga. Hún er með þrem litum og mjög sterk og ger með list og kunnáttu meiri en aðrir smíðir. En svo sterk sem hún er, þá mun hún brotna þá er Múspells megir fara og ríða hana, og svima hestar þeirra yfir stórar ár. Svo koma þeir fram."

Þá mælti Gangleri: "Eigi þótti mér goðin gera af trúnaði brúna, ef hún skal brotna mega, er þau mega gera sem þau vilja."

Þá mælti Hár: "Eigi eru goðin hallmælis verð fyrir þessa smíð. Góð brú er Bifröst, en enginn hlutur er sá í þessum heimi er sér megi treystast þá er Múspells synir herja."

### 14. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvað hafðist Alföður þá að er gjör var Ásgarður?"

Hár mælti: "Í upphafi setti hann stjórnarmenn í sæti og beiddi þá að dæma með sér örlög manna og ráða um skipun borgarinnar. Það var þar sem heitir Íðavöllur í miðri borginni. Var það hið fyrsta þeirra verk að gera hof það er sæti þeirra standa í, tólf önnur en hásætið það er Alföður á. Það hús er best gert á jörðu og mest. Allt er það utan og innan svo sem gull eitt. Í þeim stað kalla menn Glaðsheim.

Annar sal gerðu þeir, það var hörgur er gyðjurnar áttu og var hann allfagur. Það hús kalla menn Vingólf.

Þar næst gerðu þeir það að þeir lögðu aflu, og þar til gerðu þeir hamar og töng og steðja og þaðan af öll tól önnur, og því næst smíðuðu þeir málm og stein og tré og svo gnóglega þann málm er gull heitir, að öll búsgögn og öll reiðigögn höfðu þeir af gulli, og er sú öld kölluð gullaldur, áður en spilltist af tilkomu kvennanna. Þær komu úr Jötunheimum.





Þar næst settust guðin upp í sæti sín og réttu dóma sína og minntust hvaðan dvergar höfðu kviknað í moldunni og niðri í jörðunni, svo sem maðkar í holdi. Dvergarnir höfðu skipast fyrst og tekið kviknun í holdi Ýmis og voru þá maðkar, en af atkvæði guðanna urðu þeir vitandi manvits og höfðu manns líki og búa þó í jörðu og í steinum. Móðsognir var æðstur og annar Durinn. Svo segir í Völuspá:

Þá gengu regin öll  
 á rökstóla,  
 ginnheilug goð,  
 og of það gættust:  
 að skyldi dverga  
 drótt of skepja  
 úr brimi blóðgu  
 og úr Bláins leggjum.  
 Þar mannlíkun  
 mörg of gerðust,  
 dvergar í jörðu  
 sem Durinn sagði.

Og þessi segir hún nöfn þeirra dverganna:

Nýi, Niði  
 Norðri, Suðri,  
 Austri, Vestri,  
 Alþjófur, Dvalinn,  
 Nár, Náinn,  
 Nippingur, Dáinn,  
 Bifur, Báfur,  
 Bömbur, Nori,  
 Óri, Ónar,  
 Óðinn, Mjöldvitnir,  
 Vigur og Gandálfur,  
 Vindálfur, Þorinn,  
 Fili, Kili,  
 Fundinn, Vali,  
 Þrór, Þróinn,  
 Þekkur, Litur, Vitur,  
 Nýr, Nýráður,  
 Rekkur, Ráðsvinnur.

En þessir eru og dvergar og búa í steinum, en hinir fyrri í moldu:

Draupnir, Dólgþvari,  
 Haur, Hugstari,



Hleðjólfur, Glóinn,  
Dór, Óri,  
Dúfur, Andvari,  
Heftifili,  
Hár, Svíar.

En þessir komu frá Svarinshaugi til Aurvanga á Jöruvöllu og er þaðan kominn Lofar. Þessi eru nöfn þeirra:

Skirfir, Virfir,  
Skafiður, Ái,  
Álfur, Ingi,  
Eikinskjaldi,  
Falur, Frosti,  
Fiður, Ginnar."

## 15. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvar er höfuðstaðurinn eða helgistaðurinn goðanna?"

Hár svarar: "Það er að aski Yggdrasils. Þar skulu guðin eiga dóma sína hvern dag."

Þá mælti Gangleri: "Hvað er að segja frá þeim stað?"

Þá segir Jafnhár: "Askurinn er allra trjáa mestur og bestur. Limar hans dreifast yfir heim allan og standa yfir himni. Þrjár rætur trésins halda því uppi og standa afar breitt. Ein er með ásum en önnur með hrímþursum, þar sem forðum var Ginnungagap. Hin þriðja stendur yfir Niflheimi, og undir þeirri rót er Hvergelmir, en Níðhöggur gnagar neðan rótina. En undir þeirri rót er til hrímþursa horfir, þar er Mímisbrunnur, er spekt og manvit er í fólgið, og heitir sá Mímir er á brunninn. Hann er fullur af vísindum, fyrir því að hann drekkur úr brunninum af horninu Gjallarhorni. Þar kom Alföður og beiddist eins drykkjar af brunninum, en hann fékk eigi fyrr en hann lagði auga sitt að veði. Svo segir í Völuspá:

Allt veit eg, Óðinn,  
hvar þú auga falt,  
í þeim hinum mæra  
Mímis brunni;  
drekkur mjöð Mímir  
morgun hverjan  
af veði Valföðurs.



Vituð þér enn eða hvað?

Þriðja rót asksins stendur á himni, og undir þeirri rót er brunnur sá er mjög er heilagur er heitir Urðarbrunnur. Þar eiga guðin dómstað sinn. Hvern dag ríða æsir þangað upp um Bifröst. Hún heitir og Ásbrú. Hestar ásanna heita svo: Sleipnir er bestur, hann á Óðinn, hann hefur átta fætur. Annar er Gláður, þriðji Gyllir, fjórði Glenur, fimmti Skeiðbrimir, sjötti Silfrintoppur, sjöundi Sinir, áttundi Gils, níundi Falhófnir, tíundi Gulltoppur, ellefti Léttfeti. Baldurs hestur var brenndur með honum. En Þór gengur til dómsins og veður ár þær er svo heita:

Körmt og Örmt  
og Kerlaugar tvær,  
þær skal Þór vaða  
dag hvern  
er hann dæma fer  
að aski Yggdrasils,  
því að Ásbrú  
brenn öll loga,  
heilug vötn hlóa."

Þá mælti Gangleri: "Brennur eldur yfir Bifröst?"

Hár segir: "Það er þú sérð rautt í boganum er eldur brennandi. Upp á himin myndu ganga hrímþursar og bergrisar ef öllum væri fært á Bifröst þeim er fara vilja."

Margir staðir eru á himni fagrir, og er þar allt guðleg vörn fyrir. Þar stendur salur einn fagur undir askinum við brunninn, og úr þeim sal koma þrjár meyjar, þær er svo heita: Urður, Verðandi, Skuld. Þessar meyjar skapa mönnum aldur. Þær köllum vér nornir. Enn eru fleiri nornir þær er koma til hvers manns er borinn er, að skapa aldur, og eru þessar goðkunnugar en aðrar álfa ættar en hinar þriðju dverga ættar svo sem hér segir:

Sundurbornar mjög  
hygg eg að nornir sé,  
eigut þær ætt saman;  
sumar eru áskunnar,  
sumar eru álfkunnar,  
sumar dætur Dvalins."

Þá mælti Gangleri: "Ef nornir ráða örlögum manna, þá skipta þær geysi ójafnt, er sumir hafa gott líf og ríkulegt en sumir hafa lítið lén eða lof, sumir langt líf, sumir skammt."



Hár segir: "Góðar nornir og vel ættaðar skapa góðan aldur. En þeir menn er fyrir ósköpum verða, þá valda því illar nornir."

## 16. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvað er fleira að segja stórmerkja frá askinum?"

Hár segir: "Margt er þar af að segja. Örn einn situr í limum asksins, og er hann margs vitandi, en í milli augna honum situr haukur sá er heitir Veðurfölnir. Íkorni sá er heitir Ratatoskur rennur upp og niður eftir askinum og ber öfundarorð milli arnarins og Níðhöggs. En fjórir hirtir renna í limum asksins og bíta barr. Þeir heita svo: Dáinn, Dvalinn, Duneyr, Duraprór. En svo margir ormar eru í Hvergelmi með Níðhögg að engin tunga má telja. Svo segir hér:

Askur Yggdrasils  
drýgir erfiði  
meira en menn viti.  
Hjörtur bítur ofan,  
en á hliðu fúnar,  
skerðir Níðhöggur neðan.

Svo er sagt:

Ormar fleiri  
liggja und aski Yggdrasils  
en það of hyggi hver ósvinnra afa,  
Góinn og Móinn,  
þeir eru Grafvitnis synir,  
Grábakur og Grafvölluður,  
Ófnir og Sváfnir  
hygg eg að æ muni  
meiðs kvistum má.

Enn er það sagt að nornir þær er byggja við Urðarbrunn taka hvern dag vatn í brunninum og með aurinn þann er liggur um brunninn og ausa upp yfir askinn til þess að eigi skuli limar hans tréna eða fúna. En það vatn er svo heilagt að allir hlutir þeir sem þar koma í brunninn verða svo hvítir sem hinna sú er skjall heitir er innan liggur við eggskurn, svo sem hér segir:

Ask veit eg ausinn  
heitir Yggdrasill,  
hár baðmur heilagur,  
hvíta auri,



þaðan koma döggar  
er í dali falla,  
stendur hann æ yfir grænn  
Urðar brunni.

Sú dög er þaðan af fellur á jörðina, það kalla menn hunangfall, og þar af fæðast býflugur. Fuglar tveir fæðast í Urðarbrunni, þeir heita svanir, og af þeim fuglum hefur komið það fuglakyn er svo heitir."

## 17. kafli

Þá mælti Gangleri: "Mikil tíðindi kanntu að segja af himnum. Hvað er þar fleira höfuðstaða en að Urðarbrunni?"

Hár segir: "Margir staðir eru þar göfuglegir. Sá er einn staður þar er kallaður er Álfheimur. Þar byggir fólk það er Ljósálfar heita, en Dökkálfar búa niðri í jörðu, og eru þeir ólíkir þeim sýnum en miklu ólíkari reyndum. Ljósálfar eru fegri en sól sýnum, en Dökkálfar eru svartari en bik.

Þar er einn sá staður er Breiðablik er kallaður og enginn er þar fegri staður. Þar er og sá er Glitnir heitir, og eru veggir hans og steður og stólpar af rauðu gulli, en þak hans af silfri. Þar er enn sá staður er Himinbjörg heita. Sá stendur á himins enda við brúarsporð, þar er Bifröst kemur til himins. Þar er enn mikill staður er Valaskjálf heitir. Þann stað á Óðinn. Þann gerðu guðin og þöktu skíru silfri, og þar er Hliðskjálfinn í þessum sal, það hásæti er svo heitir. Og þá er Alföður situr í því sæti, þá sér hann of allan heim.

Á sunnanverðum himins enda er sá salur er allra er fegurstur og bjartari en sólin, er Gimlé heitir. Hann skal standa þá er bæði himinn og jörð hefur farist, og byggja þann stað góðir menn og réttlátir of allar aldir. Svo segir í Völuspá:

Sal veit eg standa  
sólu fegra  
gulli betra  
á Gimlé;  
þar skulu dyggvar  
dróttir byggja  
og of aldurdaga  
yndis njóta."

Þá mælti Gangleri: "Hvað gætir þess staðar þá er Surtalogi brennir himin og jörð?"



Hár segir: "Svo er sagt að annar himinn sé suður og upp frá þessum himni og heitir sá himinn Andlangur, en hinn þriðji himinn sé enn upp frá þeim og heitir sá Víðbláinn, og á þeim himni hyggjum vér þennan stað vera. En Ljósálfar einir hyggjum vér að nú byggji þá staði."

## 18. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvaðan kemur vindur? Hann er sterkur svo að hann hrærir stór höf, og hann æsir eld. En svo sterkur sem hann er, þá má eigi sjá hann. Því er hann undarlega skapaður."

Þá segir Hár: "Það kann eg vel að segja þér. Á norðanverðum himins enda situr jötunn sá er Hræsvelgur heitir. Hann hefur arnarham. En er hann beinir flug, þá standa vindar undan vængjum honum. Hér segir svo:

Hræsvelgur heitir  
er situr á himins enda,  
jötunn í arnarham;  
af hans vængjum  
kveða vind koma  
alla menn yfir."

## 19. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hví skilur svo mikið að sumar skal vera heitt en vetur kaldur?"

Hár segir: "Eigi myndi svo fróður maður spyrja, því að þetta vita allir að segja. En ef þú ert einn orðinn svo fávís að eigi hefur þetta heyrt, þá vil eg þó það vel virða að heldur spyrjir þú eitt sinn ófróðlega en þú gangir lengur duliður þess er skylt er að vita.

Svasuður heitir sá er faðir Sumars er, og er hann sællífur svo að af hans heitir er það kallað sváslegt er blítt er. En faðir Vetrar er ýmist kallaður Vindlóni eða Vindsvalur. Hann er Vosaðarson, og voru þeir áttungar grimmir og svalbrjóstaðir, og hefur Vetur þeirra skaplyndi."

## 20. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hverjir eru æsir þeir er mönnum er skylt að trú á?"



Hár segir: "Tólf eru æsir guðkunnugir."

Þá mælti Jafnhár: "Eigi eru ásynjurnar óhelgari og eigi mega þær minna."

Þá mælti Þriðji: "Óðinn er æðstur og elstur ásanna. Hann ræður öllum hlutum, og svo sem önnur guðin eru máttug þá þjóna honum öll svo sem börn föður. En Frigg er kona hans og veit hún örlög manna þótt hún segi eigi spár, svo sem hér er sagt að Óðinn mælti sjálfur við þann ás er Loki heitir:

Ær ertu Loki  
og örviti,  
hví leggsta þú, Loki?  
Örlög Frigg  
hygg eg að öll viti,  
þótt hún sjálfgi segi.

Óðinn heitir Alföður, því að hann er faðir allra goða. Hann heitir og Valföður, því að hans óskasynir eru allir þeir er í val falla. Þeim skipar hann Valhöll og Víngólf, og heita þeir þá einherjar. Hann heitir og Hangaguð og Haftaguð, Farmaguð - og enn hefur hann nefnst á fleiri vega þá er hann var kominn til Geirröðar konungs:

Hétumk Grímur  
og Gangleri,  
Herjan, Hjálmbéri,  
Þekkur, Þriði,  
Þuður, Uður,  
Helblindi, Hár,  
Saður, Svipall,  
Sanngetall,  
Herteitur, Hnikar,  
Bileygur, Báleygur,  
Bölverkur, Fjölnir,  
Grímnir, Glapsviður, Fjölsviður,  
Síðhöttur, Síðskeggur,  
Sigföður, Hnikuður,  
Alföður, Atríður, Farmatýr,  
Óski, Ómi,  
Jafnhár, Biflindi,  
Göndlir, Hárbarður,  
Sviður, Sviðrir,  
Jálkur, Kjalar, Viður,  
Þrór, Yggur, Þundur,  
Vakur, Skilvingur,



Váfuður, Hroftatýr,  
Gautur, Veratýr."

Þá mælti Gangleri: "Geysimörg heiti hafið þér gefið honum! Og það veit trúá mín að þetta mun vera mikill fróðleikur sá er hér kann skyn og dæmi hverjir atburðir hafa orðið sér til hvers þess nafns!"

Þá segir Hár: "Mikil skynsemi er að rifja vandlega það upp. En þó er þér það skjótast að segja að flest heiti hafa verið gefin af þeim atburð að svo margar sem eru greinir tungnanna í veröldinni, þá þykjast allar þjóðir þurfa að breyta nafni hans til sinnar tungu til ákalls og bæna fyrir sjálfum sér. En sumir atburðir til þessara heita hafa gerst í ferðum hans, og er það fært í frásagnir, og muntu eigi mega fróður maður heita ef þú skalt eigi kunna segja frá þeim stórtíðindum."

## 21. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hver eru nöfn annarra ásanna, eða hvað hafast þeir að, eða hvað hafa þeir gert til frama?"

Hár segir: "Þór er þeirra framast, sá er kallaður er Ásarpór eða Ökuþór. Hann er sterkastur allra guðanna og manna. Hann á þar ríki er Þrúðvangar heita en höll hans heitir Bilskirnir. Í þeim sal eru fimm hundruð gólfa og fjórir tígir. Það er hús mest svo að menn hafa gert. Svo segir í Grímnismálum:

Fimm hundrað gólfa  
og um fjórum tugum  
svo hygg eg Bilskirni með bugum,  
ranna þeirra  
er eg reft vita  
míns veit eg mest magar.

Þór á hafra tvo er svo heita: Tanngnjóstur og Tanngrisnir, og reið þá er hann ekur, en hafrarnir draga reiðina. Því er hann kallaður Ökuþór. Hann á og þrjá kostgripa. Einn þeirra er hamarinn Mjöllnir er hrímpursar og bergrisar kenna þá er hann kemur á loft, og er það eigi undarlegt. Hann hefur lamið margan haus á feðrum eða frændum þeirra. Annan grip á hann bestan: Megingjarðir. Og er hann spennir þeim um sig, þá vex honum ásmegin hálfu. Hinn þriðja hluta á hann, þann er mikill gripur er í, það eru járnglófar. Þeirra má hann eigi missa við hamarsskaftið. En enginn er svo fróður að telja kunni öll stórvirki hans. En segja kann eg þér svo mörg tíðindi frá honum að dveljast munu stundirnar áður en sagt er allt það er eg veit."





## 22. kafli

Þá mælti Gangleri: "Spyrja vil eg tíðinda af fleiri ásunum."

Hár segir: "Annar son Óðins er Baldur, og er frá honum gott að segja. Hann er bestur og hann lofa allir. Hann er svo fagur álitum og bjartur svo að lýsir af honum, og eitt gras er svo hvítt að jafnað er til Baldurs brár. Það er allra grasa hvítast. og þar eftir máttu marka hans fegurð bæði á hár og á líki. Hann er vitrastur ásanna og fegurst talaður og líknsamastur. En sú náttúra fylgir honum að enginn má haldast dómur hans. Hann býr þar sem heitir Breiðablik. Það er á himni. Í þeim stað má ekki vera óhreint, svo sem hér segir:

Breiðablik heita  
þar er Baldur hefir  
sér of gerva sali;  
á því landi  
er eg liggja veit  
fæsta feiknstafi.

## 23. kafli

Hinn þriðji ás er sá er kallaður er Njörður. Hann býr á himni þar sem heitir Nóatún. Hann ræður fyrir göngu vinds og stillir sjá og eld. Á hann skal heita til sæfara og til veiða. Hann er svo auðugur og fésæll að hann má gefa þeim auð landa eða lausafjár er á hann heita til þess. Eigi er Njörður ása ættar. Hann var upp fæddur í Vanaheimum, en vanir gísluðu hann goðunum og tóku í mót að gíslingu þann er Hænir heitir. Hann varð að sætt með goðunum og vönum.

Njörður á þá konu er Skaði heitir, dóttir Þjassa jötuns. Skaði vill hafa bústað þann er átt hafði faðir hennar. Það er á fjöllum nokkrum, þar sem heitir Þrymheimur. En Njörður vill vera nær sæ. Þau sættust á það að þau skyldu vera níu nætur í Þrymheimi en þá aðrar níu að Nóatúnum. En er Njörður kom aftur til Nóatúna af fjallinu, þá kvað hann þetta:

Leið erumk fjöll  
varka eg lengi á,  
nætur einar níu;  
úlfa þytur  
mér þótti illur vera  
hjá söngvi svana.

Þá kvað Skaði þetta:



Sofa eg né máttak  
sævar beðjum á  
fugls jarmi fyrir;  
sá mig vekur  
er af víði kemur  
morgun hverjan már.

Þá fór Skaði upp á fjallið og byggði í Þrymheimi, og fer hún mjög á skíðum og með boga og skýtur dýr. Hún heitir Öndurguð eða Öndurdís. Svo er sagt:

Þrymheimur heitir  
er Þjassi bjó  
sá hinn ámáttki jötunn;  
en nú Skaði byggir  
skír brúður guða  
fornar tóttir föður.

## 24. kafli

Njörður í Nóatúnum gat síðan tvö börn. Hét sonur Freyr en dóttir Freyja. Þau voru fögur álitum og máttug. Freyr er hinn ágætasti af ásum. Hann ræður fyrir regni og skini sólar, og þar með ávexti jarðar, og á hann er gott að heita til árs og friðar. Hann ræður og fésælu manna. En Freyja er ágætust af ásynjum. Hún á þann bæ á himni er Fólkvangur heitir, og hvar sem hún ríður til vígs, þá á hún hálfan val, en hálfan Óðinn, svo sem hér segir:

Fólkvangur heitir  
en þar Freyja ræður  
sessa kostum í sal;  
hálfan val  
hún kýs á hverjan dag,  
en hálfan Óðinn á.

Salur hennar, Sessrúmnir, hann er mikill og fagur. En er hún fer þá ekur hún köttum tveim og situr í reið. Hún er nákvæmst mönnum til á að heita, og af hennar nafni er það tignarnafn er ríkiskonur eru kallaðar fróvur. Henni líkaði vel mansöngur. Á hana er gott að heita til ásta."

## 25. kafli



Þá mælti Gangleri: "Miklir þykja mér þessir fyrir sér æsirnir og eigi er undarlegt að mikill kraftur fylgi yður er þér skuluð kunna skyn goðanna og vita hvert biðja skal hvernar bænarinna. Eða eru fleiri enn goðin?"

Hár segir: "Sá er enn ás er Týr heitir. Hann er djarfastur og best hugaður, og hann ræður mjög sigri í orustum. Á hann er gott að heita hreystimönnum. Það er orðtak að sá er týhraustur er umfram er aðra menn og ekki sést fyrir. Hann var vitur svo að það er mælt að sá er týspakur er vitur er. Það er eitt mark um djarfleik hans, þá er æsir lokkuðu Fenrisúlfr til þess að leggja fjöturinn á hann, Gleipni, þá trúði hann þeim eigi að þeir myndu leysa hann fyrr en þeir lögðu honum að veði hönd Týs í munn úlfsins. En þá er æsir vildu eigi leysa hann þá beit hann höndina af þar er nú heitir úlfliður, og er hann einhendur og ekki kallaður sættir manna.

## 26. kafli

Bragi heitir einn. Hann er ágætur að speki og mest að málsnilld og orðfimi. Hann kann mest af skáldskap, og af honum er bragur kallaður skáldskapur, og af hans nafni er sá kallaður bragur karla eða kvenna er orðsnilld hefur frammar en aðrir, kona eða karlmaður. Kona hans er Iðunn. Hún varðveitir í eski sínu epli þau er goðin skulu á bíta þá er þau eldast, og verða þá allir ungir, og svo mun vera allt til ragnarökkurs."

Þá mælti Gangleri: "Allmikið þykir mér goðin eiga undir gæslu eða trúnaði Iðunnar."

Þá mælti Hár og hló við: "Nær lagði það ófæru einu sinni. Kunna mun eg þar af að segja, en þú skalt nú fyrst heyrja nöfn ásanna fleiri.

## 27. kafli

Heimdallur heitir einn. Hann er kallaður hvíti ás. Hann er mikill og heilagur. Hann báru að syni meyjar níu og allar systur. Hann heitir og Hallinskíði og Gullintanni, tennur hans voru af gulli. Hestur hans heitir Gulltoppur. Hann býr þar er heitir Himinbjörg við Bifröst. Hann er vörður goða og situr þar við himins enda að gæta brúarinnar fyrir bergrisum. Þarf hann minni svefn en fugl. Hann sér jafnt nótt sem dag hundrað rasta frá sér. Hann heyrir og það er gras vex á jörðu eða ull á sauðum og allt það er hærra lætur. Hann hefur lúður þann er Gjallarhorn heitir, og heyrir blástur hans í alla heima. Heimdallar sverð er kallað höfuð. Hér er svo sagt:

Himinbjörg heita,



en þar Heimdall kveða  
valda véum;  
þar vörður goða  
drekur í væru ranni  
glaður hinn góða mjöð.

Og enn segir hann sjálfur í Heimdallargaldri:

Níu em eg mæðra mögur,  
níu em eg systra sonur.

## 28. kafli

Höður heitir einn ásinn. Hann er blindur. Ærið er hann styrkur, en vilja myndu goðin að þennan ás þyrfti eigi að nefna, því að hans handaverk munu lengi vera höfð að minnum með goðum og mönnum.

## 29. kafli

Víðar heitir einn, hinn þögli ás. Hann hefur skó þjökkvan. Hann er sterkur næst því sem Þór er. Af honum hafa goðin mikið traust í allar þrautir.

## 30. kafli

Áli eða Váli heitir einn, sonur Óðins og Rindar. Hann er djarfur í orustum og mjög happskeytur.

## 31. kafli

Ullur heitir einn, sonur Sifjar, stúpsonur Þórs. Hann er bogmaður svo góður og skíðfær svo að enginn má við hann keppast. Hann er fagur álitum og hefur hermanna atgervi. Á hann er og gott að heita í einvígi.

## 32. kafli

Forseti heitir sonur Baldurs og Nönnu Nepsdóttur. Hann á þann sal á himni er Glitnir heitir. En allir er til hans koma með sakarvandræði, þá fara allir sáttir á braut. Sá er dómstaður bestur með guðum og mönnum. Svo segir hér:

Glitnir heitir salur,



hann er gulli studdur  
og silfri þaktur hið sama;  
en þar Forseti  
byggir flestan dag  
og svæfir allar sakar.

### 33. kafli

Sá er enn taldur með ásum er sumir kalla rógbera ásanna og frumkveða flærðanna og vömm allra goða og manna. Sá er nefndur Loki eða Loftur, sonur Fárbauda jötuns. Móðir hans er Laufey eða Nál, bræður hans eru þeir Býleistur og Heldblindi. Loki er fríður og fagur sýnum, illur í skaplyndi, mjög fjölbreytinn að háttum. Hann hafði þá speki umfram aðra menn er slægð heitir og vélar til allra hluta. Hann kom ásum jafnan í fullt vandræði, og oft leysti hann þá með vélræðum. Kona hans heitir Sigyn, sonur þeirra Nari eða Narfi.

### 34. kafli

Enn átti Loki fleiri börn. Angurboða heitir gýgur í Jötunheimum. Við henni gat Loki þrjú börn. Eitt var Fenrisúlfulur, annað Jörmungandur, það er Miðgarðsormur, þriðja er Hel.

En er goðin vissu til þess að þessi þrjú systkin fæddust upp í Jötunheimum og goðin röktu til spádóma að af systkinum þessum myndi þeim mikið mein og óhapp standa og þótti öllum mikils ills af væni, fyrst af móðerni og enn verra af faðerni, þá sendi Alföður til guðin að taka börnin og færa sér. Og er þau komu til hans, þá kastaði hann orminum í hinn djúpa sæ er liggur um öll lönd, og óx sá ormur svo að hann liggur í miðju hafinu of öll lönd og bítur í sporð sér. Hel kastaði hann í Niflheim og gaf henni vald yfir níu heimum, að hún skipti öllum vistum með þeim er til hennar voru sendir, það eru sótt dauðir menn og ellidauðir. Hún á þar mikla bólstaði og eru garðar hennar forkunnar háir og grindur stórar. Éljúðnir heitir salur hennar, Hungur diskur hennar, Sultur knífur hennar, Ganglati þrællinn, Ganglöt ambátt, Fallandaforað þreskuldur hennar er inn gengur, Kör sæng, Blíkjandaböl ársali hennar. Hún er blá hálf en hálf með hörundar lit. Því er hún auðkennd og heldur gnúpleit og grimmleg.

Úlfinn fæddu æsir heima og hafði Týr einn djarfleik til að ganga að úlfinum og gefa honum mat. En er guðin sáu hversu mikið hann óx hvern dag, og allar spár sögðu að hann myndi vera lagður til skaða þeim, þá fengu æsir það ráð að þeir gerðu fjötur allsterkan er þeir kölluðu Læðing, og báru hann til úlfsins og báðu hann reyna afl sitt við fjöturinn. En úlfinum þótti sér það ekki ofurefli og lét þá



fara með sem þeir vildu. Hið fyrsta sinn er úlfurinn spyrnti við brotnaði sá fjötur. Svo leystist hann úr Læðingi.

Því næst gerðu æsirnar annan fjötur hálfu sterkari er þeir kölluðu Dróma, og báðu enn úlfinn reyna þann fjötur og töldu hann verða myndu ágætan mjög að afli ef slík stórsmíð mætti eigi halda honum. En úlfurinn hugsaði að þessi fjötur var sterkur mjög og það með að honum hafði afl vaxið síðan er hann braut Læðing. Kom það í hug að hann myndi verða að leggja sig í hættu ef hann skyldi frægur verða, og lét leggja á sig fjöturinn. Og er æsir töldust búnir, þá hristi úlfurinn sig og laust fjötrinum á jörðina og knúði fast að, spyrnti við, braut fjöturinn svo að fjarri flugu brotin. Svo drap hann sig úr Dróma. Það er síðan haft fyrir orðtak að "leysi úr Læðingi" eða "drepji úr Dróma" þá er einhver hlutur er ákaflega sóttur.

Eftir það óttuðust æsirnar að þeir myndu eigi fá bundið úlfinn. Þá sendi Alföður þann er Skírnir er nefndur, sendimaður Freys, ofan í Svartálfaheim til dverga nokkurra og lét gera fjötur þann er Gleipnir heitir. Hann var gjör af sex hlutum: Af dyn kattarins og af skeggi konunnar og af rótum bjargsins og af sinum bjarnarins og af anda fisksins og af fugls hráka. Og þóttú vitir eigi áður þessi tíðindi, þá máttu nú finna skjótt hér sönn dæmi að eigi er logið að þér: Séð munt þú hafa að konan hefur ekki skegg, og enginn dynur verður af hlaupi kattarins, og eigi eru rætur undir bjarginu. Og það veit trúa mín að jafnsatt er það allt er eg hef sagt þér, þótt þeir séu sumir hlutir er þú mátt eigi reyna."

Þá mælti Gangleri: "Þetta má eg að vísu skilja að satt er. Þessa hluti má eg sjá er þú hefur nú til dæma tekið. En hvernig varð fjöturinn smíðaður?"

Hár segir: "Það kann eg þér vel segja. Fjöturinn varð sléttur og blautur sem silkiræma en svo traustur og sterkur sem nú skaltu heyra.

Þá er fjöturinn var færður ásunum þökkuðu þeir vel sendimanni sitt erindi. Þá fóru æsirnar út í vatn það er Ámsvartnir heitir, í hólmi þann er Lyngvi er kallaður, og kölluðu með sér úlfinn, sýndu honum silkibandið og báðu hann slíta og kváðu vera nokkru traustara en líkindi þættu á fyrir digurleiks sakir, og seldi hver öðrum og treysti með handaafli, og slitnaði eigi. En þó kváðu þeir úlfinn slíta myndu.

Þá svarar úlfurinn: "Svo líst mér á þennan dregil sem enga frægð muni eg af hljóta þótt eg slíti í sundur svo mjótt band. En ef það er gjört með list og vél, þótt það sýnist lítið, þá kemur það band eigi á mína fætur."

Þá söguð æsirnar að hann mundi skjótt sundur slíta mjótt silkiband er hann hafði fyrr brotið stóra járnfjötra. "En ef þú færð eigi þetta band slitið, þá muntu ekki hræða mega goðin, enda skulum vér þá leysa þig."



Úlfurinn segir: "Ef þér bindið mig svo að eg fæ eigi leyst mig, þá skallið þér svo að mér mun seint verða að taka af yður hjálp. Ófús em eg að láta þetta band á mig leggja. En heldur en þér frýið mér hugar, þá leggi einhver yðar hönd sína í munn mér að veði að þetta sé falslaust gert."

En hver ásanna sá til annars og þótti nú vera tvö vandræði, og vildi enginn sína hönd fram selja fyrr en Týr lét fram hönd sína hægri og leggur í munn úlfinum. En er úlfurinn spyrnir, þá harðnaði bandið, og því harðar er hann braust um því skarpara var bandið. Þá hlógu allir nema Týr. Hann lét hönd sína.

Þá er æsirirnir sáu að úlfurinn var bundinn að fullu, þá tóku þeir festina er úr var fjötrinum, er Gelgja hét, og drógu hana gegnum hellu mikla, sú heitir Gjöll, og festu helluna langt í jörð niður. Þá tóku þeir mikinn stein og skutu enn lengra í jörðina. Sá heitir Þviti, og höfðu þann stein fyrir festarhælinn.

Úlfurinn gapti ákaflega og fékkst um mjög og vildi bíta þá. Þeir skutu í munn honum sverði nokkru. Nema hjöltin við neðri gómi en efri gómi blóðrefill. Það er gómsparri hans. Hann grenjar illilega og slefa rennur úr munni hans. Það er sú á er Vón heitir. Þar liggur hann til ragnarökkurs."

Þá mælti Gangleri: "Furðu illa barneign gat Loki. En öll þessi systkin eru mikil fyrir sér. En fyrir hví drápu æsir eigi úlfinn er þeim er ills von af honum?"

Hár svarar: "Svo mikils vertu goðin vé sín og griðastaði að eigi vildu þau saurga þá með blóði úlfsins, þótt svo segi spárnar að hann muni verða að bana Óðni."

### 35. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hverjar eru ásynjurnar?"

Hár segir: "Frigg er æðst. Hún á þann bæ er Fensalir heita og er hann allveglegur.

Önnur er Sága. Hún býr á Sökkvabekk og er það mikill staður.

Þriðja er Eir. Hún er læknir bestur.

Fjórða er Gefjun. Hún er mær og henni þjóna þær er meyjar andast.

Fimmta er Fulla. Hún er enn mær og fer laushár og gullband um höfuð. Hún ber eski Friggjar og gætir skóklæða hennar og veit launráð með henni.

Freyja er tignust með Frigg. Hún giftist þeim manni er Óður heitir. Dóttir þeirra heitir Hnoss. Hún er svo fögur að af hennar nafni eru hnossir kallaðar það er



fagurt er og gersemlegt. Óður fór í braut langar leiðir, en Freyja grætur eftir, en tár hennar er gull rautt. Freyja á mörg nöfn, en sú er sök til þess að hún gaf sér ýmis heiti er hún fór með ókunnum þjóðum að leita Óðs. Hún heitir Mardöll og Hörn, Gefn, Sýr. Freyja átti brisingamen. Hún er kölluð Vanadís.

Sjöunda Sjöfn. Hún gætir mjög til að snúa hugum manna til ásta, kvenna og karla. Af hennar nafni er elskhuginn kallaður sjafni.

Áttunda Lofn. Hún er svo mild og góð til áheita að hún fær leyfi af Alföður eða Frigg til manna samgangs, kvenna og karla, þótt áður sé bannað eða þvertekið. Fyrir því er af hennar nafni lof kallað, og svo það er lofað er mjög af mönnum.

Níunda Vár. Hún hlýðir á eiða manna og einkamál er veita sín á milli konur og karlar. Því heita þau mál vórar. Hún hefnir og þeim er brigða.

Tíunda Vör. Hún er vitur og spurul svo að engan hlut má hana leyna. Það er orðtak að kona verði vör þess er hún verður vís.

Ellefta syn. Hún gætir dura í höllinni og lýkur fyrir þeim er eigi skulu inn ganga og hún er sett til varnar á þingum fyrir þau mál er hún vill ósanna. Því er það orðtak að syn sé fyrir sett þá er maður neitar.

Tólfta Hlín. Hún er sett til gæslu yfir þeim mönnum er Frigg vill forða við háska nokkrum. Þaðan af er það orðtak að sá er forðast hleinir.

Prettánda Snotra. Hún er vitur og látprúð. Af hennar heiti er kallað snotur kona eða karlmaður sá er hóflátur er.

Fjórta Gná. Hana sendir Frigg í ýmsa heima að erindum sínum. Hún á þann hest, er rennur loft og lög, er heitir Hófvarpnir. Það var eitt sinn er hún reið að vanir nokkrir sá reið hennar í loftinu. Þá mælti einn:

"Hvað er þar flýgur?  
Hvað þar fer  
eða að lofti líður?"

Hún svarar:

"Né eg flýg,  
þó eg fer  
og að lofti líðk  
á Hófvarpni  
þeim er Hamskerpir  
gat við Garðrofu."





Af Gnár nafni er svo kallað að það gnæfir er hátt fer.

Sól og Bil eru taldar með ásynjum, en sagt er fyrr frá eðli þeirra.

### 36. kafli

Enn eru þær aðrar er þjóna skulu í Valhöll, bera drykkju og gæta borðbúnaðar og ölgagna. Svo eru þær nefndar í Grímnismálum:

Hrist og Mist  
 vil eg að mér horn beri,  
 Skeggjöld og Skögul,  
 Hildur og Þrúður,  
 Hlökk og Herfjötur,  
 Göll og Geirahöð,  
 Randgríð og Ráðgríð,  
 og Reginleif.  
 Þær bera einherjum öl.

Þessar heita valkyrjur. Þær sendir Óðinn til hverrar orustu. Þær kjósa feigð á menn og ráða sigri. Gunnur og Rota og norn hin yngsta er Skuld heitir ríða jafnan að kjósa val og ráða vígum.

Jörð, móðir Þórs, og Rindur, móðir Vála, eru taldar með ásynjum.

### 37. kafli

Gymir hét maður en kona hans Aurboða. Hún var bergrisaættar. Dóttir þeirra er Gerður, er allra kvenna er fegurst. Það var einn dag er Freyr hafði gengið í Hliðskjálf og sá of heima alla. En er hann leit í norðurætt, þá sá hann á einum bæ mikið hús og fagurt, og til þess húss gekk kona, og er hún tók upp höndum og lauk hurð fyrir sér þá lýsti af höndum hennar bæði í loft og á lög, og allir heimar birtust af henni. Og svo hefndi honum það mikla mikillæti er hann hafði sest í það helga sæti að hann gekk í braut fullur af harmi. Og er hann kom heim mælti hann ekki, hvorki svaf hann né drakk. Enginn þorði og krefja hann orða.

Þá lét Njörður kalla til sín Skírni, skósvein Freys, og bað hann ganga til Freys og beiða hann orða og spyrja hverjum hann væri svo reiður að hann mælti ekki við menn. En Skírnir kvaðst ganga myndu, og eigi fús, og kvað illra svara vera von af honum. En er hann kom til Freys, þá spurði hann hví Freyr var svo hnipinn og mælti ekki við menn. Þá svarar Freyr og sagði að hann hafði séð konu fagra, og fyrir hennar sakir var hann svo harmsfullur að eigi myndi hann lengi lifa ef hann



skyldi eigi ná henni. "Og nú skaltu fara og biðja hennar mér til handa og hafa hana heim hingað hvort er faðir hennar vill eða eigi, og skal eg það vel launa þér."

Þá svarar Skírnir, sagði svo að hann skal fara sendiferð en Freyr skal fá honum sverð sitt. Það var svo gott sverð að sjálft vóst. En Freyr lét eigi það til skorta og gaf honum sverðið.

Þá fór Skírnir og bað honum konunnar og fékk heit hennar, og níu nóttum síðar skyldi hún þar koma er Barrey heitir og ganga þá að brullaupinu með Frey. En er Skírnir sagði Frey sitt erindi, þá kvað hann þetta:

"Löng er nótt,  
löng er önnur,  
hve mega eg þreyja þrjár?  
Oft mér mánaður  
minni þótti  
en sjá hálf hýnótt."

Þessi sök er til er Freyr var svo vopnlaus er hann barðist við Belja og drap hann með hjartarhorni."

Þá mælti Gangleri: "Undur mikið er þvílíkur höfðingi sem Freyr er vildi gefa sverð svo að hann átti eigi annað jafngott. Geysimikið mein var honum það þá er hann barðist við þann er Belji heitir. Það veit trúa mín að þeirrar gafar mundi hann þá iðrast."

Þá svarar Hár: "Lítið mark var þá að er þeir Belji hittust. Drepa mátti Freyr hann með hendi sinni. Verða mun það er Frey mun þykja verr við koma er hann missir sverðsins þá er Múspellssynir fara og herja."

### 38. kafli

Þá mælti Gangleri: "Það segir þú að allir þeir menn er í orustu hafa fallið frá upphafi heims eru nú komnir til Óðins í Valhöll. Hvað hefur hann að fá þeim að vistum? Eg hugði að þar skyldi vera allmikið fjölmenni."

Þá svarar Hár: "Satt er það er þú segir. Allmikið fjölmenni er þar. En miklu fleira skal enn verða, og mun þó of lítið þykja þá er úlfurinn kemur. En aldrei er svo mikill mannfjöldi í Valhöll að eigi má þeim endast flesk galtar þess er Sæhrímnir heitir. Hann er soðinn hvern dag og heill að aftni. En þessi spurning er nú spyr þú þykir mér líkara að fáir muni svo vísir vera að hér kunni satt af að segja. Andhrímnir heitir steikarinn, en Eldhrímnir ketillinn. Svo er hér sagt:



Andhrímnir lætur  
í Eldhrímni  
Sæhrímni soðinn,  
fleska bast,  
en það fáir vita  
við hvað einherjar alast."

Þá mælti Gangleri: "Hvort hefur Óðinn það sama borðhald sem einherjar?"

Hár segir: "Þá vist er á hans borði stendur gefur hann tveim úlfum er hann á er svo heita: Geri og Freki. Og enga vist þarf hann. Vín er honum bæði drykkur og matur. Svo segir hér:

Gera og Freka  
seður gunntamiður  
hróðigur Herjaföður,  
en við vín eitt  
vopngöfigur  
Óðinn æ lifir.

Hrafnar tveir sitja á öxlum honum og segja í eyru honum öll tíðindi þau er þeir sjá eða heyra. Þeir heita svo: Huginn og Muninn. Þá sendir hann í dagan að fljúga um allan heim og koma þeir aftur að dögurðarmáli. Þar af verður hann margra tíðinda vís. Því kalla menn hann hrafnaguð, svo sem sagt er:

Huginn og Muninn  
fljúga hverjan dag  
jörmungrund yfir.  
Óumk eg Hugin  
að hann aftur né komi,  
þó sjáumk eg meir um Munin."

### 39. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvað hafa einherjar að drykk, það er þeim endist jafngnóglega sem vistin, eða er þar vatn drukkið?"

Þá segir Hár: "Undarlega spyrðu nú, að Alföður mun bjóða til sín konungum eða jörlum eða öðrum ríkismönnum og muni gefa þeim vatn að drekka! Og það veit trúa mín að margur kemur sá til Valhallar er dýrt myndi þykjast kaupa vatnsdrykkinn ef eigi væri betri fagnaðar þangað að vitja, sá er áður þolir sár og sviða til banans.



Annað kann eg þér þaðan segja. Geit sú er Heiðrún heitir stendur uppi á Valhöll og bítur barr af limum trés þess er mjög er nafnfrægt, er Léraður heitir. En úr spenum hennar rennur mjöður sá er hún fyllir skapker hvern dag. Það er svo mikið að allir einherjar verða fulldruknir af."

Þá mælti Gangleri: "Það er þeim geysihagleg geit! Forkunnar góður viður mun það vera er hún bítur af!"

Þá mælti Hár: "Enn er meira mark að of hjörtinn Eikþyrni, er stendur á Valhöll og bítur af limum þess trés, en af hornum hans verður svo mikill dropi að niður kemur í Hvergelmi, en þaðan af falla ár þær er svo heita: Síð, Víð, Sekin, Ekin, Svöl, Gunnþró, Fjörm, Fimbulpul, Gipul, Göpul, Gömul, Geirvimul; þessar falla um ásabyggðir. Þessar eru enn nefndar: Þyn, Vin, Þöll, Höll, Gráð, Gunnþráin, Nyt, Naut, Nönn, Hrönn, Vína, Vegsvinn, Þjóðnuma."

#### 40. kafli

Þá mælti Gangleri: "Þetta eru undarleg tíðindi er nú sagðir þú. Geysimikið hús mun Valhöll vera. Allþröngt mun þar oft vera fyrir durum."

Þá svarar Hár: "Hví spyr þú eigi þess hversu margar dyr eru á Valhöll og hversu stórar? Ef þú heyrir það sagt þá muntu segja að hitt er undarlegt ef eigi má ganga út og inn hver er vill. En það er með sönnu að segja að eigi er þrengra að skipa hana en ganga í hana. Hér máttu heyra í Grímnismálum:

Fimm hundrað dura  
og of fjórum tögum,  
svo hygg eg á Valhöllu vera.  
Átta hundruð einherja  
ganga senn ór einum durum  
þá er þeir fara með vitni að vega."

#### 41. kafli

Þá mælti Gangleri: "Allmikill mannfjöldi er í Valhöll, svo njóta trú minnar að allmikill höfðingi er Óðinn er hann stýrir svo miklum her. Eða hvað er skemmtun einherjanna þá er þeir drekka eigi?"

Hár segir: "Hvern dag þá er þeir hafa klæðst, þá hervæða þeir sig og ganga út í garðinn og berjast og fellir hver annan. Það er leikur þeirra. Og er líður að dögurðarmáli, þá ríða þeir heim til Valhallar og setjast til drykkju, svo sem hér segir:



Allir einherjar  
Óðins túnum í  
höggvast hverjan dag.  
Val þeir kjósa  
og ríða vígi frá,  
sitja meir um sáttir saman.

En satt er það er þú sagðir: Mikill er Óðinn fyrir sér. Mörg dæmi finnast til þess. Svo er hér sagt í orðum sjálfra ásanna:

Askur Yggdrasils  
hann er æðstur víða,  
en Skíðblaðnir skipa,  
Óðinn ása,  
en jóa Sleipnir,  
Bifröst brúa,  
En Bragi skálda,  
Hábrók hauka,  
en hunda Garmur."

## 42. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hver á þann hest Sleipni? Eða hvað er frá honum að segja?"

Hár segir: "Eigi kanntu deili á Sleipni og eigi veistu atburði af hverju hann kom. En það mun þér þykja frásagnar vert.

Það var snemma í öndverða byggð goðanna, þá er goðin höfðu sett Miðgarð og gert Valhöll, þá kom þar smiður nokkur og bauð að gera þeim borg á þrem misserum svo góða að trú og örugg væri fyrir bergrisum og hrímþursum þótt þeir komi inn um Miðgarð. En hann mælti sér það til kaups að hann skyldi eignast Freyju, og hafa vildi hann sól og mána.

Þá gengu æsir á tal og réðu ráðum sínum, og var það kaup gert við smiðinn að hann skyldi eignast það er hann mælti til ef hann fengi gert borgina á einum vetri. En hinn fyrsta sumars dag, ef nokkur hlutur væri ógjör að borginni, þá skyldi hann af kaupinu. Skyldi hann af engum manni lið þiggja til verksins. Og er þeir sögðu honum þessa kosti, þá beiddist hann að þeir skyldu lofa að hann hefði lið af hesti sínum er Svaðilfari hét. En því réð Loki er það var til lagt við hann.

Hann tók til hinn fyrsta vetrardag að gera borgina, en of nætur dró hann til grjót á hestinum. En það þótti ásunum mikið undur hversu stór björg sá hestur dró, og



hálfu meira þrekvirki gerði hesturinn en smiðurinn. En að kaupum þeirra voru sterk vitni og mörg særi, fyrir því að jötnum þótti ekki tryggt að vera með ásum griðlaust ef Þór kæmi heim, en þá var hann farinn í austurveg að berja tröll.

En er á leið veturinn þá sóttist mjög borgargerðin og var hún svo há og sterk að eigi mátti á það leita. En þá er þrjú dagar voru til sumars þá var komið mjög að borghliði.

Þá settust guðin á dómstóla sína og leituðu ráða, og spurði hver annan hver því hefði ráðið að gifta Freyju í Jötunheima eða spilla loftinu og himninum svo að taka þaðan sól og tungl og gefa jötnum. En það kom ásamt með öllum að þessu myndi ráðið hafa sá er flestu illu ræður, Loki Laufeyjarson, og kváðu hann verðan ills dauða ef eigi hitti hann ráð til að smiðurinn væri af kaupinu, og veittu Loka aðgöngu. En er hann varð hræddur þá svarði hann eiða að hann skyldi svo til haga að smiðurinn skyldi af kaupinu, hvað sem hann kostaði til.

Og hið sama kveld er smiðurinn ók út eftir grjótinu með hestinn Svaðilfara þá hljóp úr skógi nokkrum merr að hestinum og hrein við. En er hesturinn kenndi hvað hrossi þetta var þá æddist hann og sleit sundur reipin og hljóp til merarinnar, en hún undan til skógar og smiðurinn eftir og vill taka hestinn. En þessi hross hlaupa alla nótt og dvelst smíðin þá nótt. Og eftir um daginn varð ekki svo smíðað sem fyrr hafði orðið. Og þá er smiðurinn sér að eigi mun lokið verða verkinu þá færast smiðurinn í jötunmód. En er æsirnar sá það til vís að þar var berggrisi kominn, þá varð eigi þyrmt eiðunum, og kölluðu þeir á Þór og jafnskjótt kom hann. Og því næst fór á loft hamarinn Mjöllnir, galt þá smíðarkaupið og eigi sól og tungl, heldur synjaði hann honum að byggja í Jötunheimum og laust það hið fyrsta högg er hausinn brotnaði í smáan mola og sendi hann niður undir Niflhel.

En Loki hafði þá ferð haft til Svaðilfara að nokkru síðar bar hann fyl. Það var grátt og hafði átta fætur, og er sá hestur bestur með höðum og mönnum. Svo segir í Völuspá:

Þá gengu regin öll  
 á rökstóla,  
 ginnheilug goð,  
 og of það gættust,  
 hver hefði loft allt  
 lævi blandið  
 eða ætt jötuns  
 Óðs mey gefna.  
 Á gengust eiðar,  
 orð og særi,  
 mál öll meginleg



er á meðal fóru.  
Þór einn þar vá,  
þrungin móði,  
hann sjaldan situr  
er hann slíkt of fregn."

### 43. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvað er að segja frá Skíðblaðni er hann er bestur skipa? Hvort er ekki skip jafngott sem hann er eða jafnmikið?"

Hár segir: "Skíðblaðnir er bestur skipanna og með mestum hagleik ger, en Naglfari er mest skip, það er á Múspell."

Dvergar nokkrir, synir Ívalda, gerðu Skíðblaðni og gáfu Frey skipið. Hann er svo mikill að allir æsir mega skipa hann með vopnum og herbúnaði og hefur hann byr þegar er segl er dregið, hvert er fara skal. En þá er eigi skal fara með hann á sæ þá er hann gjör af svo mörgum hlutum og með svo mikilli list að hann má vefja saman sem dúk og hafa í pung sínum.

### 44. kafli

Þá mælti Gangleri: "Gott skip er Skíðblaðnir en allmikil fjölkynngi mun vera við höfð áður svo fáir gert. Hvort hefur Þór hvergi svo farið að hann hafi hitt fyrir sér svo ríkt eða rammt að honum hafi ofurefli í verið fyrir afls sakir eða fjölkynngi?"

Þá mælti Hár: "Fár maður vættir mig að frá því kunni að segja, en margt hefur honum harðfært þótt. En þótt svo hafi verið að nokkur hlutur hafi svo verið rammur eða sterkur að Þór hafi eigi sigur fengið á unnið, þá er eigi skylt að segja frá, fyrir því að mörg dæmi eru til þess og því eru allir skyldir að trúna að Þór er máttkastur."

Þá mælti Gangleri: "Svo líst mér sem þess hlutar mun eg yður spurt hafa er enginn er til fær að segja."

Þá mælti Jafnhár: "Heyrt höfum vér sagt frá þeim atburðum er oss þykja ótrúlegir að sannir muni vera. En hér mun sá sitja nær er vita mun sönn tíðindi af að segja og muntu því trúna að hann mun eigi ljúga nú hið fyrsta sinn er aldrei laug fyrr."



Þá mælti Gangleri: "Hér mun eg standa og hlýða ef nokkur úrlausn fæst þessa máls. En að öðrum kosti kalla eg yður vera yfirkomna ef þér kunnið eigi að segja það er eg spyr."

Þá mælti Þriðji: "Auðsýnt er nú að hann vill þessi tíðindi vita þótt oss þyki eigi fagurt að segja. En þér er að þegja.

Það er upphaf þessa máls að Ökuþór fór með hafra sína og reið og með honum sá ás er Loki er kallaður. Koma þeir að kveldi til eins búanda og fá þar náttstað. En um kveldið tók Þór hafra sína og skar báða. Eftir það voru þeir flegnir og bornir til ketils. En er soðið var þá settist Þór til náttverðar og þeir lagsmenn. Þór bauð til matar með sér búandanum og konu hans og börnum þeirra. Sonur búanda hét Þjálfi, en Röskva dóttir. Þá lagði Þór hafurstökurnar utar frá eldinum og mælti að búandi og heimamenn hans skyldu kasta á hafurstökurnar beinunum. Þjálfi, son búanda, hélt á lærlegg hafursins og spretti á knífi sínum og braut til mergjar.

Þór dvaldist þar of nóttina. En í óttu fyrir dag stóð hann upp og klæddi sig, tók hamarinn Mjöllni og brá upp og vígði hafurstökurnar. Stóðu þá upp hafrarnir og var þá annar haltur eftra fæti. Það fann Þór og taldi að búandinn eða hans hjón myndu eigi skynsamlega hafa farið með beinum hafursins. Kennir hann að brotinn var lærleggurinn.

Eigi þarf langt frá því að segja, vita mega það allir hversu hræddur búandinn myndi vera er hann sá að Þór lét síga brýnnar ofan fyrir augun, en það er sá augnanna þá hugðist hann falla myndu fyrir sjóninni einni samt. Hann herti hendurnar að hamarsskaftinu svo að hvítuðu knúarnir. En búandinn gerði sem von var og öll hjúin, kölluðu ákaflega, báðu sér friðar, buðu að fyrir kæmi allt það er þau áttu.

En er hann sá hræðslu þeirra þá gekk af honum móðurinn og sefaðist hann og tók af þeim í sætt börn þeirra, Þjálfa og Röskvu, og gerðust þau þá skyldir þjónustumenn Þórs og fylgja þau honum jafnan síðan.

#### 45. kafli

Lét hann þar eftir hafra og byrjaði ferðina austur í Jötunheima og allt til hafsins, og þá fór hann út yfir hafið það hið djúpa. En er hann kom til lands þá gekk hann upp og með honum Loki og Þjálfi og Röskva.

Þá er þau höfðu litla hríð gengið varð fyrir þeim mörk stór. Gengu þau þann dag allan til myrkurs. Þjálfi var allra manna fóthvatastur. Hann bar kýl Þórs, en til vista var eigi gott.





Þá er myrkt var orðið leituðu þeir sér til náttstaðar og fundu fyrir sér skála nokkurn mjög mikinn. Voru dyr á enda og jafnbreiðar skálanum. Þar leituðu þeir sér náttbóls. En of miðja nótt varð landskjálfti mikill. Gekk jörðin undir þeim skykkjum og skalf húsið. Þá stóð Þór upp og hét á lagsmenn sína og leituðust fyrir og fundu afhús til hægri handar í miðjum skálanum og gengu þannig. Settist Þór í dyrnar, en önnur þau voru innar frá honum og voru þau hrædd. En Þór hélt hamarskaftinu og hugði að verja sig. Þá heyrðu þau ym mikinn og gný.

En er kom að dagan þá gekk Þór út og sér hvar lá maður skammt frá honum í skóginum, og var sá eigi lítill. Hann svaf og hraut sterklega. Þá þóttist Þór skilja hvað látum verið hafði of nóttina. Hann spennir sig megingjörðum og óx honum ásmegin. En í því vaknar sá maður og stóð skjótt upp. En þá er sagt að Þór varð bilt einu sinni að slá hann með hamrinum og spurði hann að nafni, en sá nefndist Skrýmir - "en eigi þarf eg", sagði hann, "að spyrja þig að nafni. Kenni eg að þú ert Ásapór. En hvort hefur þú dregið á braut hanska minn?"

Seildist þá Skrýmir til og tók upp hanska sinn. Sér Þór þá að það hafði hann haft of nóttina fyrir skála, en afhúsið - það var þumlungurinn hanskans.

Skrýmir spurði ef Þór vildi hafa föruneyti hans, en Þór játti því. Þá tók Skrýmir og leysti nestbagga sinn og bjóst til að eta dögurð, en Þór í öðrum stað og hans félagar. Skrýmir bauð þá að þeir legðu mötuneyti sitt, en Þór játti því. Þá batt Skrýmir nest þeirra allt í einn bagga og lagði á bak sér. Hann gekk fyrir of daginn og steig heldur stórum. En síðan að kveldi leitaði Skrýmir þeim náttstaðar undir eik nokkurri mikilli.

Þá mælti Skrýmir til Þórs að hann vill leggjast niður að sofna, "en þér takið nestbaggan og búið til nótturðar yður." Því næst sofnar Skrýmir og hraut fast. En Þór tók nestbaggann og skal leysa. En svo er að segja, sem ótrúlegt mun þykja, að engan knút fékk hann leyst og engan ólarendann hreyft svo að þá væri lausari en áður. Og er hann sér að þetta verk má eigi nýtast þá varð hann reiður. Greip þá hamarinn Mjöllni tveim höndum og steig fram öðrum fæti að þar er Skrýmir lá og lýstur í höfuð honum. En Skrýmir vaknar og spyr hvort laufsblað nokkurt félli í höfuð honum, eða hvort þeir hefði þá matast og séu búnir til rekkna. Þór segir að þeir munu þá sofa ganga. Ganga þau þá undir aðra eik. Er það þér satt að segja að ekki var þá óttalaust að sofa.

En að miðri nótt þá heyrir Þór að Skrýmir hrytur og sefur fast, svo að dunar í skóginum. Þá stendur hann upp og gengur til hans, reiðir hamarinn títt og hart og lýstur ofan í miðjan hvirfil honum. Hann kennir að hamarsmunnurinn sekkur djúpt í höfuðið. En í því bili vaknar Skrýmir og mælti: "Hvað er nú? Féll akarn nokkurt í höfuð mér? Eða hvað er títt um þig, Þór?"



En Þór gekk aftur skyndilega og svarar að hann var þá nývaknaður, sagði að þá var mið nótt og enn væri mál að sofa. Þá hugsaði Þór það ef hann kæmi svo í færi að slá hann hið þriðja högg, að aldrei skyldi hann sjá sig síðan. Liggur nú og gætir ef Skrýmir sofnaði enn fast.

En litlu fyrir dagan, hann heyrir þá að Skrýmir mun sofnað hafa. Stendur þá upp og hleypur að honum. Reiðir þá hamarinn af öllu afli og lýstur á þunnvangann þann er upp vissi. Sekkur þá hamarinn upp að skaftinu. En Skrýmir settist upp og strauk of vangann og mælti: "Hvort munu fuglar nokkrir sitja í trénu yfir mér? Mig grunar er eg vaknaði að tros nokkurt af kvistunum félli í höfuð mér. Hvort vakir þú Þór? Mál mun vera upp að standa og klæðast, en ekki eigið þér nú langa leið fram til borgarinnar er kölluð er Útgarður.

Heyrt hef eg að þér hafið kvisað í milli yðar að eg væri ekki lítill maður vexti, en sjá skuluð þér þar stærri menn ef þér komið í Útgarð. Nú mun eg ráða yður heilræði. Látið þér eigi stórlega yfir yður. Ekki munu hirðmenn Útgarða-Loka vel þola þvílíkum kögursveinum köpuryrði. En að öðrum kosti hverfið aftur, og þann ætla eg yður betra af að taka. En ef þér viljið fram fara þá stefnið þér í austur, en eg á nú norður leið til fjalla þessara er nú munuð þér sjá mega."

Tekur Skrýmir nestbaggann og kastar á bak sér og snýr þvers á braut í skóginn frá þeim. Og er þess eigi getið að æsirnir bæðu þá heila hittast.

## 46 kafli

Þór fór fram á leið og þeir félagar og gekk fram til miðs dags. Þá sáu þeir borg standa á völlum nokkrum og settu hnakkann á bak sér aftur áður þeir fengu séð yfir upp. Ganga til borgarinnar og var grind fyrir borgfliðinu og lokin aftur. Þór gekk á grindina og fékk eigi upp lokið. En er þeir þreyttu að komast í borgina þá smugu þeir milli spalanna og komu svo inn. Sáu þá höll mikla og gengu þannig. Var hurðin opin. Þá gengu þeir inn og sáu þar marga menn á tvo bekki og flesta ærið stóra. Því næst koma þeir fyrir konunginn, Útgarða-Loka, og kvöddu hann. En hann leit seint til þeirra og glotti við tönn og mælti:

"Seint er um langan veg að spyrja tíðinda. Eða er annan veg en eg hygg að þessi sveinstauli sé Ökuþór? En meiri muntu vera en mér líst þú. Eða hvað íþrótt er það er þér félagar þykist vera við búnir? Enginn skal hér vera með oss sá er eigi kunnir nokkurskonar list eða kunnandi umfram flesta menn."

Þá segir sá er síðast gekk, er Loki hét: "Kann eg þá íþrótt er eg em alþúinn að reyna, að enginn er hér sá inni er skjótara skal eta mat sinn en eg."



Þá svarar Útgarða-Loki: "Íþrótt er það ef þú efnir, og freista skal þá þessarar íþróttar." Kallaði utar á bekkinn að sá er Logi heitir skal ganga á gólf fram og freista sín í móti Loka.

Þá var tekið trog eitt og borið inn á hallargólfið og fyllt af slátri. Settist Loki að öðrum enda en Logi að öðrum, og át hvortveggi sem tíðast og mættust í miðju troginu. Hafði þá Loki etið slátur allt af beinum, en Logi hafði og etið slátur allt og beinin með og svo trogið, og sýndist nú öllum sem Loki hefði látið leikinn.

Þá spyr Útgarða-Loki hvað sá hinn ungi maður kunni leika. En Þjálfi segir að hann mun freista að renna skeið nokkur við einhvern þann er Útgarða-Loki fær til. Hann segir, Útgarða-Loki, að þetta er góð íþrótt og kallar þess meiri von að hann sé vel að sér búinn of skjótleikinn ef hann skal þessa íþrótt inna, en þó lætur hann skjótt þessa skulu freista. Stendur þá upp Útgarða-Loki og gengur út, og var þar gott skeið að renna eftir sléttum velli. Þá kallar Útgarða-Loki til sín sveinstaula nokkurn er nefndur er Hugi og bað hann renna í köpp við Þjálfva. Þá taka þeir hið fyrsta skeið, og er Hugi því framur að hann snýst aftur í móti honum að skeiðsenda.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Þurfa muntu, Þjálfi, að leggja þig meir fram ef þú skalt vinna leikinn. En þó er það satt að ekki hafa hér komið þeir menn er mér þykir fólthvatar en svo."

Þá taka þeir aftur annað skeið, og þá er Hugi er kominn til skeiðsenda og hann snýst aftur þá var langt kólfskot til Þjálfva.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Vel þykir mér Þjálfi renna skeiðið, en eigi trúi eg honum nú að hann vinni leikinn. En nú mun reyna er þeir renna hið þriðja skeiðið."

Þá taka þeir enn skeið, en er Hugi er kominn til skeiðsenda og snýst aftur, og er Þjálfi eigi þá kominn á mitt skeiðið.

Þá segja allir að reynt er um þennan leik.

Þá spyr Útgarða-Loki Þór hvað þeirra íþrótt mun vera er hann muni vilja birta fyrir þeim, svo miklar sögur sem menn hafa gjört um stórvirki hans. Þá mælti Þór að helst vill hann taka það til að þreyta drykkju við einhvern mann. Útgarða-Loki segir að það má vel vera og gengur inn í höllina og kallar skutilsvein sinn, biður að hann taki vítishorn það er hirðmenn eru vanir að drekka af. Því næst kemur fram skutilsveinn með horninu og fær Þór í hönd.



Þá mælti Útgarða-Loki: "Af horni þessu þykir þá vel drukkið ef í einum drykk gengur af, en sumir menn drekka af í tveim drykkjum. En enginn er svo lítill drykkjumaður að eigi gangi af í þremur."

Þór lítur á hornið og sýnist ekki mikið, og er þó heldur langt. En hann er mjög þyrstur, tekur að drekka og svelgur allstórum og hyggur að eigi skal þurfa að lúta oftari að sinni í hornið. En er hann þraut erindið og hann laut úr horninu og sér hvað leið drykknum, og líst honum svo sem alllítill munur mun vera að nú sé lægra í horninu en áður.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Vel er drukkið og eigi til mikið. Eigi mundak trúá ef mér væri sagt fra að Ásaþór myndi eigi meiri drykk drekka. En þó veit eg að þú munt vilja drekka af í öðrum drykk."

Þór svarar engu, setur hornið á munn sér og hyggur nú að hann skal drekka meiri drykk og þreytir á drykkjuna sem honum vannst til erindi, og sér enn að stikilinn hornsins vill ekki upp svo mjög sem honum líkar. Og er hann tók hornið af munn sér og sér í, líst honum nú svo sem minna hafi þorrið en í hinu fyrra sinni. Er nú gott berandi borð á horninu.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Hvað er nú, Þór? Muntu nú eigi sparast til eins drykkjar meira en þér mun hagar á vera? Svo líst mér ef þú skalt nú drekka af horninu hinn þriðja drykkinn sem þessi mun mestur ætlaður. En ekki muntu mega hér með oss heita svo mikill maður sem æsir kalla þig, ef þú gerir eigi meira af þér um aðra leika en mér líst sem um þennan mun vera."

Þá varð Þór reiður, setur hornið á munn sér og drekkur sem ákaflegast má hann og þrýtur sem lengst að drykknum. En er hann sá í hornið þá hafði nú helst nokkuð munur á fengist. Og þá býður hann upp hornið og vill eigi drekka meira.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Auðséð er nú að máttur þinn er ekki svo mikill sem vér hugðum. En viltu freista um fleiri leika? Sjá má nú að ekki nýtir þú hér af."

Þór svarar: "Freista má eg enn of nokkra leika. En undarlega myndi mér þykja, þá er eg var heima með ásum, ef þvílíkir drykkir væru svo litlir kallaðir. En hvað leik viljið þér nú bjóða mér?"

Þá mælti Útgarða-Loki: "Það gera hér ungir sveinar er lítið mark mun að þykja, að hefja upp af jörðu kött minn. En eigi mundak kunna að mæla þvílíkt við Ásaþór ef eg hefði eigi séð fyrr að þú er miklu minni fyrir þér en eg hugði."

Því næst hljóp fram köttur einn grár á hallargólfið og heldur mikill, en Þór gekk til og tók hendi sinni niður undir miðjan kviðinn og lyfti upp, en kötturinn beygði kenginn svo sem Þór rétti upp höndina. En er Þór seildist svo langt upp



sem hann mátti lengst, þá létti kötturinn einum fæti, og fær Þór eigi framið þennan leik.

Þá mælti Útgarða-Loki: "Svo fór þessi leikur sem mig varði. Kötturinn er heldur mikill en Þór er lágur og lítill hjá stórmenni því sem hér er með oss."

Þá mælti Þór: "Svo lítinn sem þér kallið mig, þá gangi nú til einhver og fáist við mig! Nú em eg reiður!"

Þá svarar Útgarða-Loki og litast um á bekkina og mælti: "Eigi sé eg þann mann hér inni er eigi mun lítilræði í þykja að fást við þig." Og enn mælti hann: "Sjáum fyrst. Kalli mér hingað kerlinguna fósturu mína, Elli, og fáist Þór við hana ef hann vill. Fellt hefur hún þá menn er mér hafa litist eigi ósterklegri en Þór er."

Því næst gekk í höllina kerling ein gömul. Þá mælti Útgarða-Loki að hún skal taka fang við Ásaþór. Ekki er langt um að gera. Svo fór fang það að því harðara er Þór knúðist að fanginu því fastara stóð hún. Þá tók kerling að leita til bragða og varð Þór þá laus á fótum, og voru þær sviftingar allharðar og eigi lengi áður en Þór féll á kné öðrum fæti. Þá gekk til Útgarða-Loki, bað þau hætta fanginu og sagði svo að Þór myndi eigi þurfa að bjóða fleirum mönnum fang í hans höll. Var þá og liðið á nótt. Vísaði Útgarða-Loki Þór og þeim félögum til sætis og dveljast þar náttlangt í góðum fagnaði.

## 47. kafli

En að morgni þegar dagaði stendur Þór upp og þeir félagar, klæða sig og eru búnir braut að ganga. Þá kom þar Útgarða-Loki og lét setja þeim borð. Skorti þá eigi góðan fagnað, mat og drykk. En er þeir hafa matast þá snúast þeir til ferðar.

Útgarða-Loki fylgir þeim út, gengur með þeim braut úr borginni. En að skilnaði þá mælti Útgarða-Loki til Þórs og spyr hvernig honum þykir ferð sín orðin eða hvort hann hefur hitt ríkari mann nokkurn en sig. Þór segir að eigi mun hann það segja að eigi hafi hann mikla ósæmd farið í þeirra viðskiptum. "En þó veit eg að þér munuð kalla mig lítinn mann fyrir mér, og uni eg því illa."

Þá mælti Útgarða-Loki: "Nú skal segja þér hið sanna er þú ert út kominn úr borginni, að ef eg lifi og megak ráða þá skaltu aldrei oftari í hana koma, og það veit trúa mín að aldrei hefðir þú í hana komið ef eg hefði vitað áður að þú hefðir svo mikinn kraft með þér, og þú hafðir svo nær haft oss mikilli ófæru.

En sjónhverfingar hef eg gert þér, svo að fyrsta sinn er eg fann þig á skóginum kom eg til fundar við yður. Og þá er þú skyldur leysa nestbaggann þá hafðak bundið með grésjárni, en þú fannst eigi hvar upp skyldi lúka. En því næst laust



þú mig með hamrinum þrjú högg, og var hið fyrsta minnst, og var þó svo mikið að mér myndi endast til bana ef á hefði komið. En þar er þú sást hjá höll minni setberg og þar sástu ofan í þrjá dali ferskeytta og einn djúpastan, þar voru hamarspor þín. Setberginu brá eg fyrir högginn, en eigi sást þú það.

Svo var og of leikana er þreyttuð við hirðmenn mína. Þá var það hið fyrsta er Loki gerði. Hann var mjög soltinn og át títt. En sá er Logi heitir, það var villieldur, og brenndi hann eigi seinna trogið en slátrið. En er Þjálfur þreytti rásina við þann er Hugur hét, það var hugur minn og var Þjálfur eigi vænt að þreyta skjótfæri hans.

En er þú drakkst af horninu og þótti þér seint líða, en það veit trúa mín að þá var það undur er eg myndi eigi trúa að vera mætti. Annar endi hornsins var úti í hafi, en það sástu eigi. En nú er þú kemur til sjávarins, þá muntu sjá hvern þurrð þú hefur drukkið á sænum." -Það eru nú fjörur kallaðar.

Og enn mælti hann: "Eigi þótti mér hitt minna vera vert er þú lyftir upp kettinum, og er þér satt að segja, þá hræddust allir þeir er sáu er þú lyftir af jörðu einum fætinum. En sá köttur var eigi sem þér sýndist, það var Miðgarðsormur er liggur um öll lönd, og vannst honum varlega lengdin til að jörðina tæki sporður og höfuð, og svo langt seildist þú upp að skammt var þá til himins.

En hitt var og mikið undur um fangið, er þú stóðst svo lengi við og féllst eigi meir en á kné öðrum fæti er þú fékkst við Elli. Fyrir því að enginn hefur sá orðið og enginn mun verða ef svo gamall er að elli bíður að eigi komi ellin öllum til falls.

Og er nú það satt að segja að vér munum skiljast, og mun þá betur hvorratveggju handar að þér komið eigi oftast mig að hitta. Eg mun enn annað sinn verja borg mína með því líkum vélum eða öðrum, svo að ekki vald munuð þér á mér fá."

En er Þór heyrði þessa tölu greip hann til hamarsins og bregður á loft. En er hann skal fram reiða þá sér hann þar hvergi Útgarda-Loka. Og þá snýst hann aftur til borgarinnar og ætlast þá fyrir að brjóta borgina. Þá sér hann þar völlu víða og fagra en enga borg. Snýst hann þá aftur og fer sína leið til þess er hann kom aftur í Þrúðvanga. En það er satt að segja að þá hafi hann ráðið fyrir sér að leita til ef saman mætti bera fundi þeirra Miðgarðsorms, sem síðar varð.

Nú ætla eg engan kunna þér sannara að segja frá þessari ferð Þórs."

## 48. kafli



Þá mælti Gangleri: "Allmikill er fyrir sér Útgarða-Loki, en með vélum og fjölkynngi fer hann mjög. En það má sjá að hann er mikill fyrir sér að hann átti hirðmenn þá er mikinn mátt hafa. Eða hvort hefur Þór þessa hefnt?"

Hár svarar: "Eigi er það ókunnugt þótt eigi séu fræðimenn að Þór leiðrétti þessa ferðina er nú var frá sagt, og dvaldist ekki lengi heima áður en hann bjóst svo skyndilega til ferðarinnar að hann hafði eigi reið og eigi hafrana og ekki föruneysi. Gakk hann út of Miðgarð svo sem ungur drengur og kom einn aftan að kveldi til jötuns nokkurs. Sá er Hymir nefndur. Þór dvaldist þar að gistingu of nóttina.

En í dagan stóð Hymir upp og klæddist og bjóst að róa á sæ til fiskjar. En Þór spratt upp og var skjótt búinn og bað að Hymir skyldi hann láta róa á sæ með sér. En Hymir sagði að lítil liðsemd myndi að honum vera, er hann var lítill og ungmenni eitt - "og mun þig kala ef eg sit svo lengi og utarlega sem eg em vanur." En Þór sagði að hann myndi róa mega fyrir því langt frá landi að eigi var víst hvort hann myndi fyrr beiðast að róa utan, og reiddist Þór jötninum svo að þá var búið að hann myndi þegar láta hamarinn skjalla honum, en hann lét það við berast, því að hann hugðist þá að reyna afl sitt í öðrum stað.

Hann spurði Hymi hvað þeir skyldu hafa að beitum, en Hymir bað hann fá sér sjálfan beitur. Þá snerist Þór á braut þangað er hann sá öxnaflokk nokkurn er Hymir átti. Hann tók hinn mesta uxann, er Himinhrjóður hét, og sleit af höfuðið og fór með til sjávar. Hafði þá Hymir út skotið nökkvanum. Þór gekk á skipið og settist í austurrúm, tók tvær árar og reri, og þótti Hymi skriður verða af róðri hans.

Hymir reri í hálsinum fram og sóttist skjótt róðurinn. Sagði þá Hymir að þeir voru komnir á þær vastir er hann var vanur að sitja og draga flata fiska. En Þór kveðst vilja róa miklu lengra, og tóku þeir enn snertiróður. Sagði Hymir þá að þeir voru komnir svo langt út að hætt var að sitja utar fyrir Miðgarðsormi. En Þór kveðst myndu róa eina hríð, og svo gerði hann. En Hymir var þá allókátur.

En þá er Þór lagði upp árararnar, greiddi hann til vað heldur sterkjan, og eigi var öngullinn minni eða órammlegri. Þar lét Þór koma á öngullinn uxahöfuðið og kastaði fyrir borð, og fór öngullinn til grunns. Og er þá svo satt að segja að engu ginnnti þá Þór miður Miðgarðsorm en Útgarða-Loki hafði spottað Þór þá er hann hóf orminn upp á hendi sér.

Miðgarðsormur gein yfir uxahöfuðið en öngullinn vó í góminn orminum. En er ormurinn kenndi þess, brá hann við svo hart að báðir hnefar Þórs skullu út á borðinu. Þá varð Þór reiður og færðist í ásmegin, spyrnti við svo fast að hann hljóp báðum fótum gegnum skipið og spyrnti við grunni. Dró þá orminn upp að



borði. En það má segja að enginn hefur sá séð ógurlegar sjónir er eigi mátti það sjá er Þór hvessti augun á orminn en ormurinn starði neðan í mót og blés eitrinu.

Þá er sagt að jötunninn Hymir gerðist litverpur, fölnaði og hræddist er hann sá orminn og það er særinn féll út og inn of nökkvann. Og í því bili er Þór greip hamarinn og færði á loft, þá fálmaði jötunninn til agnsaxinu og hjó það Þórs af borði, en ormurinn sökkst í sæinn. En Þór kastaði hamrinum eftir honum, og segja menn að hann lysti af honum höfuðið við grunninum, en eg hygg hitt vera þér satt að segja að Miðgarðsormur lifir enn og liggur í umsjá. En Þór reiddi til hnefann og setur við eyra Hymi, svo að hann steptist fyrir borð og sér í iljar honum. En Þór óð til lands."

## 49. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hafa nokkur meiri tíðindi orðið með ásunum? Allmikið þrekvirki vann Þór í þessari ferð!"

Hár svarar: "Vera mun að segja frá þeim tíðindum er meira þótti vert ásunum. En það er upphaf þessarar sögu að Baldur hinn góða dreymdi drauma stóra og hættulega um líf sitt. En er hann sagði ásunum draumana, þá báru þeir saman ráð sín, og var það gert að beiða griða Baldri fyrir allskonar háska. Og Frigg tók svardaga til þess að eira skyldu Baldri eldur og vatn, járn og allskonar málmur, steinar, jörðin, viðirnir, sóttirnar, dýrin, fuglarnir, eitur, ormar.

En er þetta var gert og vitað, þá var það skemmtun Baldurs og ásanna að hann skyldi standa upp á þingum, en allir aðrir skyldu sumir skjóta á hann, sumir höggva til, sumir berja grjóti. En hvað sem að var gert sakaði hann ekki, og þótti þetta öllum mikill frami.

En er þetta sá Loki Laufeyjarson þá líkaði honum illa er Baldur sakaði ekki. Hann gekk til Fensalar til Friggjar og brá sér í konu líki. Þá spyr Frigg ef sú kona vissi hvað æsir höfðust að á þinginu. Hún sagði að allir skutu að Baldri og það að hann sakaði ekki. Þá mælti Frigg: "Eigi munu vopn eða viðir granda Baldri. Eiða hef eg þegið af öllum þeim."

Þá spyr konan: "Hafa allir hlutir eiða unnið að eira Baldri?"

Þá svarar Frigg: "Vex viðarteinungur einn fyrir vestan Valhöll. Sá er mistilteinn kallaður. Sá þótti mér ungur að krefja eiðsins." Því næst hvarf konan á braut.

En Loki tók mistiltein og sleit upp og gekk til þings. En Höður stóð utarlega í mannhringnum, því að hann var blindur. Þá mælti Loki við hann: "Hví skýtur þú ekki að Baldri?" Hann svarar: "Því að eg sé eigi hvar Baldur er, og það annað að





eg em vopnlaus." Þá mælti Loki: "Gerðu þó í líking annarra manna og veit Baldri sæmd sem aðrir menn. Eg mun vísa þér til hvar hann stendur. Skjót að honum vendi þessum."

Höður tók mistiltein og skaut að Baldri að tilvísun Loka. Flaug skotið í gegnum hann og féll hann dauður til jarðar. Og hefur það mest óhapp verið unnið með goðum og mönnum.

Þá er Baldur var fallinn þá féllust öllum ásum orðtök og svo hendur að taka til hans, og sá hver til annars og voru allir með einum hug til þess er unnið hafði verkið. En enginn mátti hefna, þar var svo mikill griðastaður.

En þá er æsirnir freistuðu að mæla, þá var hitt þó fyrir að gráturinn kom upp, svo að enginn mátti öðrum segja með orðunum frá sínum harmi. En Óðinn bar þeim mun verst þennan skaða sem hann kundi mesta skyn hversu mikil aftaka og missa ásunum var í fráfalli Baldurs.

En er goðin vitkuðust þá mælti Frigg og spurði hver sá væri með ásum er eignast vildi allar ástir hennar og hylli, og vilji hann ríða á Helveg og freista ef hann fái fundið Baldur og bjóða Helju úrlausn, ef hún vill láta fara Baldur heim í Ásgarð. En sá er nefndur Hermóður hinn hvati, sonur Óðins, er til þeirrar farar varð. Þá var tekinn Sleipnir, hestur Óðins, og leiddur fram, og steig Hermóður á þann hest og hleypti braut.

En æsirnir tóku lík Baldurs og fluttu til sævar. Hringhorni hét skip Baldurs. Hann var allra skipa mestur. Hann vildu goðin fram setja og gera þar á bálför Baldurs. En skipið gekk hvergi fram. Þá var sent í Jötunheima eftir gýgi þeirri er Hyrrokkin hét, en er hún kom og reið vargi og hafði höggorm að taumum, þá hljóp hún af hestinum, en Óðinn kallaði til berserki fjóra að gæta hestsins og fengu þeir eigi haldið nema þeir felldu hann. Þá gekk Hyrrokkin á framstafn nökkvans og hratt fram í fyrsta viðbragði, svo að eldur hraut úr hlunnunum og lönd öll skulfu. Þá varð Þór reiður og greip hamarinn og myndi þá brjóta höfuð hennar áður en goðin öll báðu henni friðar.

Þá var borið út á skipið lík Baldurs, og er það sá kona hans, Nanna Nepsdóttir, þá sprakk hún af harmi og dó. Var hún borin á bálið og slegið í eldi. Þá stóð Þór að og vígði bálið með Mjöllni, en fyrir fótum hans rann dvergur nokkur, sá er Litur nefndur, en Þór spyrnti fæti sínum á hann og hratt honum í eldinn, og brann hann.

Að þessari brennu sótti margskonar þjóð. Fyrst að segja frá Óðni að með honum fór Frigg og valkyrjur og hrafnar hans. En Freyr ók í kerru með gelti þeim er Gullinbursti heitir eða Slíðrugtanni. En Heimdallur reið hesti þeim er Gulltoppur heitir. En Freyja ók köttum sínum. Þar kemur og mikið fólk hrímþursa og



bergrisar. Óðinn lagði á bálið gullhring þann er Draupnir heitir. Honum fylgdi síðan sú náttúra að hina níundu hverja nótt drupu af honum átta gullhringar jafnhöfgir. Hestur Baldurs var leiddur á bálið með öllu reiði.

En það er að segja frá Hermóði að hann reið níu nætur dökkva dala og djúpa svo að hann sá ekki fyrr en hann kom til árinna Gjallar og reið á Gjallarbrúna. Hún er þökt lýsigulli. Móðgunnur er nefnd mæð sú er gætir brúarinnar. Hún spurði hann að nafni eða ætt og sagði að hinn fyrri dag riðu um brúna fimm fylki dauðra manna - "en eigi dynur brúin minnur undir einum þér, og eigi hefur þú lit dauðra manna. Hví ríður þú hér á Helveg?" Hann svarar að "eg skal ríða til Heljar að leita Baldurs. Eða hvort hefur þú nokkuð séð Baldur á Helvegi?" En hún sagði að Baldur hafði þar riðið um Gjallarbrú, "en niður og norður liggur Helvegur."

Þá reið Hermóður þar til er hann kom að Helgrindum. Þá sté hann af hestinum og gyrti hann fast, steig upp og keyrði hann sporum, en hesturinn hljóp svo hart og yfir grindina að hann kom hvegi nær. Þá reið Hermóður heim til hallarinnar og steig af hesti, gekk inn í höllina, sá þar sitja í öndugi Baldur bróður sinn, og dvaldist Hermóður þar um nóttina. En að morgni þá beiddist Hermóður af Helju að Baldur skyldi ríða heim með honum, og sagði hversu mikill grátur var með ásum. En Hel sagði að það skyldi svo reyna hvort Baldur var svo ástsæll sem sagt er, og "ef allir hlutir í heiminum, kykvir og dauðir, gráta hann þá skal hann fara til ása aftur, en haldast með Helju ef nokkur mælir við eða vill eigi gráta."

Þá stóð Hermóður upp, en Baldur leiðir hann út úr höllinni og tók hringinn Draupni og sendi Óðni til minja, en Nanna sendi Frigg rifti og enn fleiri gjafir. Fullu fingurgull. Þá reið Hermóður aftur leið sína og kom í Ásgarð og sagði öll tíðindi þau er hann hafði séð og heyrð.

Því næst sendu æsir um allan heim erindreka að biðja að Baldur væri grátinn úr Helju. En allir gerðu það, mennirnir og kykvendin og jörðin og steinarnir og tré og allur málmur, svo sem þú munt séð hafa að þessir hlutir gráta þá er þeir koma úr frosti og í hita.

Þá er sendimenn fóru heim og höfðu vel rekið sín erindi finna þeir í helli nokkrum hvar gýgur sat. Hún nefndist Þökk. Þeir biðja hana gráta Baldur úr Helju. Hún segir:

"Þökk mun gráta  
þurru tárurum  
Baldurs bálfarar.  
Kyks né dauðs  
nautka eg karls sonar.  
Haldi Hel því er hefir."



En þess geta menn að þar hafi verið Loki Laufeyjarson, er flest hefur illt gert með ásum."

## 50. kafli

Þá mælti Gangleri: "Allmiklu kom Loki á leið er hann olli fyrst því er Baldur var veginn og svo því er hann varð eigi leystur frá Helju. Eða hvort varð honum þessa nokkuð hefnt?"

Hár segir: "Goldið var honum þetta svo að hann mun lengi kennast. Þá er guðin voru orðin honum svo reið sem von var, hljóp hann á braut og fal sig á fjalli nokkru, gerði þar hús og fernar dyr að hann mátti sjá úr húsinu í allar áttir. En oft um daga brá hann sér í lax líki, og falst þá þar sem heitir Fránangursfoss. Þá hugsaði hann fyrir sér hverja vél æsir myndu til finna að taka hann í fossinum. En er hann sat í húsinu tók hann língarn og reið á ræksna, svo sem net er síðan gert, en eldur brann fyrir honum. Þá sá hann að æsir áttu skammt til hans, og hafði Óðinn séð úr Hliðskjálfinni hvar hann var. Hann hljóp þegar upp og út í ána og kastaði netinu fram á eldinn.

En er æsir komu til hússins þá gekk sá fyrst inn er allra var vitrastur, er Kvasir hét. Og er hann sá á eldinum fölskvann, er netið hafði brunnið, þá skildi hann að það myndi vél vera til að taka fiska og sagði ásunum. Því næst tóku þeir og gerðu sér net eftir því sem þeir sáu á fölskva að Loki hafði gert. Og er búið var netið þá fara æsir til árinna og kasta neti í fossinn. Hélt Þór öðrum netshálsi og öðrum héldu allir æsir, og drógu netið. En Loki fór fyrir og leggst niður í milli steina tveggja. Drógu þeir netið yfir hann og kenndu að kykt var fyrir og fara í annað sinn upp til fossins og kasta út netinu og binda við svo þungt að eigi skyldi undir mega fara. Fer þá Loki fyrir netinu. En er hann sér að skammt var til sævar þá hleypur hann upp yfir þinulinn og rennir upp í fossinn.

Nú sáu æsirnar hvar hann fór. Fara enn upp til fossins og skipta liðinu í tvo staði en Þór veður eftir miðri ánni, og fara svo út til sævar. En er Loki sér tvo kosti: Var það lífsháski að hlaupa á sæinn, en hitt var annar að hlaupa enn yfir netið, og það gerði hann, hljóp sem snarast yfir netþinulinn. Þór greip eftir honum og tók um hann og renndi hann í hendi honum svo að staðar nam höndin við sporðinn. Og er fyrir þá sök laxinn afturmjór.

Nú var Loki tekinn griðalaus og farið með hann í helli nokkurn. Þá tóku þeir þrjár hellur og settu á egg og lustu rauf á hellunni hverri. Þá voru teknir synir Loka, Váli og Nari eða Narfi. Brugðu æsir Vála í vargs líki og reif hann í sundur Narfa, bróður sinn. Þá tóku æsir þarma hans og bundu Loka með yfir þá þrjá eggsteina - stendur einn undir herðum, annar undir lendum, þriðji undir knésbótum - og urðu þau bönd að járn. Þá tók Skaði eiturorm og festi upp yfir



hann svo að eitrið skyldi drjúpa úr orminum í andlit honum. En Sygin, kona hans, stendur hjá honum og heldur mundlaug undir eiturdropa. En þá er full er mundlaugin þá gengur hún og slær út eitrinu. En meðan drýpur eitrið í andlit honum. Þá kippist hann svo hart við að jörð öll skelfur. Það kallið þér landskjálfta. Þar liggur hann í böndum til ragnarökkurs."

## 51. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hver tíðindi eru að segja frá um ragnarökkur? Þess hef eg eigi fyrr heyrt getið."

Hár segir: "Mikil tíðindi eru þaðan að segja og mörg. Þau hin fyrstu að vetur sá kemur er kallaður er Fimbulvetur. Þá drífur snær úr öllum áttum. Frost eru þá mikil og vindar hvassir. Ekki nýtur sólar. Þeir vetur fara þrír saman og ekki sumar milli. En áður ganga svo aðrir þrír vetur að þá er um alla veröld orustur miklar. Þá drepast bræður fyrir ágirni sakir, og enginn þyrmir föður eða syni í manndrápum eða sifjasliti. Svo segir í Völuspá:

Bræður munu berjast  
og að bönum verðast,  
munu systrungar  
sifjum spilla.  
Hart er með höldum,  
hórdómur mikill,  
skeggjöld, skálmöld,  
skildir klofnir,  
vindöld, vargöld  
áður veröld steypist.

Þá verður það er mikil tíðindi þykja að úlfurinn gleypir sólina og þykir mönnum það mikið mein. Þá tekur annar úlfurinn tunglið og gerir sá og mikið ógagn. Stjörnurnar hverfa af himninum. Þá er og það til tíðinda að svo skelfur jörð öll og björg að viðir losna úr jörðu upp, en björgin hrynja, en fjötrar allir og bönd brotna og slitna.

Þá verður Fenrisúlfur laus. Þá geysist hafið á löndin fyrir því að þá snýst Miðgarðsormur í jötunmóð og sækir upp á landið. Þá verður og það að Naglfar losnar, skip það er svo heitr. Það er gert af nöglum dauðra manna og er það fyrir því varnana vert ef maður deyr með óskornum nöglum að sá maður eykur mikið efni til skipsins Naglfars, en goðin og menn vildu seint að gert yrði. En í þessum sævargang flýtur Naglfar. Hrymur heitir jötunn er stýrir Naglfari.



En Fenrisúlfur fer með gapandi munn og er hinn efri kjaftur við himni en hinn neðri við jörðu. Gapa myndi hann meira ef rúm væri til. Eldar brenna úr augum hans og nösúm. Miðgarðsormur blæs svo eitrinu að hann dreifir loft öll og lög, og er hann allógurlegur, og er hann á aðra hlið úlfinum.

Í þessum gný klofnar himinninn og ríða þaðan Múspellssynir. Surtur ríður fyrst, og fyrir honum og eftir bæði eldur brennandi. Sverð hans er gott mjög. Af því skín bjartara en af sólu. En er þeir ríða Bifröst þá brotnar hún, sem fyrr er sagt. Múspells megir sækja fram á þann völl er Vígríður heitir. Þar kemur og þá Fenrisúlfur og Miðgarðsormur. Þar er og þá Loki kominn og Hrymur og með honum allir hrímþursar, en Loka fylgja allir Heljarsinnar. En Múspellssynir hafa einir sér fylking, og er sú björt mjög. Völlurinn Vígríður er hundrað rasta víður á hvern veg.

En er þessi tíðindi verða þá stendur upp Heimdallur og blæs ákaflega í Gjallarhorn og vekur upp öll guðin og eiga þau þing saman. Þá ríður Óðinn til Mímisbrunnis og tekur ráð af Mími fyrir sér og sínu liði. Þá skelfur askur Yggdrasils og enginn hlutur er þá óttalaus á himni eða jörðu.

Æsir hervæða sig og allir einherjar og sækja fram á völlum. Ríður fyrstur Óðinn með gullhjálmi og fagra brynju og geir sinn er Gungnir heitir. Stefnir hann móti Fenrisúlfi, en Þór fram á aðra hlið honum, og má hann ekki duga honum, því að hann hefur fullt fang að berjast við Miðgarðsorm. Freyr berst móti Surti og verður harður samgangur áður Freyr fellur. Það verður hans bani er hann missir þess hins góða sverðs er hann gaf Skírni.

Þá er og laus orðinn hundurinn Garmur er bundinn er fyrir Gnipahelli. Hann er hið mesta forað. Hann á víg móti Tý og verður hvor öðrum að bana. Þór ber banaorð af Miðgarðsormi og stígur þaðan braut níu fet. Þá fellur hann dauður til jarðar fyrir eitri því er ormurinn blæs á hann. Úlfurinn gleypir Óðin. Verður það hans bani. En þegar eftir snýst fram Víðar og stígur öðrum fæti í neðri kjaft úlfsins. Á þeim fæti hefur hann þann skó er allan aldur hefur verið til safnað. Það eru bjórar þeir er menn sníða úr skóm sínum fyrir tám eða hæli. Því skal þeim bjórum braut kasta sá maður er að því vill hyggja að koma ásunum að liði. Annarri hendi tekur hann hinn efri kjaft úlfsins og rífur sundur gin hans, og verður það úlfsins bani.

Loki á orustu við Heimdall, og verður hvor annars bani. Því næst slyngur Surtur eldi yfir jörðina og brennir allan heim. Svo er sagt í Völuspá:

Hátt blæs Heimdallur,  
horn er á lofti,  
mælir Óðinn  
við Mímis höfuð.

Skelfur Yggdrasils  
askur standandi.  
Ymur hið aldna tré,  
en jötunn losnar.



Hvað er með ásum?  
 Hvað er með álfum?  
 Ymur allur Jötunheimur,  
 æsir eru á þingi.  
 Stynja dvergar  
 fyrir steindurum,  
 veggbergs vísir.  
 Vitið ér enn eða hvað?  
 Hrymur ekur austan  
 hefist lind fyrir,  
 snýst Jörmungandur  
 í jötunmóði.  
 Ormur knýr unnir,  
 örn mun hlakka,  
 slítur náí Niðfölnur,  
 Naglfar losnar.  
 Kjöll fer austan,  
 koma munu Múspells  
 of lög lýðir,  
 en Loki stýrir.  
 Þar eru fíflmegir  
 með freka allir,  
 þeim er bróðir  
 Býleists í för.  
 Surtur fer sunnan  
 með sviga lævi,  
 skín af sverði  
 sól valtíva.  
 Grjótbjörg gnata,  
 en gífur rata,  
 troða halir helveg,  
 en himinn klofnar.  
 Þá kemur Hlínar  
 harmur annar fram,  
 er Óðinn fer  
 við úlf vega,  
 en bani Belja

bjartur að Surti.  
 Þar mun Friggjar  
 falla angan.  
 Gengur Óðins son  
 við úlf vega,  
 Víðar of veg  
 að valdýri.  
 Lætur hann megi Hveðrungs  
 mund of standa  
 hjör til hjarta.  
 Þá er hefnt föður.  
 Gengur hinn mæri  
 mögur Hlóðynjar  
 neppur af naðri  
 níðs ókvíðnum.  
 Munu alir allir  
 heimstöð ryðja  
 er af móði drepur  
 Miðgarðs véur.  
 Sól mun sortna,  
 sökkur fold í mar,  
 hverfa af himni  
 heiðar stjörnur.  
 Geisar eimi  
 og aldurnari,  
 leikur hár hiti  
 við himin sjálfan.

Hér segir enn svo:

Vígriður heitir völlum  
 er finnast vígi að  
 Surtur og hin svásu guð.  
 Hundrað rasta  
 hann er á hverjan veg.  
 Sá er þeim völlum vitaður."

## 52. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvað verður þá eftir er brenndur er himinn og jörð og heimur allur og dauð goðin öll og allir einherjar og allt mannfólk? Og hafið þér áður sagt að hver maður skal lifa í nokkrum heimi um allar aldir!"



Þá svarar Þriðji: "Margar eru þá vistir góðar og margar illar. Best er þá að vera á Gimlé á himni, og allgott er til góðs drykkjar þeim er það þykir gaman, í þeim sal er Brimir heitir. Hann stendur á Ókólni. Sá er og góður salur er stendur á Niðafjöllum, gjör af rauðu gulli. Sá heitir Sindri. Í þessum sölum skulu byggja góðir menn og siðlátir.

Á Náströndum er mikill salur og illur og horfa í norður dyr. Hann er ofinn allur ormahryggjum sem vandahús, en ormahöfuð öll vita inn í húsið og blása eitri svo að eftir salnum renna eiturár, og vaða þær ár eiðrofar og morðvargar, svo sem hér segir:

Sal veit eg standa  
 sólu fjarri  
 Náströndu á,  
 norður horfa dyr,  
 falla eiturdropar  
 inn of ljóra,  
 sá er undinn salur  
 orma hryggjum.  
 Skulu þar vaða  
 þunga strauma  
 menn meinsvara  
 og morðvargar.

En í Hvergelmi er verst:

Þar kvelur Níðhöggur  
 nái framgengna."

### 53. kafli

Þá mælti Gangleri: "Hvort lifa nokkur goðin þá, eða er þá nokkur jörð eða himinn?"

Hár segir: "Upp skýtur jörðunni þá úr sænum og er þá græn og fögur. Vaxa þá akrar ósánir. Víðar og Váli lifa, svo að eigi hefur særinn og Surtalogi grandað þeim, og byggja þeir á Iðavelli, þar sem fyrr var Ásgarður, og þar koma þá synir Þórs, Móði og Magni, og hafa þar Mjöllni. Því næst koma þar Baldur og Höður frá Heljar, setjast þá allir samt og talast við og minnst á rúnir sínar og ræða of tíðindi þau er fyrrum höfðu verið, of Miðgarðsorm og um Fenrisúlfr. Þá finna þeir í grasinu gulltöflur þær er æsirnar höfðu átt. Svo er sagt:

Víðar og Váli



byggja vé goða  
Þá er sortnar Surta logi,  
Móði og Magni  
skulu Mjöllni hafa  
Vingnis að vígþroti.

En þar sem heitir Hoddmímisholt leynast menn tveir í surtaloga er svo heita: Líf og Leifþrasir, og hafa morgundöggvar fyrir mat. En af þessum mönnum kemur svo mikil kynslóð að byggist heimur allur, svo sem hér segir:

Líf og Leifþrasir,  
en þau leynast munu  
í holti Hoddmímis.  
Morgindöggvar  
þau að mat hafa,  
en þaðan af aldir alast.

Og hitt mun þér undarlegt þykja er sólin hefur getið dóttur eigi ófegri en hún er, og fer sú þá stígu móður sinnar, sem hér segir:

Eina dóttur ber Álfröðull áður hana Fenrir fari, sú skal ríða er regin deyja móður brautir mær.

En nú, ef þú kannt lengra fram að spyrja, þá veit eg eigi hvaðan þér kemur það, fyrir því að engan mann heyrði eg lengra segja fram aldarfarið. Og njóttu nú sem þú namst."

## 54. kafli

Því næst heyrði Gangleri dyni mikla hvern veg frá sér og leit út á hlið sér, og þá er hann sést meir um þá stendur hann úti á sléttum velli. Sér þá enga höll og enga borg. Gengur hann þá leið sína braut og kemur heim í ríki sitt og segir þau tíðindi er hann hefur séð og heyrt.

Og eftir honum sagði hver maður öðrum þessar sögur.

En æsir setjast þá á tal og ráða ráðum sínum og minnst á þessar frásagnir allar er honum voru sagðar, og gefa nöfn þessi hin sömu, er áður voru nefnd, mönnum og stöðum þeim er þar voru, til þess að þá er langar stundir liðu, að menn skyldu ekki efast í að allir væru einir, þeir æsir er nú var frá sagt og þessir er þá voru þau sömu nöfn gefin. Þar var þá Þór kallaður, og er sá Ásarpór hinn gamli. Sá er Ökuþór og honum eru kennd þau stórvirki er Ektor gerði í Tróju. En





það hyggja menn að Tyrkir hafi sagt frá Úlixes og hafi þeir hann kallað Loka, því að Tyrkir voru hans hinir mestu óvinir.



## 12. Kafli

### Hávamál (*Orð hins Háa*)

Söngur hins Háa er nokkurs konar ráðapraut. Hann er í þrennu lagi, skýrt afmarkaður með ólíku lagi, hver með sínu innra lagi. Fræðimenn hafa skiljanlega verið ráðþrota vegna þess hve ólíkir þessir þættir eru í þessu langa kvæði.

Fyrsti og lengsti hlutinn (I og II kafli) virðist vera bók um almenna siðmennt. Hann setur lesandanum reglur um almenn samskipti og að viðhalda vinskapi, og útskýrir skyldur gestgjafans og gesta við borðhald, húsráð og góða drykkjusiði, svo og önnur almenn ráð og visku sem gagnast hrjúfu fólki við að aðlagast samfélaginu.

Annar hlutinn, sem hefst formlega í III kafla (103. kvæði), er stílaður til dvergsins Loðfaðir. Hér er lögð áhersla á réttar og virðulegar athafnir, á tillitsemi við aðra og vinsamlega framkomu. Loðfaðir er greinilega fyrsta skref í III versu fyrir þá sem þurfa leiðsagnar við í lámarks mannsiðum, en hann er enn dvergur í þeim skilningi að sál hans er enn að mestu óþroskuð í mannsiðum. Þessi hluti er skiljanlegur flestum okkar, og Loðfaðir getur á þessu stigi verið venjulegur maður. Smám saman geta dvergar þróast að fullu í menn. Sálir sem hafa vaknað til vitundar að nokkru leyti og leitast við að bæta sig. Loðfaðir er að lokum ávarpaður sem nemi eða lærisveinn í þriðja og síðasta hlutanum (V Kafla, 139. kvæði og til loka), sem er af allt öðrum toga. Þetta lýsir táknrænt mótstöðunni samhliða því að aðlagast þeirri innri sýn sem geymir ólýsanlegan mikilleika. Þessi stuttu gagnorðu kvæði með lýsandi hugtök og innsæi geta veitt okkur svör í leit að guðlegri þekkingu.



Söng hins Háa er greinilega ætlað að ná til þriggja ólíkra áheyrendahópa. Fyrsti hlutinn er ætlaður almenningi, — óhefluðu fólki sem svarar aðeins einföldustu ráðum um daglega hegðun, næsti þeim sem taka við einfaldri siðfræði um almenna breytta hegðun. Að síðustu þeir sem skilja hann sem ákall til sálarinnar frá lærisveini sem helgað hefur líf sitt þjónustu við æðri tilgang. Þessu er beint til þeirra einstaklinga sem geta skilið tilgang hins æðsta og helgað krafta sína og tilgang að rifja upp rúnir - „nam ek upp rúnar“ - (139) Óðins, guðsins innra með okkur.

Þessi eðlilega þrískipting getur átt við í öllum hugsanakerfum og trúarbrögðum. Það er ávallt fjöldinn sem er sjálfselskur og stefnir að því að ná sem mestu úr umhverfi sínu og hafa ánægju af lífinu. Hann lagar sig að hinu venjubundna mynstri, krefst og bregst við af hlýðni. Annar hópur sem er nokkuð fjölmennur hefur gaman að því að velta fyrir sér yfirnáttúrulegum orsökum ýmissa viðburða og tekur jafnvel þátt í ýmissi hjátrúarlegri starfsemi. Meðal þeirra eru nokkrir sem leita og þrá meiri vitneskju og skilja að alheimurinn hefur að geyma óuppgötvaða leyndardóma, en þá skortir oft nægilegt innsæi og úthald sem aðeins næst með sjálfsaga.

Þriðji hópurinn er lítt þekktur, það eru þeir sem hafa kafað í sálarhelgi sína og hafa staðreynt nokkurn sannleik. Þeir eru hinir fáu útvöldu sem vinna fyrir andlegt náttúruleðli, ósnertir af lofi og lasti og án vissu um eigið líf, en með vissu um að það er hluti af háu markmiði sólkerfisins. Þeim er þetta engin persónuleg ánægja, en óeigingirni þeirra er grunnurinn og það sem knýr púlsinn í þróun alls mannkynsins, framför sem gefur manningum það mesta og besta.

Það er ávallt nauðsynlegt fyrir fræðara að greina á milli nemenda, þeir sem eru ótrauðir og staðfastir í að helga sig verkum goðanna fá meiri skerf af þekkingu og með henni mun meiri ábyrgð. Jesús sagði við lærisveina sína; „*Yður er gefinn leyndardómur Guðs ríkis. Hinir, sem fyrir utan eru, fá allt í dæmisögum*“



(Markúsarguðspjall 4:11). Lærisveinar Gautama, Búddha, fengu líka leiðbeiningar og þjálfun, svo var einnig í skóla Pythagorasar og hjá mörgum öðrum andlegum leiðbeinendum í gegnum aldirnar.

Söngur hins Háa ber með sér hvernig efninu er beint til mismunandi áheyrenda, bæði í framsögn og efni. Þar sem fræðarinn talar til almennings endar efnið með kvæðum sem segja frá fyrri leit Óðins að þekkingu. Kvæði 104-110 lýsa með nokkuð óræðum texta hvernig Óðinn, með aðstoð íkornans Rata (sem gæti þýtt bor), boraði sig gegnum Jötunafjöll og kom inn í heim jötna í gervi svikuls snáks. Hann plataði dóttur Jötuns til að gefa sér að drekka úr viskubrunninum sem Jötuninn átti að gæta. Í sögunni er tvinnuð saman mörgum táknum, hvert með margvíslegum merkingum — sem er dæmigerð aðferð í launsögnum til að vísa í ákveðin sannindi. Borinn eða skökullinn Rati, eins og íkorninn í Lífsins tré, Yggdrasils, táknar vitund sem gefinn er aðgangur að neðstu efnisheimum, þar sem Óðinn öðlast visku sína, og einnig að hásæti hins hæsta. Gunnlöður Jötnadóttir, — sem var ókleift að stíga upp til goðanna, var skilin eftir í tárur, þó að Óðreri hafi verið gefinn dýr mjöður, „*Gunnlöð mér of gaf gullnum stóli á drykk ins dýra mjaðar*“ (105), —og „*Óðrerir er nú upp kom á alda vés jaðar*“ (107) hinn dýri mjöður, -stundum nefndur skáldamjöður, - innsæið. Óðreri,- vitundinni, var gefið innsæið og lyft upp um eitt þrep í stiga tilverunnar, jörðinni lyft upp úr fyrri jarðarskríni „...*alda vés jaðar*.“ Jötnar spyrja hvort goðið hafi sigrað eða tapað fyrir jötninum Suttungi (fyrri birting jarðarinnar). Óðni var kleyft að snúa óskaddaður aftur í goðheima.

Gunnlöður, „sú góða kona“ er tími sem er persónugerður, þar sem fjallhár efnisheimur föður hennar,— stærri hringur, að minnsta kosti hluti hans, fagnaði verunni sem gat öðlast viskuvott. Það er líka gefið í skyn, -en út frá speki teófista hefur jörðin (sem hefur í sér þann helga mjöð) þróast frá fyrri birtingu í efnisþyngri mynd og sjá má í fylgihnetti hennar, tunglinu. Þeim gamla „*alda vés jaðar*“ vísar í það sem var.



Mannkynið hefur átt marga fræðara sem löngu eru gleymdir og hafa ýtt manninum áfram veginn og segja má að Óðinn hafi verið einn þeirra, því í *The Secret Doctrine* eftir H. P. Blavatsky segir:

..sá dagur er ekki fjarri er það sem hér hefur verið gefið úr hinum fornu tímaskráum mun verða sannað. Nútíma táknfræði mun öðlast þá vissu að jafnvel Óðinn, . . . sé einn hinna þrjátíu og fimm Buddhas, einn sá fyrsti, og meginlandið sem hann og kynþáttur hans tilheyrðu var eitt það elsta. — II, 423

Hvort síðasti hluti Hávamála hafi varðveist úr svo mikilli fortíð eða verið endurgerður í núverandi mynd af síðari fræðurum er ómögulegt að vita. Við sjáum í þessum kvæðum grunninn í andlegri kosmólógíu og finnum fyrir djúpri lotningu og þakklæti þegar við íhugum þá miklu fórn alheimsanda að vera bundinn Lífsins tré. Þessi guðlega verund varir meðan heimurinn er, því vitundarorka knýr tilveru heimsins og hún svarar þorsta sínum í viskubrunni Mímis, efninu sem heimarnir eru gerðir úr.

Kvæðin 137-42 sýna okkur ótrúlega nákvæma tjáningu á fornri visku og útskýrir hvernig lífsbirting og karmískar athafnir á öllum sviðum tilverunnar leiða af hverjum atburði, orði og athöfn til þess næsta. Sjöundi *galdurinn* segir að þessar leiðbeiningar skuli gefnar undir leyndarhjúp og síðustu kvæðin sýna af hverju það er. Því það er ekki mögulegt að skilja merkingu fræðslunnar fyrr en við erum tilbúin. Þau eru „*allþörf ýta sonum, óþörf jötna sonum, heill sá, er kvað, heill sá, er kann, njóti sá, er nam, heilir, þeirs hlýddu*“ (164). Aðeins andleg greind getur skilið innri merkingu; hið efnislega skammsýna eðli getur það ekki, því það skortir innsæið til að höndla það. Af þeirri ástæðu er svo lítið vitað um launhelgiskóla fortíðarinnar, -og þá nýju— annað en það að þeir hafa verið til frá öndverðu. Þekkinguna sem þeir bjuggu yfir *átti ekki* segja neinum óviðkomandi, ekki vegna þess að það væri bannað, heldur vegna skilningsleysis. Þessi innri skilningur, eða samúð og kærleikur, verður að vera manni eðlilegur áður en



meiri þekking verður skilin. Það fylgdi að ekki var mögulegt að svíkja Launhelgarnar að einu eða neinu leyti frekar en að hægt væri að útskýra æðri stærðfræði fyrir skordýri. Engu að síður var það alvarlegur galli að missa trúna og varð til að bæta á karma mannkynsins. En svo mikið má skilja að hinn upplýsti „kom til baka“ og gaf það til þeirra sem gátu skilið. Það sem Gylfi konungur sem Gangleri hafði lært gekk að lokum frá einum til annars (lok Gylfaginningar).

Hluti Hávamála er lofsöngur, eins og í mörgum öðrum launsagnakvæðum, og minnir á Rubaiyat eða Söng Salamóns, kannski vegna þess að þetta form er það sem kemst næst því að tjá djúpa upplifun af sameiningu við guðlega sjálfið, innri guðinn, og ekkert í efnislegri birtingu kemst nálægt því. Full vikkun mannlegrar vitundar tilheyrir aðeins þeim sem í öllu eðli sínu endurspegla guðinn innra með sér, þeim sem hafa algjöra stjórn á egói sínu og nefndir hafa verið Einherjar Óðins.

---

## Hávamál

### I.

1.  
Gáttir allar,  
áðr gangi fram,  
um skoðask skyli,  
um skyggnast skyli,  
því at óvíst er at  
vita,  
hvar óvinir  
sitja á fleti fyrir.

2.  
Gefendr heilir!  
Gestr er inn  
kominn,  
hvar skal sitja sjá?

Mjök er bráðr,  
sá er á bröndum  
skal  
síns of freista  
frama.

3.  
Elds er þörf,  
þeims inn er  
kominn  
ok á kné kalinn;  
matar ok váða  
er manni þörf,  
þeim er hefr um  
fjall farit.

4.  
Vatns er þörf,  
þeim er til verðar  
kemr,  
þerru ok þjóðlaðar,  
góðs of æðis,  
ef sér geta mætti,  
orðs ok endrþögu.

5.  
Vits er þörf,  
þeim er víða ratar;  
dælt er heima hvat;  
at augabragði verðr,



sá er ekki kann  
ok með snotrum  
sitr.

6.  
At hyggjandi sinni  
skyli-t maðr  
hræsinn vera,  
heldr gætinn at  
geði;  
þá er horskr ok  
þögull  
kemr heimisgarða  
til,  
sjaldan verðr víti  
vörum,  
því at óbrigðra vin  
fær maðr aldregi  
en mannvit mikit.

7.  
Inn vari gestr,  
er til verðar kemr,  
þunnu hljóði þegir,  
eyrum hlýðir,  
en augum skoðar;  
svá nýsisk fróðra  
hverr fyrir.

8.  
Hinn er sæll,  
er sér of getr  
lof ok líknstafi;  
ódælla er við þat,  
er maðr eiga skal  
annars brjóstum í.

9.  
Sá er sæll,  
er sjalfr of á

lof ok vit, meðan  
lifir;  
því at ill ráð  
hefr maðr oft þegit  
annars brjóstum ór.

10.  
Byrði betri  
berr-at maðr brautu  
at  
en sé mannvit  
mikit;  
auði betra  
þykkir þat í  
ókunnum stað;  
slíkt er válaðs vera.

11.  
Byrði betri  
berr-at maðr brautu  
at  
en sé mannvit  
mikit;  
vegrest verra  
vegr-a hann velli at  
en sé ofdrykkja öls.

12.  
Er-a svá gótt  
sem gótt kveða  
öl alda sona,  
því at færa veit,  
er fleira drekkur  
síns til geðs gumi.

13.  
Óminnishegri heitir  
sá er yfir öldrum  
þrumir,  
hann stelr geði  
guma;

þess fugls fjöðrum  
ek fjötraðr vark  
í garði Gunnlaðar.

14.  
Ölr ek varð,  
varð ofrölví  
at ins fróða Fjalars;  
því er öldr bazt,  
at aftr of heimtir  
hverr sitt geð gumi.

15.  
Þagalt ok hugalt  
skyli þjóðans barn  
ok vígdjarft vera;  
gláðr ok reifr  
skyli gumna hverr,  
unz sinn bíðr bana.

16.  
Ósnjallr maðr  
hyggsk munu ey  
lifa,  
ef hann við víg  
varask;  
en elli gefr  
hánnum engi frið,  
þótt hánnum gearar  
gefi.

17.  
Kópir afglapi  
er til kynnis kemr,  
þylsk hann um eða  
þrumir;  
allt er senn,  
ef hann sylg of getr,  
uppi er þá geð  
guma.



18.  
Sá einn veit  
er víða ratar  
ok hefr fjöld of  
farit,  
hverju geði  
stýrir gumna hverr,  
sá er vitandi er vits.

19.  
Hal-di-t maðr á  
keri,<sup>1</sup>  
drekki þó at hófi  
mjöð,  
mæli þarft eða þegi,  
ókynnis þess  
vár þik engi maðr,  
at þú gangir  
snemma at sofa.

20.  
Gráðugr halr,  
nema geðs viti,  
etr sér aldrtega;  
oft fær hlægis,  
er með horskum  
kemr,  
manni heimskum  
magi.

21.  
Hjarðir þat vitu,  
nær þær heim skulu,  
ok ganga þá af  
grasi;  
en ósviðr maðr  
kann ævagi  
síns of mál maga.

22.  
Vesall maðr  
ok illa skapi  
hlær at hvívetna;  
hittki hann veit,  
er hann vita þyrfti,  
at hann er-a vamma  
vanr.

23.  
Ósviðr maðr  
vakir um allar nætr  
ok hyggr at  
hvívetna;  
þá er móðr,  
er at morgni kemr,  
allt er víl sem var.

24.  
Ósnotr maðr  
hyggr sér alla vera  
viðhlæjendr vini;  
hittki hann fiðr,  
þótt þeir um hann  
fár lesi,  
ef hann með  
snotrum sitr.

25.  
Ósnotr maðr  
hyggr sér alla vera  
viðhlæjendr vini;  
þá þat finnr,  
er at þingi kemr,  
at hann á  
formælendr fáa.

26.  
Ósnotr maðr  
þykkisk allt vita,  
ef hann á sér í vá  
veru;  
hittki hann veit,  
hvat hann skal við  
kveða,  
ef hans freista firar.

27.  
Ósnotr maðr,  
er með aldir kemr,  
þat er bazt, at hann  
þegi;  
engi þat veit,  
at hann ekki kann,  
nema hann mæli til  
margt;  
veit-a maðr,  
hinn er vettki veit,  
þótt hann mæli til  
margt.

28.  
Fróðr sá þykkisk,  
er fregna kann  
ok segja it sama;  
eyvitu leynd  
megu ýta synir,  
því er gengr um  
guma.

29.  
Ærna mælir,  
sá er æva þegir,  
staðlausu stafi;  
hraðmælt tunga,

<sup>1</sup> Ker, oftast nauts,-eða hrútshorn.  
Það gekk ávall hringinn um borðið  
og ekki sett niður fyrir en tæmt var.





nema haldendr eigi,  
oft sér ógótt of gelr.

30.  
At augabragði  
skal-a maðr annan  
hafa,  
þótt til kynnis komi;  
margr þá fróðr  
þykkisk,  
ef hann freginn er-  
at  
ok nái hann  
þurrfjallr þruma.

31.  
Fróðr þykkisk,  
sá er flóttá tekr,  
gestr at gest  
hæðinn;  
veit-a görla,  
sá er of verði  
glissir,  
þótt hann með  
grömum glami.

32.  
Gumnar margir  
erusk gagnhollir,  
en at virði vrekask;  
aldar róg  
þat mun æ vera,  
órir gestr við gest.

33.  
Árliga verðar  
skyli maðr oft fáa,  
nema til kynnis  
komi:  
str ok snópir,  
lætr sem solginn sé

ok kann fregna at  
fáu.

34.  
Afhvarf mikit  
er til ills vinar,  
þótt á brautu búi,  
en til góðs vinar  
liggja gagnvegir,  
þótt hann sé firr  
farinn.

35.  
Ganga skal,  
skal-a gestr vera  
ey í einum stað;  
ljúfr verðr leiðr,  
ef lengi sitr  
annars fletjum á.

36.  
Bú er betra,  
þótt lítit sé,  
halr er heima hverr;  
þótt tvær geitr eigi  
ok taugreftan sal,  
þat er þó betra en  
bæn.

37.  
Bú er betra,  
þótt lítit sé,  
halr er heima hverr;  
blóðugt er hjarta,  
þeim er biðja skal  
sér í mál hvert  
matar.

38.  
Vápnum sínum  
skal-a maðr velli á

feti ganga framar,  
því at óvíst er at  
vita,  
nær verðr á vegum  
úti  
geirs of þörf guma.

39.  
Fannk-a ek mildan  
mann  
eða svá matar  
góðan,  
at væri-t þiggja  
þegit,  
eða síns féar  
svági [glöggvan],  
at leið sé laun, ef  
þægi.

40.  
Féar síns,  
er fengit hefr,  
skyli-t maðr þörf  
þola;  
oft sparir leiðum,  
þats hefr ljúfum  
hugat;  
margt gengr verr en  
varir.

41.  
Vápnum ok váðum  
skulu vinir gleðjask;  
þat er á sjalfum  
sýnst;  
viðrgefendr ok  
endrgefendr  
erusk lengst vinir,  
ef þat bíðr at verða  
vel.



42.  
Vin sínum  
skal maðr vinr vera  
ok gjalda gjöf við  
gjöf;  
hlátr við hlátri  
skyli höldar taka  
en lausung við lygi.

43.  
Vin sínum  
skal maðr vinr vera,  
þeim ok þess vin;  
en óvinar síns  
skyli engi maðr  
vinar vinr vera.

44.  
Veiztu, ef þú vin  
átt,  
þann er þú vel trúir,  
ok vill þú af hánú  
gótt geta,  
geði skaltu við þann  
blanda  
ok gjöfum skipta,  
fara at finna oft.

45.  
Ef þú átt annan,  
þanns þú illa trúir,  
vildu af hánú þó  
gótt geta,  
fagrt skaltu við  
þann mæla  
en flátt hyggja  
ok gjalda lausung  
við lygi.

46.  
Það er enn of þann

er þú illa trúir  
ok þér er grunr at  
hans geði,  
hlæja skaltu við  
þeim  
ok um hug mæla;  
glík skulu gjöld  
gjöfum.

47.  
Ungr var ek  
forðum,  
fór ek einn saman,  
þá varð ek villr  
vega;  
auðigr þóttumk,  
er ek annan fann,  
maðr er manns  
gaman.

48.  
Mildir, fræknir  
menn bazt lifa,  
sjaldan sýt ala;  
en ósnjallr maðr  
uggir hotvetna,  
sýtir æ glöggr við  
gjöfum.

49.  
Váðir mínar  
gaf ek velli at  
tveim trémönnum;  
rekkar þat þóttusk,  
er þeir rift höfðu;  
neiss er nökkviðr  
halr.

50.  
Hrörnar þöll,  
sú er stendr þorpi á,

hlýr-at henni börkr  
né barr;  
svá er maðr,  
sá er manngi ann.  
Hvat skal hann  
lengi lifa?

51.  
Eldi heitari  
brennr með illum  
vinum  
friðr fimm daga,  
en þá sloknar,  
er inn sétti kemr,  
ok versnar allr  
vinskapr.

52.  
Mikit eitt  
skal-a manni gefa;  
oft kaupir sér í litlu  
lof,  
með halfum hleif  
ok með höllu keru  
fekk ek mér féлага.

53.  
Lítilla sanda  
lítilla sæva  
lítill eru geð guma;  
því allir menn  
urðu-t jafnspakir;  
half er öld hvar.

54.  
Meðalsnotr  
skyli manna hvern;  
æva til snotr sé;  
þeim er fyrða  
fegrst at lifa,  
er vel margt vitu.



55.  
Meðalsnotr  
skyli manna hverr,  
æva til snotr sé;  
því at snotrs manns  
hjarta  
verðr sjaldan glatt,  
ef sá er alsnotr, er á.

56.  
Meðalsnotr  
skyli manna hverr,  
æva til snotr sé;  
örlög sín  
viti engi fyrir,  
þeim er  
sorgalausastr sefi.

57.  
Brandr af brandi  
brenn, unz brunninn  
er,  
funi kveikisk af  
funa;  
maðr af manni  
verðr at máli kuðr,  
en til dælskr af dul.

58.  
Ár skal rísa,  
sá er annars vill  
fé eða fjör hafa;  
sjaldan liggjandi  
ulfr  
lær of getr  
né sofandi maðr  
sigr.

59.  
Ár skal rísa,

sá er á yrkjendr fáa,  
ok ganga síns verka  
á vit;  
margt of dvelr,  
þann er um morgin  
sefr,  
hálf er auðr und  
hvötum.

60.  
Þurra skíða  
ok þakinna næfra,  
þess kann maðr  
mjöt,  
þess viðar,  
er vinnask megi  
mál ok misseri.

61.  
Þveginn ok mettr  
ríði maðr þingi at,  
þótt hann sé-t  
væddr til vel;  
skúa ok bróka  
skammisk engi  
maðr  
né hests in heldr,  
þótt hann hafi-t  
góðan

62.  
Snapir ok gnapir,  
er til sævar kemr,  
örn á aldinn mar;  
svá er maðr,  
er með mörgum  
kemr  
ok á formælendr  
fáa.

63.  
Fregna ok segja  
skal fróðra hverr,  
sá er vill heitinn  
horskr;  
einn vita  
né annarr skal,  
þjóð veit, ef þrír ro.

64.  
Ríki sitt  
skyli ráðsnotra  
hverr í hófi hafa;  
þá hann þat finnr,  
er með fræknum  
kemr  
at engi er einna  
hvatastr.

65.  
---  
orða þeira,  
er maðr öðrum segir  
oft hann gjöld of  
getr.

66.  
Mikilsti snemma  
kom ek í marga  
staði,  
en til síð í suma;  
öl var drukkit,  
sumt var ólagat,  
sjaldan hittir leiðr í  
líð.

67.  
Hér ok hvar  
myndi mér heim of  
boðit,



ef þyrftak at  
málungi mat,  
eða tvau lær hengi  
at ins tryggva vinar,  
þars ek hafða eitt  
etit.

68.  
Eldr er beztr  
með ýta sonum  
ok sólar sýn,  
heilyndi sitt,  
ef maðr hafa náir,  
án við löst at lifa.

69.  
Er-at maðr alls  
vesall,  
þótt hann sé illa  
heill;  
sumr er af sonum  
sæll,  
sumr af frændum,  
sumr af fé ærnu,  
sumr af verkum vel.

70.  
Beta er lifðum  
en sé ólifðum,  
ey getr kvíkr kú;  
eld sá ek upp  
brenna  
auðgum manni  
fyrir,  
en úti var dauðr fyr  
durum.

71.  
Haltr ríðr hrossi,  
hjörð rekr handar  
vanr,

daufr vegr ok dugir,  
blindr er betri  
en brenndr séi,  
nýtr manngi nás.

72.  
Sonr er betri,  
þótt sé síð of alinn  
eftir genginn guma;  
sjaldan  
bautarsteinar  
standa brautu nær,  
nema reisi niðr at  
nið.

73.  
Tveir ro eins herjar,  
tunga er höfuðs  
bani;  
er mér í heðin hvern  
handar væni.

74.  
Nótt verðr feginn  
sá er nesti trúir,  
skammar ro skips  
ráar;  
hverf er haustgríma;  
fjölð of viðrir  
á fimm dögum  
en meira á mánuði.

75.  
Veit-a hinn,  
er vettki veit,  
margr verðr af  
aurum api;  
maðr er auðigr,  
annar óauðigr,  
skyli-t þann vítká  
váar.

76.  
Deyr fé,  
deyja frændr,  
deyr sjalfr it sama,  
en orðstírr  
deyr aldregi,  
hveim er sér góðan  
getr.

77.  
Deyr fé,  
deyja frændr,  
deyr sjalfr it sama,  
ek veit einn,  
at aldrei deyr:  
dómr um dauðan  
hvern.

78.  
Fullar grindr  
sá ek fyr Fitjungs  
sonum,  
nú bera þeir vánar  
völ;  
svá er auðr  
sem augabragð,  
hann er valtastr  
vina.

79.  
Ósnotr maðr,  
ef eignask getr  
fé eða fljóðs  
munuð,  
metnaðr hánun  
þróask,  
en mannvit aldregi,  
fram gengr hann  
drjúgt í dul.



80.  
 Þat er þá reynt,  
 er þú að rúnum  
 spyr  
 inum reginkunnum,  
 þeim er gerðu  
 ginnregin  
 ok fáði fimbulpulr,  
 þá hefir hann bazt,  
 ef hann þegir.

81.  
 At kveldi skal dag  
 leyfa,  
 konu, er brennd er,  
 mæki, er reyndr er,  
 mey, er gefin er,  
 ís, er yfir kemr,  
 öl, er drukkit er.

82.  
 Í vindi skal við  
 höggva,  
 veðri á sjó róa,  
 myrkri við man  
 spjalla,  
 mörg eru dags  
 augu;  
 á skip skal skriðar  
 orka,  
 en á skjöld til hlífar,  
 mæki höggs,  
 en mey til kossa.

83.  
 Við eld skal öl  
 drekka,  
 en á ísi skriða,  
 magran mar kaupa,  
 en mæki saurgan,  
 heima hest feita,

en hund á búi.

## II.

84.  
 Meyjar orðum  
 skyli manngi trúa  
 né því, er kveðr  
 kona,  
 því at á hverfanda  
 hvéli  
 váru þeim hjörtu  
 sköpuð,  
 brigð í brjóst of  
 lagið.

85.  
 Brestanda boga,  
 brennanda loga,  
 gínanda ulfi,  
 galandi kráku,  
 rýtanda svíni,  
 rótausum viði,  
 vaxanda vági,  
 vellanda katli,

86.  
 Fljúganda fleini,  
 fallandi báru,  
 ísi einnættum,  
 ormi hringlegnum,  
 brúðar beðmálum  
 eða brotnu sverði,  
 bjarnar leiki  
 eða barni konungs.

87.  
 Sjúkum kalfi,  
 sjalfráða þraeli,  
 völu vilmæli,  
 val nýfelldum.

88.  
 Akri ársánnum  
 trúi engi maðr  
 né til snemma syni,  
 - veðr ræðr akri.  
 en vit syni;  
 hætt er þeira hvárt.

89.  
 Bróðurbana sínum  
 þótt á brautu mæti,  
 húsi hálfbrunnu,  
 hesti alskjótum,  
 - þá er jór ónýtr,  
 ef einn fótr brotnar -  
 ,  
 verði-t maðr svá  
 tryggr  
 at þessu trúi öllu.

90.  
 Svá er friðr kvenna,  
 þeira er flátt hyggja,  
 sem aki jó  
 óbryddum  
 á ísi hálum,  
 teitum, tvévetrum  
 ok sé tamr illa,  
 eða í byr óðum  
 beiti stjórnlausu,  
 eða skyli haltr  
 henda  
 hrein í þárfjalli.

91.  
 Bert ek nú mæli,  
 því at ek bæði veit,  
 brigðr er karla hugr  
 konum;



þá vér fegrst  
mælum,  
er vér flást  
hyggjum:  
þat tælir horska  
hugi.

92.  
Fagrt skal mæla  
ok fé bjóða,  
sá er vill fljóðs ást  
fá,  
líki leyfa  
ins ljósa mans,  
sá fær, er fríar.

93.  
Ástar firna  
skyli engi maðr  
annan aldregi;  
oft fá á horskan,  
er á heimskan né fá,  
lostfagrir litir.

94.  
Eyvitar firna  
er maðr annan skal,  
þess er um margan  
gengr guma;  
heimska ór horskum  
gerir hölða sonu  
sá inn máttki munr.

95.  
Hugr einn þat veit,  
er býr hjarta nær,  
einn er hann sér of  
sefa;

öng er sótt verri  
hveim snotrum  
manni  
en sér engu at una.

96.  
Þat ek þá reynda,  
er ek í reyri sat,  
ok vættak míns  
munar;  
hold ok hjarta  
var mér in horska  
mær;  
þeygi ek hana at  
heldr hefik.

97.  
Billings mey <sup>1</sup>  
ek fann beðjum á  
sólhvíta sofa;  
jarls ynði  
þótti mér ekki vera  
nema við þat lík at  
lifa.

98.  
"Auk nær aftni  
skaltu, Óðinn,  
koma,  
ef þú vilt þér mæla  
man;  
allt eru ósköp,  
nema einir viti  
slíkan löst saman."

99.  
Aftr ek hvarf  
ok unna þóttumk  
vísun vilja frá;

hitt ek hugða,  
at ek hafa mynda  
geð hennar allt ok  
gaman.

100.  
Svá kom ek næst,  
at in nýta var  
vígdrótt öll of vakin  
með brennandum  
ljósum  
ok bornum viði,  
svá var mér vílstígr  
of vitaðr.

101.  
Auk nær morgni,  
er ek var enn of  
kominn,  
þá var saldrótt of  
sofin;  
grey eitt ek þá fann  
innar góðu konu  
bundit beðjum á.

102.  
Mörg er góð mær,  
ef görva kannar,  
hugbrigð við hali;  
þá ek þat reynda,  
er it ráðspaka  
teygða ek á flærðir  
fljóð;  
háðungar hveirrar  
leitaði mér it horska  
man,  
ok hafða ek þess  
vettki vífs.

<sup>1</sup> Billings mær,-snjóhvít jörðin,  
einnig kölluð Rind.



III.

103.

Heima glaðr gumi  
ok við gesti reifr,  
sviðr skal um sig  
vera,  
minnigr ok málugr,  
ef hann vill  
margfróðr vera,  
oft skal góðs geta;  
fimbulfambi heitir,  
sá er fátt kann  
segja,  
þat er ósnotrs aðal.

104.

Inn aldna jötun ek  
sótta,  
nú em ek aftr of  
kominn:  
fátt gat ek þegjandi  
þar;  
mörgum orðum  
mæltu ek í minn  
frama  
í Suttungs söllum.

105.

Gunnlöð mér of gaf  
gullnum stóli á  
drykk ins dýra  
mjaðar;  
ill iðgjöld  
lét ek hana eftir  
hafa  
síns ins heila hugar,  
síns ins svára sefa.

106.

Rata munn

létumk rúms of fá  
ok um grjót gnaga;  
yfir ok undir  
stóðumk jötna  
vegir,  
svá hætta ek höfði  
til.

107.

Vel keypts litar  
hefi ek vel notit,  
fás er fróðum vant,  
því at Óðrerir  
er nú upp kominn  
á alda vés jaðar.

108.

Ifi er mér á,  
at ek væra enn  
kominn  
jötna görðum ór,  
ef ek Gunnlaðar né  
nytak,  
innar góðu konu,  
þeirar er lögðumk  
arm yfir.

109.

Ins hindra dags  
gengu hrímþursar  
Háva ráðs at fregna  
Háva höllu í;  
at Bölverki þeir  
spurðu,  
ef hann væri með  
böndum kominn  
eða hefði hánun  
Suttungur of sóit.

110.

Baugeið Óðinn,

hygg ek, at unnit  
hafi;  
hvat skal hans  
tryggðum trúa?  
Suttung svikinn  
hann lét sumbli frá  
ok grætta  
Gunnlöðu.

IV.

111.

Mál er at þylja  
þular stóli á  
Urðarbrunni at,  
sá ek ok þagðak,  
sá ek ok hugðak,  
hlýdda ek á manna  
mál;  
of rúnar heyrða ek  
dæma,  
né of ráðum þögðu  
Háva höllu at,  
Háva höllu í,  
heyrða ek segja svá:

112.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:  
nótt þú rís-at  
nema á njósn séir  
eða þú leitir þér  
innan út staðar.

113.



Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:  
fjölunnigri konu  
skal-at-tu í faðmi  
sofa,  
svá at hon lyki þik  
liðum.

114.

Hon svá gerir,  
at þú gáir eigi  
þings né þjóðans  
máls;  
mat þú vill-at  
né mannskis gaman,  
ferr þú sorgafullr at  
sofa.

115.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:  
annars konu  
teygðu þér aldregi  
eyrarúnu at.

116.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,

þér munu góð, ef þú  
getr -:  
á fjalli eða firði,  
ef þik fara tíðir,  
fásktu at virði vel.

117.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:  
illan mann  
láttu aldregi  
óhöpp at þér vita,  
því at af illum  
manni  
fær þú aldregi  
gjöld ins góða  
hugar.

118.

Ofarla bíta  
ek sá einum hal  
orð illrar konu;  
flaráð tunga  
varð hánunum at  
fjörlagi  
ok þeygi of sanna  
sök.

119.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:

veistu, ef þú vin átt,  
þann er þú vel trúir,  
far þú at finna oft,  
því at hrísi vex  
ok hávu grasi  
vegr, er vættki  
treðr.

120.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:  
góðan mann  
teygðu þér at  
gamanrúnum  
ok nem líknargaldr,  
meðan þú lifir.

121.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,  
en þú ráð nemir, -  
njóta mundu, ef þú  
nemr,  
þér munu góð, ef þú  
getr -:  
vin þínum  
ver þú aldregi  
fyrri at flaumslitum;  
sorg etr hjarta,  
ef þú segja né náir  
einhverjum allan  
hug.

122.

Ráðumk þér,  
Loddfáfnir,





en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 orðum skipta  
 þú skalt aldregi  
 við ósvinna apa,

123.

Því at af illum  
 manni  
 mundu aldregi  
 góðs laun of geta,  
 en góðr maðr  
 mun þik gerva  
 mega  
 líknfastan at lofi.

124.

Sifjum er þá  
 blandat,  
 hver er segja ræðr  
 einum allan hug;  
 allt er betra  
 en sé brigðum at  
 vera;  
 er-a sá vinr öðrum,  
 er vilt eitt segir.

125.

Ráðumk, þér  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 þrimr orðum senna  
 skal-at-tu þér við  
 verra mann

oft inn betri bilar,  
 þá er inn verri vegr.

126.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 skósmiðr þú verir  
 né skeftismiðr,  
 nema þú sjalfum  
 þér séir:  
 skór er skapaðr illa  
 eða skaft sé rangt,  
 þá er þér böls beðit.

127.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 hvars þú böl kannt,  
 kveð þú þér bölvi at  
 ok gef-at þínum  
 fjándum frið.

128.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 illu feginn

ver þú aldregi,  
 en lát þér at góðu  
 getit.

129.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 upp líta  
 skal-at-tu í orrustu,  
 - gjalti glíkir  
 verða gumna synir,  
 -  
 síðr þitt of heilli  
 halir.

130.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 ef þú vilt þér góða  
 konu  
 kveðja at  
 gamanrúnum  
 ok fá fögnuð af,  
 fögru skaltu heita  
 ok láta fast vera;  
 leiðisk manngi gótt,  
 ef getr.

131.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,



en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 varan bið ek þik  
 vera  
 ok eigi ofvaran;  
 ver þú við öl varastr  
 ok við annars konu  
 ok við þat it þriðja,  
 at þjófar né leiki.

132.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 at háði né hlátri  
 hafðu aldregi  
 gest né ganganda.

133.

Oft vitu ógörla,  
 þeir er sitja inni  
 fyrir,  
 hvers þeir ro kyns,  
 er koma;  
 er-at maðr svá góðr  
 at galli né fylgi,  
 né svá illr, at einugi  
 dugi.

134.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -

njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 at hárum þul  
 hlæ þú aldregi,  
 oft er gótt, þat er  
 gamlir kveða;  
 oft ór skörpum belg  
 skilin orð koma  
 þeim er hangir með  
 hám  
 ok skollir með  
 skrám  
 ok váfir með  
 vílmögum.

135.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -  
 njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 gest þú né geyja  
 né á grind hreikir;  
 get þú váluðum vel.

136.

Rammt er þat tré,  
 er ríða skal  
 öllum at upploki;  
 baug þú gef,  
 eða þat biðja mun  
 þér læs hvers á liðu.

137.

Ráðumk þér,  
 Loddfáfnir,  
 en þú ráð nemir, -

njóta mundu, ef þú  
 nemr,  
 þér munu góð, ef þú  
 getr -:  
 hvars þú öl drekkir,  
 kjós þér jarðar  
 megin,  
 því at jörð tekr við  
 öldri,  
 en eldr við sóttum,  
 eik við abbindi,  
 ax við fjölkyngi,  
 höll við hýrógi,  
 - heiftum skal mána  
 kveðja, -  
 beiti við bitsóttum,  
 en við bölvu rúnar,  
 fold skal við flóði  
 taka.

V.

138.

Veit ek, at ek hekk  
 vindga meiði á  
 nætr allar níu,  
 geiri undaðr  
 ok gefinn Óðni,  
 sjalfr sjalfum mér,  
 á þeim meiði,  
 er manngi veit  
 hvers af rótum renn.

139.

Við hleifi mik  
 sældu  
 né við hornigi;  
 nýsta ek niðr,  
 nam ek upp rúnar,  
 æpandi nam,  
 fell ek aftr þaðan.



140.  
Fimbulljóð níu  
nam ek af inum  
frægja syni  
Bölþorns, Bestlu  
föður,  
ok ek drykk of gat  
ins dýra mjaðar,  
ausinn Óðreri. <sup>1</sup>

141.  
Þá nam ek frævask  
ok fróðr vera  
ok vaxa ok vel  
hafask,  
orð mér af orði  
orðs leitaði,  
verk mér af verki  
verks leitaði.

142.  
Rúnar munt þú  
finna  
ok ráðna stafi,  
mjök stóra stafi,  
mjök stinna stafi,  
er fáði fimbulþulr  
ok gerðu ginnregin  
ok reist hrofr  
rögna.

143.  
Óðinn með ásum,  
en fyr alfum Dáinn,

Dvalinn ok  
dvergum fyrir,  
Ásviðr jötnum fyrir,  
ek reist sjalfr sumar.

144.  
Veistu, hvé rísta  
skal?  
Veistu, hvé ráða  
skal?  
Veistu, hvé fáa  
skal?  
Veistu, hvé freista  
skal?  
Veistu, hvé biðja  
skal?  
Veistu, hvé blóta  
skal?  
Veistu, hvé senda  
skal?  
Veistu, hvé sóa  
skal?

145.  
Betra er óbeðit  
en sé ofblótít,  
ey sér til gildis gjöf;  
betra er ósent  
en sé ofsóit.  
Svá Þundr of reist <sup>2</sup>  
fyr þjóða rök,  
þar hann upp of  
reis,  
er hann aftr of kom.

## VI.

146.  
Ljóð ek þau kann,  
er kann-at þjóðans  
kona  
ok mannskis mögr.  
Hjalp heitir eitt,  
en þat þér hjalpa  
mun  
við sökum ok  
sorgum  
ok sítum  
görvöllum.

147.  
Þat kann ek annat,  
er þurfu ýta synir,  
þeir er vilja lækna  
lifa.

148.  
Það kann ek þriðja:  
ef mér verðr þörf  
mikil  
hafts við mína  
heiftmögu,  
eggjar ek deyfi  
minna andskota,  
bíta-t þeim vápn né  
velir.

149.  
Þat kann ek it  
fjórða:  
ef mér fyrðar bera  
bönd að boglimum,

<sup>1</sup> Bolþorn er auðýnilega  
Þruðgelmir, sá er lífgjafinn í fyrri  
hringrás. Bestla er systir  
Bargelmirs, eiginkona Búr og er

kvenhliðin karma síðustu  
hringrásar og þar með  
upprunakarma núverandi  
hringrásar. Óðreri er brunnur  
Mímis, uppruni visku þeirrar sem

goðarnir sóttu í við upphaf nýrrar  
birtingu.

<sup>2</sup> Þundur, tímahringur



svá ek gel,  
at ek ganga má,  
sprettr mér af fótum  
fjöturr,  
en af höndum haft.

150.

Þat kann ek it  
fimmta:  
ef ek sé af fári  
skotinn  
flein í folki vaða,  
fýgr-a hann svá  
stinnt,  
at ek stöðvig-a-k,  
ef ek hann sjónum  
of sék.

151.

Þat kann ek it séttá:  
ef mik særir þegn  
á vrótum hrás viðar,  
ok þann hal  
er mik heifta kveðr,  
þann eta mein heldr  
en mik.

152.

Þat kann ek it  
sjaunda:  
ef ek sé hávan loga  
sal of sessmögum,  
brennr-at svá breitt,  
at ek hánum  
bjargig-a-k;  
þann kann ek galdr  
at gala.

153.

Þat kann ek it átta,  
er öllum er

nytsamligt at nema:  
hvars hatr vex  
með hildings sonum  
þat má ek bæta  
brátt.

154.

Þat kann ek it  
níunda:  
ef mik nauðr of  
stendr  
at bjarga fari mínu á  
floti,  
vind ek kyrri  
vági á  
ok svæfik allan sæ.

155.

Þat kann ek it  
tíunda:  
ef ek sé túnriður  
leika lofti á,  
ek svá vinnk,  
at þær villar fara  
sinna heimhama,  
sinna heimhuga.

156.

Þat kann ek it  
ellifta:  
ef ek skal til orrostu  
leiða langvini,  
und randir ek gel,  
en þeir með ríki fara  
heilir hildar til,  
heilir hildi frá,  
koma þeir heilir  
hvaðan.

157.

Þat kann ek it tolfata:

ef ek sé á tré uppi  
váfa virgilná,  
svá ek ríst  
ok í rúnum fák,  
at sá gengr gumi  
ok mælir við mik.

158.

Þat kann ek it  
þrettánda:  
ef ek skal þegn  
ungan  
verpa vatni á,  
mun-at hann falla,  
þótt hann í folk  
komi,  
hnígr-a sá halr fyr  
hjörum.

159.

Þat kann ek it  
fjögurtánda:  
ef ek skal fyrða liði  
telja tíva fyrir,  
ása ok alfa  
ek kann allra skil;  
fár kann ósnotr svá.

160.

Þat kann ek it  
fimmtánda  
er gól Þjóðrerir  
dvergr fyr Dellings  
durum:  
afl gól hann ásum,  
en alfum frama,  
hyggju Hroftatý.

161.

Þat kann ek it  
sextánda:



ef ek vil ins svinna  
mans  
hafa geð allt ok  
gaman,  
hugi ek hverfi  
hvítarmri konu,  
ok sný ek hennar  
öllum sefa.

162.

Þat kann ek it  
sjautjándá  
at mik mun seint  
firrask  
it manunga man.  
Ljóða þessa  
mun þú, Loddfáfnir,  
lengi vanr vera;

þó sé þér góð, ef þú  
getr,  
nýt ef þú nemr,  
þörf ef þú þiggr.

163.

Þat kann ek it  
átjándá,  
er ek æva kennik  
mey né manns  
konu,  
- allt er betra,  
er einn of kann;  
þat fylgir ljóða  
lokum, -  
nema þeiri einni,  
er mik armi verr,  
eða mín systir sé.

## VII.

164.

Nú eru Háva mál  
kveðin Háva höllu í,  
allþörf ýta sonum,  
óþörf jötna sonum;  
heill sá, er kvað,  
heill sá, er kann,  
njóti sá, er nam,  
heilir, þeirs hlýddu.



## 13. Kafli

### Vafprúðnismál

Vafprúðnismál er ein nokkurra sagna sem fjalla um hvernig sýndarheimur efnisins blekkir vitundina. Vafprúðnir merkir „sá sem vafinn er í þrautir.“ Efnið fjallar um hve svikul skynfæri okkar geta verið. Hindúaritinn leggja líka áherslu á þetta efni. Í Sanskrit er það sem sýnist kallað *maya*, merking orðsins kemur af orðinu *ma*, sem merkir að mæla og vísar til alls sem er takmarkað, smátt eða stórt. Það tekur bæði til tíma og rúms og alls sem við sjáum og mælum. Aðeins óendanlegur heimurinn í eilífri tilvist, án upphafs og endis og óímyndanlegur getur í raun kallast raunveruleiki. Rúm og tími er í sjálfu sér sýndarheimur — óumflýjanleg fyrirbæri er líta endanlegri tilveru, Hann er mikill að umfangi sem við svo reynum að komast út úr kí vitundinni.

Það er mikilvægt að skilja að sýndarheimur þýðir ekki tilveruleysi.

Sýndarheimur er til, sýndarhlutir eru til, því við erum umkringd þeim og erum hluti af þeim. Við tökum hluti sem gefna þó við skynjum þá ekki. Sem dæmi, þá segja vísindin okkur að efnið sé að mestu rýmd — litlar eindir sem hreyfast hratt í tiltölulega miklu tómu rúmi. Skynjun okkar sér þetta ekki þannig, en við vefengjum ekki að efnið sé byggt upp af atómum sem við höfum aldrei séð. Við horfum á fagurt sólsetur og sjáum rauðglóandi hnöttinn hverfa niður fyrir sjóndeildarhringinn, þó við vitum að hann hvarf átta mínútum fyrr því það tekur ljósið þann tíma að berast okkur 150 milljónir kílómetra um geiminn. Við sjáum rautt blóm, en í raun hafa blöð blómsins tekið allar geisla ljóssins í sig *nema þann rauða*. Það sem við sjáum er liturinn sem blöðin höfnuðu. Við skynjum hluti mismunandi, hvert og eitt. Það sem skynfærin senda til heilans er háð



viðhorfi, skapi, skilningi og reynslu einstaklingsins. Því virðist sá er veit meira sýnst geta gert hálfgerð kraftaverk.

Engu að síður er hið sanna til staðar, sólkerfið er til og þekking um það til staðar. Í Vafþrúðnismálum, -sýndarþulunni,- er það guðsjálfið, Óðinn, vitundin sem gengur leitandi inn í efnisheiminn, um kosmísk hlið þess, til að hitta jötuninn Vafþrúðnir til að sjá „*hvé Vafþrúðnis salakynni sé*“ (3), því hin guðlega vitund öðlast (og nærast) af mjöð þekkingarinnar með því að ferðast um svið efnisins. Óðinn neitar að setjast á bekk í höll glýjunnar: vitundin á ekki heima þar.

Í fyrstu kvæðunum (11-19) er það Vafþrúðnir sem spyr Óðinn, efnið er upplýst og lífgert, vex og lærir af þeirri vitund sem kemur þar og kallar sig Gagnráð, - þann sem gefur góð ráð-, í seinni hlutanum er það Óðinn sem lærir, spyr jötuninn þar til að lokum að gesturinn upplýsir hver hann sé,- Alfaðir. Þetta er venjulega rás atburða í mörgum sögunum, þ.e. fyrst innblæs andinn orku og líf í efnið, skipuleggur og byggir formið sem hann mun dvelja í. Síðar er það efnið sem dregur sig inn á við og gefur andlegri náttúru vöxt og meiri fullkomnun með reynslunni. Þannig eru þessar tvær hliðar tilverunnar ávallt tengdar með sömu tilhneigingunni, tvær hliðar þess sama. Vitundin sem kom inn í heim jötnanna, jafnvel þó hún hafi tímabundið festis í vefi sýndarheims, mun eins og Vafþrúðnir segir um Njörð

„...í aldar rök, hann mun aftr koma, heim með vísum vönum.“ (39). Svo verður um alla.

Vafþrúðni er kennt og við áminnt um að tilvera goða og jötna er aðeins aðskilin með hinni straumhörðu elfu sem kölluð er Efi og engin ísbrú getur nokkurn tímann brúað og hinn eilífi stríðsvöllur (lífið) þar sem hin eyðandi og byggjandi öfl takast á í mannum og náttúrunni eru þar ekki að ástæðulausu. Hér er



guðinn að benda á þróunarveginn, að efnishlið tilverunnar getur öðlast aðgang að völlum goðanna.

Hér gefur jötnaheimurinn eftir visku sína við að Óðinn dregur fram sögu liðinnar sköpunar frá gestgjafa sínum. Kvæði 23 segir Mundilfara faðir sól og mána og segir um not þeirra fyrir mælingu tímans. Mundilfari er öxull sá er hreyfir okkar geim sem kallaður er Vetrarbraut. Í kvæði 25 segir ekki aðeins af hreyfingu dags og nætur, heldur einnig af mánaskiptum, en það er einnig nefnt í Völuspá. Þetta er lítil vísbending en við getum sagt að höfundar hafa haft þekkingu í stjörnufræði og árstíðaskiptum og talið það mikilvægt að setja þetta tímahylki í launsöguna. Kvæði 43 er merkilega upplýsandi í ljósi svars jötunsins,-

„því at hvern hef ek,  
heim of komit;  
nú kom ek heima  
fyr Niflhel neðan;  
hinig deyja ór helju halir.“

að hann hafi verið nú heimar og komin úr heljarhöllum neðar Niflhel — kaos, óreiðu efnisins,- fyrir kosmos, reiðu efnisins.

Andstæðan við þetta er í kvæði 45:

„Líf ok Lifþrasir,  
en þau leynask munu  
í holti Hoddmímis.“

Líf og tilvist muni leynast í minni Hoddmímis (sólarinnar, -sálarinnar) þegar Fimbulvetur ríkir, -þegar efnið er í hvíld og lífið er hjá guðunum (44). Þau munu njóta morgundaggarinnar og fæðast í nýjum komandi heimi. Hér sjáum við aftur að nýtt líf mun rísa úr dauða núverandi heimskerfa. Þeir sem nú eru Æsir munu verða leystir af hólmi af afkomendum þeirra og nýr Þór og nýr Óðinn (í mynd sonar hans Víðar), sem mun hefna föður aldanna,- „þess mun Víðarr vreka“ (53).





Í lokinn segir Óðinn hver hann er með því að spyrja hinnar ósvaranlegu spurningar —öllum ósvaranleg nema guði sjálfum.- Hverju hvíslaði Óðinn í eyra sonar síns, hins deyjandi sólarguðs? Við getum velt fyrir okkur hvaða leyndardómur það var sem Alfaðir fyrrum og nýrra heima hvíslaði.

## Vafprúðnismál

Óðinn kvað:

1.  
"Ráð þú mér nú,  
Frigg,  
alls mik fara tíðir  
at vitja Vafprúðnis;  
forvitni mikla  
kveð ek mér á  
fornum stöfum  
við þann inn  
alsvinna jötun."

Frigg kvað:

2.  
"Heima letja  
ek mynda Herjaföðr  
í görðum goða;  
því at engi jötun  
ek hugða  
jafnramman  
sem Vafprúðni  
vera."

Óðinn kvað:

3.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaða,  
fjölð ek reynda  
regin;

hitt vil ek vita,  
hvé Vafprúðnis  
salakynni sé."

Frigg kvað:

4.  
"Heill þú farir!  
heill þú aftr komir!  
heill þú á sinnum  
sér!  
æði þér dugi,  
hvars þú skalt,  
Aldaföðr,  
orðum mæla jötun.

5.  
Fór þá Óðinn  
at freista orðspeki  
þess ins alsvinna  
jötuns;  
at höllu hann kom,  
ok átti Íms faðir;  
inn gekk Yggr þegar.

Óðinn kvað:

6.  
"Heill þú nú,  
Vafprúðnir,<sup>1</sup>

nú em ek í höll  
kominn  
á þik sjalfan sjá;  
hitt vil ek fyrst vita,  
ef þú fróðr sér  
eða alsviðr jötunn."

Vafprúðnir kvað:

7.  
"Hvat er þat manna  
er í mínum sal  
verpumpk orði á?  
Út þú né komir  
órum höllum frá,  
nema þú inn snottrari  
sér."

Óðinn kvað:

8.  
"Gagnráðr ek heiti,  
nú emk af göngu  
kominn,  
þyrstr til þinna sala;  
laðar þurfi -  
hef ek lengi farit -  
ok þinna andfanga,  
jötunn."

Vafprúðnir kvað:

<sup>1</sup> Vafprúðnir,-Vefari blekkingavefsins



9.  
"Hví þú þá,  
Gagnráðr,  
mælisk af golfi fyr?  
Far þú í sess í sal!  
Þá skal freista,  
hvárr fleira viti,  
gestr eða inn gamli  
þulr."

Gagnráður kvað:

10.  
"Óauðigr maðr,  
er til auðigs kemr,  
mæli þarft eða þegi;  
ofrmælgí mikil,  
hygg ek, at illa geti  
hveim er við  
kaldrifjaðan kemr."

Vafþrúðnir kvað:

11.  
"Seg þú mér,  
Gagnráðr,  
alls þú á golfi vill  
þíns of freista frama,  
hvé sá hestr heitir,  
er hverjan dregr  
dag of dróttmögu."

Gagnráður kvað:

12.  
"Skinfaxi heitir,  
er inn skíra dregr  
dag of dróttmögu;  
hesta beztr  
þykkir hann með  
Hreiðgotum;  
ey lýsir mön af  
mari."

Vafþrúðnir kvað:

13.

"Seg þú þat,  
Gagnráðr,  
alls þú á golfi vill  
þíns of freista frama,  
hvé sá jór heitir,  
er austan dregr  
nótt of nýt regin."

Gagnráður kvað:

14.  
"Hrímfaxi heitir,  
er hverja dregr  
nótt of nýt regin;  
méldropa fellir hann  
morgin hvern;  
þaðan kemr dögg um  
dala."

Vafþrúðnir kvað:

15.  
Seg þú þat,  
Gagnráðr,  
alls þú á golfi vill  
þíns of freista frama,  
hvé sú á heitir,  
er deilir með jötna  
sonum  
grund ok með  
goðum."

Gagnráður kvað:

16.  
"Ífing heitir á,  
er deilir með jötna  
sonum  
grund ok með  
goðum;  
opin renna  
hon skal of aldrdaga;  
verðr-at íss á á."

Vafþrúðnir kvað:

17.

Seg þú þat,  
Gagnráðr,  
alls þú á golfi vill  
þíns of freista frama,  
hvé sá völlr heitir,  
er finnask vígi at  
Surtr ok in svásu  
goð."

Gagnráður kvað:

18.  
"Vígriðr heitir völlr,  
er finnask vígi at  
Surtr ok in svásu  
goð;  
hundrað rasta  
hann er á hverjan  
veg;  
sá er þeim völlr  
vitaðr."

Vafþrúðnir kvað:

19.  
"Fróðr ertu nú, gestr,  
far þú á bekk jötuns,  
ok mælumk í sessi  
saman;  
höfði veðja  
vit skulum höllu í,  
gestr, of geðspeki.

Gagnráður kvað:

20.  
"Seg þú þat it eina,  
ef þitt æði dugir  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hvaðan jörð of kom  
eða upphiminn  
fyrst, inn fróði  
jötunn."

Vafþrúðnir kvað:



21.  
"Ór Ymis holdi  
var jörð of sköpuð,  
en ór beinum björg,  
himinn ór hausi  
ins hrímkalda jötuns,  
en ór sveita sær."

Gagnráður kvað:

22.  
"Seg þú þat annat,  
ef þitt æði dugir  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hvaðan máni kom,  
sá er ferr menn yfir,  
eða sól it sama."

Vafþrúðnir kvað:

23.  
"Mundilfari heitir,  
hann er mána faðir  
ok svá Sólar it sama;  
himin hverfa  
þau skulu hverjan  
dag  
öldum at ártali."

Gagnráður kvað:

24.  
"Seg þú þat it þriðja,  
alls þik svinnan  
kveða  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hvaðan dagr of kom,  
sá er ferr drótt yfir,  
eða nótt með  
niðum."

Vafþrúðnir kvað:

25.  
"Dellingr heitir,  
hann er Dags faðir,

en Nótt var Nörvi  
borin;  
ný ok nið  
skópu nýt regin  
öldum at ártali."

Gagnráður kvað:

26.  
"Seg þú þat it fjórða,  
alls þik fróðan  
kveða,  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hvaðan vetr of kom  
eða varmt sumar  
fyrst með fróð  
regin."

Vafþrúðnir kvað:

27.  
"Vindsvalr heitir,  
hann er Vetrar faðir,  
en Svásuðr sumars."

Gagnráður kvað:

28.  
"Seg þú þat it  
fimmta,  
alls þik fróðan  
kveða,  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hverr ása ellztr  
eða Ymis niðja  
yrði í árdaga."

Vafþrúðnir kvað:

29.  
"Örófi vetra  
áðr væri jörð of  
sköpuð,  
þá var Bergelmir  
borinn,  
Þrúðgelmir

var þess faðir,  
en Aurgelmir afi."

Gagnráður kvað:

30.  
"Seg þú þat it sétta,  
alls þik svinnan  
kveða,  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hvaðan Aurgelmir  
kom  
með jötna sonum  
fyrst, inn fróði  
jötunn."

Vafþrúðnir kvað:

31.  
"Ór Élivágum  
stukku eitrdropar,  
svá óx, unz varð  
jötunn;  
þar eru órar ættir  
komnar allar saman;  
því er þat æ allt til  
atalt."

Gagnráður kvað:

32.  
"Seg þú þat it  
sjaunda,  
alls þik svinnan  
kveða,  
ok þú, Vafþrúðnir,  
vitir,  
hvé sá börn gat,  
inn baldni jötunn,  
er hann hafði-t  
gýgjar gaman."

Valþúðnir kvað:

33.  
"Undir hendi vaxa  
kváðu hrímþursi



mey ok mög saman;  
fótr við fæti  
gat ins fróða jötuns  
sexhöfðaðan son."

Gagnráður kvað:

34.  
"Seg þú þat it átta,  
alls þik svinnan  
kveða,  
ok þú, Vafprúðnir,  
vitir,  
hvat þú fyrst of mant  
eða fremst of veizt,  
þú ert alsviðr,  
jötunn."

Valfprúðnir kvað:

35.  
Örófi vetra  
áðr væri jörð of  
sköpuð,  
þá var Bergelmir  
borinn;  
þat ek fyrst of man,  
er sá inn fróði jötunn  
á var lúðr of lagiðr."

Gagnráður kvað:

36.  
"Seg þú þat it  
níunda,  
alls þik svinnan  
kveða,  
ok þú, Vafprúðnir,  
vitir,  
hvaðan vindr of  
kemr,  
svá at ferr vág yfir;  
æ menn han sjalfan  
of sjá."

Valfprúðnir kvað:

37.  
"Hræsvelgr heitir,  
er sitr á himins enda,  
jötunn í arnar ham;  
af hans vængjum  
kvæða vind koma  
alla menn yfir."

Gagnráður kvað:

38.  
"Seg þú þat it tíunda,  
alls þú tíva rök  
öll, Vafprúðnir, vitir,  
hvaðan Njörðr of  
kom  
með ása sonum -  
hofum ok hörgum  
hann ræðr  
hundmörgum -  
ok varð-at hann  
ásum alinn."

Vafprúðnir kvað:

39.  
"Í Vanaheimi  
skópu hann vís regin  
ok seldu at gíslingu  
goðum,  
í aldar rök  
hann mun aftr koma  
heim með vísu  
vönnum."

Gagnráður kvað:

40.  
"Seg þú þat et ellifta,  
hvar ýtar túnum í  
höggvask hverjan  
dag;  
val þeir kjósa  
ok ríða vígi frá,

sitja meir of sáttir  
saman."

Valfprúðnir kvað:

41.  
"Allir einherjar  
Óðins túnum í  
höggvask hverjan  
dag,  
val þeir kjósa  
ok ríða vígi frá,  
sitja meirr of sáttir  
saman."

Gagnráður kvað:

42.  
"Seg þú þat it tolfra,  
hví þú tíva rök  
öll, Vafprúðnir, vitir,  
frá jötna rúnum  
ok allra goða  
segir þú it sannasta,  
inn alsvinni jötunn."

Vafprúðnir kvað:

43.  
"Frá jötna rúnum  
ok allra goða  
ek kann segja satt,  
því at hvern hef ek  
heim of komit;  
nú kom ek heima  
fyr Niflhel neðan;  
hinig deyja ór helju  
halir."

Gagnráður kvað:

44.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaðak,  
fjölð ek of reynda  
regin;  
Hvat lifir manna,  
þá er inn mæra líðr



fimbulvetr með  
firum?"  
Vafprúðnir kvað:  
45.  
"Líf ok Lifþrasir,  
en þau leynask munu  
í holti Hoddmímis;  
morgindöggvar  
þau sér at mat hafa,  
en þaðan af aldir  
alask."

Gagnráður kvað:  
46.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaðak,  
fjölð ek of reynda  
regin:  
Hvaðan kemr sól  
á inn slétta himin,  
er þessa hefr fenrir  
farit?"

Vafprúðnir kvað:  
47.  
"Eina dóttur  
berr alfröðull,  
áðr hana fenrir fari;  
sú skal ríða,  
þá er regin deyja,  
móður brautir, mær."

Gagnráður kvað:  
48.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaðak,  
fjölð ek of reynda  
regin:  
Hverjar ro þær  
meyjar,  
er líða mar yfir,

fróðgeðjaðar fara?"  
Vafprúðnir kvað:  
49.  
"Þrjár þjóðár  
falla þorp yfir  
meyja Mögþrasis;  
hamingjur einar  
þær er í heimi eru,  
þó þær með jötnum  
alask."

Gagnráður kvað:  
50.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaðak,  
fjölð ek of reynda  
regin:  
Hverir ráða æsir  
eignum goða,  
þá er sloknar Surta  
logi?"

Vafprúðnir kvað:  
51.  
"Víðarr ok Váli  
byggja vé goða,  
þá er sloknar Surta  
logi,  
Móði ok Magni  
skulu Mjöllni hafa  
Vingnis at vígþroti."

Gagnráður kvað:  
52.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaðak,  
fjölð ek of reynda  
regin;  
Hvat verðr Óðni

at aldralagi,  
þá er of rjúfask  
regin?"

Vafprúðnir kvað:  
53.  
"Ulfr gleypa  
mun Aldaföðr,  
þess mun Víðarr  
vreka;  
kalda kjafta  
hann klyfja mun  
vitnis vígi at."

Gagnráður kvað:  
54.  
"Fjölð ek fór,  
fjölð ek freistaðak,  
fjölð ek of reynda  
regin;  
Hvat mælti Óðinn,  
áðr á bál stigi,  
sjalfr í eyra syni?"

Vafprúðnir kvað:  
55.  
"Ey manni þat veit,  
hvat þú í árdaga  
sagðir í eyra syni;  
feigum munn  
mæltu ek mína forna  
stafi  
ok of ragnarök.  
Nú ek við Óðin  
deildak mína  
orðspeki;  
þú ert æ vísastr  
vera."



## 14. Kafli

### Þór og Loki í Jötunheimum

Úr yngri Eddu.

Þessi skemmtilega saga hefur eflaust glatt einfalda áheyrendur. Hún er augsýnilega um atburð í jarðarsögunni þegar frostvindar ríktu, ásamt lækkandi vatnsborði, þegar ísar norðuskautsins færðust yfir meginlandið og tóku upp meira af vatni hnattarins. Á sama tíma varð breyting á stöðu Miðgarðsormsins — miðbaugsins, eða minnsta kosti halla Vetrarbrautarinnar. Það er engin vafi á að atburðurinn fjallar um ísaldarskeið, en hvaða ísöld er spurning.

Þessi þula hefur mikil líkindi með Hymir þulu (í næsta kafla) þar sem fjallað er um leit guðs að suðukatli. Í báðum þulunum efnir Loki til verknaðar sem vekur reiði Þórs við þann óheppna sem framdi verknaðinn, bóndasoninn — þann minni hring — sem braut beinið.

Eins og í Vafprúðnismálum heimsóttu Þór og Loki jötnaheim, en það lýsir misskilningnum sem vitundin verður gjarnan fyrir í jötnaheimum. Við skynjum ekki hlutina eins og þeir í raun eru, allar vitundir, líka þær guðlegu, virðast slegnar glýju, sem er einkenni um að eiga tilveru í efninu.

### Þór og Loki í Jötunheimum

Einu sinni gekk ísöld yfir lönd og eyðilagði uppskeru og drap menn og dýr. Þór, ásamt Loka, gerðu ferð til að kvarta við jötuninn Hræsvelg, sem í gervi arnar skapar frostavinda yfir Miðgarð með vængjaþyt sínum. Þeir höfðu að sjálfsögðu tekið á sig aukakrók þar sem, eins og vitað er, vagn Þórs gat ekki farið yfir



regnbogabrúna Bifröst, sem tengdi heim manna og guða, því eldingar vagnsins myndu kveikja í brúnni. Þeir fóru því yfir elfuna Efi sem var við mörk þessara heima, anda og efnis.

Í Miðgarði gistu þeir og nutu gestrisni fátæks bónda sem átti tvö börn, Þjálfa og Röskvu. Til að gjalda fyrir viðurgjörninginn slátraði Þór tveimur geithöfrum sínum, Tanngnjóstri og Tanngisni, sem drógu vagn hans. Hann bað gestgjafa sína að leggja beinin varlega óbrotin á húð þeirra að veislu lokinni. Meðan á veislunni stóð hvíslaði Loki að bóndasyninum að hann ætti að bragða á merg beinanna, sem hann sagði að hefði galdraeiginleika. Bóndasonurinn gerði eins og Loki sagði og braut bein til að sjúga merginn. Um morguninn lífgaði Þór skepnurnar við með því að slá hamri sínum á húð þeirra og sá þá að annar þeirra var haltur. Í ofsabræði hótaði þrumuguðinn að eyða allri fjölskyldu bóndans, en gamli maðurinn friðaði guðinn með því að bjóða honum börn sín sem þjóna hans. Varð úr að Þjálfi (hraði) fylgdi goðunum á ferð þeirra, en Röskva (ljós/vinna) varð eftir og beið komu þeirra til baka.

Nótt eina á ferð þeirra gistu þeir í undarlegum híbýlum sem í voru tvö herbergi, annað þeirra var mun stærra. Vegna mikilla hljóða í stærra herberginu færðu þeir sig í minna herbergið. Um morguninn er þeir risu á fætur og litu út sáu þeir að mikill risi svaf rétt fyrir utan, -húsið var hnefi hans og hávaðinn hrotur hans. Við hlið hans lá matarskjóða hans og þar sem þeir voru hungraðir reyndu goðin tvö að opna skjóðuna, en jafnvel Þór gat ekki leyst hnútinn á skjóðunni svo hann ákvað að vekja risann. Þrisvar sló hann hamrinum í höfuð risans en risinn rumskaði aðeins og muldraði eitthvað um flugur, en vaknaði ekki. Goðin hungruðu urðu á brott. Upp frá þessum degi urðu til þrír dalir sem klufu fjallið þar sem risinn svaf.

Að lokum náðu þessir tveir Æsir og Þjálfi að konungsríki jötnanna, en konungur þeirra var Útgarðaloki. Hér urðu goðin að leysa fjölmargar þrautir. Fyrstur



þurfti Þjálfi að keppa í hlaupi við fráasta jötuninn og tapaði illilega. Næst var Loka, sem nú var orðinn verulega hungraður, boðið að keppa í áti við hvaða jötunn sem var. Hann tapaði líka, þó þeir hafi verið jafnir í að klára, því jötuninn hafði einnig étið trogið með matnum. Þór bauðst til að tæma hvaða drykkjarhorn sem væri, en hann tapaði einnig þegar honum tókst aðeins að drekka lítið borð á risatunnuna sem honum var færð. Næst var honum boðið að lyfta ketti jötunsins. Móðgaður að vera boðið svo auðvirðulegt verk gekk hann að kettinum en fann fljótlega að hann gat ekki meira en lyft einni loppu kattarins. Næst var honum boðið að glíma við hvaða jötunn sem var og honum mætti brosandí eldri jötnakerling og fljótlega í glímuni kom hún þrumuguðinum niður á annað hnéð.

Að loknum þessum óvirðulegu ósigrum var goðunum boðið að snúa til síns heima, í fylgd gestgjafa sinna hluta leiðarinnar, - sem — þegar þeir voru örugglega komnir úr jötunheimum — útskýrðu þær blekkingar sem þeir voru beittir. Þó Þjálfi hefði hraða eldingar þá gat hann aldrei haft við andstæðingi sínum, sem var Hugsun. Andstæðingur Loka var eldurinn sem ekki aðeins glepti matinn heldur einnig trogið. Hornið sem Þór gat ekki torgað var Hafíð, en jötnaheimur skalf þó af hræðslu því vötn höfðu lækkað verulega er hann drakk. Kötturinn var í raun Miðgarðsormurinn, Jörmungandur, sem Þór hafði fært úr stað og gamla jötnakerlingin var Ellin, sú gamla öld sem fellir alla, jafnvel Æsa, þegar tíminn kemur.

Þegar Þór mun ljóstra hamri sínum í ógnarreiði til að hefna fyrir þessar blekkingar, mun hvorki sjást til gestgjafa hans né neinna borga á þeirri flatneskju sem mun teygja sig endalaust í allar áttir.





## 15. Kafli

### Hymiskviða

Í þeim hluta geimsins sem okkar sólkerfi er, sjáum við ákveðna samsetningu stjarna. Jörðin snýst um öxul sinn þannig að hver hlið er böðuð geislum sólarinnar helming tímans (dagsins) og í skugga hinn helming öxulsnúningsins. Stjörnurnar sem við sjáum eru á næturhlið jarðarinnar og utan sólkerfisins. Stefnan á þær breytist að sjálfsögðu eftir árstíðum þannig að yfir árið, þ.e. einn hring umhverfis sólina sjáum við að nóttu til allar stjörnur sem næstar 66eru sólkerfinu. Þær stjörnur sem eru nálægt því að vera á svipuðu breiddarsviði í geimnum og okkar sólkerfi teljast vera á miðbaugssviði himins, og því sviði hefur verið skipt í 30° lengd, og þannig mynda hin tólf stjörnumerki (12x30°) heilann hring á miðbaugssviði himinsins. Sólin okkar, sem er staðsett í einum armi geimspírals sem við köllum Vetrarbraut, er þannig umkringd tólf „Dýrum“ (þ.e., dýratengdum verum) í „Dýragarði“ himinsins.

Við verðum að hafa skýra mynd af þessari sviðsmynd til að sjá hvernig sagan um jötuninn Hymi bendir til aðdraganda að nýrrar íveru (fæðingu hnattar), hugsanlega okkar sól, eða plánetu eins og jörðinni. Samkvæmt kenningum theosofista lifir hver hnöttur nokkur efnislíf og með hvíld (dauða) á milli þeirra á líftíma sólarinnar. Þeir ganga einnig í styttri dvalatímabil (sambærilegum llvið svefni) innan líftíma síns. Mynstrið er sambærilegt við menn og önnur lífsform sem eiga sín hvíldartímabil, svefn, dauða og endurfæðingu.

Hymir er líklega fyrsta stig í myndun himinhnattar. Níu dætur hans, eða tímabil, eru níu mæður Heimdalls, guðs upphafsins, þ.e. sólarguð. (sem við höfum nefnt áður). Hann hefur sérstök tengsl við Hrútsmerkið, sem markar upphaf



dýrahingsins að vorjafndægri í dýrahingsárinu (25,920 jarðnesk ár) og líftíma jarðarinnar. Hann er persónugerður sem Vindurinn, líkt og hrúturinn sem stangar, blæs og ýtir með hornum sínum. Sem faðir níu mæðra Heimdalls virðist Hymir tákna byrjun á myndun sólkerfis okkar í því stjörnumynstri sem hún er í. Við lífslok er hann kallaður Rymir; bæði nöfnin eru tenging í Ými og hér má vísa í alheimslegt hugtak í sérstöku dæmi.

Það má benda á áhugaverða hliðstæðu í Biblíunni, í 1. Mósesbók 17:5 en þar á sér stað umbreyting með því að bæta stafnum H við, en h-hljóðið táknar andardrátt, andann, grunn lífsins. Abram verður Abraham, „*Eigi skalt þú lengur nefnast Abram heldur skalt þú Abraham heita því að ég geri þig að ættföður fjölda þjóða*“; eiginkona hans Sara verður Sarah. Það er mögulegt að þeir norrænu hafi notað sömu hljóðbreytingu til að gefa til kynna innblástur, innöndun lífs í efnið þegar Ýmir verður Hýmir og blæs guðlegum krafti og glæðir heim okkar lífi.

Í sögunni um Hými eru goðunum sögð fyrirspá um að risinn Ægir — geimurinn — geti gefið mjöð reynslunnar og þeir notið, því hann hefði þann mjöð nægan. En þegar Þór skipar Ægi að halda veislu fyrir goðin, þá biður risinn um ílát undir mjöðinn og þá skuli hann blanda mjöð fyrir veisluna:

„bað hann Sifjar ver  
sér færa hver, -  
"þanns ek öllum öl  
yðr of heita.“

Þar sem ekkert ílát var nógu stórt undir mjöðinn voru goðin ráðalaus þar til Týr (1) mundi að faðir hans, Hýmir, átti slíkt ílát. Þór og Týr fóru til að finna Hými og beiðast ílátsins, jafnvel með brögðum ef þörf væri á. Á leið sinni til Miðgarðs hittu þeir Egil geitahirði, son hins dimmeygða, — Þjassa,



persónugerving síðasta þróunartímabils. Agli var treyst fyrir að gæta þeirra tveggja hafra sem drógu vagn þrumuguðsins og goðin héldu áfram fótgangandi.

Er þeir komu að garði jötunsins hittu þeir fyrir konu hans sem ráðlagði þeim að fela sig fyrir Hými ef hann kæmi í mjög önuðu skapi. Það var að kveldi komið þegar vanskapaður harður Hýmir kom af veiðum. Hér er lýst fyrir okkur hvernig hann kom inn eins og skröltandi jökull með skógfrosið andlit (10). Eiginkonan reynir að milda skap hans áður en hún færir honum þær fréttir að sonur hans, Týr, sé komin til hallarinnar og með honum þekktur mannavinur að nafni Véurr (verndari) (11). Þetta leggur áherslu á tregðu efnisjötunsins til að taka á móti guðskraftinum og minnir á fyrsta lögmál Newtons um tregðu: „*Allir hlutir hafa tregðu og halda því óbreyttum hraða og stefnu nema á þá verki ytri kraftar sem samanlagt eyða ekki hver öðrum.*“

Við augnlit jötunsins brotnar mænirinn í tvennt og átta katlar falla niður og allir brotna nema einn. Með almennri gestrisni skipar Hýmir að slátra þremur ungnautum fyrir kvöldverð. Þór át tvo þeirra svo að morguninn eftir var þurrð matar og því fóru Þór og jötuninn til fiskveiða. Véurr bauðst til að róa ef jötuninn útvegaði beitu svo að Hýmir kaldhæðnislega bauð Þór einn uxann úr hjörð sinni til beitu, vitandi að það var óvinnandi vegur. Þór leysti verkið hinsvegar án erfiðleika. Þegar út á sjó var komið dró Hýmir tvo hvali samtímis (21). Þór krækti í Miðgarðsorminn Jörmundgand með þeim afleiðingum að íshellur brotnuðu, eldfjöll gusu og allur heimurinn nötraði, þar til Þór sleppti ófreskjunni aftur í djúpið.

Í sögunni samþættast fjölmargar túlkanir og lýsingarnar gætu vísað til jarðneskra-, sólkerfis- eða kosmískra atburða. Miðgarðsormurinn eins og við vitum táknar miðbaug, sem hefur færst til aftur og aftur í sögu jarðarinnar, eða það gæti vísað til brautar jarðar um sólu, eða hreyfing Vetrarbrautarinnar hafi gárast á vötnum himinsins. Miðgarðsormurinn er einn þriggja hinna ógurlegu



afkvæma Loka, hinir tveir, Fenrisúlfrinn sem mun gleypa sólina að lokum og Hel, hin kalda fölbláa drottning dauðheima.

Hýmir var ósáttur við velgengni guðsins, í drykklanga stund hafði hann ekki sagt orð, en snéri stýrinu í öfuga stefnu (25). Þetta gæti verið vísbending um breytingu á stöðu stjarnanna sem orsakaðist annaðhvort af nýrri plánetu eða eyðingu annarrar. Það gæti líka einfaldlega þýtt breytingu á öxulhalla jarðar — sem vitað er að hafi gerst margoft og sýnir sig í mismunandi segulstefnum í steinmyndunum. Það er ekki minnst á frekari stefnubreytingu í sögunni, en skömmu síðar koma þeir að landi. Hýmir krefur guðinn um að annaðhvort að bera hvalina heim í höllina eða binda „vatnageitina“ fasta við ströndina (26).

Fram að þessu hefur athyglin verið á ýmsa forvitnilega hluti í sögunni, m.a. „vatnageit“, róandi mann, fiska, hrút, naut og „tvo hvali saman“. Ef við setjum þetta í samhengi við algenga forna lýsingu á stjörnuváramerkjunum þekkjum við þau í tengslum við Steingaitina, Vatnsberann, Fiskana, Hrútinn og Tvíburana, sem öll tengjast röskun á Miðgarðsorminum. Vísbendingarnar eru óumdeilanlegar þegar við sjáum að að þessi sex stjörnumerki ná yfir helming (180°) himinsins, þann hálfra boga sem sjá má í einu. Getur þetta verið tilviljun?

Förum aftur til hallar jötunsins, Þór er ögrað til að brjóta drykkjarlát en þó að hann hendi því af öllu afli í uppistöð þá er kerid óbrotið, en stoðin brotin í tvennt. Jötunckerlingin hvíslar að Þór að hann ætti að brjóta kerid á haus gestgjafans þar sem ekki sé til harðara efni. Ásinn gerir svo og árangurinn var að heill var jötuns hjálmshaldari en vínkerid í tvennt (31). Eftir þetta gátu goðin farið með kerid, þó ekki fyrr en fyrst að yfirvinna risahjörð sem elti þá. Því var að sjálfsögðu náð með Mjölni, Þórshamrinum.

Þegar þeir komu þar sem Egill, sá saklausi, gætti hafra Þórs var annað dýrið halt, eins og í fyrri sögunni. Loki hafði hvatt hirðinn til að brjóta mergbein. Hér



varð reiði Þrumuguðsins sefjuð með því að Egill bauð Þór tvo börn sín til þjónustu við hann. Frá því er Þjálf (hraði) og Röskvu (ljós) börn Egils bónda hins saklausa, ávallt að finna á jörðu með (H)lórrida,- jarðneskrar hliðar Þórs og þau þjóna sem eðlisþættir hins lífgefandi rafmagns.

Í leitinni að kerald Hýmirs með öllum smáatriðum og augljósum þversögnum er saga sem hægt er að lesa aftur og aftur án þess að „skilja“ réttum skilningi. Það er ekki fyrr en við opnum með lykli hinnar eilífu kosmólógíu sem okkur er ljós aðferðafræðin við að sýna þá hugmynd að goðin séu að leita að viðeigandi stað fyrir stjörnu eða plánetu til að endurlíkamnast. Kerið viðist tákna sérstakt geimrúm sem fullnægir ákveðnum kröfum. Sólar -eða plánetuvitund sem er að koma til birtingar verður að finna sinn rétta heim og það er staður sem fellur inní umhverfi stjarna með sérstaka birtingu. Það er aðeins ein leið til að skilgreina sérstaka staðsetningu í geimnum ef maður hugsar málið, og það er að lýsa umhverfi þess. Kerald Hýmirs er hér staðsett þar sem nefnd eru sex sérstök stjörnumerki Dýrahringsins sem ná yfir hálfan himininn, eins og hann lítur út frá okkar sólkerfi.

Hýmiskviða segir auðsjáanlega frá himneskri veru sem er að undirbúa og koma í nýja birtingu og þráir líf (Týr) og rafsegulmögnuð öfl (Þór) í sinn gamla dvalarstað (kerald). Þessi snilldarlega aðferð sýnir aftur sagnatæknina sem höfundar sagnanna notuðu til að koma þekkingu sinni með þessari hefð á framfæri. Almennigur sjálfur, sem var algjörlega ófær um að meðtaka nokkuð nema einföldustu sögur, var notaður ómeðvitaður til að segja vísindalegar staðreyndir í formi skemmtisagna. Brotni mænirinn sem brotnaði af augnráði jötunsins og fall og eyðilegging allra katlanna nema eins sem héngu í mæninum, hefur án efa vakið margan hláturinn, en í skemmtuninni var geymd minning um stórkostlegan stjörnufræðilegan atburð, þegar öxulsnúningur hnattar eða sólkerfis umturnaðist, þar sem aðeins einn ketill eða kerald var óbrotinn og



staðsetning þar sem hnöttur er endurborinn í geimnum á staðnum sem hann áður var. Þór veiddi og slepti Miðgarðsorminum, sem staðfestir sömu atburðarás.

Guðirnir í Ásgarði biðu hins rúmgóða keralds á þingi þegar hinn sigursæli Þór kom með kerald Hýmis og þeir drukku mjög með Ægi hvert haust þegar hinu gullna korni er safnað (39). Það segir sig sjálft að uppskera er samsöfnun á athafnasemi á tilteknu tímabili, hvort sem um er að ræða dags, árs, lífs eða hins óendalega. Það er þá sem guðirnir neyta hins dularfulla mjöð sem hefur verið bruggaður í heimunum sem hafa lifað og dáið.

Neðanmál:

1. Týr, „dýrsgerð vera“ og „guð,“ merkir sérstaklega Mars sem er nátengdur við Hrútinn í Stjörnuváringnum og einnig við Heimdall með kraftinum af Þór. Týr sem slíkur er táknrænn fyrir vilja og þrá. Hér sjáum við þróun frá jötni til Æsis þar sem jötuninn Hýmir táknar foreldri, eða fyrri aðstæður Týs sem Æsir.

### Hymiskviða

1. Ár valtívar  
veiðar námu  
ok sumblsamir,  
áðr saðir yrði,  
hristu teina  
ok á hlaut sáu;  
fundu þeir at Ægis  
örkost hvera.

2. Sat bergbúi  
barnteitr fyr  
mjök glíkr megi  
miskorblinda;  
leit í augu  
Yggs barn í þrá:

"Þú skalt ásum  
oft sumbl gera."

3. Önn fekk jötni  
orðbægin halr,  
hugði at hefndum  
hann næst við goð,  
bað hann Sifjar ver  
sér færa hver, -  
"þanns ek öllum öl  
yðr of heita."

4. Né þat máttu  
mærir tívar  
ok ginnregin  
of geta hvergi,  
unz af tryggðum

Týr Hlórriða  
ástráð mikit  
einum sagði:

5. "Býr fyr austan  
Élivága  
hundvíss Hymir  
at himins enda;  
á minn faðir  
móðugr ketil,  
rúmbrugðinn hver,  
rastar djúpan."  
Þórr kvað:

6. "Veiztu ef þiggjum  
þann lögvelli?"  
Týr kvað:



"Ef, vinr, vélar  
vit gervum til."

7. Fóru drjúgum  
dag þann fram  
Ásgarði frá,  
unz til Egils kvámu;  
hirði hann hafra  
horngöfgasta;  
hurfu at höllu,  
er Hymir átti.

8. Mögr fann ömmu  
mjök leiða sér,  
hafði höfða  
hundruð níu,  
en önnur gekk  
algullin fram  
brúnhvít bera  
bjórveig syni:

9. „Áttniðr jötna,  
ek viljak ykkur  
hugfulla tvá  
und hvera setja;  
er minn fríi  
mörgu sinni  
glöggr við gesti,  
görr ills hugar.“

10. En váskapaðr  
varð síðbúinn  
harðráðr Hymir  
heim af veiðum,  
gekk inn í sal,  
glumðu jöklar,  
var karls, en kom,  
kinnskógr frörinn.  
Frilla kvað:

11. "Ver þú heill, Hymir,  
í hugum góðum,  
nú er sonr kominn

til sala þinna,  
sá er vit vættum  
af vegi löngum;  
fylgir hán um  
hróðrs andskoti,  
vinr verliða;  
Véurr heitir sá.

12. Sé þú, hvar sitja  
und salar gafli,  
svá forða sér,  
stendr súl fyrir."  
Sundr stökk súla  
fyr sjón jötuns,  
en áðr í tvau  
áss brotnaði.

13. Stukku átta,  
en einn af þeim  
hverr harðsleginn  
heill af þolli;  
fram gengu þeir,  
en forn jötunn  
sjónum leiddi  
sinn andskota.

14. Sagði-t hán um  
hugr vel þá,  
er hann sá gýgjar græti  
á golf kominn,  
þar váru þjórar  
þrír of teknir,  
bað senn jötunn  
sjóða ganga.

15. Hvern létu þeir  
höfði skemmra  
ok á seyði  
síðan báru;  
át Sifjar verr,  
áðr sofa gengi,  
einn með öllu  
öxn tvá Hymis.

16. Þótti hárum  
Hrungnis spjalla  
verðr Hlórriða  
vel fullmikill:  
"Munum at aftni  
öðrum verða  
við veiðimat  
vér þrír lifa."

17. Véurr kvaðzk vilja  
á vág róa,  
ef ballr jötunn  
beitr gæfi.  
Hymir kvað:  
"Hverf þú til hjarðar,  
ef þú hug trúir,  
brjótr berg - Dana,  
beitur sækja.

18. Þess vænti ek,  
at þér myni-t  
ögn af oxa  
auðfeng vera."  
Sveinn sýsliða  
sveif til skógar,  
þar er uxi stóð  
alsvartr fyrir.

19. Braut af þjóri  
þurs ráðbani  
hátún ofan  
horna tveggja.  
Hymir kvað:  
"Verk þykkja þín  
verri miklu  
kjóla valdi  
en þú kyrr sitir."

20. Bað hlunnkota  
hafra dróttinn  
átrunn apa  
útar færa,



en sá jötunn  
sína talði  
lítla fýsi  
at róa lengra.

21. Dró meir Hymir  
móðugr hvali  
einn á öngli  
upp senn tváa,  
en aftr í skut  
Óðni sífjaðr  
Véurr við vélar  
vað gerði sér.

22. Egndi á öngul,  
sá er öldum bergr,  
orms einbani  
uxa höfði;  
gein við agni,  
sú er goð fía,  
umgjörð neðan  
allra landa.

23. Dró djarfliga  
dáðrakkr Þórr  
orm eitrfáan  
upp at borði;  
hamri kníði  
háfjall skarar  
ofljótt ofan  
ulfs hnitbróður.

24. Hraungalkn hlumðu,  
en hölkn þutu,  
fór in forna  
fold öll saman;  
sökkiðisk síðan  
sá fiskr í mar.

25. Óteitr jötunn,  
er aftr reru,  
svá at ár Hymir  
ekki mælti,

veifði hann ræði  
veðrs annars til.  
Hymir kvað:

26. "Mundu of vinna  
verk halft við mik,  
at þú heim hvali  
haf til bæjar  
eða flotbrúsa  
festir okkarn."

27. Gekk Hlórriði,  
greip á stafni  
vatt með austri  
upp lögfáki,  
einn með árum  
ok með austskotu  
bar hann til bæjar  
brimsvín jötuns  
ok holtriða  
hver í gegnum.

28. Ok enn jötunn  
um afrendi,  
þrágirni vanr,  
við Þór sennti,  
kvað-at mann ramman,  
þótt róa kynni  
kröfturligan,  
nema kálk bryti.

29. En Hlórriði,  
er at höndum kom,  
brátt lét bresta  
brattstein gleri;  
sló hann sitjandi  
súlur í gögnum;  
báru þó heilan  
fyr Hymi síðan.

30. Unz þat in fríða  
frilla kenndi  
ástráð mikit,

eitt er vissi:  
"Drep við haus Hymis,  
hann er harðari,  
kostmóðs jötuns  
kálki hverjum."

31. Harðr reis á kné  
hafra dróttinn,  
færðisk allra  
í ásmegin;  
heill var karli  
hjalmstofn ofan,  
en vínferill  
valr rifnaði.

32. "Mörg veit ek mæti  
mér gengin frá,  
er ek kálki sé  
ór knéum hrundit;"  
karl orð of kvað:  
"knákat ek segja  
aftr ævagi,  
þú ert, öldr, of heitt.

33. Þat er til kostar,  
ef koma mættið  
út ór óru  
ölkjól hofi."  
Týr leitaði  
tysvar hræra;  
stóð at hváru  
hverr kyrr fyrir.

34. Faðir Móða  
fekk á þremi  
ok í gegnum steig  
golf niðr í sal;  
hóf sér á höfuð upp  
hver Sífjar verr,  
en á hælum  
hringar skullu.

35. Fóru-t lengi,





áðr líta nam  
aftr Óðins sonr  
einu sinni;  
sá hann ór hreysum  
með Hymi austan  
folkdrótt fara  
fjölhöfðaða.

36. Hóf hann sér af herðum  
hver standanda,  
veifði hann Mjöllni  
morðgjörnum fram,  
ok hraunhvala  
hann alla drap.

37. Fóru-t lengi,  
áðr liggja nam  
hafr Hlórriða  
halfdauðr fyrir;  
var skær skökuls  
skakkr á beini,  
en því inn lævísi  
Loki of olli.

38. En ér heyrt hafið, -  
hverr kann of þat  
goðmálugra  
görr at skilja? -  
hver af hraunbúa  
hann laun of fekk,  
er hann bæði galt  
börn sín fyrir.

39. Þróttöflugr kom  
á þing goða  
ok hafði hver,  
þanns Hymir átti;  
en véar hverjan  
vel skulu drekka  
ölðr at Ægis  
eitt hörmeiti



## 16. Kafli

### Grímnismál

Grímnismál eru líklega skýrasta innri leiðbeiningin, hvað varðar samsetningu heimanna, sem er að finna í nokkrum þekktum launsögnum. Hún fer saman við lýsingu á innra náttúrulífi sólkerfis okkar úr öðrum áttum, svo sem Kabbala og persneskum og fornum indverskum ritum, og samanborið við *The Secret Doctrine* er fræðslan í Grímnismálum ótrúlega skýr.

Óðinn í gervi Grímnis (sá sem ber hettu, hulinn) útskýrir fyrir lærisveini sínum, Agnari, uppbyggingu sólkerfisins, frá hinum hæstu hæðum guðleikans niður í harðasta efnisheiminn, og fullkomnar myndina sem dregin var upp í Völuspá um skapandi og eyðandi framgang sem á sér stað í heimi okkar. Stjörnuspekin í goðsögunni er ekki tengd fæðingarkorti eða persónuspá. Hún fjallar um það sem er í lifandi heimum, 66einkenni, athafnir og samskipti plánetuvera og lífgefandi afla sem hreyfast í og um himnahnettina.

Í Grímnismálum kemur fram að fyrstu tveir kynstofnar jarðarinnar voru undir beinni guðlegri umsjón, Agnar, sá eldri sem þjálfaður var af Frigg, móður Æsi, en sá yngri, Geirröður, var undir umsjón Óðins. Alfaðir veldur því að Geirröður tekur stöðu Agnars — seinna mannkynið tekur yfir það fyrsta. Það er nákvæm hliðstæða í Gamla testamentinu þar sem Rebekku er sagt “*Þú gengur með tvær þjóðir, og tveir ættleggir munu af skauti þínu kvíslast. Annar verður sterkari en hinn, og hinn eldri mun þjóna hinum yngri.* (Mós 1. 25:23).” Í framhaldi fylgir hin þekhta saga af Esaú sem seldi frumburðarrétt sinn tvíburabróðir sínum.



Þriðji kynstofninn er táknaður með syni Geirröðar sem einnig er kallaður Agnar og er leiðbeint af Grímni, sem nú er kallaður Varatýr (Guðvera eða Guð-sem-er). Drengnum sem hefur öðlast forréttindi sín vegna gæsku sinnar er kennd myndun og samsetning sólkerfisins, formun efnisins, séðra og óséðra sviða — og forgörðum, höllum og hóbýlum hinna ýmsu guða. Lýsing á einkennum þessara guðlegu hóbýla er mjög frumleg, engin orð geta gefið nægilegan skilning á þeim því mannleg vitund hefur ekki yfir að ráða þeirri næmni sem til þarf. Þar til við þróum skynjun sem þekkir slíkt efni verðum við að gera okkur að góðu það sem fyrir okkur er borið.

Fyrsti heimurinn var kallaður Þrúðheimur — hið helga land nærri Æsum og álfum (4). Guð þess, Þrúðgelmir er sá hluti þrígreiðar verundar sem svarar til Vishnu, lífgefandi máttar Hindu *trimurti* (1) eða guðlegrar þrenningar. Hinar tvær hliðar þess eru Örgelmir, sem svipar til Brahma í Hindúisma, hinn 66gefandi, útgeislandi máttur, „skapari“ og hinn þriðji, Bergelmir, afrakstur lífsins, hliðstæða Siva, eyðandi endurskapara. Þessir þrír eru greinilega þrjár hliðar mótunaraflanna, hvort sem er í alheiminum eða í hverri annarri verund, og tjá sig sem stöðug breyting. Lýsingin á hinum tólf heimum guðanna er efni í margskonar túlkun; hún getur átt við hinar tólf áttir á himnum sem almennt eru kenndar við stjörnumerkin, eða áhrif himinhnattana. Þessir tólf geta einnig vísað til óséðra þátta okkar hnattveru, sem svarar til þessara áhrifa. Samsvörun er góður leiðbeinandi í að skilja laun/goðsagnir, svo framarlega sem hún afbakar ekki eða leiðir í öfgar. Þær tólf verur sem nefndar eru í Grímnismálum eru mjög ólíkar að eigindum og því ekki að undra að þar komi fyrir svo ólíkar verur sem Ull og Þrymur, önnur eitt hæsta andlega lífssvið í okkar jarðneska kerfi, og hin sú efnismesta á þessum hnetti okkar.

Það er vert að hafa í huga að við erum að fjalla um eigindir afla sem hafa óendanlega ólík einkenni, ekki persónugerð heldur ofgerð einkenni til að ná



þeim fram. Ef við gætum rannsakað kosmískan gang og öflin á þeim sviðum gætum við kannski skilið þau, en frá okkar litla mannlega sjónarhorni verða þau aðeins óskýrir eðlisþættir sólkerfisins okkar. Verurnar í launsögnunum eru eigindagerð — jafnvel einungis með nafni — og geta aðeins gefið okkur óglögga nálgun af eiginleikum og virkni þeirra. Svo er með dýrastjörnumerkjahringinn sem gefur okkur aðeins óljósa skilgreiningu á hinum ýmsu áhrifum sem ríkja frá ólíkum hlutum geimsins. Við erum ekki nógu næm til að greina þau.

Kvæðin eru ekki alltaf í samfellu og stundum erum við skyndilega stödd í Valhöll þar sem Einherjum Óðins eru bornir þrír geltir til snæðings — niðurstaða af hernaði þeirra á jörðunni sem, eins við höfum séð, er tákngerð í gelti í norrænni goðafræði eins og í öðrum goðsögnum. Nöfn þeirra, Andrímnr, Særímnr, og Eldrímnr, standa fyrir loft (anda), sjó (vatn og vind) og eld (hita, löngun og vilja), og eru tákn innan tákns eins og eðli þeirra og samsetning snertir bæði náttúru og mann. Við getum umorðað 18. kvæðið efnislega svona: „andinn leyfir huganum að sökkva í langanir og frjálst val, en fáir vita hvað nærir Einherja". Niðurstaðan er að þeir sem sigra sjálfrið nærast af fínni löngunum og vilja. Það er sálfræði á hærra stigi. Það gefur mannlegri þróun efni og tilgang til áframhaldandi breytinga og gefur öfluga hvatningu til þroska mannlegrar sálar. Þróunin snýr ekki einungis að líkamanum því að skilningur er á því að það sé vitund lífveranna sem vex, og frjáls vilji mannsins eigi þar verulegan þátt. Leiðbeining og þjálfun Agnars hafði það að markmiði að efla skilnings hans á því hlutverki að hann — mannleg sál — hafði hlutverk í hinu kosmíska spili.

Óðinn lýsir tveimur hundum sínum, Gera og Freka (19) er ávallt fylgja honum. Hann fæðir þá þó gráðugir séu, en sjálfur lifir hann einungis á víni, en vín eða mjöður er hér notað til að tákna visku. Þannig fæðir og notar goðið dýrseðlið en



lifir sjálfur á viskunni einni saman. Nýja testamentið geymir hliðstæðu í svipaðri frásögn um brúðkaupið í Kana, er Jesú breytti vatni (hefðbundin venja) í vín (andlega kenningu). Hrafnar Óðins, Huginn og Muninn, eru táknrænir fyrir vitundarþætti sem nauðsynlegir eru til að öðlast reynslu. Huginn táknar hugann: huglæg leikni er aðeins ein hlið hans, markmið, ákefð, skap, viðhorf, tilhneiging — allt þættir hugans. Muninn hefur einnig margar merkingar, minnið ein sú helsta. Án minnis yrði engin aðlögun hugans er verður til við samsafnaða reynslu, það fæðir greindina, eflir hæfni, persónuleikinn dýpkar og mannleg þróun heldur áfram. Við lærum ávallt á því liðna, en Muninn ákvarðar einnig tilgang, meginaflið er stýrir huganum og afleiddum gerðum. Huginn er í hættu á að teppast á ferðum sínum en fræðsla Munins er eilíf.

Alfaðir talar um Þund, fljót tímans er myndar dýkið umhverfis Valhöll. Þar unir fiskur (mannkynið) Þjóðvitni sér. Þjóðvitni er eitt nafna Fenris, úlfurinn er Loki skapaði, allt það dýrslega sem er skapað af óöguðum huga. Það er varúlfurinn er ávallt reynir að fiska sálir til að afvegaleiða þær. Þeir sem ná því að synda yfir fljótið standa frammi fyrir Valgrind eða dyrum dauðans og fáir geta opnað, en þegar inn er komið, eins og við vitum, leiðir þá til hallar hinna útvöldu, — Valhallar.

Grímnir fræðir lærisvein sinn um Tré Lífsins og þeim hættum sem hann kann að mæta. Engin tilraun hefur verið gerð til að útskýra merkingu nafna á elfum, fljótum og ám lífsins (kvæði 27). Meðal þeirra eru nöfn eins og Vegsvinna og Víni (í mörgum útgáfum) er benda til margskonar mismunandi náttúruríkja og stöðu þeirra í þróunarstiganum. Aðeins örfá nöfn þeirra hafa skýra merkingu fyrir okkur í dag þeim fylgja svo nöfn fáka guðanna.

Í kvæði 42 segir efnislega “Hylli sé á ULL, er fyrstur snerti eldinn” :

Ullar hylli  
hefr ok allra goða



hverr er tekr fyrstr á funa,  
því at opnir heimar  
verða of ása sonum,<sup>66</sup>  
þá er hefja af hvera.

Hér er ýjað að loforði um fullkornun mannkynsins. Það er áminning um óbirtan heim ULL, hátindi hins guðlega í því kerfi sem jörðin okkar tilheyrir og er aðgengilegur. „Eld” þessa óskapaða „kalda” heims hreinnar vitundar er varla hægt að útskýra svo skiljanlegt sé í okkar tilveru, en orðin gefa okkur hugmynd um hverju sálin getur 5nád.

Síðustu vers Grímsmála þurfa ekki neinna skýringa við. Þar upplýsir faðir guða og manna um sín mörgu nöfn og endar með orðunum: " at orðnir sé allir af einum mér."

## Grímnismál

### Frá sonum Hrauðungs konungs.

Hrauðungr konungr átti tvá sonu. Hét annarr Agnarr, en annarr Geirröðr. Agnarr var tíu vetra, en Geirröðr átta vetra. Þeir reru tveir á báti með dorgar sínar at smáfiski. Vindr rak þá í haf út. Í náttmyrkri brutu þeir við land ok gengu upp, fundu kotbónda einn. Þar vóru þeir um vetrinn. Kerling fóstraði Agnar, en karl fóstraði Geirröð ok kenndi honum ráð. At vári fekk karl þeim skip.

En er þau kerling leiddu þá til strandar, þá mælti karl einmæli við Geirröð.

Þeir fengu byr ok kómu til stöðva föður síns. Geirröðr var fram í skipi. Hann hljóp upp á land, en hratt út skipinu ok mælti: "Farðu nú, þar er smyl hafi þik."

Skipit rak í haf út, en Geirröðr gekk upp til bæjar. Honum var þar vel fagnat, en faðir hans þá andaðr. Var þá Geirröðr til konungs tekinn ok varð maðr ágætr.



Óðinn ok Frigg sátu í Hliðskjálfu ok sáu um heima alla. Óðinn mælti: "Sér þú Agnar, fóstura þinn, hvar hann elr börn við gýgi í hellinum, en Geirröðr, fóstri minn, er konungr ok sitr nú at landi?"

Frigg segir: "Hann er matníðingr sá, at hann kvelr gesti sína, ef honum þykkja of margir koma."

Óðinn segir, at þat er in mesta lygi. Þau veðja um þetta mál. Frigg sendi eskimey sína Fullu til Geirröðar. Hon bað konung varast, at eigi fyrirgerði honum fjölkunnigr maðr, sá er þar var kominn í land, ok sagði þat mark á, at engi hundr var svá ólmr, at á hann mundi hlaupa.

En þat var inn mesti hégómi, at Geirröðr konungr væri eigi matgóðr, ok þó lætr hann handtaka þann mann, er eigi vildu hundar á ráða. Sá var í feldi blám ok nefndist Grímnir og sagði ekki fleira frá sér, þótt hann væri at spurðr. Konungr lét hann pína til sagna ok setja milli elda tveggja, ok sat hann þar átta nætr.

Geirröðr konungr átti þá son tíu vetra gamlan, ok hét Agnarr eftir bróður hans. Agnarr gekk at Grímnir ok gaf honum horn fullt at drekka ok sagði, at faðir hans gerði illa, er hann pindi þenna mann saklausan. Grímnir drakk af. Þá var eldrinn svá kominn, at feldrinn brann af Grímnir. Hann kvað:

1.  
Heitr ertu, hripuðr,  
ok heldr til mikill;  
göngumk firr, funi!  
loði sviðnar,  
þótt ek á loft berak;  
brennumk feldr fyr.

2.  
Átta nætr sat ek  
milli elda hér,  
svá at mér manngi  
mat né bauð  
nema einn Agnarr,

er einn skal ráða,  
Geirröðar sonr,  
Gotna landi.

3.  
Heill skaltu, Agnarr,  
alls þik heilan biðr  
Veratýr vera;  
eins drykkjar  
þú skalt aldri  
betri gjöld geta.

4.  
Land er heilagt,

er ek liggja sé  
ásu ok alfum nær;  
en í Þrúðheimi  
skal Þórr vera  
unz of rjúfask regin.

5.  
Ýdalir heita,  
þar er Ullr hefir  
sér of görva sali;  
Alfheim Frey  
gáfu í árdaga  
tívar at tannféi.



6.  
 Bær er sá inn þriði,  
 er blíð regin  
 silfri þökðu sali;  
 Valaskjalf heitir,  
 er vélti sér  
 áss í árdaga.

7.  
 Sökkvabekkr heitir  
 inn fjórði,  
 en þar svalar knegu  
 unnir yfir glymjja;  
 þar þau Óðinn ok  
 Sága drekka um alla  
 daga glöð ór  
 gullnum kerum.

8.  
 Glæsheimr heitir  
 inn fimmti,  
 þars in gullbjarta  
 Valhöll víð of  
 þrumir; en þar Hrofr  
 kýss hverjan dag  
 vápndauða vera.

9.  
 Mjök er auðkennt,  
 þeim er til Óðins  
 koma salkynni at  
 séa; sköftum er rann  
 reft, skjöldum er salr  
 þakiðr, brynjum um  
 bekki strát.

10.  
 Mjök er auðkennt,  
 þeir er til Óðins  
 koma salkynni at  
 séa: vargr hangir  
 fyr vestan dyrr,  
 ok drúpir örn yfir.

11.  
 Þrymheimr heitir inn  
 sétti,  
 er Þjazi bjó,  
 sá inn ámáttki  
 jötunn; en nú Skaði  
 byggvir, skír brúðr  
 goða, fornar tóftir  
 föður.

12.  
 Breiðablik eru in  
 sjaundu,  
 en þar Baldr hefir  
 sér of gerva sali,  
 á því landi,  
 er ek liggja veit  
 fæsta feiknstafi.

13.  
 Himinbjörg eru in  
 áttu,  
 en þar Heimdall  
 kveða valda véum;  
 þar vörðr goða  
 drekkir í væru ranni  
 glaðr inn góða mjöð.

14.  
 Fólkvangr er inn  
 níundi,  
 en þar Freyja ræðr  
 sessa kostum í sal;  
 halfan val  
 hon kýss hverjan  
 dag,  
 en halfan Óðinn á.

15.  
 Glitnir er inn tíundi,  
 hann er gulli studdr

ok silfri þakðr it  
 sama;  
 en þar Forseti  
 byggir flestan dag  
 ok svæfir allar sakir.

16.  
 Nóatún eru in elliftu,  
 en þar Njörðr hefir,  
 sér of görva sali;  
 manna þengill  
 inn meins vani  
 hátimbruðum hörgi  
 ræðr.

17.  
 Hrísi vex  
 ok háu grasi  
 Víðars land viði;  
 en þar mögr of læzt  
 af mars baki  
 frækn at hefna föður.

18.  
 Andhrímnir  
 lætr í Eldhrímnri  
 Sæhrímnri soðinn,  
 fleska bezt;  
 en þat fáir vitu,  
 við hvat einherjar  
 alask.

19.  
 Gera ok Freka  
 seðr gunntamiðr  
 hróðigr Herjaföður;  
 en við vín eitt  
 vápngöfugr  
 Óðinn æ lifir.

20.  
 Huginn ok Muninn  
 fljúga hverjan dag





Jörmungrund yfir;  
óumk ek of Hugin,  
at hann aftr né  
komit, þó sjámk  
meir of Munin.

21.  
Þýtr Þund,  
unir Þjóðvitnis  
fiskr flóði í;  
árstraumr þykkir  
ofmikill  
Valglaumni at vaða.

22.  
Valgrind heitir,  
er stendr velli á  
heilög fyr helgum  
dyrum;  
forn er sú grind,  
en þat fáir vitu,  
hvé hon er í lás of  
lokin.

23.  
Fimm hundruð dura  
ok umb fjórum  
tögum, svá hygg ek  
á Valhöllu vera;  
átta hundruð  
Einherja ganga senn  
ór einum durum,  
þá er þeir fara við  
vitni at vega.

24.  
Fimm hundruð golfa  
ok umb fjórum  
tögum, svá hygg ek  
Bilskirnri með  
bugum; ranna þeira,  
er ek reft vita,

míns veit ek mest  
magar.

25.  
Heiðrún heitir geit,  
er stendr höllu á  
ok bítr af Læraðs  
limum; skapker fylla  
hon skal ins skíra  
mjaðar;  
kná-at sú veig  
vanask.

26.  
Eikþyrnir heitir  
hjörtr, er stendr höllu  
á ok bítr af Læraðs  
limum; en af hans  
hornum drýpr í  
Hvergelmi,  
þaðan eigu vötn öll  
vega.

27.  
Síð ok Víð,  
Sækin ok Eikin,  
Svöl ok Gunnþró,  
Fjörm ok Fimbulþul,  
Rín ok Rennandi,  
Gipul ok Göpul,  
Gömul ok  
Geirvimul,  
þær hverfa um hodd  
goða,  
Þyn ok Vín,  
Þöll ok Höll,  
Gráð ok Gunnþorin.

28.  
Vína heitir ein,  
önnur Vegsvinn,  
þriðja Þjóðnuma,  
Nyt ok Nöt,

Nönn ok Hrönn,  
Slíð ok Hríð,  
Sylgr ok Ylgr,  
Víð ok Ván,  
Vönd ok Strönd,  
Gjöll ok Leiftr,  
þær falla gumnum  
nær,  
er falla til Heljar  
heðan.

29.  
Körmt ok Örmt  
ok Kerlaugar tvær,  
þær skal Þórr vaða  
dag hvern,  
er hann dæma ferr  
at aski Yggdrasils,  
því at ásbrú  
brenn öll loga,  
heilög vötn hlóa.

30.  
Glaðr ok Gyllir,  
Glær ok  
Skeiðbrimir,  
Silfrintoppr ok Sinir,  
Gísl ok Falhófnir,  
Gulltoppr ok  
Léttfeti,  
þeim ríða æsir jóm  
dag hvern,  
er þeir dæma fara  
at aski Yggdrasils.

31.  
Þrjár rætr  
standa á þrjá vega  
undan aski  
Yggdrasils;  
Hel býr und einni,  
annarri hrímþursar,



þriðju mennskir  
menn.

32.  
Ratatoskr heitir  
íkorni, er renna skal  
at aski Yggdrasils,  
arnar orð hann skal  
ofan bera ok segja  
Niðhöggvi niðr.

33.  
Hirtir eru ok fjórir,  
þeirs af hæfingar  
gaghalsir gnaga:  
Dáinn ok Dvalinn,  
Duneyrr ok  
Duraþrór.

34.  
Ormar fleiri liggja  
und aski Yggdrasils,  
en þat of hyggi hverr  
ósviðra apa:  
Góinn ok Móinn,  
þeir ro Grafvitnis  
synir,  
Grábakr ok  
Grafvölluðr,  
Ófnir ok Sváfnir,  
hygg ek, at æ skyli  
meiðs kvistu má.

35.  
Askr Yggdrasils  
drýgir erfiði  
meira en menn um  
viti:  
hjörtr bítr ofan,  
en á hliðu fúnar,  
skerðir Niðhöggv  
neðan.

36.  
Hrist ok Mist  
vil ek, at mér horn  
beri, Skeggjöld ok  
Skögul,  
Hildir ok Þrúðr,  
Hlökk ok Herfjötur,  
Göll ok Geirönu,  
Randgríðr ok  
Ráðgríðr  
ok Reginleif, þær  
bera Einherjum öl.

37.  
Árvakr ok Alsviðr  
þeir skulu upp heðan  
svangir sól draga;  
en und þeira bógum  
fálu blíð regin,  
æsir, ísarnkol.

38.  
Svalinn heitir,  
hann stendr sólu  
fyrir, skjöldr,  
skínanda goði;  
björg ok brim,  
ek veit, at brenna  
skulu, ef hann fellr í  
frá.

39.  
Sköll heitir ulfr,  
er fylgir inu skírleita  
goði  
til varna viðar,  
en annarr Hati,  
hann er Hróðvitnis  
sonr,  
sá skal fyr heiða  
brúði himins.

40.

Ór Ymis holdi  
var jörð of sköpuð,  
en ór sveita sær,  
björg ór beinum,  
baðmr ór hári,  
en ór hausi himinn.

41.  
En ór hans brám  
gerðu blíð regin  
Miðgarð manna  
sonum,  
en ór hans heila  
váru þau in  
harðmóðgu  
ský öll of sköpuð.

42.  
Ullar hylli  
hefr ok allra goða  
hverr er tekr fyrstr á  
funa,  
því at opnir heimar  
verða of ása sonum,  
þá er hefja af hvera.

43.  
Ívalda synir  
gengu í árdaga  
Skíðblaðni at skapa,  
skipa bezt,  
skírum Frey,  
nýtum Njarðar bur.

44.  
Askr Yggdrasils,  
hann er æðstr viðar,  
en Skíðblaðnir skipa,  
Óðinn ása,  
en jóa Sleipnir,  
Bilröst brúa,  
en Bragi skalda,  
Hábrók hauka,



en hunda Garmr.

45.

Svipum hef ek nú  
yppt  
fyr sigtíva sonum,  
við þat skal vilbjörg  
vaka;  
öllum ásum  
þat skal inn koma  
Ægis bekki á,  
Ægis drekku at.

46.

Hétumk Grímr,  
hétumk Gangleri,  
Herjann ok  
Hjalmberi,  
Þekkr ok Þriði,  
Þundr ok Uðr,  
Herblindi ok Hár.

47.

Saðr ok Svipall  
ok Sanngetal,  
Herteitr ok Hnikarr,  
Bileygr, Báleygr,  
Bölverkr, Fjölnir,  
Grímr ok Grímnir,  
Glapsviðr ok  
Fjölsviðr;

48.

Síðhött, Síðskeggr,  
Sigföðr, Hnikuðr,

Alföðr, Valföðr,  
Atríðr ok Farmatýr;  
einu nafni  
hétumk aldregi,  
síz ek með folkum  
fór.

49.

Grímnir mik hétu  
at Geirröðar,  
en Jalk at Ásmundar,  
en þá Kjalar,  
er ek kjálka dró,  
Þrór þingum at,  
Viðurr at vígum,  
Óski ok Ómi,  
Jafnhár ok Biflindi,  
Göndlir ok Hárbarðr  
með goðum.

50.

Sviðurr ok Sviðrir  
er ek hét at  
Sökkmímis,  
ok dulðak þann inn  
aldna jötun,  
þá er ek Miðvitnis  
vark  
ins mæra burar  
orðinn einbani.

51.

Ölr ertu, Geirröðr,  
hefr þú ofdrukkit;  
miklu ertu hnugginn,

er þú ert mínu gengi,  
öllum Einherjum  
ok Óðins hylli.

52.

Fjöld ek þér sagðak,  
en þú fátt of mant;  
of þik véla vinir;  
mæki liggja  
ek sé míns vinar  
allan í dreyra drifinn.

53.

Eggmóðan val  
nú mun Yggr hafa,  
þitt veit ek líf of  
liðit;  
úfar ro dísir,  
nú knáttu Óðin sjá,  
nálgasktu mik, ef þú  
megir.

54.

Óðinn ek nú heiti,  
Yggr ek áðan hét,  
hétumk Þundr fyr  
þat,  
Vakr ok Skilfingr,  
Váfuðr ok Hroftatýr,  
Gautr ok Jalkr með  
goðum,  
Ófnir ok Sváfnir,  
er ek hygg, at orðnir  
sé  
allir af einum mér.

Geirröðr konungr sat ok hafði sverð um kné sér ok brugðit til miðs. En er hann heyrði, at Óðinn var þar kominn, þá stóð hann upp ok vildi taka Óðin frá eldinum. Sverðit slapp ór hendi honum, ok vissu hjöltin niðr. Konungr drap fæti ok steypðist áfram, en sverðit stóð í gögnum hann, ok fekk hann bana. Óðinn hvarf þá, en Agnarr var þar konungr lengi síðan.



## 17. Kafli

### **Prymskviða (Þórshamri stolið)**

Löngu áður en mannkynið varð hugsandi og ábyrgt var Þórshamri, Mjölni, stolið af jötninum Þrym. Hamarinn táknar kraft sem eyðir, skapar og elur, hér er Mjólnir tákn giftingar. Loki, sendiboði guðanna og talsmaður jötnanna er sendur af Þór til að finna Mjölni, hið ómissandi tákn sköpunar og fékk að láni Fjaðurham Freyju. Hann snéri aftur með þau tíðindi að Þrymur hafi falið hann djúpt í iðrum jarðar og jötunin vildi fá í skiptum Freyju sem brúði sína. Freyja sem er drottinn Venusar auk þess að vera systir Freys, drottins Jarðar, táknar eins og við höfum séð, hærri greindarþátt mannkynsins sem hún verndar og gætir sem sitt Brisngamen.

Er Freyja heyrði þessa fáránlegu kröfu Þryms frýsaði hún af slíkri heift að hið dýrmæta men sprakk. Guðirnir voru furðulostnir yfir kröfu Þryms og meðan á umræðu þeirra stóð lagði Heimdallur til að Þór sjálfur tæki á sig ham Freyju í brúðarslöri svo hann gæti endurheimt eign sína. Hörð andstaða Þórs við þessari tillögu var að engu höfð af fundinum og tregur samþykkir hann þá óvirðingu að klæðast fínu líni með tvo rúmaða steina á afturenda sínum og fara til hallar Þryms ásamt Loka í gervi brúðarmeyjar.

Í brúðkaupsveislunni er jötuninn hneykslaður á ofboðslegri matarlyst og þorsta brúðarinnar, en Loki útskýrir að Freyja hafi fastað lengi af eftirvæntingu eftir þessum viðburði. Þrymur beygir sig niður til að kyssa brúðina og lyftir blæjunni en mætir þá leiftrandi augnaráði þrumuguðsins og við það hrökk hann aftur á



bak eftir öllum hallarsalnum. Aftur kemur Loki til bjargar með afsökunum sem sannfæra jötuninn (sem auðsýnilega var dálítið treggáfaður).

Þrymur fyrirskipar að Mjöllnir sé sóttur og lagður í kjöltu brúðarinnar til staðfestingar giftingunni, þannig að aflí Þórs var endurheimt eftir misnotkun þess í efnisheiminum af kynstofni sem ekki var meðvitaður um ábyrgð sína sem mannkyn. Það er við hæfi hér að geta þess að öld sjálfseksu er ekki sú fyrsta til að misnota eyðingar og sköpunarmáttinn. Sköpunartáknið, Þórshamar— aflíð er setur á gang sköpunarhreyfingu fyrir líf og form fyrir guðina að vinna í — getur augljóslega átt við mörg stig tilverunnar þar sem hvert stig þróunar leiðir af öðru til sköpunar. Mennirnir takmarkast ekki í sköpun sinni við efnisheiminn, við njótum meira frjálsræðis í sköpun nú en á öllum fyrri stigum. Aðlögun greindar okkar og innsæi eru lykilinn að heimi vísinda og lista, við höfum aðgang að andagift, heimspeki og andlegum hugmyndum sem ekki voru tiltæk fyrir "dverga Dvalins." Þessi staða setur manninn í þá stöðu að vera ábyrgur fyrir stjórn jarðarinnar og náttúruríkjunum sem fylgja honum.

Þess má geta að guðspekirit geyma sögur um að frá þeim tíma að sköpunarkrafturinn kom til jarðar frá guðasviðum hefur jörðin gengið í gegnum meiri efnisþyngd en var þegar Þórshamri var stolið og má líkja við núverandi ástand. Við höfum jafnvel farið neðar og erum byrjuð að klifra upp úr þessum efnisþunga. Fyrir milljónum ára þegar jörðin náði miðpunkti aldurs síns byrjuðu þyngstu efnisatómin að geisla frá sér efninu, þ.e. urðu geislavirk, þó við höfum nýlega uppgötvað það. Plánetan mun halda áfram að efnisléttast (með sameiningar hléum áfram og með stöðugt meiri hröðun) þar til hún deyr. Samkvæmt Brahma og guðspekiritum erum við komin yfir lægstu stöðu í efnisþyngd og erum byrjuð með hægum skrefum að stíga upp til meiri andlegs þroska. Völundarsaga vísar til myrkasta tímabils 1jarðarinnar og hvert gjaldið var fyrir efnisþyngsta mannkynið. (bls. 202-210).



## Prymskviða

1.

Vreiðr var þá  
Vingþórr  
er hann vaknaði  
ok síns hamars  
of saknaði,  
skegg nam at hrista,  
skör nam at dýja,  
réð Jarðar burr  
um at þreifask.

2.

Ok hann þat orða  
alls fyrst of kvað:  
"Heyrðu nú, Loki,  
hvat ek nú mæli  
er eigi veit  
jarðar hvergi  
né upphimins:  
áss er stolinn  
hamri!"

3.

Gengu þeir fagra  
Freyju túna,  
ok hann þat orða  
alls fyrst of kvað:  
"Muntu mér,  
Freyja,  
fjaðrhams léa,  
ef ek minn hamar  
mættak hitta?"

Freyja kvað:

4.

"Þó munda ek gefa

þér

þótt ór gulli væri,  
ok þó selja,  
at væri ór silfri."

5.

Fló þá Loki,  
- fjaðrhamr dunði, -  
unz fyr útan kom  
ása garða  
ok fyr innan kom  
jötna heima.

6.

Prymr sat á haugi,  
þursa dróttinn,  
greyjum sínum  
gullbönd sneri  
ok mörum sínum  
mön jafnaði.

Prymr kvað:

7.

"Hvat er með ásum?  
Hvat er með alfum?  
Hví ertu einn  
kominn  
í Jötunheima?"

Loki kvað:

"Illt er með ásum,  
illt er með alfum;  
hefr þú Hlórriða  
hamar of folginn?"

Prymr kvað:

8.

"Ek hef Hlórriða.  
hamar of folginn  
átta röstum

fyr jörð neðan;  
hann engi maðr  
aftr of heimtir,  
nema færi mér  
Freyju at kvæn."

9.

Fló þá Loki,  
- fjaðrhamr dunði, -  
unz fyr útan kom  
jötna heima  
ok fyr innan kom  
ása garða.  
Mætti hann Þór  
miðra garða,  
ok þat hann orða  
alls fyrst of kvað:

10.

"Hefr þú erendi  
sem erfiði?  
Segðu á lofti  
löng tíðendi,  
oft sitjanda  
sögur of fallask  
ok liggjandi  
lygi of bellir."

Loki kvað:

11.

"Hef ek erfiði  
ok erendi;  
Prymr hefr þinn  
hamar,  
þursa dróttinn;  
hann engi maðr  
aftr of heimtir,  
nema hánnum færi  
Freyju at kván.



12.  
Ganga þeir fagra  
Freyju at hitta,  
ok hann þat orða  
alls fyrst of kvað:  
"Bittu þik, Freyja,  
brúðar líni;  
vit skulum aka tvau  
í Jötunheima."

13.  
Reið varð þá Freyja  
ok fnasaði,  
allr ása salr  
undir bifðisk,  
stökk þat it mikla  
men Brísinga:  
"Mik veiztu verða  
vergjarnasta,  
ef ek ek með þér  
í Jötunheima."

14.  
Senn váru æsir  
allir á þingi  
ok ásynjur  
allar á máli,  
ok um þat réðu  
ríkir tívar  
hvé þeir Hlórriða  
hamar of sætti.

15.  
Þá kvað þat  
Heimdallr,  
hvítastr ása,  
vissi hann vel fram  
sem vanir aðrir:  
"Bindum vér Þór þá  
brúðar líni,  
hafi hann it mikla  
men Brísinga.

16.  
Látum und hánum  
hrynja lukla  
ok kvenváðir  
um kné falla,  
en á brjósti  
breiða steina  
ok hagliga  
um höfuð typpum."

17.  
Þá kvað þat Þór,  
þrúðugr áss:  
"Mik munu æsir  
argan kalla,  
ef ek bindask læt  
brúðar líni!"

18.  
Þá kvað þat Loki  
Laufeyjar sonr:  
"Þegi þú, Þórr,  
þeira orða.  
Þegar munu jötnar  
Ásgarð búa,  
nema þú þinn hamar  
þér of heimtir."

19.  
Bundu þeir Þór þá  
brúðar líni  
ok inu mikla  
meni Brísinga,  
létu und hánum  
hrynja lukla  
ok kvenváðir  
um kné falla,  
en á brjósti  
breiða steina,  
ok hagliga  
um höfuð typpðu.

20.  
Þá kvað Loki  
Laufeyjar sonr:  
"Mun ek ok með þér  
ambótt vera,  
vit skulum aka tvær  
í Jötunheima."

21.  
Senn váru hafrar  
heim of reknir,  
skyndir at sköklum,  
skyldu vel renna;  
björg brotnuðu,  
brann jörð loga,  
ók Óðins sonr  
í Jötunheima.

22.  
Þá kvað þat Þrymr,  
þursa dróttinn:  
"Standið upp, jötnar,  
ok stráið bekki,  
nú færa mér  
Freyju at kván  
Njarðar dóttur  
ór Nóatúnum.

23.  
Ganga hér at garði  
gullhrynðar kýr,  
öxn alsvartir  
jötni at gamni;  
fjölð á ek meiðma,  
fjölð á ek menja,  
einnar mér Freyju  
ávant þykkir."

24.  
Var þar at kveldi  
of komit snemma  
ok fyr jötna  
öl fram borit;



einn át oxa,  
átta laxa,  
krásir allar,  
þær er konur  
skyldu,  
drakk Sifjar verr  
sáld þrjú mjaðar.

25.  
Þá kvat þat Þrymr,  
þursa dróttinn:  
"Hvar sátu brúðir  
bíta hvassara?  
Sák-a ek brúðir  
bíta breiðara,  
né inn meira mjöð  
mey of drekka."

26.  
Sat in alsnotra  
ambótt fyrir,  
er orð of fann  
við jötuns máli:  
"Át vætr Freyja  
átta nóttum,  
svá var hon óðfús  
í Jötunheima."

27.  
Laut und línu,  
lysti at kyssa,

en hann útan stökk  
endlangan sal:  
"Hví eru öndótt  
augu Freyju?  
Þykki mér ór  
augum  
eldr of brenna."

28.  
Sat in alsnotra  
ambótt fyrir,  
er orð of fann  
við jötuns máli:  
"Svaf vætr Freyja  
átta nóttum,  
svá var hon óðfús  
í Jötunheima."

29.  
Inn kom in arma  
jötna systir,  
hin er brúðféar  
biðja þorði:  
"Láttu þér af  
höndum  
hringa rauða,  
ef þú öðlask vill  
ástir mínar,  
ástir mínar,  
alla hylli.

30.  
Þá kvað þat Þrymr,  
þursa dróttinn:  
"Berid inn hamar  
brúði at vígja,  
lekið Mjöllni  
í meyar kné,  
vigið okkr saman  
Várar hendi."

31.  
Hló Hlórriða  
hugr í brjósti,  
er harðhugaðr  
hamar of þekkti;  
Þrym drap hann fyrstan,  
þursa dróttin,  
ok ætt jötuns  
alla lamði.

32.  
Drap hann ina öldnu  
jötna systur,  
hin er brúðféar  
of beðit hafði;  
hon skell of hlaut  
fyr skillinga,  
en högg hamars  
fyr hringa fjöld.  
Svá kom Óðins sonr  
endr at hamri.





## 18. Kafli

### Rígsþula

Þetta er saga um vakningu mannkynsins úr dýraríkinu inn í frummanninn, steinaldarmanninn, þar sem þjálfun hans byrjaði, verkfæragerð og fullkomnun mannlegra verkfæra, löngu, löngu áður en mannkynið hafði öðlast hæfileikana sem skila okkur frá dýrunum í dag, þ.e. talsmál, afstæð hugsun, handverk, list og sköpun.

Rígur (1) er geisli Heimdallar "hvítasti Ás," áhrif sólarinnar. Táknrænt er hægt að jafna honum við Tý, guð upphafsins og við stjörnumerkið Hrúttinn. Þulan er um hvernig guðkennd áhrif komu niður í mannkynið í þremur stigum fyrir óralöngu. Mannkynið var mállaust og án hugsunar og vegalaust, flaut áfram í hægagangi þróunarbrautarinnar án hvata eða löngunar til þroska, þegar samúðarfullur guð leit niður á það:

„Ár kváðu ganga  
grænar brautir  
öflgan ok aldinn  
ás kunnigan,  
ramman ok röskvan  
Ríg stíganda. (1).

Hann ákvað að stíga niður til mannkynsins til að hjálpa mannum að vakna til síns heima, þ.e. ásmegin, guðskapara.

Fyrsta tilraun misheppnaðist, dyrnar að mannheimi, þess auma koti, voru lokaðar (2). Við aðra tilraun fann guð mann í betri húsakynnum þar sem dyrnar voru í hálfu gátt, (13) — að hluta móttækilegur 11. Við þriðju tilraun fann hann mann í höll þar sem dyr voru opnar (23), það mannlega form var hæft til að móttaka guðleg áhrif í sjálfmeðvitundar huga.



Frá því varð maðurinn sjálfsmeðvitaður og fær um að ákvarða örlög sín. Með huganum kom frjáls vilji og með frjálsum vali fylgdi ábyrgð og maðurinn varð ábyrgur fyrir hugsunum sínum og athöfnum, sem og siðferði og vitsmunum. Það er eftirtektarvert að afkomanda guðsins í þriðju dvölinni var gefin þekking rúnanna sem hann meðtók og tók sér nafnið Rígur. Þessi kynstofn gat af sér síðari mannkyn þar sem yngsti konungurinn var hæfileikaríkur; „*Klök nam fugla, kyrra elda, sefa of svefja, sorgir lægja,*

Óvænt niðurstaða er í lok þulunnar þar sem kráka varar konung við að veiða fugla, heldur fremur ætti hann að ríða hestum, draga sverð og fella óvini:

„Hvat skaltu, Konr ungr,  
kyrra fugla?  
Heldr mætti ér  
hestum ríða,  
[hjörvi bregða]  
ok her fella.”

Þarna er vísað til þess að hann ætti í stað þess að eltast við dýrslega náttúru,- að taka upp sverð viljans (þekkingu) og berja á óvini mannlegrar framþróunar,— eigingirni og sjálfselsku. Aðvörunin er eins og fyrirboði og áhyggjur af því að kynstofninn víki af þeim háleita vegi sem honum er ætlaður. Rígsþula er oft talin lýsa stéttarmun sem var í öllum samfélögum og það má svo sem hafa verið, en við ættum að hafa í huga að launsagnir hafa að geyma margvíslega djúpa merkingu sem er jafnvel á mörkum þess að við skiljum í dag. Ef við lítum á þróun fyrst og fremst sem birtingu vitundar klædda í form og persónuleika sjáum við hina guðlegu samúð stíga niður í Ríg, þennan guðumlíka forföður okkar sem kom og gaf okkur þá sérstöku mannlegu eiginleika er birtast smám saman sem reynsla okkar í lífi eftir líf og mun að lokum fullkomna mannkynið.



## Rígsþula

Svá segja menn í fornum sögum, at einhverr af ásum, sá er Heimdallr hét, fór ferðar sinnar ok fram með sjóvarströndu nökkurri, kom at einum húsabæ ok nefndist Rígr. Eftir þeiri sögu er kvæði þetta:

- |   |  |   |
|---|--|---|
| 1.<br>Ár kváðu ganga<br>grænar brautir<br>öflgan ok aldinn<br>ás kunnigan,<br>ramman ok röskvan<br>Rígr stíganda.   | soð var í bolla,<br>setti á bjóð;<br>var kalfr soðinn<br>krása beztr.  | fingr digrir,<br>fúlligt andlit,<br>lotr hryggr,<br>langir hælur.   |
| 2.<br>Gekk hann meir at þat<br>miðrar brautar;<br>kom hann at húsi,<br>hurð var á gætti;<br>inn nam at ganga,<br>eldr var á golfi;<br>hjón sátu þar<br>hár at arni,<br>Ái ok Edda,<br>aldinfalda. | 5.<br>Rígr kunnir þeim<br>ráð at segja;<br>reis hann upp þaðan,<br>réðsk at sofna;<br>meir lagðisk hann<br>miðrar rekkju,<br>en á hlið hvára<br>hjón salkynna. | 9.<br>Nam hann meir at þat<br>magns of kosta,<br>bast at binda,<br>byrðar gerva;<br>bar hann heim at þat<br>hrís gerstan dag.               |
| 3.<br>Rígr kunnir þeim<br>ráð at segja;<br>meir settisk hann<br>miðra fletja,<br>en á hlið hvára<br>hjón salkynna.  | 6.<br>Þar var hann at þat<br>þrjár nætr saman,<br>gekk hann meir at þat<br>miðrar brautar;<br>liðu meir at þat<br>mánuðr níu.                                  | 10.<br>Þar kom at garði<br>gengilbeina,<br>aurr var á iljum,<br>armr sólbrunninn,<br>niðrbjúgt er nef,<br>nefndisk Þír.                     |
| 4.<br>Þá tók Edda<br>ökkvinn hleif,<br>þungan ok þykkvan,<br>þrunginn sáðum;<br>bar hon meir at þat<br>miðra skutla,  | 7.<br>Jóð ól Edda<br>jósu vatni,<br>hörvi svartan,<br>hétu Þræl.   | 11.<br>Miðra fletja<br>meir settisk hon;<br>sat hjá henni<br>sonr húss;<br>ræddu ok rýndu,<br>rekkju gerðu<br>Þræll ok Þír<br>þrungin dægr. |
|   | 8.<br>Hann nam at vaxa<br>ok vel dafna;<br>var þar á höndum<br>hrokkitt skinn,<br>kropnir knúar,   | 12.<br>Börn ólu þau,<br>- bjuggu ok unðu, -<br>hygg ek at héti  |



Hreimr ok Fjósni,  
 Klúrr ok Kleggi,  
 Kefsir, Fúlnir,  
 Drumbr, Digraldi,  
 Dröttr ok Hösvir.  
 Lútr ok Leggjaldi;  
 lögðu garða,  
 akra töddu,  
 unnu at svínum,  
 geita gættu,  
 grófu torf.

13.  
 Dætr váru þær  
 Drumba ok Kumba,  
 Ökkvinkalfa  
 ok Arinnefja,  
 Ysja ok Ambátt,  
 Eikintjasna,  
 Tötrughypja  
 ok Trönubeina.  
 Þaðan eru komnar  
 þræla ættir.

14.  
 Gekk Rígr at þat  
 réttar brautir,  
 kom hann at höllu,  
 hurð var á skíði,  
 inn nam at ganga,  
 eldr var á golfi,  
 hjón sátu þar,  
 heldu á sýslu.

15.  
 Maðr teglði þar  
 meið til rifjar;  
 var skegg skapat,  
 skör var fyrir enni,  
 skyrtu þröngva,  
 skokkr var á golfi.

16.

Sat þar kona,  
 sveigði rokk,  
 breiddi faðm,  
 bjó til váðar;  
 sveigr var á höfði,  
 smokkr var á bringu,  
 dúkr var á halsi,  
 dvergar á öxlum.  
 Afi ok Amma  
 áttu hús.

17.  
 Rígr kunnir þeim  
 ráð at segja;  
 [meir settisk hann  
 miðra fletja,  
 en á hlið hvára  
 hjón salkynna].

18.  
 [Þá tók Amma]  
 ---  
 var kalfr soðinn  
 krása beztr.

19.  
 [Rígr kunnir þeim  
 ráð at segja]  
 reis frá borði,  
 réð at sofna;  
 meir lagðisk hann  
 miðrar rekkju,  
 en á hlið hvára  
 hjón salkynna.

20.  
 Þar var hann at þat  
 þríar nætr saman;  
 liðu meir at þat  
 mánuðr níu.

21.  
 Jóðól Amma

jósu vatni,  
 kölluðu Karl,  
 kona sveip rifti,  
 rauðan ok rjóðan,  
 riðuðu augu.

22.  
 Hann nam at vaxa  
 ok vel dafna,  
 öxn nam at temja,  
 arðr at gerva,  
 hús at timbra  
 ok hlöður smíða,  
 karta at gerva  
 ok keyra plóg.

23.  
 Heim óku þá  
 hanginluklu,  
 geitakyrtlu,  
 giftu Karli;  
 Snör heitir sú,  
 settisk und rifti;  
 bjuggu hjón,  
 bauga deildu,  
 breiddu blæjur  
 ok bú gerðu.

24.  
 Börn ólu þau,  
 - bjuggu ok unðu, -  
 hét Halr ok Drengr,  
 Höldr, Þegn ok Smiðr,  
 Breiðr, Bónði,  
 Bundinskeggi,  
 Búi ok Boddi,  
 Brattskeggr ok Seggr.

25.  
 Enn hétu svá  
 öðrum nöfnum,  
 Snót, Brúðr, Svanni,  
 Svarri, Sprakki,



Fljóð, Sprund ok Víf,  
Feima, Ristill.  
Þaðan eru komnar  
karla ættir.

26.

Gekk Rígr þaðan  
réttar brautir;  
kom hann at sal,  
suðr horfðu dyrr,  
var hurð hnigin,  
hringr var í gætti.

27.

Gekk hann inn at þat,  
golf var stráat;  
sátu hjón,  
sáusk í augu,  
Faðir ok Móðir,  
fingrum at leika.

28.

Sat húsgumi  
ok sneri streng,  
alm of bendi,  
örvar skefti;  
en húskona  
hugði at örmum,  
strauk of rifti,  
sterti ermar.

29.

Keisti fald,  
kinga var á bringu,  
síðar slæður,  
serk bláfáan;  
brún bjartari,  
brjóst ljósara,  
hals hvítari  
hreinni mjöllu.

30.

Rígr kunni þeim

ráð at segja;  
meir settisk hann  
miðra fletja,  
en á hlið hvára  
hjón salkynna.

31.

Þá tók Móðir  
merkðan dúk,  
hvítan af hörvi,  
hulði bjóð,  
hon tók at þat  
hleifa þunna,  
hvíta af hveiti,  
ok hulði dúk.

32.

Framm setti hon  
fulla skutla,  
silfri varða, á bjóð,  
fáin fleski  
ok fugla steikða,  
vín var í könnu,  
varðir kálkar;  
drukku ok dæmðu,  
dagr var á sinnum.

33.

Rígr kunni þeim  
ráð at segja;  
reis hann at þat,  
rekkju gerði.  
Þar var hann at þat  
þrjár nætr saman;  
gekk hann meir at þat  
miðrar brautar;  
liðu meir at þat  
mánuðr níu.

34.

Svein ól Móðir,  
silki vafði,  
jósu vatni,

Jarl létu heita;  
bleikt var hár,  
bjartir vangar,  
ötul váru augu  
sem yrmlingi.

35.

Upp óx þar  
Jarl á fletjum;  
lind nam at skelfa,  
leggja strengi,  
alm at beygja,  
örvar skefta,  
flein at fleygja,  
frökkur dýja,  
hestum ríða,  
hundum verpa,  
sverðum bregða,  
sund at fremja.

36.

Kom þar ór runni  
Rígr gangandi,  
Rígr gangandi,  
rúnar kendi;  
sitt gaf heiti,  
son kveðsk eiga;  
þann bað hann eignask  
óðalvöllu,  
óðalvöllu,  
aldnar byggðir.

37.

Reið hann meir þaðan  
myrkvan við,  
hélug fjöll,  
unz at höllu kom;  
skaft nam at dýja,  
skelfði lind,  
hesti hleypði  
ok hjörvi brá;  
víg nam at vekja,



völl nam at rjóða,  
val nam at fella,  
vá til landa.

38.  
Réð hann einn at þat  
átján búum,  
auð nam skipta,  
öllum veita  
meiðmar ok mösma,  
mara svangrifja,  
hringum hreytti,  
hjó sundr baug.

39.  
Óku ærir  
úrgar brautir,  
kómu at höllu,  
þar er Hersir bjó;  
mey átti hann  
mjófingraða,  
hvíta ok horska,  
héту Erna.

40.  
Báðu hennar  
ok heim óku,  
giftu Jarli,  
gekk hon und líni;  
saman bjuggu þau  
ok sér unðu,  
ættir jóku  
ok aldrs nutu.

41.  
Burr var inn ellsti,  
en Barn annat,  
Jóð ok Aðal,  
Arfi, Mögr,  
Niðr ok Niðjungr,  
- námu leika, -

Sonr ok Sveinn,  
- sund ok tafl, -  
Kundr hét enn,  
Konr var inn yngsti

42.  
Upp óxu þar  
Jarli bornir,  
hesta tömðu,  
hlífar bendu,  
skeyti skófu,  
skelfðu aska.

43.  
En Konr ungr  
kunni rúnar,  
ævinrúnar  
ok aldrúnar;  
meir kunni hann  
mönnum bjarga,  
eggjar deyfa,  
ægi lægja.

44.  
Klök nam fugla,  
kyrra elda,  
sefa of svefja,  
sorgir lægja,  
afl ok eljun  
átta manna.

45.  
Hann við Ríg jarl  
rúnar deildi,  
brögðum beitti  
ok betr kunni;  
þá öðlaðisk  
ok þá eiga gat  
Rígr at heita,  
rúnar kunna.

46.  
Reið Konr ungr  
kjörr ok skóga,  
kolfi fleygði,  
kyrrði fugla.

47.  
Þá kvað þat kráka,  
sat kvisti ein:  
„Hvat skaltu, Konr ungr,  
kyrra fugla?  
Heldr mætti ér  
hestum ríða,  
[hjörvi bregða]  
ok her fella.

48.  
Á Danr ok Danpr  
dýrar hallir,  
æðra óðal  
en ér hafið;  
þeir kunnu vel  
kjóli at ríða,  
egg at kenna,  
undir rjúfa.“

49.  
Brún bjartari,  
brjóst ljósara,  
hals hvítari  
hreinni mjöllu.

50.  
Bjuggu hjón,  
bauga deildu.



## 19. Kafi

### Loki stelur Brisíngameninu

Hér er dæmi um er hrekkir Loka koma af stað keðju atburða sem eru nátengdir mannkynspróuninni. Að ráði Óðins og sem oftast í hlutverki örlagavalds, karma, klófestir Loki hina verðmætu eign Freyju "eldmenið" — sem táknað hana mannlegu greind. Freyja táknað ávallt hærri andlega eiginleika greindarinnar og er sem plánetuverund Venusar, verndari ríki bróður síns Freys, þ.e. mannkynsins á plánetunni Jörð.

Þegar Freyja mætir síðan Óðni og spyr um menið sitt, leggur guðinn til aðstæður sem eru mjög merkingafullar: hún verður að eggja til baráttu milli heimsins öflugustu konunga, ekki til að annar hvor vinni, heldur til að að báðir verði endanlega slegnir niður af "kristnum manni." Þetta orðalag endurspeglar viðhorf aldar er kristniboðar breiddu út guðspjall Friðarprinsins með vopnum í norðanverðri Evrópu og Íslandi. Krossinn er hin eilífa barátta ljóss og myrkurs: það er engin tilvera og engin þróun án spennunnar á milli þessara afla og sem einkennir lífið. Þetta er skýrt heimspekilegt hugtak sem næstum engin tekur eftir og tynist í klækjum Loka. En við nánari skoðun má sjá að barátta Freyju mun halda áfram meðan tilvera snýst og þróast meira með tímanum eftir því sem hjörtu mannanna yfirvinna átökin í sjálfum sér og öðlast og gefa friðinn sem kemur með skilningnum. Það mun auka fegurð Brisíngarmens Freyju.

Úr *Sörlapætti*. Orðið *þáttur* hefur sömu merkingu og orðið *sutra* í Sanskrít og merkir, - þátt í reipi.

Sagt er að Loki hafi uppgötvað að Freyja hafi fengið menið hjá dvergum. Loki tjáði Óðni þetta sem þá krafðist að Loki færði honum menið. Loki taldi það



illmögulegt; engin gæti komist í heimkynni Freyju nema með samþykki hennar. Óðinn sagði honum engu að síður að fara og snúa ekki til baka nema með menið. Kvartandi hástöfum hélt Loki af stað. Hann kom að læstum heimkynnum Freyju og reyndi inngöngu án árangurs. Heljarkuldi var svo mikill utandyra að Loki fraus. Hann breytti sér þá í flugu og flaug inn í alla lása til að finna glufa til að komast inn, en fann enga. Að lokum fann hann glufu í rjáfri sem þó var ekki stærri en saumnál kæmist inn í og þar komst hann inn. Þegar hann litaðist um sá hann að allir voru sofandi. Hann gekk að dyngju Freyju og sá að hún var með menið um hálsinn en lásinn niður. Loki breytti sér þá í lús, settist á háls hennar og beit Freyju svo hún vaknaði, snéri sér á hliðina og sofnaði jafnharðan. Loki fer úr lúsargervinu tekur menið og opnar húsið og hverfur á braut og afhendir Óðni síðar menið.

Þegar Freyja vaknar um morguninn og sér allar hurðar opnar en óskemmdar og menið horfið var hún viss um hvað hafði gerst. Hún fer til hallarinnar, hittir Óðinn og segir hann hafa illa gert með því að láta stela meninu og krefst að fá það til baka. Óðinn segir að eins og hún hafi náð meninu eitt sinn muni hún aldrei fá það aftur, -nema hún eggji til baráttu milli heimsins öflugustu konunga, sem hver er yfir öðrum tíu konungum; ekki til að annar hvor vinni, heldur til að að báðir verði endanlega slegnir niður af einhverjum kristnum manni sem hafi hugrekki og svo góð örlög að hann hafi dirfsku til að leggja í þá og deyða. Aðeins þá munu vondum örlögum þeirra ljúka þegar þessi hetja losar þá frá þörfum þeirra og vandræðum á villubraut þeirra

Freyja samþykkir þetta og fær nemið til baka.





## 20. Kafi

### Gróttusöngur

„Myllusteinar Guðs mala hægt, og þeir mala smátt.“ — LONGFELLOW

Í þessari sögu eru tvær launsagnir sem virðast vísa til fjórða (Atlants) mannkynsins á jörðunni. Báðar eru tilefni til fjölmargra sagna. Önnur er Gróttukviða, töframyllan eins og hún vísar til jarðneskra tímabila, þó eins og við höfum séð getur einnig haft alheimslega tilvísun. Hin sögnin er um smiðinn Völund. Hún vísar til hvernig á hinn miklu fjórðu öld sál mannkynsins — Völundar — var fönguð af hinum illa —Nidud konungi— efnisþyngstu öld mannkyns og jarðar.

Þessir atburðir í sögu mannkynsins áttu sér stað fyrir milljónum ára samkvæmt tímaskráningu theosófa, á þeim tíma er mannkynið hafði náð mestri efnisþróun, meiri líkamlegum eiginleikum og tækni en núverandi mannkyn hefur náð. En þetta var einhliða hæfni, því maðurinn hafði þá algjörlega týnt þeim andlegum eiginleikum sem honum voru gefnir á fyrri tímaskeiðum þegar kyni hans var leiðbeint fyrstu skrefin í frumbersku hans.

Meðal launsagna sem teljast megi rekja til viskuhefða fornalda eru sögur um töframylluna nánast alls staðar eins, efnisþéttar og með þá sérstöðu að vera leyndardómsfyllstar. Það hefur aldrei verið útskýrt á fullnægjandi hátt af hverju fólk í öllum heimsálfum í fornöld hafi lagt sérstaka áherslu á töfraeiginleika þessa verkfæris. Þau litu ekki aðeins á eiginleika þess til að mala hveiti, heldur hugmynduðu það sem verkfæri fyrir guðina til að mala hvaðeina. Myllusteininn var ekki aðeins venjulegt verkfæri mannsins, heldur einnig verkfæri guðlegra afla sem ekki aðeins skapaði fæðu, heldur einnig heilsu, auð, salt, hamingju, allt forsendur friðar — hugans ekki síður en líkamans. Hann malaði meginlönd jarðarinnar sem og deyjandi heima í alheiminum og skilaði út einsleitu grunn-



efni, svo nýjir heimar gætu orðið til. Í *Kalevala* hinni finnsku gerir himna-smiðurinn í upphafi tímans nokkrar misheppnaðar tilraunir til sköpunar þar til hann smíðar myllusteinninn Sampo, sem muni mala til eyðingar og sköpunar heima eins lengi og þeir munu fæðast og deyja. Mayafólkið í Mið- Ameríku segir enn sögur af hinum heilaga myllusteinum sem er bergmál löngu, löngu liðinna sagna. Í Eddu heitir hann Gróttu, sem merkir vöxtur, sem merkingalega tengist framþróun.

Þessi töframyllusteinn allra fornsagna er í æfintýrasögum sem sprottið hafa frá þeim sýndur sem einstakt verkfæri sem getur búið til hvaðeina, eiginleika og hæfni lífvera sem og efnis. Það var skapað af guðlegum sendiboðum fyrir birtingu lífs og viðhaldi þess - og eyðingu.

Í einni Eddusagna eru tvær tröllskessur neyddar til að snúa myllusteinum til að mala auð og þægindi fyrir Fróða konung (nafn hans þýðir velmegun) sem uppi var á fyrri hluta friðar og gleði- tímabilsins, sem þekkt var sem gullna öldin. Þær unnu látlaust við að framleiða endalaus áánægju fyrir vellíðan konungs. Þegar tímar liðu óx græðgi konungs fyrir meira gull og meiri velmegun að hann gaf tröllunum aðeins svo skamman hvíldartíma að sem nam hanagali. Þannig lagði hann grunn að falli sínu. Óhjákvæmilega hugðu hin sívinnandi tröll á hefndir. Samfelldur söngur þeirra í takt við ískur mylluhjólanna skilaði undan þeim her sem undir stjórn Mysings konungs sigraði Fróða og hernam lönd hans.

Mysingur konungur tók við myllusteinum vaxtarins og með tímanum varð hann einnig fórnarlamb græðginnar, því töframyllusteinninn gaf honum það sem hann vildi og að lokum sukku lönd hans í hafið,— hin sígilda saga um flóðið sem sögð er um alla veröld.

Eins og í Biblíusögum og öðrum launsögnum táknar konungur eða aðrar ráðandi persónur þjóðir eða kynstofna á óskilgreindu tímabili í fornöld. Flóðið



sem er víðnefnt, en umdeilt, kemur fyrir í öllum megin launsögnum og virðist hafa verið sameiginleg reynsla alls mannkyns. Sagnir af risi og hvarfi meginlanda í og úr hafi — bæði snögglega í miklum náttúruhamförum og sem hægfara breyting á meginlöndum. Hvort sem þær lýsa snöggu breytingum eða síendurteknum virðast þær hafa slík áhrif á mannlega vitund að þær hafa orðið sagnir fólks hvaðanæva af jörðunni.

Í ljósi vísindalegrar þekkingar í dag má gera ráð fyrir að hin guðlega myllukvörn vísi til einhvers meira en að lýsa breytingum á jarðfræði plánetunnar. Fjölbreytileg not hennar til að skapa hvaðeina — ekki aðeins efnislega hluti, heldur einnig óefnislega — er vísbending um að hún sé verkfæri til sköpunar. Í því samhengi á hún nána samsvörun við hamar Þórs, Mjölni (sem merkir „malari“). Mjölirnir mylur jötnaheima, brýtur niður efnið í frumefnin. Hann er einnig verkfæri sköpunar, m.a. í einni sögu þar sem Þór og Mjölirnir stjórnðu brúðkaupi til að tryggja getnað og frjósemi.

Það er freistandi að bera saman þessa myllukvörn guða og svarthol stjörnufræðinnar, því með sífellt nýjum uppgötvunum í stjörnuvísindum um þessi áhugaverðu fyrirbæri sem svartholin eru, sýnist gangur þeirra nálgast lýsingu á hlutverki hinnar guðlegu myllukvarnar í launsögnunum. Eins og hringiða dró konungsríki Mysing inn í auga myllukvarnarinnar, dregur iðustraurur umhverfis svarthol allt efni sem nálgast það inn í sig og það hverfur úr sýnilegum alheimi. Þessu til viðbótar eru dulstirnir sem talin eru í miðju vetrarbrautarinnar og samastandi af svartholum sem geisla frá sér gífulegri orku í formi geislunar á öllum bylgjulengdum, allt frá innrauðum geislum til rafsegulbylgja. Þess má geta að í Meistarabréfunum (*The Mahatma Letters*, p. 47), sem gefin voru út í byrjun 19. ándu aldar og fimmtíu árum áður en svarthol voru skilgreind — segir að efni úr dauðum heimum sé „endurgert í smiðju náttúrunnar.“



Slík guðleg kvörn tekur til kosmosins. Hinu mikla hjóli jarðneskrar Gróttu, kvörn grósku og þróunar er snúið af jötnaöflum aldanna og skapa afurð úr þeim fræjum sem hver „konungur“ eða kynstofn mannkyns leggur til. Annað hefur hún ekki. Hver siðmenning eða bylgja sérkenna ber því með sér fræ eigin afleiðinga. Á fyrra tímabili Fróða konungs ríkti friður og velmegun og er sagt að gullinn hringur hafi legið óhreyfður á fjölmennum krossgötum um aldir. Þegar hann hvarf þá leið gullna öldin undir lok. Ný öld tók við og Mysingur konungur varð nú flóðinu að bráð og ríki hans sökk í hafið kann að vera tilvísun í söguna um Atlantis meginlandið og menningu þess, sem sagt er að hafi sokkið í sæ. Í ritum theosófa markar sá atburður miðpunkt líftíma jarðarinnar og efnisþyngsta tímabil hennar — miðnætti mannkynsins.

Táknrænt var það miðnætti er jötunskessan spurði Mysing konung hvort hann hefði nægt salt. Það var stund ákvörðunar, að halda áfram sköpun efnisins og niður í þyngra efni eða snúa þróuninni við til andlegs þroska. Ákvörðun konungs olli því óumflýjanlega, flóðið sökkti skipi hans og tímabili hans lauk. Þá varð „sær saltur“ segir í sögunni. Fjórða öldin hafði sjálf orsakað eyðingu sína með vatni. Sá atburður gaf mannkyninu annað tækifæri til að rísa upp á ný til guðlegs markmið síns.

---

## Gróttasöngur

Skjöldr hét sonr Óðins, er Skjöldungar er frá komnir. Hann hafði setu ok réð löndum, þar sem nú er kölluð Danmörk, en þá var kallað Gotland. Skjöldr átti þann son, er Friðleifr hét, er löndum réð eftir hann. Sonr Friðleifs hét Fróði. Hann tók konungdóm eftir föður sinn í þann tíð, er Ágústus keisari lagði frið of heim allan. Þá var Krístr borinn. En fyrir því at Fróði var allra konunga ríkastr á



Norðrlöndum, þá var honum kenndr friðrinn um alla danska tungu, ok kalla Norðmenn þat Fróðafrið. Engi maðr grandaði öðrum, þótt hann hitti fyrir sér föðurbana eða bróðurbana lausan eða bundinn. Þá var ok engi þjófr eða ránsmaðr, svá at gullhringr einn lá á Jalangrsheiði lengi.

Fróði konungr sótti heimboð í Svíþjóð til þess konungs, er Fjölnir er nefndr. Þá keypti hann ambáttir tvær, er hétu Fenja ok Menja. Þær váru miklar ok sterkar.

Í þann tíma fannst í Danmörk kvernsteinar tveir svá miklir, at engi var svá sterkr, at dregit gæti. En sú náttúra fylgði kvernunum, at þat mólst á kverninni, sem sá mælti fyrir, er mól. Sú kvern hét Grótti. Hengikjöftr er sá nefndr, er Fróða konungi gaf kvernina. Fróði konungr lét leiða ambáttirnar til kvernarinnar ok bað þær mala gull ok frið ok sælu Fróða. Þá gaf hann þeim eigi lengri hvíld eða svefn en gaukrinn þagði eða hljóð mátti kveða. Þá er sagt, at þær kvæði ljóð þau, er kallat er Gróttasöngur. Ok áðr létti kvæðinu, mólu þær her at Fróða, svá at á þeiri nótt kom þar sá sækonungr, er Mýsingr hét, og drap Fróða, tók þar herfang mikit. Þá lagðist Fróðafriðr.

Mýsingr hafði með sér Gróttu ok svá Fenju ok Menju ok bað þær mala salt. Hann bað þær mala lengr. Þær mólu litla hríð, áðr niðr sukku skipin, ok var þar eftir svelgr í hafinu, er særinn fellr í kvernaraugat. Þá varð sær saltr.

1.  
Nú eru komnar  
til konungs húsa  
framvísar tvær,  
Fenja ok Menja;  
þær ro at Fróða  
Friðleifssonar  
máttkar meyjar  
at mani hafðar.

Þær at lúðri  
leiddar váru  
ok grjóts gróa  
gangs of beiddu;  
hét hann hvárigri  
hvíld né ynði,  
áðr hann heyrði  
hljóm ambátta.

þögnhorfinnar:  
"Leggjum lúðra,  
léttum steinum."  
Bað hann enn  
meyjar,  
at þær mala skyldu.

2.

3.  
Þær þyt þulu

4.  
Sungu ok slungu  
snúðga-steini,  
svá at Fróða man



flest sofnaði;  
þá kvað þat Menja,  
var til meldrs  
komin:

5.  
"Auð mölum Fróða,  
mölum alsælan,  
mölum fjölð féar  
á feginslúðri;  
siti hann á auði,  
sofi hann á dúni,  
vaki hann at vilja,  
þá er vel malit.

6.  
Hér skyli engi  
öðrum granda,  
til böls búa  
né til bana orka,  
né höggva því  
hvössu sverði,  
þó at bana bróður  
bundinn finni."

7.  
En hann kvað ekki  
orð it fyrra:  
"Sofið eigi meir  
en of sal gaukar  
eða lengr en svá  
ljóð eitt kveðak."

8.  
"Var-at-tu, Fróði,  
fullspakr of þik,  
málvinr manna,  
er þú man keyptir;  
kaustu at afli  
ok at álitum,  
en at ætterni  
ekki spurðir.

9.  
Harðr var Hrungnir  
ok hans faðir,  
þó var Þjazi  
þeim öflugari;  
Iði ok Aurnir,  
okkrir niðjar,  
bræðr bergrisa,  
þeim erum bornar.

10.  
Kæmi-a Grótti  
ór gréa fjalli  
né sá inn harði  
hallr ór jörðu,  
né mæli svá  
mær bergrisa,  
ef vissi vit  
vætr til hennar.

11.  
Vér vetr níu  
várum leikur  
öflugar alnar  
fyr jörð neðan;  
stóðu meyar  
at meginverkum,  
færðum sjalfar  
setberg ór stað.

12.  
Veltum grjóti  
of garð risa,  
svá at fold fyrir  
fór skjalfandi;  
svá slöngðum vit  
snúðga-steini,  
höfga-halli,  
at halir tóku.

13.  
En vit síðan  
á Svíþjóðu

framvísar tvær  
í folk stigum,  
beiddum björnu,  
en brutum skjöldu,  
gengum í gögnum  
gráserkjat lið.

14.  
Steypðum stilli,  
studdum annan,  
veittum góðum  
Gothormi lið;  
var-a kyrrseta,  
áðr Knúi fellu.

15.  
Fram heldum því  
þau misseri,  
at vit at köppum  
kenndar várum;  
þar sorðu vit  
skörpum geirum  
blóð ór benjum  
ok brand ruðum.

16.  
Nú erum komnar  
til konungs húsa  
miskunnlausar  
ok at mani hafðar;  
aurr etr iljar,  
en ofan kulði,  
drögum dolgs  
sjötul,  
daprt er at Fróða.

17.  
Hendr skulu  
hvílask,  
hallr standa mun,  
malit hefi ek fyr  
mik;  
mitt of leiti;



nú mun-a höndum  
hvíld vel gefa,  
áðr fullmalit  
Fróða þykki.

18.  
Hendr skulu höndla  
harðar trjónur,  
vápn valdreyrug,  
vaki þú, Fróði,  
vaki þú, Fróði,  
ef þú hlýða vill  
söngum okkrum  
ok sögnum fornum.

19.  
Eld sé ek brenna  
fyr austan borg,  
vígspjöll vaka,  
þat mun viti kallaðr,  
mun herr koma  
hinig af bragði  
ok brenna bæ  
fyr buðlungi.

20.  
Mun-at þú halda  
Hleiðrar stóli,  
rauðum hringum  
né regingrjóti;  
tökum á möndli  
mær, skarpara,  
erum-a varmar  
í valdreyra.

21.  
Mól míns föður  
mær rammliga,  
því at hon feigð fira  
fjölmargra sá;  
stukku stórar  
steðr frá lúðri  
járni varðar,  
mölum enn framar!

22.  
Mölum enn framar!  
Mun Yrsu sonr,  
niðr Halfdanar,  
hefna Fróða;

sá mun hennar  
heitinn verða  
burr ok bróðir,  
vitum báðar þat."

23.  
Mólu meyjjar,  
megins kostuðu,  
váru ungar  
í jötunmóði;  
skulfu skaptré,  
skauzk lúðr ofan,  
hraut inn höfgi  
hallr sundr í tvau.

24.  
En bergrisa  
brúðr orð of kvað:  
"Malit höfum,  
Fróði,  
sem munum hætta,  
hafa fullstaðit  
fljóð at meldri."





## 21. Kafli

### Völundarkviða

Völundarkvæði er um sálarhnignun fjórða mannkynsins. Hinir þrír bræður og Valkyrjur, eiginkonur þeirra tákna augljóslega þrjár fyrstu aldir fjórða mannkynsins. Elstur var Egill, hinn saklaus, en börn hans urðu þjónar Þórs. Annar var Slagfinnur, veiðimaðurinn, og sá þriðji var álfakonungurinn Völundur sem í kvæðinu sáir fyrir hinni fjórðu miklu öld — fyrir sál mannkyns þeirrar aldar. Það má líka finna samsvörun við styttri hringrásir sem tengjast mismunandi menningu. Egill sá fyrsti, hin saklaus — óþroskaða öldin, næst var veiðimannastigið, og þriðja öldin tæknileg hæfni. Þessi fyrri mannkyn voru enn undir leiðsögn hálf guðlegra Valkyrja sem heyrðu beint undir Óðinn sem guðlegir verndarar, andleg sál sem geislaði guðlegri vitund. En eins og kvæðið segir frá dró úr sambandi þeirra við mannlega maka sína.

Völundur er mikill smiður á málma. Hann er fangaður, yfirbugaður og fangelsaður af Níðingi konungi (*níð*: íllt, svik) og er þvingaður til að smíða dýra gripi fyrir konung. En á laun smíðar hann galdrasverð (andlegan vilja) sem kemur oft fram í hetjusögnum, hann smíðar enn á laun undurfagan hring sem hefur þá náttúru að geta af sér aðra (endurnýjun hringrása) — hliðstæðan þeim sem dvergar færðu Óðni. Meðan á smíðavinnunni stóð skipuleggur Völundur grimmilega hefnd og í fyllingu tímans birtist tækifæri hans til þess. Hann taldregur dóttur Níðings og drepur syni hans tvo; í annarri útgáfu kviðunnar er konungur sjálfur borinn fram sem máltíð í veislu. Þessi mannfórn konungs er tákmynd um lok tímabils hans því tíminn gleypir öll hans börn, allt sem tíminn fæðir af sér á sér einnig takmörk í tímanum. Til er hliðstæða í grískri goðafræði





þar sem Krónos (Tíminn) gleypir börnin sín. Í þessari útgáfu kviðunnar selur Völundur konungi höfuðkúpur sona hans slegnum silfri.

Völundur flýr því næst í vængjavagni sem hann smíðaði ásamt sverðinu góða og hringnum fagra, táknrænum fyrir viljann til að vaxa og síendurtekin tæknifæri til endurnýjunar þessara auðæfa mannkynsins sem „hlæjandi Völundur hóf á loft“. Níðingur ókátur sat eftir (38). Völundur er kallaður "Hrugnir (þrumur) af fjaðurlöðum." Það vísar til að flug var þekkt og notað á öld Völundar. (Aðrar launsagnir segja frá er valdir einstaklingar flýðu sökkvandi fjórða meginlandið sem almennt er kallað Atlantis, þar sem sumir flýðu í fljúgandi vélum, (1) og settust að á landi sem nýrishið var úr hafi, og þar varð til kynstofn sem tilheyrir okkar núverandi fimmta mannkyni. Hin illi konungur sem skilinn var eftir var auðsýnilega tímabil þar sem tæknin ríkti en án andlegra eiginda.

---

## Völundarkviða

Níðuðr hét konungr í Svíþjóð. Hann átti tvá sonu ok eina dóttur. Hon hét Böðvildr. Bræðr váru þrír, synir Finnakonungs. Hét einn Slagfiðr, annarr Egill, þriðji Völundr. Þeir skriðu ok veiddu dýr. Þeir kómu í Úlfdali ok gerðu sér þar hús. Þar er vatn, er heitir Úlfsjár. Snemma of morgin fundu þeir á vatnsströndu konur þrjár, ok spunnu lín. Þar váru hjá þeim álftarhamir þeira. Þat váru valkyrjur. Þar váru tvær dætr Hlöðvés konungs, Hlaðguðr svanhvít ok Hervör alvitr, in þriðja var Ölrún Kjársdóttir af Vallandi. Þeir höfðu þær heim til skála með sér. Fekk Egill Ölrúnar, en Slagfiðr Svanhvítrar, en Völundr Alvitrar. Þau bjuggu sjau vetr. Þá flugu þær at vitja víga ok kómu eigi aftr. Þá skreið Egill at leita Ölrúnar, en Slagfiðr leitaði Svanhvítrar, en Völundr sat í Úlfdölum. Hann var hagrastr maðr, svá at menn viti, í fornum sögum. Níðuðr konungr lét hann höndum taka, svá sem hér er um kveðit:



1.  
Meyjar flugu  
sunnan  
myrkvið í gögnum,  
Alvitr unga,  
örlög drýgja;  
þær á sævarströnd  
settusk at hvílask  
drósir suðrænar,  
dýrt lín spunnu.

2.  
Ein nam þeira  
Egil at verja,  
fögr mær fira,  
faðmi ljósum;  
önnur var Svanhvít,  
svanfjaðrar dró,  
en in þriðja  
þeira systir  
varði hvítan  
hals Völundar.

3.  
Sátu síðan  
sjau vetr at þat,  
en inn átta  
allan þráðu,  
en inn níunda  
nauðr of skilði;  
meyjar fýstusk  
á myrkvan við,  
Alvitr unga,  
örlög drýgja.

4.

Kom þar af veiði  
veðreygr skyti,  
[Völundr, líðandi  
um langan veg],  
Slagfiðr ok Egill,  
sali fundu auða,  
gengu út ok inn  
ok um sáusk;  
austur skreið Egill  
at Ölrúnu,  
en suðr Slagfiðr  
at Svanhvítu.

5.  
En einn Völundr  
sat í Ulfdöllum,  
hann sló gull rautt  
við gim fastan,  
lukði hann alla  
lind baugum vel;  
svá beið hann  
sinnar ljóssar  
kvánar, ef hánur  
koma gerði.

6.  
Þat spyr Níðuðr,  
Níára dróttinn,  
at einn Völundr  
sat í Ulfdöllum;  
nóttum fóru seggir,  
neglðar váru  
brynjur,  
skildir bliku þeira  
við inn skarða  
mána.

7.

Stigu ór söðlum  
at salar gafli,  
gengu inn þaðan  
endlangan sal;  
sáu þeir á bast  
bauga dregna,  
sjau hundruð allra,  
er sá seggr átti.

8.  
Og þeir af tóku  
ok þeir á létu,  
fyr einn útan,  
er þeir af létu.  
Kom þar af veiði  
veðreygr skyti,  
Völundr, líðandi  
um langan veg.

9.  
Gekk hann brúnni  
beru hold steikja,  
ár brann hrísi  
allþurr fura,  
viðr inn vindþurri,  
fyr Völundi.

10.  
Sat á berfjalli,  
bauga talði,  
alfa ljóði,  
eins saknaði;  
hugði hann, at hefði  
Hlöðvés dóttir,  
Alvitr unga,  
væri hon aftr  
komin.



11.  
 Sat hann svá lengi,  
 at hann sofnaði,  
 ok hann vaknaði  
 viljalauss;  
 vissi sér á höndum  
 höfgar nauðir,  
 en á fótum  
 fjötur of spenntan.

Völundr kvað:

12.  
 "Hverir ro jöfrar,  
 þeir er á lögðu  
 besti bör síma  
 ok mik bundu?"

13.  
 Kallaði nú Níðuðr  
 Níara dróttinn:  
 "Hvar gaztu,  
 Völundr,  
 vísi alfa,  
 vára aura  
 í Ulfdöllum?"

Völundr Kvað:

14.  
 "Gull var þar eigi  
 á Grana leiðu,  
 fjarri hugða ek vart  
 land  
 fjöllum Rínar;  
 man ek, at vér meiri  
 mæti áttum,  
 er vér heil hjú  
 heima várum.

15.

Hlaðguðr ok Hervör  
 borin var Hlöðvé  
 kunn var Ölrún  
 Kíárs dóttir."

16.  
 [Úti stóð kunnig  
 kván Níðaðar],  
 hon inn of gekk  
 endlangan sal,  
 stóð á golfi,  
 stillti röddu:  
 "Er-a sá nú hýrr,  
 er ór holti ferr."

Níðuðr konungr gaf  
 dóttur sinni,  
 Böðvildi gullhring  
 þann, er hann tók af  
 bastinu at Völundar,  
 en hann sjálfr bar  
 sverðit, er Völundr  
 átti. En dróttning  
 kvað:

17.  
 "Ámun eru augu  
 ormi þeim inum  
 frána,  
 tenn hánú  
 teygjask,  
 er hánú er tét  
 sverð  
 ok hann Böðvildar  
 baug of þekkir;  
 sníðið ér hann  
 sina magni  
 ok setið hann síðan  
 í Sævarstöð."

Svá var gert, at  
 skornar váru sínar í  
 knésfótum, ok settr  
 í hólmeinn, er þar  
 var fyrir landi, er  
 hét Sævarstaðr. Þar  
 smíðaði hann  
 konungi alls kyns  
 görsimar. Engi  
 maðr þorði at fara  
 til hans nema  
 konungr einn.

18.  
 "Skínn Níðaði  
 sverð á linda,  
 þat er ek hvessta,  
 sem ek hagast  
 kunna  
 ok ek herðak,  
 sem mér hægst  
 þótti;  
 sá er mér fránn  
 mækir  
 æ fjarri borinn,  
 sékk-a ek þann  
 Völundi  
 til smiðju borinn.

19.  
 Nú berr Böðvildr  
 brúðar minnar  
 - bíðk-a ek þess bót,  
 -  
 bauga rauða."

20.  
 Sat hann, né hann  
 svaf, ávallt  
 ok hann sló hamri;



vél gerði hann heldr  
hvatt Níðaði.  
Drifu ungir tveir  
á dýr séa  
synir Níðaðar,  
í Sævarstöð.

21.  
Kómu þeir til kistu,  
kröfðu lukla,  
opin var illúð  
er þeir í sáu;  
fjölð var þar menja,  
er þeim mögum  
sýndisk  
at væri gull rautt  
ok görsimar.

Völundr kvað:

22.  
"Komið einir tveir,  
komið annars dags;  
ykkur læt ek þat gull  
of gefit verða;  
segið-a meyjum  
né salþjóðum,  
manni engum,  
at it mik fyndið."

23.  
Snemma kallaði  
seggr annan,  
bróðir á bróður:  
"Göngum baug  
séa!"  
Kómu til kistu,  
kröfðu lukla,  
opin var illúð,  
er þeir í litu.

24.  
Sneið af höfuð  
húna þeira  
ok und fen fjöturs  
fætr of lagði;  
en þær skálar,  
er und skörum váru,  
sveip hann útan  
silfri,  
seldi Níðaði.

25.  
En ór augum  
jarknasteina  
sendi hann kunnigri  
konu Níðaðar,  
en ór tönnum  
tveggja þeira  
sló hann  
brjóstkringlur  
sendi Böðvildi.

26.  
Þá nam Böðvildr  
baugi at hrósa  
-- -- --  
[bar hann Völundi],  
er brotit hafði:  
"Þorig-a ek at segja  
nema þér einum."

Völundr kvað:

27.  
"Ek bæti svá  
brest á gulli  
at feðr þínum  
fegri þykkir  
ok mæðr þinni  
miklu betri  
ok sjalfri þér

at sama hófi."

28.  
Bar hann hana bjóri,  
því at hann betr  
kunni  
svá at hon í sessi  
of sofnaði.  
"Nú hef ek hefnt  
harma minna  
allra nema einna  
íviðgjarna."

29.  
"Vel ek," kvað  
Völundr,  
"verða ek á fitjum  
þeim er mik  
Níðaðar  
námu rekkar."  
Hlæjandi Völundr  
hófsk at lofti,  
grátandi Böðvildr  
gekk ór eyju,  
tregði för friðils  
ok föður reiði.

30.  
Úti stendr kunnig  
kván Níðaðar,  
ok hon inn of gekk  
endlangan sal,  
- en hann á salgarð  
settisk at hvílask -:  
"Vakir þú, Níðuðr  
Níara dróttinn?"

Níðuðr kvað:

31.  
"Vaki ek ávallt



viljalauss,  
sofna ek minnst  
síz mína sonu  
dauða;  
kell mik í höfuð,  
köld eru mér ráð  
þín,  
vilnumk ek þess nú,  
at ek við Völund  
dæma.

32.  
Seg þú mér þat,  
Völundr,  
vísi alfa,  
af heilum hvat varð  
húnum mínum."

Völundr kvað:

33.  
"Eiða skaltu mér  
áðr  
alla vinna,  
at skips borði  
ok at skjaldar rönd,  
at mars bægi  
ok at mækis egg,  
at þú kvelj-at  
kván Völundar  
né brúði minni  
at bana verðir,  
þótt vér kván eigim,  
þá er ér kunnið,  
eða jóð eigim  
innan hallar.

34.  
Gakk þú til smiðju,  
þeirar er þú gerðir,  
þar fiðr þú belgi

blóði stokkna;  
sneið ek af höfuð  
húna þinna,  
ok und fen fjöturs  
fætr of lagðak.

35.  
En þær skálar,  
er und skörum váru,  
sveip ek útan silfri,  
selda ek Níðaði;  
en ór augum  
jarknasteina  
senda ek kunnigri  
kván Níðaðar.

36.  
En úr tönnum  
tveggja þeira  
sló ek  
brjóstkringlur,  
senda ek Böðvildi;  
nú gengr Böðvildr  
barni aukin,  
eingadóttir  
ykkur beggja."

Níðuðr kvað:

37.  
"Mæltir-a þú þat  
mál,  
er mik meir tregi,  
né ek þik vilja,  
Völundr,  
verr of níta;  
er-at svá maðr hár,  
at þik af hesti taki,  
né svá öflugr,  
at þik neðan skjóti,  
þar er þú skollir

við ský uppi."

38.  
Hlæjandi Völundr  
hófsk at lofti,  
en ókátr Níðuðr  
sat þá eftir.

Níðuðr kvað:

39.  
"Upp rístu,  
Þakkráðr,  
þræll minn inn  
bezti,  
bið þú Böðvildi,  
meyna bráhvítu,  
ganga fagrvarið  
við föður ræða.

40.  
Er þat satt,  
Böðvildr,  
er sögðu mér:  
Sátuð it Völundr  
saman í holmi?"

Böðvildr kvað:

41.  
"Satt er þat, Níðuðr,  
er sagði þér:  
Sátum vit Völundr  
saman í holmi  
eina ögurstund,  
æva skyldi;  
ek vætr hánum  
vinna kunnak,  
ek vætr hánum  
vinna máttak.



## 22. Kafli

### Lokasenna

Æsum og Ásynjum var stefnt til veislu í hinn gulllýsta heilaga griðarsal, til að drekka ölið sem Ægir bruggaði í katli (H)ýmirs. Þór var fjarri í „austurvegi“, en Loka hafði ekki verið boðið. Á þessu stigi þróunarinnar var ölið var tilbúið og Loki, hin mannlegi hugur var orðin steigur og sjálfhverfur en ekki móttækilegur fyrir áhrifum sálarinnar og hafði því ekki sess í veislusal guðanna. Álfum var hinsvegar boðið, táknrænir fyrir fínni eiginleika mannlegrar sálar og sameinaðir í ásmegin (guðseiginleika) og gátu því gengið í hin heilögu salarkynni.

Loki drap Fimafeng (hinn fingrafima) og þröngvaði sér til salar og krafðist þess að fá að taka þátt í fagnaðinum. Hann minnti Óðinn á skyldleika þeirra og kallaði sig Loft (loft — hina leitandi mannlegu greind). Óðinn skipaði Viðari að gefa Lofti sæti sitt og færa honum öl, en áður en hann dreypti á ölinu skálaði við alla guðina nema Braga (innsæið, skáldagáfa). Hann ásakaði Braga um hugleysi og þótt Bragi byði honum gull og jafnvel hest sinn og sverð til að halda friðinn á þessum heilaga stað neitaði Loka að þegja. Iðunn kom Braga til varnar í orðræðunni, en þá varð hún fyrir barðinu á móðgunum Loka og síðan risu Æsir og Ásynjur hver af öðrum upp til varnar hvort öðru (aldrei til varnar sjálfum sér) en fengu sinn skerf af móðgunum Loka. Að lokum reyndi Frigg að sefa reiði guðanna, minnti á að hver ætti sér bernskubrek sem ekki ætti að gera mikið úr, en Loki snéri séð að henni og ásakaði hana um ótryggð, það kallaði fram viðbrögð frá Freyju sem minnti Loka á að „Frigg vissi örlög allra vera þó hún segði aldrei frá“. Þá kom til sögunnar Þór sem einnig lenti í þvargi við Loka en þegar honum var hótáð með Mjölni hætti hann og hvarf á braut.



Við fyrstu sýn virðist veisla goðanna breytast í tilgangslaust þvarg og móðganir, en við nánari skoðun lýsir hún hvernig takmörkuð mannleg greind lítur náttúruna efnislegum augum og sérstaklega hvernig veraldlegur hugur meðhöndlar þau öfl sem kynnt eru sem goðumlík í launsögnum. Orðbragð og móðganir Loka sýnist eins og gróft tungutak sjómanna. Hann sér aðeins öfl alheimsins í verki gegnum sinn takmarkaða skilning. Með þessari líkingu verður efnið í raun mjög skýrt. Í raun eru ásakanir Loka um ótryggð og siðleysi nákvæmlega eins og fjallað er um launsagnir í fjölmörgum bókum í dag, þar sem sífjaspell og hórdómur goðaveranna eru tekin bókstaflega. En þegar goðar og goðynjur eru settar í staðinn fyrir ákveðin öfl sem takast á eða verka hvert á annað í efnisheiminum —í þyngdarkröftunum eða með öðrum hætti í rafsegulsviðinu — kunna áhrif þess að líkjast því sem launsagnir vísa til. Þegar því er bætt við að þegar ýmis áhrif andleg koma til viðbótar verður merking þeirra meira á sviði leyndra vísinda.

Hugurinn er tvískiptur. Loki er bæði af Jötnum og Ásum og því ganga þeir þættir ávallt saman í ferðlögum þeirra í jötunheimum. Hrekkir Loka eru skemmtilegir á yfirborðinu en þegar við reynum að skilja stöðu hans í þróuninni sjáum við fljótlega pyttina sem hann getur leitt okkur í. Þegar hann er innblásinn skáldlegum krafti (Braga) verður lægri hugurinn (Loki) hástemmdur (Loftur) og verður hjálpræði mannkynsins sem gefur innri guðinum mjöð. Þegar lægri hugurinn er einn, einangrast hann frá hlýju hjartans og ósnortinn af innsæi gengur hann gegn goðunum, gegn alheimslögmálunum, gegn réttlæti, kærleika og samúð. Menning okkar sýnir þetta glögglega, þó flestir menn geti aðhyllst og taki þátt í kærleiksríkum verkum eru gáfur metnar ofar gæfuverkum og efnisleg hæfni ofar visku. Ef hinir fínu eiginleikar, eins og listir, væru ekki til staðar í heiminum mætti líkja honum við heimkynni Heljar, því tæknin án siðferðis leiðir til hörmunga (sem raunverulega þýðir að við skiljum okkur frá stjórnunum). Mannleg þróun nær mestum og bestum framgangi í faðmlagi hugar og hjarta.



Þar sem Æsir fagna hlutdeild í ávöxtum liðins lífs hvíla álfar á meðal þeirra. Það eru sálir sem hafa öðlast rétt til að vera meðal þeirra guðlegu og skilja eftir „utandyra“ þann hluta hugarins — Loka — sem leitar síns eigin aðskilda markmiðs. En hinir sofandi álfar eru ekki meðvitaðir á þessum háu sviðum og geta ekki tekið þátt í veisluhöldunum, vitund þeirra er ekki hæf til að njóta þeirra sviða. Þeir eru góðvilji sálarinnar og þá dreymir himneska drauma í hærri höllum Heljar og bíða þess að geta enn á ný fæðast sem menn og konur.

Það er önnur skýring á hinum sofandi álfum. Í hinum helgu siðum náttúruríkjanna nær hvert þeirra sínu hástigi í einum tilteknum heimi, aðrir straumar lífsins í þeim heimi eru þá tiltölulega lítið virkir. Eins og við vitum er virka orkan á jörðinni á mannlega sviðinu. Steina- og jurtaríkið tiltölulega þögult þó það sé til staðar til nota fyrir dýra- og mannríkið. Sagt er að þegar steinaríkið er virkt er eldgosavirki mikill og þegar jurtaríkið er ráðandi er það lítt rótfast heldur flæðir yfir jörðina. Þegar næsta lífsbylgja tekur við því mannlega mun vilji okkar „sofa“ hjá lágsta guðaríki sem mun þá ríkja á hnettinum og „drekka lífsins mjöð“.

---

## Lokasenna

Ægir, er öðru nafni hét Gymir, hann hafði búit ásum öl, þá er hann hafði fengit ketil inn mikla, sem nú er sagt. Til þeirrar veizlu kom Óðinn ok Frigg, kona hans. Þórr kom eigi, því at hann var í austrvegi. Sif var þar, kona Þórs, Bragi ok Iðunn, kona hans. Týr var þar. Hann var einhendr, - Fenrisúlfr sleit hönd af honum, þá er hann var bundinn. Þar var Njörðr ok kona hans Skaði, Freyr ok Freyja, Víðarr, son Óðins. Loki var þar ok þjónustumenn Freys, Byggvir ok Beyla. Margt var þar ása ok alfa. Ægir átti tvá þjónustumenn, Fimafengr ok Eldir. Þar var lýsigull haft fyrir elts ljós. Sjálft barst þar öl. Þar var griðastaðr mikill. Menn lofuðu





mjök, hversu góðir þjónustumenn Ægis váru. Loki mátti eigi heyra þat, ok drap hann Fimafeng. Þá skóku æsir skjöldu sína ok æpðu at Loka ok eltu hann braut til skógar, en þeir fóru at drekka. Loki hvarf aftr ok hitti úti Eldi. Loki kvaddi hann:

1.  
"Segðu þat, Eldir,  
svá at þú einugi  
feti gangir frammar,  
hvat hér inni  
hafa at ölmálum  
sigtíva synir."

Eldir kvað:

2.  
"Of vápn sín dæma  
ok um vígrisni sína  
sigtíva synir;  
ása ok alfa  
er hér inni eru,  
manngi er þér í orði vinr."

Loki kvað:

3.  
"Inn skal ganga  
Ægis hallir í  
á þat sumbl at sjá;  
jöll ok áfu  
færi ek ása sonum,  
ok blend ek þeim svá meini mjöð."

Eldir kvað:

4.  
"Veiztu, ef þú inn gengr  
Ægis hallir í  
á þat sumbl at sjá,  
hrópi ok rógi  
ef þú eyss á holl regin,  
á þér munu þau þerra þat."

Loki kvað:

5.  
"Veiztu þat, Eldir,  
ef vit einir skulum  
sáryrðum sakask,  
auðigr verða  
mun ek í andsvörum,  
ef þú mælir til margt."

Síðan gekk Loki inn í höllina. En er þeir sá, er fyrir váru, hverr inn var kominn, þögnuðu þeir allir.

Loki kvað:

6.  
"Þyrstr ek kom  
þessar hallar til,  
Loftr, um langan veg  
ásu at biðja,  
at mér einn gefi  
mæran drykk mjaðar.

7.  
Hví þegið ér svá,  
þrungin goð,  
at þér mæla né meguð?  
Sessa ok staði  
velið mér sumbli at  
eða heitið mik heðan."

Bragi kvað:

8.  
"Sessa ok staði  
velja þér sumbli at  
æsir aldregi,  
því at æsir vitu,  
hveim þeir alda skulu



gambansumbl of geta."

Loki kvað:

9.  
"Mantu þat, Óðinn,  
er vit í árdaga  
blendum blóði saman?  
Ölvi bergja  
lézktu eigi mundu,  
nema okkr væri báðum borit."

Óðinn kvað:

10.  
"Rístu þá, Viðarr,  
ok lát ulfs föður  
sitja sumbli at,  
síðr oss Loki  
kveði lastastöfum  
Ægis höllu í."

Þá stóð Viðarr upp ok skenkði Loka. En  
áðr hann drykki, kvaddi hann ásuna:

11.  
"Heilir æsir,  
heilar ásynjur  
ok öll ginnheilög goð -  
nema sá einn áss  
er innar sitr,  
Bragi, bekkjum á."

Bragi kvað:

12.  
"Mar ok mæki  
gef ek þér míns féar,  
ok bætir þér svá baugi Bragi,  
síðr þú ásum  
öfund of gjaldir,  
grem þú eigi goð at þér."

Loki kvað:

13.  
"Jós ok armbauga

mundu æ vera  
beggja vanr, Bragi;  
ása ok alfa,  
er hér inni eru,  
þú ert við víg varastr  
ok skjarrastr við skot."

Bragi kvað:

14.  
"Veit ek, ef fyr útan værak,  
svá sem fyr innan emk,  
Ægis höll of kominn,  
höfuð þitt  
bæra ek í hendi mér;  
lykak þér þat fyr lygi."

Loki kvað:

15.  
"Snjallr ertu í sessi,  
skal-at-tu svá gera,  
Bragi bekkskrautuðr;  
vega þú gakk,  
ef þú vreiðr séir;  
hyggsk vætr hvatr fyrir."

Iðunn kvað:

16.  
"Bið ek þik, Bragi,  
barna sifjar duga  
ok allra óskmaga,  
at þú Loka  
kveðir-a lastastöfum  
Ægis höllu í."

Loki kvað:

17.  
"Þegi þú, Iðunn,  
þik kveð ek allra kvenna  
vergjarnasta vera,  
síztu arma þína  
lagðir ítrþvegna  
um þinn bróðurbana."



Iðunn kvað:

18.  
"Loka ek kveðk-a  
lastastöfum  
Ægis höllu í:  
Braga ek kyrri  
bjórreifan;  
vilk-at ek, at it vreiðir vegizk."

Gefjun kvað:

19.  
"Hví it æsir tveir  
skuluð inni hér  
sáryrðum sakask?  
Loftki þat veit,  
at hann leikinn er  
ok hann fjörg öll fía."

Loki kvað:

20.  
"Þegi þú, Gefjun,  
þess mun ek nú geta,  
er þik glapði at geði  
sveinn inn hvíti,  
er þér sigli gaf  
ok þú lagðir lær yfir."

Óðinn kvað:

21.  
"Ærr ertu, Loki,  
ok örviti,  
er þú fær þér Gefjun at gremi,  
því at aldar örlög  
hygg ek, at hon öll of viti  
jafngörla sem ek."

Loki kvað:

22.  
"Þegi þú, Óðinn,  
þú kunnir aldregi

deila víg með verum;  
oft þú gaft,  
þeim er þú gefa skyldir-a,  
inum slævurum sigr."

Óðinn kvað:

23.  
"Veiztu, ef ek gaf,  
þeim er ek gefa né skylda,  
inum slævurum, sigr,  
átta vetr  
vartu fyr jörð neðan,  
kýr mólkandi ok kona,  
ok hefr þú þar börn borit,  
ok hugða ek þat args aðal."

Loki kvað:

24.  
"En þik síða kóðu  
Sámseyu í,  
ok draptu á vétt sem vödur;  
vitka líki  
fórtu verþjóð yfir,  
ok hugða ek þat args aðal."

Frigg kvað:

25.  
"Örlögum ykkrum  
skylið aldregi  
segja seggjum frá,  
hvat it æsir tveir  
drýgðuð í árdaga;  
firrisk æ forn rök firar."

Loki kvað:

26.  
"Þegi þú, Frigg,  
þú ert Fjörgyns mær  
ok hefr æ vergjörn verit,  
er þá Véa ok Vilja  
léztu þér, Viðris kvæn,  
báða i baðm of tekit."



Frigg kvað:

27.  
"Veiztu, ef ek inni ættak  
Ægis höllum i  
Baldri líkan bur,  
út þú né kvæmir  
frá ása sonum,  
ok væri þá at þér vreiðum vegit."

Loki kvað:

28.  
"Enn vill þú, Frigg,  
at ek fleiri telja  
mína meinstafi:  
ek því réð,  
er þú ríða sér-at  
síðan Baldr at sölum."

Freyja kvað:

29.  
"Ærr ertu, Loki,  
er þú yðra telr  
ljóta leiðstafi;  
örlög Frigg,  
hygg ek, at öll viti,  
þótt hon sjalfgi segi."

Loki kvað:

30.  
"Þegi þú, Freyja,  
þik kann ek fullgörva,  
er-a þér vamma vant:  
ása ok alfa,  
er hér inni eru,  
hverr hefir þinn hór verit."

Freyja kvað:

31.  
"Flá er þér tunga,

hygg ek, at þér fremr myni  
ógótt of gala;  
reiðir ro þér æsir  
ok ásynjur,  
hryggr muntu heim fara."

Loki kvað:

32.  
"Þegi þú, Freyja,  
þú ert fordæða  
ok meini blandin mjök,  
síz þik at bræðr þínum  
stóðu blíð regin  
ok myndir þú þá, Freyja, frata."

Njörðr kvað:

33.  
"Þat er vólítit,  
þótt sér varðir  
vers fáir, hós eða hvárs;  
hitt er undr, er áss ragr  
er hér inn of kominn  
ok hefir sá börn of borit."

Loki kvað:

34.  
"Þegi þú, Njörðr,  
þú vart austr heðan  
gíls of sendr at goðum;  
Hymis meyjar  
höfðu þik at hlandtrogi  
ok þér i munn migu."

Njörðr kvað:

35.  
"Sú erumk líkn,  
er ek vark langt heðan  
gísl of sendr at goðum,  
þá ek mög gat,  
þann er mangi fíár,  
ok þykkir sá ása jaðarr."

Loki kvað:



36.  
 "Hættu nú, Njörðr,  
 haf þú á hófi þik,  
 munk-a ek því leyna lengr:  
 við systur þinni  
 gaztu slíkan mög,  
 ok er-a þó vánu verr."

Týr kvað:

37.  
 "Freyr er beztr  
 allra ballriða  
 ása görðum í;  
 mey hann né grætir  
 né manns konu  
 ok leysir ór höftum hvern."

Loki kvað:

38.  
 "Þegi þú, Týr,  
 þú kunnir aldregi  
 bera tilt með tveim;  
 handar innar hægri  
 mun ek hinnar geta,  
 er þér sleit Fenrir frá."

Týr kvað:

39.  
 "Handar em ek vanr,  
 en þú hróðrsvitnis,  
 böll er beggja þrá;  
 ulfgi hefir ok vel,  
 er í böndum skal  
 bíða ragnarökr."

Loki kvað:

40.  
 "Þegi þú, Týr,  
 þat varð þinni konu,  
 at hon átti mög við mér;  
 öln né penning  
 hafðir þú þess aldregi

vanréttis, vesall."

Freyr kvað:

41.  
 "Ulfr sé ek liggja  
 árósi fyrir,  
 unz rjúfask regin;  
 því mundu næst,  
 nema þú nú þegir,  
 bundinn, bölvvasmiðr."

Loki kvað:

42.  
 "Gulli keypta  
 léztu Gymis dóttur  
 ok seldir þitt svá sverð;  
 en er Múspells synir  
 ríða Myrkvið yfir,  
 veizt-a þú þá, vesall, hvé þú vegr."

Byggvir kvað:

43.  
 "Veiztu, ef ek eðli ættak  
 sem Ingunar-Freyr  
 ok svá sælligt setr,  
 mergi smæra  
 mölða ek þá meinkráku  
 ok lemða alla í liðu."

Loki kvað:

44.  
 "Hvat er þat it litla  
 er ek þat löggra sék  
 ok snapvíst snapir?  
 At eyrum Freys  
 mundu æ vera  
 ok und kvernum klaka."

Byggvir kvað:

45.



"Byggvir ek heiti,  
en mik bráðan kveða  
goð öll ok gumar;  
því em ek hér hróðugr,  
at drekka Hrofts megir  
allir öl saman."

Loki kvað:

46.  
"Þegi þú, Byggvir,  
þú kunnir aldregi  
deila með mönnum mat,  
ok þik í flets strái  
finna né máttu,  
þá er vágu verar."

Heimdallr kvað:

47.  
"Ölr ertu, Loki,  
svá at þú ert örviti,  
- hví né lezk-a-ðu, Loki? -  
því at ofdrykkja  
veldr alda hveim,  
er sína mælgí né man-at."

Loki kvað:

48.  
"Þegi þú, Heimdallr,  
þér var í árdaga  
it ljóta líf of lagit;  
örgu baki  
þú munt æ vera  
ok vaka vörðr goða."

Skaði kvað:

49.  
"Létt er þér, Loki;  
mun-at-tu lengi svá  
leika lausum hala,  
því at þik á hjörvi  
skulu ins hrímkalda magar  
görnum binda goð."

Loki kvað:

50.  
"Veiztu, ef mik á hjörvi  
skulu ins hrímkalda magar  
görnum binda goð,  
fyrstr ok efstr  
var ek at fjörlagi,  
þars vér á Þjaza þrifum."

Skaði kvað:

51.  
"Veiztu, ef fyrstr ok efstr  
vartu at fjörlagi,  
þá er ér á Þjaza þrifuð,  
frá mínum véum  
ok vöngum skulu  
þér æ köld ráð koma."

Loki kvað:

52.  
"Léttari í málum  
vartu við Laufeyjar son,  
þá er þú lézt mér á beð þinn boðit;  
getit verðr oss slíks,  
ef vér görva skulum  
telja vömmín vár."

þá gekk Sif fram ok byrtaði Loka í  
hrímkálki mjöð ok mælti:

53.  
"Heill ver þú nú, Loki,  
ok tak við hrímkálki  
fullum forns mjaðar,  
heldr þú hana eina  
látir með ása sonum  
vammalausá vera."

Hann tók við horni ok drakk af:

54.  
"Ein þú værir,  
ef þú svá værir,  
vör ok gröm at veri;



einn ek veit,  
svá at ek vita þykkjumk,  
hór ok af Hlórriða,  
ok var þat sá inn lævísi Loki."

Beyla kvað:

55.  
"Fjöll öll skjalfa;  
hygg ek á för vera  
heiman Hlórriða;  
han ræðr ró,  
þeim er rægir hér  
goð öll ok guma."

Loki kvað:

56.  
"Þegi þú, Beyla,  
þú ert Byggvis kvæn  
ok meini blandinn mjök,  
ókynjan meira  
kom-a með ása sonum;  
öll ertu, deigja, dritin."

Þá kom Þórr at ok kvað:

57.  
"Þegi þú, rög vætrr,  
þér skal minn þrúðhamarr,  
Mjöllnir, mál fyrnema;  
herðaklett  
drep ek þér halsi af,  
ok verðr þá þínu fjörvi of farit."

Loki kvað:

58.  
"Jarðar burr  
er hér nú inn kominn,  
hví þrasir þú svá, Þórr?  
En þá þorir þú ekki,  
er þú skalt við ulfinn vega,  
ok svelgr hann allan Sigföður."

Þórr kvað:

59.

"Þegi þú, rög vætrr,  
þér skal minn þrúðhamarr,  
Mjöllnir, mál fyrnema;  
upp ek þér verp  
ok á austrvega,  
síðan þik manngi sér."

Loki kvað:

60.  
"Austrförum þínum  
skaltu aldregi  
segja seggjum frá,  
síz í hanska þumlungi  
hnúkðir þú einheri,  
ok þóttisk-a þú þá Þórr vera."

Þórr kvað:

61.  
"Þegi þú, rög vætrr,  
þér skal minn þrúðhamarr,  
Mjöllnir, mál fyrnema;  
hendi inni hægri  
drep ek þik Hrungnis bana,  
svá at þér brotnar beina hvat."

Loki kvað:

62.  
"Lifa ætla ek mér  
langan aldr,  
þóttú hætir hamri mér;  
skarpar álar  
þóttu þér Skrýmis vera,  
ok máttir-a þú þá nesti ná,  
ok svalzt þú þá hungri heill."

Þórr kvað:

63.  
"Þegi þú, rög vætrr,  
þér skal minn þrúðhamarr,  
Mjöllnir, mál fyrnema;  
Hrungnis bani  
mun þér í hel koma



fyr nágrindr neðan."

Loki kvað:

64.

"Kvað ek fyr ásum,  
kvað ek fyr ása sonum,  
þats mik hvatti hugr,  
en fyr þér einum  
mun ek út ganga,  
því at ek veit, at þú vegr.

65.

Öl gerðir þú, Ægir,  
en þú aldri munt  
síðan sumbl of gera;  
eiga þín öll,  
er hér inni er,  
leiki yfir logi,  
ok brenni þér á baki."

En eftir þetta falst Loki í Fránangrsforsí í lax líki. Þar tóku æsir hann. Hann var bundinn með þörmum sonar síns, Vála, en Narfi, sonr hans, varð at vargi. Skaði tók eitrom ok festi upp yfir annlit Loka. Draup þar ór eitr. Sigyn, kona Loka, sat þar ok helt munnlaug undir eitrið. En er munnlaugin var full, bar hon út eitrið, en meðan draup eitrit á Loka. Þá kippðist hann svá hart við, at þaðan af skalf jörð öll. Þat eru nú kallaðir landsskjálfta





## 23. Kafli

### Alvismál

Alvís (alvitur eða allsvitandi) er dvergur sem vill eignast dóttur Þórs. Þór hefur efasemdir um ráðahaginn og að Alvís sé henni verðugur. Engu að síður gefur Þór Alvís tækifæri til að sanna það og ræðst í að spyrja hann í þaula um það sem einkennir hinar mismunandi verur heimsins. Alvís gefur fullnægjandi svör við öllum spurningum, en Þór heldur honum á tali alla nóttina og þegar fyrstu geislar sólarinnar skína á Alvís verður hann að steini, og í sumum útgáfunum hverfur hann í fjöllin, þaðan sem hann kom.

Mörg æfintýri hafa slíkan undarlegan og óvæntan endi, þar sem dvergar eða tröll verða að steinum eða björgum þegar skimar af degi. Nokkrar túlkanir koma til greina. Ein er að öfl næturinnar hafi engin erindi við birtuna og áhrif þeirra hverfi þegar ljósið birtist. Alvís birtir okkur hins vegar aðeins meira en þetta. Hann er vitur dvergur sem krefst sameiningar við dóttur þess guðs sem viðheldur lífinu. Alvís er keimlíkur mannlegu eðli, hann er vel að sér en ekki upplýstur, hann leitar ódauðleika í krafti þekkingar sinnar, en „dvergeðli“ hans er óþroskað og meðan það er ekki innblásið og móttækilegt fyrir geislum sólarinnar (sálarinnar), getur það ekki öðlast sameiningu við hið guðlega. Þegar innsækjandinn er baðaður sólareðlinu getur „dvergeðlið“ ekki sameinast því, verður óvirkt og „steingerist.“

Margar launsagnir, þar á meðal Biblían nota steina eða björg til að tákngera þröngsýn og dauð trúarbrögð. Dæmi um þetta er þegar Móses dregur lifandi vatn úr bjarginu— til að útskýra að kenningin liggi í ritualinu, einnig síðar er kristnin varð „bjargið“ (*petra* eða Pétur), undirstaða kirkjunnar.

Þessi kviða er eflaust næg fyrir aðrar jafngóðar túlkanir, hún kastar ljósi á mismunandi sjónarhorn er lýsa verum á ýmsum stigum vitundar og skilnings —



frá einföldu sjónarhorni jötna sem og annarra hjá dvergum og álfum-- til yfirsýnar guðanna sem stjórna náttúrunni.

## Alvíssmál

Alvíss kvað:

1.  
"Bekki breiða,  
nú skal brúðr með  
mér  
heim í sinni snúask;  
hratat um mægi  
mun hverjum  
þykkja,  
heima skal-at hvíld  
nema."

Þórr kvað:

2.  
"Hvat er þat fira?  
Hví ertu svá fölr um  
nasar?  
Vartu í nótt með  
ná?  
Þursa líki  
þykki mér á þér  
vera;  
ert-at-tu til brúðar  
borinn."

Alvíss kvað:

3.  
"Alvíss ek heiti,  
bý ek fyr jörð  
neðan,  
á ek undir steini  
stað;  
vagna vers

ek em á vit kominn;  
bregði engi föstu  
heiti fira."

Þórr kvað:

4.  
"Ek mun bregða  
því at ek brúðar á  
flest of ráð sem  
faðir;  
vark-a ek heima,  
þá er þér heitit var,  
at sá einn, er gjöf  
er, með goðum."

Alvíss kvað:

5.  
"Hvat er þat rekka,  
er í ráðum telsk  
fljóðs ins fagrglóa?  
Fjarrafleina  
þik munu fáir  
kunna;  
hverr hefr þik  
baugum borit?"

Þórr kvað:

6.  
"Vingþórr ek heiti,  
ek hef víða ratat,  
sonr em ek  
Síðgrana;  
at ósátt minni skal-  
at-tu  
þat it unga man hafa

ok þat gjaforð  
geta."

Alvíss kvað:

7.  
"Sáttir þínar  
er ek vil snemma  
hafa  
ok þat gjaforð geta;  
eiga vilja  
heldr en án vera  
þat it mjallhvíta  
man."

Þórr kvað:

8.  
"Meyjar ástum  
mun-a þér verða,  
vísi gestr, of varit,  
ef þú ór heimi kannt  
hverjum at segja  
allt þat, er ek vil  
vita."

9.

"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé sú jörð heitir,  
er liggr fyr alda  
sonum  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:



10.  
"Jörð heitir með  
mönnum,  
en með ásum fold,  
kalla vega vanir,  
ígræn jötnar,  
alfar gróandi,  
kalla aur uppregin."

Þórr kvað:

11.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé sá himinn  
heitir,  
erakendi,  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:

12.  
"Himinn heitir með  
mönnum,  
en hlýrnir með  
goðum,  
kalla vindófni vanir,  
uppheim jötnar,  
alfar fagaræfr,  
dvergar drjúpansal."

Þórr kvað:

13.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hversu máni heitir,  
sá er menn séa,  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:

14.  
"Máni heitir með  
mönnum,  
en mylinn með  
goðum,  
kalla hverfanda hvél  
helju í,  
skyndi jötnar,  
en skin dvergar,  
kalla alfar ártala."

Þórr kvað:

15.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé sú sól heitir,  
er séa alda synir,  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:

16.  
"Sól heitir með  
mönnum,  
en sunna með  
goðum,  
kalla dvergar  
Dvalins leika,  
eygló jötnar,  
alfar fagrahvél,  
alskír ása synir."

Þórr kvað:

17.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé þau ský heita,

er skúrum blandask,  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:

18.  
"Ský heita með  
mönnum,  
en skúrván með  
goðum,  
kalla vindflot vanir,  
úrván jötnar,  
alfar veðrmegin,  
kalla í helju hjalm  
huliðs."

Þórr kvað:

19.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé sá vindr heitir,  
er víðast ferr,  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:

20.  
"Vindr heitir með  
mönnum,  
en váfuðr með  
goðum,  
kalla gneggjuð  
ginnregin,  
æpi jötnar,  
alfar dynfara,  
kalla í helju  
hviðuð."

Þórr kvað:

21.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,



- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé þat logn heitir,  
er liggja skal,  
heimi hverjum í?"

Alvís kvað:

22.  
"Logn heitir með  
mönnum,  
en lægi með goðum,  
kalla vindlot vanir,  
ofhlý jötnar,  
alfar dagsefa,  
kalla dvergar dags  
veru."

Þórr kvað:

23.  
"Segðu mér þat,  
Alvís,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé sá marr heitir,  
er menn róa,  
heimi hverjum í?"

Alvís kvað:

24.  
"Sær heitir með  
mönnum,  
en sílægja með  
goðum,  
kalla vág vanir,  
álheim jötnar,  
alfar lagastaf,  
kalla dvergar  
djúpan mar."

Þórr kvað:

25.

"Segðu mér þat,  
Alvís,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé sá eldr heitir,  
er brennr fyr alda  
sonum,  
heimi hverjum í?"

Alvís kvað:

26.  
"Eldr heitir með  
mönnum,  
en með ásum funi,  
kalla vág vanir,  
frekan jötnar,  
en forbrenni  
dvergar,  
kalla í helju  
hröðuð."

Þórr kvað:

27.  
"Segðu mér þat,  
Alvís,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé viðr heitir,  
er vex fyr alda  
sonum,  
heimi hverjum í?"

Alvís kvað:

28.  
"Viðr heitir með  
mönnum,  
en vallarfax með  
goðum,  
kalla hlíðþang halir,  
eldi jötnar  
alfar fagrlima,

kalla vönd vanir."

Þórr kvað:

29.  
"Segðu mér þat,  
Alvís,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir,  
hvé sú nótt heitir,  
in Nörvi kennda,  
heimi hverjum í?"

Alvís kvað:

30.  
"Nótt heitir með  
mönnum,  
en njól með goðum,  
kalla grímu  
ginnregin,  
óljós jötnar,  
alfar svefngaman,  
kalla dvergar  
draumnjörun."

Þórr kvað:

31.  
"Segðu mér þat,  
Alvís,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé þat sáð heitir,  
er sá alda synir,  
heimi hverjum í?"

Alvís kvað:

32.  
"Bygg heitir með  
mönnum,  
en barr með goðum,  
kalla vöxt vanir,



æti jötnar,  
alfar lagastaf,  
kalla í helju  
hnipin."

Þórr kvað:

33.  
"Segðu mér þat,  
Alvíss,  
- öll of rök fira  
vörumk, dvergr, at  
vitir -:  
hvé þat öl heitir,

er drekka alda synir,  
heimi hverjum í?"

Alvíss kvað:

34.  
"Öl heitir með  
mönnum,  
en með ásum bjórr,  
kalla veig vanir,  
hreinalög jötnar,  
en í helju mjöð,  
kalla sumbl  
Suttungs synir."

Þórr kvað:

35.  
"Í einu brjósti  
ek sák aldri  
fleiri forna stafi;  
miklum tálum  
kveð ek tældan þik:  
Uppi ertu, dvergr,  
of dagaðr,  
nú skínn sól í sali."



## 24. Kafli

### Gróugaldur og Fjölvinnsmál

#### Gróugaldur

Þessar tvær kviður eiga samleið og misráðið að aðskilja þær. Sú fyrri skilgreinir þá eiginleika sem nauðsynlegt er fyrir innsækjanda að hafa náð. En sú síðari vísar til sjálfkönnunar. Saman segja þær sögu Svipdags, eða hann „Birtist sem dagur.“

Óður (1) (maðurinn) er sendur af fósturmóður sinni, Skaða, í næstum ófæra sendiferð, til að finna og fá aðgang að höll Meðglaðrar ("hún sem gleðst með," eitt nafn Freyju, eiganda Brisingamen, -mannkynsins). Skadi er systir, eiginkona og einnig dóttir Njarðar (tíma). Það var hún sem batt eitruða höggorminn yfir andlit Loka þegar hann var dæmdur til vistar í undirheimum.

Til að mæta öllum þeim óyfirstíganlegu erfiðleikum leitar Óður ráða hjá dauðri móður sinni, sem ber nafnið Gróa (gróður, vöxtur). Hún rís upp frá dauða til þess að syngja fyrir hann níu verndarþulur. Í hlutverki völvu táknar hún fortíð hetjunnar, fyrri sjálf hans sem mótað hafa persónu hans eins og hann er nú. Ef fyrri líf hans hafa öðlast hæfileikana sem þarf til að ná árangri er hann tilbúinn fyrir hina miklu þolraun sem bíður hans.

„Verndarþulurnar“ eru að sjálfsögðu sá styrkur og þeir eiginleikar sem hann hefur öðlast áður. Sá fyrsti er frelsi undan öllum ytri þrýstingi, annar er sjálfstjórn, jákvætt afl, þriðji er ónæmni fyrir þeim straumi sem flæðir í átt til dauðans (sálarinnar), fjórði er það mikilvæga viðhorf að geta snúið fjendum í vini, umbreytt því neikvæða í jákvætt, fimmta er töfrasverðið sem leysir öll höft, alla takmarkandi veikleika sem hetjan verður nú að hafa yfirstígið. Þeir eru



persónuleg tengsl sem draga sálina frá æðri markmiði sínu. Sjötti, Gróa, gefur honum mátt náttúruaflanna, jafnvel hafsins, „ef þú á sjó kemur, meira en menn viti, logn og lögur, gangi þér í lú(ö)ður saman“ (11) — ljós astral sviðsins til að blekkja augað, sjöunda er þol gegn " frost á fjalli háu, hræva kuldi " (12) — hin lamandi kuldi sem grípur sálina þegar hún sér hæð hinna hreinni heima. Áttunda að hafa verndarhjúp til að geta mætt svipum þeirra dauðu.

Frá sjónarhóli teósofista er greinilegt að ferðalagið sem Óður er að leggja uppí er vígsluganga inní hærri svið andlegrar vitundar. Slík vígsla krefst fyrst niðurgöngu í svið neðan efnisheimi okkar. Hver einasti mikill fræðari mannkynsins verður að „ganga til heljar“ til að veita lægri verum hjálp og til að skilja aðstæður þeirra, en um leið reyna á heilindi sín og verða ónæmur fyrir áhrifum þessara skaðlegu og eitruðu heima.

Níunda, segir völván að:

„ef þú við inn naddgöfga  
orðum skiptir jötun:  
máls og manvits  
sé þér úr Mímis hjarta  
gnóga of gefið.“ (14)

Níunda þulan gefur einnig til kynna eiginleika sem eru, eða ættu að vera, þroskaðir hjá hverjum manni sem gengið hefur í gegn um hina níu heima sem við höfum reynt í þessari hringrás. Áreiðanlega eru það nauðsynleg verkfæri hverri sál sem vill verða sannarlega upplýst.

## **Fjölvísmál.**

Óður leitar í þessari kviðu inngöngu í höll Meðglaðar, sem við vitum að er annað nafn Freyju. Vörðurinn við hallarhliðið kallar sig Fjölvis og er enginn annar en Óðinn og stendur hér sem innri maðurinn og vígjandinn. Hann



niðurlægir ferðalanginn með því að kalla hann ýmist "jötun" eða "úlf," en Óður krefst inngöngu engu að síður í hina háu höll. Spurður nafns svarar hann:

„Vindkaldur ek heiti,  
Vorkaldur hét minn faðir,  
þess var Fjölkaldu faðir.“ (6).

Óður spyr hvernig hallar hún sé og er svarað að það sé höll Meðglaðar, „en hana móðir af gat við Svefnþorins syni „ (7).

Hér er upprunasagan um hina „Sofandi Fegurð“. Með öðrum orðum, Þyrnirós, rósín sem stungin var þyrnisvefni, hún er tákngerð sem sál manns, hin sofandi fegurð, sem er markmiðið með lífi mannsins. Svefnþorin er hægt að tengja við Njörð, sem Tímann og einnig við Vorkalda (6), sem ævaöld sakleysisins.

Leitandinn og þess er leitað var66 eru því af sama guðlega uppruna, svo er einnig með mannlega sál og innri guðinn. Það er markmið einstaklingsins að ná sameiningu við alheiminn eftir að hafa fullkomnað sjálfsvitund sína með göngu í gegnum þróunina á öllum sviðum efnisheimsins, með Meðglaðri/Freyju— herra sjálfri mannsins, andlegri greind hans — til að verða einn með guðdómleikanum sem beðið hefur eftir mannlega 66samneytinu.

Í gervi Vindkalds spyr Óður hallarvörðinn og Fjölvísi/Óðinn svara, hann gefur nafn og hlutverk hliðsins sem fjötrar hvern leitanda sem lyftir slagbrandinum og gengur í hallargarðinn sem gerður er úr limum moldarjötuns — efnisins sem fyrstu mennirnir voru mótaðir úr en var svo hafnað af guðunum sem óhæfu efni. Efnið í garðinum er til að hindra alla sem koma. Hinir tveir grimmu varðhundur að sögn Fjölvíss hafa ellefu aðra að baki sér áður en skilyrði þessa lífs enda.

Þegar Vindkaldi spyr nafns á hinu mikla tré sem breiðir greinar sínar um allt landið er honum sagt að það heiti Mímismeidur, Þekkingartréð, „sem fellur hvorki fyrir eldi né járn“ (20) og ávextir þess hjálpi við að upplýsa að engu sé haldið leyndu. Þessu tré, sem kennt er við hinn vitra Jötunn Mími, má ekki rugla





saman við Lífsins tré. Mímir á viskubrunninn sem geymir alla visku sem orðið hefur til í efninu. Í Biblíunni eru tré lífsins og þekkingar einnig sitt hvort tréð. Það er ljóst að „fallið“ frá sakleysinu var óhjákvæmilegur hluti þróunarferlisins. Maðurinn verður að yfirgefa bernskuna og ganga inni það sem kallað er í Eddunum „sigurheimar“ til að öðlast rétt til að fá aðgang að lífsins tré. Mannleg sál (álfur), Óður, verður að eigin rammleik að ná goðumlíku ástandi sem gerir honum kleyft að sameinast „hamingju“ sinni (óðauðlega eðlinu). Við skulum skoða hve vel innsækjandi þarf að þekkja „Þekkingartréð“ til að öðlast þessa sameiningu.

Vindkaldur spyr um gullna fuglinn sem er á efstu greinum Mímismeids og er sagt að heiti Víðopinn. Hetjan verði að sigra hann, en til þess þarf hún að fara niður í undirheima og ná þar í galdraseið sem bruggaður er af Lofti, uppljómaða Loka, huganum sem hamingjan gætir. Seiðurinn var bruggaður úr eftirsjá í lægri hellum Heljar og geymdur í járnhólki sem læstur er með níu sterkum lásunum. Hetjan verður að glíma við hina ógurlegu norm Sinmöru, sem, eins og hliðstæða hennar hin velska Ceridwen, gætir hylkisins. Seiðið, líkt og soma-drykkur austurlandanna, á að gefa leitandanum til að hjálpa honum við að opna vitundina að því ógurlega helvíti sem sálin geymir. Þangað verður leitandinn að fara og sverja — „endalaus eiða“ sem veittir eru af Víðopna „í einni mikilli sorg“ (23).

En hér er mótsögn; til þess að ná seiðinu frá Sinmöru og gerir hetjuni kleift að komast að Víðopna í efstu greinum á þekkingartrénu, verður hetjan að færa Sinmöru skínandi fjöður af gullna fuglinum Víðopna!

Leitandi sem leitar þekkingu guðanna verður þannig að öðlast aðgang að andlegum hæðum áður en hann gengur niður í undirheima og snýr til baka óskaddaður. Aðeins eftir árangursríka ferð í undirheimana getur hann öðlast brúðina — náð sameiningu við hið óðauðlega eðli sjálf síns, alheimshjartanu efst á þekkingartrénu.



Hér er saga inní sögu eins og svo oft í launsögum. Óður stendur hér við hliðið sem leiðir hann til endalegrar uppljómunar; í samskiptum við hliðarvörðinn, sem er leiðbeinandi hans, prófdómari og vígjandi fær hann upplýsingar sem auðsjáanlega eru ætlaðar hlustandanum/lesandanum, lýsingu á þeirri reynslu og uppljómun huga og sálar sem hann verður að gangast undir í höllinni sem nefnd er Hyrr (eldur, hiti),

"Hyrr hann heitir, en hann lengi mun, á brodds oddi bifask; auðranns þess, munu um aldr hafa, frétt eina fírar."

Hér er vísað til þess að það mun taka óratíma þar til leitandinn getur staðið á oddi elds.

Hér í sögunni segir Vindkaldur til sín sem Svipdagurur, lýsandi — „Birting dags“. Núna nefnir hann sig son Sólbjarts,

„Svipdagur ek heiti,  
Sólbjartur hét minn faðir,  
þaðan rákumk vindkalda vegu;  
Urðar orði  
kveðr engi maðr,  
þótt þat sé við löst lagit.“ (46)

„rekin vindkalda vegu“ (46). Í egypskum launsögnum er vísað í hinn rísandi vígsluþega sem „son sólarinnar“, því geislabirtan er umhverfis hann. Þetta er löngu gleymdur uppruni *ushnisha*, eða geislandi ára ofan og umhverfis höfuðs Bodhisattvas, Krists og dýrðlinga á gömlum listaverkum. Svipdagur, fullvígður stendur fyrir einn fárra slíkra fullnumina manna í mannkynssögunni. Við erum öll „rekin vindkalda vegu“, hverjum anda, hverjum neista sem hrekkur af þeim guðlega beldi í upphafi tímans og fellur niður í svið lífsins er áskapað, við lok hringrásarinnar, að sameinast hinum guðlega uppruna sínum. Hver vitundarandi kemur með kjarna allrar reynslu sem hann hefur öðlast í gegnum birtingu í efninu.



Við lok þessa kvæðis lýsir Edda sömu alheimslegu guðspeki og lýst er af Búddistum og Biblíunni og öðrum trúar- og heimspekiritum gegnum söguna. Sagan af Svipdag vísar á hið sanna markmið lífsins — hraðað í vígsluferli — sem er nokkuð sem nútíma goðsagnafræðingum hefur ávallt yfirsést. Þetta er hinn sanni kross hetjugöngunnar, óeigingjarna gangan, árangurinn og kórónuð sameining við hamingju hans. Þegar Meðglöð býður hann velkominn sem hinn heittelskaða sem hún hafi beðið svo lengi eftir á hinu helga fjalli, svarar hann.

„Þrár hafðar  
er ek hefi til þíns gamans,  
en þú til míns munar;  
nú er þat satt,  
er vit slíta skulum  
ævi ok aldr saman."(50)

Merking þessarra fáu orða eru þau mikilvægustu í öllum goðsagnatextunum. Sameining hetjunar við sitt andlega sjálf — felst ekki í sigurvímu eða í eilífri hvíld á himneskum stað — heldur í því að vinna með anda sínum að „markmiði æva og alda“ Einungis þetta síðasta vers skipar Norrænum goðsögnum á stall með göfugustu bókmenntum heimsins, þær styðja og sýna hvernig leitandinn leitast við að þjóna mannkyninu og efla samhug, einungis í þeim tilgangi að það gagnist öllum. Þetta er hinn sanni skóli sannra dulspekinga gegnum aldirnar og leiðin hvati fyrir alla heimsfræðara.

---



og skeikar þá Skuld að  
sköpum.

## Svipdagsmál

**I. Gróugaldur** er hún gól syni sínum  
dauð.

1 Sonur kvað:

Vaki þú Gróa,  
vaki þú, góð kona,  
vek eg þig dauðra dura,  
ef þú það mant,  
að þú þinn mög bæðir  
til kumbl dysjar koma.

2 Gróa kvað:

Hvað er nú annt  
mínum einkasyni,  
hverju ertu nú bölví borinn,  
er þú þá móður kallar,  
er til moldar er komin  
og úr ljóðheimum liðin?

3 Sonur kvað:

Ljótu leikborði  
skaut fyrir mig in lævísa kona,  
sú er faðmaði minn föður;  
þar það hún mig koma,  
er kvæmtki veit,  
móti Menglöðu.

4 Gróa kvað:

Löng er för,  
langir eru farvegir,  
langir eru manna munir,  
ef það verður,  
að þú þinn vilja bíður,

5 Sonur kvað:

Galdra þú mér gal,  
þá er góðir eru,  
þjarg þú, móðir, megi.  
Á vegum allur  
hygg eg, að eg verða muni,  
þykjumk eg til ungur afi.

6 Gróa kvað:

Þann gel eg þér fyrstan,  
þann kveða fjölnýtan,  
þann gól Rindur Rani:  
að þú um öxl skjótir  
því er þér atalt þykir;  
sjálfur leið þú sjálfan þig.

Þann gel eg þér annan,  
ef þú árna skalt  
viljalaus á vegum:  
Urðar lokur  
haldi þér öllum megin  
er þú á sinnum sér.

Þann gel eg þér inn þriðja,  
ef þér þjóðár  
falla að fjörlotum:  
Horn og Ruður  
snúist til Heljar meðan,  
og þverri æ fyrir þér.

Þann gel eg þér inn fjórða,  
ef þig fjándur standa



görvir á gálgvegi:  
hugur þeim hverfi  
til handa þér,  
og snúist þeim til sátta sefi.

Þann gel eg þér inn fimmta,  
ef þér fjötur verður  
borinn að boglimum:  
Leifnis elda læt ég  
þér fyr legg um kveðinn,  
og stökkur þá lás af limum,  
en af fótum fjötur.

Þann gel eg þér inn sétta,  
ef þú á sjó kemur  
meira en menn viti:  
logn og lögur  
gangi þér í lúður saman  
og ljái þér æ friðdrjúgrar  
farar.

Þann gel eg þér inn sjöunda,  
ef þig sækja kemur  
frost á fjalli háu:  
hræva kuldi  
megi-t þínu holdi fara.  
og haldist þér lík að liðum.

Þann gel eg þér inn átta,  
ef þig úti nemur  
nótt á niðflvegi  
að því firr megi  
þér til meins gera  
kristin dauð kona.

Þann gel eg þér inn níunda,  
ef þú við inn naddgöfga  
orðum skiptir jötun:  
máls og manvits  
sé þér úr Mímis hjarta  
gnóga of gefið.

Far þú nú æva,  
þar er forað þykir,  
og standi-t þér mein fyrir  
munum.

Á jarðföstum steini  
stóð eg innan dyra,  
meðan eg þér galdra gól.

Móður orð  
ber þú, mögur, héðan  
og lát þér í brjósti búa;  
því nóga heill  
skaltu um aldur hafa,  
meðan þú mín orð of mant.

### Fjölsvinnsmál

Útan garða  
hann sá upp of koma  
þursa þjóðar sjöt:  
"Hvat er þat flagða,  
er stendr fyr forgörðum  
ok hvarflar um hættan loga?"

Hvers þú leitar,  
eða hvers þú á leitum ert,  
eða hvat viltu, vinlaus, vita?  
Úrgar brautir  
árnaðu aftr heðan;  
átt-at-tu hér, verndar vanr,  
veru."

Kómumaðr kvað:

"Hvat er þat flagða,  
er stendr fyr forgarði  
ok býðr-at líðöndum löð?  
Sæmðarorðalauss  
hefir þú, seggr, of lifat,  
ok haltu heim heðan!"



Borgarvörðr kvað:

"Fjölsviðr ek heiti,  
en ek á fróðan sefa,  
þeygi em ek míns mildr matar;  
innan garða  
þú kemr hér aldregi,  
ok dríf þú nú, vargr, at vegi!"

Kómumaðr kvað:

"Augna gamans  
fýsir aftr at fá,  
hvars hann getr svást at sjá;  
garðar glóa  
mér þykkja of gullna sali;  
hér mynda ek eðli una."

Fjölsviðr kvað:

"Segðu mér, hverjum  
ertu, sveinn, of borinn,  
eða hverra ertu manna mögr?"

Kómumaðr kvað:

"Vindkaldr ek heiti,  
Várkaldr hét minn faðir,  
þess var Fjölkaldr faðir.

Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hverr hér ræðr  
ok ríki hefir  
eign ok auðsölum?"

Fjölsviðr kvað:

"Menglöð of heitir,  
en hana móðir of gat  
við Svafrþorins syni;  
hon hér ræðr

ok ríki hefir  
eign ok auðsölum"

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat sú grind heitir,  
er með goðum sá-at  
menn it meira forað?"

Fjölsviðr kvað:

"Þrymgjöll hon heitir,  
en hana þrír gerðu  
Sólblinda synir;  
fjöturr fastr  
verðr við faranda hvern  
er hana hefr frá hliði."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat sá garðr heitir,  
er með goðum sá-at  
menn it meira forað?"

Fjölsviðr kvað:

"Gastrópnir heitir,  
en ek hann görfan hefk  
ór Leirbrimis limum;  
svá hefik studdan,  
at hann standa mun,  
æ meðan öld lifir."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,



er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat þeir garmar heita,  
er gífrari hefik  
enga fyrr í löndum lítit?"

Fjölsviðr kvað:

"Gífr heitir annarr,  
en Geri annarr,  
ef þú vilt þat vita;  
varðir ellifu,  
er þeir varða,  
unz rjúfask regin."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita,  
hvárt sé manna nökkut,  
þat er megi inn koma,  
meðan sókndjarfir sofa."

Fjölsviðr kvað:

"Missvefni mikit  
var þeim mjök of lagit,  
síðan þeim var varzla vituð;  
annarr of nætr sefr,  
en annarr of daga,  
ok kemsk þá vætr, ef þá kom."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita,  
hvárt sé matar nökkut,  
þat er menn hafi,  
ok hlaupi inn, meðan þeir eta."

Fjölsviðr kvað:

"Vegnbráðir tvær  
liggja í Viðópnis liðum,  
ef þú vilt þat vita,  
þat eitt er svá matar,  
at þeim menn of gefi,  
ok hlaupi inn, meðan þeir eta."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat þat barr heitir,  
er breiðask um  
lönd öll limar?"

Fjölsviðr kvað:

"Mímameiðr hann heitir,  
en þat manngi veit,  
af hverjum rótum renn;  
við þat hann fellr,  
er fæstan varir,  
flær-at hann eld né járn."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat af móði verðr  
þess ins mæra viðar,  
er hann flær-rat eld né járn?"

Fjölsviðr kvað:

"Út af hans aldni  
skal á eld bera  
fyr kelisjúkar konur;  
útar hverfa  
þats þær innar skyli,



sá er hann með mönnum  
mjötuðr."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat sá hani heitir,  
er sitr í inum háva viði,  
allr hann við gull glóir?"

Fjölsviðr kvað:

"Viðópnir hann heitir,  
en hann stendr veðrglasir  
á meiðs kvistum Míma;  
einum ekka  
þryngr hann örófsaman  
Surtr Sinmöru."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
hvárt sé vápna nökkut,  
þat er knegi Viðópnir fyrir  
hníga á Heljar sjöt?"

Fjölsviðr kvað:

"Lævateinn heitir hann,  
en hann gerði Loftr rúnum  
fyr nágrindr neðan;  
í segjárnskeri  
liggr hann hjá Sinmöru,  
ok halda njarðlásar nú."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
hvárt aftr kemr,  
sá er eftir ferr  
ok vill þann tein taka."

Fjölsviðr kvað:

"Aftr mun koma,  
sá er eftir ferr  
ok vill þann tein taka,  
ef þat færir,  
er fáir eigu,  
Eiri örglasis."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
hvárt sé mæta nökkut,  
þat er menn hafi  
ok verðr því in fölva gýgr  
fegin."

Fjölsviðr kvað:

Ljósan léa  
skaltu í lúðr bera,  
þann er liggr í Viðópnis  
völum,  
Sinmöru at selja,  
áðr hon söm telisk  
vápn til vígs at ljá."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:





Hvat sá salr heitir,  
er slunginn er  
vísunum vafrrloga?"

Fjölsviðr kvað:

"Hyrr hann heitir,  
en hann lengi mun  
á brodds oddi bifask;  
auðranns þess  
munu um aldr hafa  
frétt eina fírar."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hverr þat gerði,  
er ek fyr garð sák  
innan, ásmaga?"

Fjölsviðr kvað:

"Uni ok Íri,  
Óri ok Bári,  
Varr ok Vegdrasill;  
Dóri ok Úri,  
Dellingr, Atvarðr,  
Líðskjalfr, Loki."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat þat bjarg heitir,  
er ek sé brúði á  
þjóðmæra þruma?"

Fjölsviðr kvað:

"Lyfjaberg þat heitir,

en þat hefir lengi verit  
sjúkum ok sárum gaman;  
heil verðr hver,  
þótt hafi árs sótt,  
ef þat klífr, kona."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvat þær meyjjar heita,  
er fyr Menglaðar knjám  
sitja sáttar saman?"

Fjölsviðr kvað:

"Hlíf heitir,  
önnur Hlífþrasa,  
þriðja Þjóðvarta,  
Björt ok Blíð,  
Blíðr, Fríð,  
Eir ok Aurboða."

Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita:  
Hvart þær bjarga,  
þeim er blóta þær,  
ef gerask þarfar þess?"

Fjölsviðr kvað:

"Bjarga svinnar,  
hvar er menn blóta þær  
á stallhelgum stað;  
eigi svá hátt forað  
kemr at hölða sonum,  
hvern þær ór nauðum nema."



Vindkaldr kvað:

"Segðu mér þat, Fjölsviðr,  
er ek þik fregna mun  
ok ek vilja vita,  
hvárt sé manna nökkut,  
er knegi á Menglaðar  
svásum armi sofa?"

Fjölsviðr kvað:

"Vætr er þat manna,  
er knegi á Menglaðar  
svásum armi sofa,  
nema Svipdagr einn,  
hánum var sú in sólbjarta  
brúðr at kván of kveðin."

Vindkaldr kvað:

"Hrittu á hurðir,  
láttu hlið rúm,  
hér máttu Svipdag sjá;  
en þó vita far,  
ef vilja myni  
Menglöð mitt gaman."

Fjölsviðr kvað:

"Heyr þú, Menglöð,  
hér er maðr kominn,  
gakk þú á gest sjá;  
hundar fagna,  
hús hefir upp lokizk,  
hygg ek, at Svipdagr sé."

Menglöð kvað:

"Horskir hrafnar  
skulu þér á hám galga  
slíta sjónir ór,  
ef þú þat lýgr,

at hér sé langt kominn  
mögr til minna sala.

Hvaðan þú fórt,  
hvaðan þú för gerðir,  
hvé þik hétu hjú?  
At ætt ok nafni  
skal ek jartegn vita,  
ef ek var þér kván of kveðin."

Svipdagr kvað:

"Svipdagr ek heiti,  
Sólbjartr hét minn faðir,  
þaðan rákumk vindkalda vegu;  
Urðar orði  
kveðr engi maðr,  
þótt þat sé við löst lagit."

Menglöð kvað:

"Vel þú nú kominn,  
hefik minn vilja beðit,  
fylgja skal kveðju koss;  
forkunnar sýn  
mun flestan glaða,  
hvars hefir við annan ást.

Lengi ek sat  
ljúfu bergi á,  
beið ek þín dægr ok daga;  
nú þat varð,  
er ek vætt hefi,  
at þú ert kominn, mögr, til  
minna sala.

Þrár hafðar  
er ek hefi til þíns gamans,  
en þú til míns munar;  
nú er þat satt,  
er vit slíta skulum  
ævi ok aldr saman."



## 25. Kafi

### Skírnismál

Freyr, sem birtir sig í mörgum jarðarhöllum sat á Liðskjálfi þegar hann sá kvenjötuninn Gerði í hallargarði föðurs hennar. Hann varð gagntekin af ást til hennar og vil beiðast hennar fyrir brúði sína. Goðin geta hinsvegar ekki farið beint í niður í efnið og því sendi Freyr liðsmann sinn, Skírni til að biðja hennar fyrir sína hönd. Skírnir kynnti sig fyrir Gerði sem „ekki af álfum, né Ásasonur og ekki enn, einn af hinum vísu Vönum“ (18). Hvað var hann þá?

Skírnir, merkir hin skínandi, geisli hins guðlega, sendiboði sem getur farið í lægri heima til þess að upplýsa mannkynið — jötnamærin. Útbúinn með hest og goðasverð, ríður Skírnir til jötunheima og nær tali af Gerði en hún hafnar öllum hans tilraunum. Epli ódauleikans freistar hennar ekki, né „hringurinn sem brann með Óðinssyni“ (Baldri), sem gefur af sér átta slíka níundu hverja nótt — faðir hennar, segir hún eiga nægt gull. Hún bregst heldur ekki við hótunum um að áframhaldandi og enn meiri vonsku í jötunheimum. Hinsvegar þegar hún fær að sjá framtíð sína — eyðing vegna „vanmáttar, heimsku og losta“ — samþykkir hún loks að hitta goðið í hinum helga lundi, Barra (39).

Það er auðveldlega hægt að dæma Skírnismál sem algjöra vitleysu, ef ekki væri fyrir ákveðna hliðstæða þætti í öðrum sögnum um birtingu hins goðumlíka niður í mannheim, -sendiboði stígur niður. Þetta ásamt „gíslum“ sem Vanir sendu Ásum er þétting á guðlegum geisla af hærri stigum niður í lægri svið, og tilgangurinn sá að koma göfgandi áhrifum niður í grófa andrúmsloftið á þeim sviðum. Á tilteknum tímamótum hafa slíkir atburðir á sér stað á jörðunni þegar andlegur fræðari birtir sig í mannlegum líkama og veitir mannkyninu innblástur. Krishna, Lao-tse, Sankaracharya, og sá sem hefðin hefur nefnt Krist, sem og aðra eru dæmi um slíka sendiboða. Þeir koma fram með ákveðnu millibili,



Krishna sagði, „Ég birti sjálfan mig meðal þeirra sköpuðu, Ó sonur Bharata, hvenær sem hnignun siðgæðis manna og óréttlæti ræður heiminum mun ég birtast, öld eftir öld til að viðhalda réttlætinu, eyða þeim illu og koma á kærleika.“ Í hvert sinn sem slíkur sendiboði birtist á meðal manna, slær hann nýjan tón sannleikans sem hljómar um einhvern tíma, ný hringrás hefst og færir með sér ferskan skilning á hinum eilífu sannindum.

Í þessu ljósi birtist leiðangur Skírnis sem einn slíkur atburður sem átti sér stað fyrir örófi alda — guðleg birting, til að innblása Gerði, (kynþætti) dóttur jötunsins (kynstofns).

Nokkrar hindranir varð að yfirvinna áður en hægt var að stíga niður. Hin geislandi sendiboði varð að ráða yfir hesti sem gat komist yfir „hreinsunarelda“ sem umhringdu bústaði Ásanna. Hann varð að vera vopnaður sverði sem stjórnaði sér sjálft í bardaga við Jötna „ef sá er horskur, er hefur“ (9). Í sögum af Frey er sverð hans tiltölulega stutt, varla faðms langt. Hver sem beitir því verður að vera óhræddur við að nálgast andstæðinginn og úrræðagóður til að skaðast ekki, sá sem býr yfir andlegum vilja er bæði óhræddur og vitur.

Gerður táknað auðsjáanlega tímabil sem er svipað okkar, þ.e. með mikilli efnislegri hæfni og eftirsókn eftir gæðum þess heims. Hún er ánægð með gnægðir jötunheimsins sem er hennar og kærir sig ekkert um það sem sendiboði guðanna hefur að bjóða. Aðeins þegar hún áttar sig á hvaða endalausar hörmungar efnisgræðgin mun leiða af sér fyrir heim hennar (sér rúnirnar), ákveður hún að lokum að hitta sendiboða guðanna í helgum friðarlundi.

Áhugavert atriði í kvæðinu kemur fram þegar fjallað er um Skaða, stjúpmóðir Gerðar, Skaði merkir sá sem er skaðaður. Hún er ung ástrík eiginkona Njarðar, hins eilífa Satúrnusar, guðs tímans. Við vitum að það var hún sem hengdi eittraða höggorminn yfir andlit Loka og jók þjáningar hans í neðri heimum, hún



ýtir einnig undir Skírni að spyrja Frey hvað angri hann. Þetta er ekki auðvelt vandamál að leysa, en þarf að skoða. Er það mögulegt að Skaði sé í norrænni goðafræði eins og hin dularfulla Narada í austrænni heimsspeki — aflið sem kemur á tafarlausum þjáningum, en langtímaáhrifin eru til að greiða leið fyrir uppbyggjandi framtíðargrósku? Hvort Skaði er tákngerfingur eyðingarafila til að flýta frekari þróun verður að vera ósvarað.

### Skírnismál

Freyr, sonr Njarðar, hafði einn dag sett í Hliðskjálf, ok sá um heima alla. Hann sá í Jötunheima ok sá þar mey fagra, þá er hon gekk frá skála föður síns til skemmu. Þar af fekk hann hugsóttir miklar. Skírnir hét skósveinn Freys. Njörðr bað hann kveðja Frey máls. Þá mælti Skaði:

1.  
"Rístu nú, Skírnir,  
ok gakk skjótt at beiða  
okkarn mála mög  
ok þess at fregna,  
hveim inn fróði sé  
ofreiði afi."

Skírnir kvað:

2.  
"Illra orða  
er mér ón at ykkrum syni,  
ef ek geng at mæla við mög  
ok þess at fregna,  
hveim inn fróði sé  
ofreiði afi."

3.

"Segðu mér þat, Freyr,  
folkvaldi goða,  
ok ek vilja vita:  
Hví þú einn sitr  
endlanga sali,  
minn dróttinn, um daga?"

Freyr kvað:

4.  
"Hví um segjak þér,  
seggr inn ungi,  
mikinn móðtrega?  
Því at álfróðull  
lýsir um alla daga  
ok þeygi at mínum munum."

Skírnir kvað:

5.  
"Muni þína  
hykk-a ek svá mikla vera,  
at þú mér, seggr, né segir,  
því at ungir saman  
várum í árdaga,  
vel mættim tveir trúask."



Freyr kvað:

6.  
"Í Gymis görðum  
ek ganga sá  
mér tíða mey;  
armar lýstu,  
en af þaðan  
allt loft ok lögr."

7.  
"Mær er mér tíðari  
en manna hveim  
ungum í árdaga;  
ása ok alfa  
þat vill engi maðr  
at vit samt séim."

Skírnir kvað:

8.  
"Mar gefðu mér þá  
þann er mik um myrkvan beri  
vísan vafrrloga,  
ok þat sverð,  
er sjalft vegisk  
við jöttna ætt."

Freyr kvað:

9.  
"Mar ek þér þann gef,  
er þik um myrkvan berr  
vísan vafrrloga,  
ok þat sverð,  
er sjalft mun vegask  
ef sá er horskr, er hefr."

Skírnir mælti við hestinn:

10.  
"Myrkt er úti,

mál kveð ek okkr fara  
úrig fjöll yfir,  
þursa þjóð yfir;  
báðir vit komumk,  
eða okkr báða tekr  
sá inn ámáttki jötunn."

Skírnir reið í Jötunheima til  
Gymisgarða. Þar váru hundar ólmir  
ok bundnir fyrir skíðgarðs hliði, þess  
er um sal Gerðar var. Hann reið at  
þar, er féhirðir sat á haugi, og kvaddi  
hann:

11.  
"Segðu þat, hirðir,  
er þú á haugi sitr  
ok varðar alla vega:  
Hvé ek at andspilli  
komumk ins unga mans  
fyr greyjum Gymis?"

Hirðir kvað:

12.  
"Hvárt ertu feigr,  
eða ertu framgenginn?  
-- -- --

Andspillis vanr  
þú skalt æ vera  
góðrar meýjar Gymis."

Skírnir kvað:

13.  
"Kostir ro betri  
heldr en at klökkva sé,  
hveim er fúss er fara;  
einu dægri  
mér var aldr of skapaðr



of allt líf of lagit."

Gerðr kvað:

14.  
"Hvat er þat hlym hlymja,  
er ek heyri nú til  
ossu rönnum í?  
Jörð bifask,  
en allir fyrir  
skjalfa garðar Gymis."

Ambátt kvað:

15.  
"Maðr er hér úti,  
stiginn af mars baki,  
jó lætr til jarðar taka."  
-- -- --

Gerðr kvað:

16.  
"Inn bið þú hann ganga  
í okkarn sal  
ok drekka inn mæra mjöð;  
þó ek hitt óumk,  
at hér úti sé  
minn bróðurbani.

17.  
Hvat er þat alfa  
né ása sona  
né víssa vana?  
Hví þú einn of komt  
eikinn fúr yfir  
ór salkynni at séa?"

Skírnir kvað:

18.  
"Emk-at ek alfa  
né ása sona  
né víssa vana;  
þó ek einn of komk  
eikinn fúr yfir  
yður salkynni at séa."

19.  
"Epli ellifu  
hér hef ek algullin,  
þau mun ek þér, Gerðr, gefa,  
frið at kaupa,  
at þú þér Frey kveðir  
óleiðastan lifa."

Gerðr kvað:

20.  
"Epli ellifu  
ek þigg aldregi  
at mannskis munum,  
né vit Freyr,  
meðan okkart fjör lifir,  
byggjum bæði saman."

Skírnir kvað:

21.  
"Baug ek þér þá gef,  
þann er brenndr var  
með ungum Óðins syni;  
átta eru jafnhöfðir,  
er af drjúpa  
ina níundu hverja nótt."

Gerðr kvað:

22.  
"Baug ek þikk-a-k,



þótt brenndr séi  
með ungum Óðins syni;  
er-a mér gulls vant  
í görðum Gymis,  
at deila fé föður."

Skírnir kvað:

23.  
"Sér þú þenna mæki, mæ,  
mjóvan, málfáan,  
er ek hef í hendi hér?  
Höfuð höggva  
ek mun þér hálsi af,  
nema þú mér sætt segir."

Gerðr kvað:

24.  
"Ánauð þola  
ek vil aldregi  
at mannskis munum;  
þó ek hins get,  
ef it Gymir finnizk,  
vígs ótrauðir,  
at ykkir vege tíði."

Skírnir kvað:

25.  
"Sér þú þenna mæki, mæ,  
mjóvan, málfáan,  
er ek hef í hendi hér?  
Fyr þessum eggjum  
hnígr sá inn aldni jötunn,  
verðr þinn feigr faðir.

26.  
Tamsvendi ek þik drep,

en ek þik temja mun,  
mæ, at mínum munum;  
þar skaltu ganga,  
er þik gumna synir  
síðan æva séi.

27.

Ara þúfu á  
skaltu ár sitja  
horfa heimi ór,  
snugga heljar til;  
matr né þér meir leiðr  
en manna hveim  
innfráni ormr með firum.

28.

At undrsjónum þú verðir,  
er þú út kemr;  
á þik Hrímnir hari,  
á þik hotvetna stari;  
víðkunnari þú verðir  
en vörðr með goðum,  
gapi þú grindum frá.

29.

Tópi ok ópi,  
tjösull ok ópoli,  
vaxi þér tár með trega;  
sezk þú niðr,  
en ek mun segja þér  
sváran súsbreka  
ok tvennan trega:

30.

Tramar gneypa  
þik skulu gerstan dag  
jötna görðum í;  
til hrímþursa hallar





þú skalt hverjan dag  
kranga kostalaus,  
kranga kostavön;  
grát at gamni  
skaltu í gögn hafa  
ok leiða með tárum trega.

31.  
Með þursi þríhöfðuðum  
þú skalt æ nara,  
eða verlaus vera;  
þitt geð grípi,  
þik morn morni;  
ver þú sem þistill,  
sá er var þrunginn  
í önn ofanverða.

32.  
Til holts ek gekk  
ok til hrás viðar,  
gambantein at geta,  
gambantein ek gat.

33.  
Reiðr er þér Óðinn,  
reiðr er þér Ásabragr,  
þik skal Freyr fíask,  
in firinilla mær,  
en þú fengit hefr  
gambanreiði goða.

34.  
Heyri jötnar,  
heyri hrímþursar,  
synir Suttungs,  
sjalfir ásliðar,  
hvé ek fyrbýð,

hvé ek fyrirbanna  
manna glaum mani,  
manna nyt mani.

35.  
Hrímgrímnir heitir þurs,  
er þik hafa skal  
fyr nágrindr neðan;  
þar þér vílmegir  
á viðarrótum  
geitahland gefi;  
æðri drykkju  
fá þú aldregi,  
mær, af þínum munum,  
mær, at mínum munum.

36.  
Þurs ríst ek þér  
ok þría stafi,  
ergi ok æði ok óþola;  
svá ek þat af ríst,  
sem ek þat á reist,  
ef gerask þarfar þess."

Gerðr kvað:

37.  
"Heill ver þú nú heldr, sveinn,  
ok tak við hrímkálki  
fullum forns mjaðar;  
þó hafðak ek þat ætlat,  
at myndak aldregi  
unna vaningja vel."

Skírnir kvað:

38.



"Örendi mín  
vil ek öll vita,  
áðr ek ríða heim heðan,  
nær þú á þingi  
munt inum þroska  
nenna Njarðar syni."

Gerðr kvað:

39.  
"Barri heitir,  
er vit bæði vitum,  
lundr lognfara;  
en eft nætr níu  
þar mun Njarðar syni  
Gerðr unna gamans."

Þá reið Skírnir heim. Freyr stóð úti  
ok kvaddi hann ok spurði tíðenda:

40.  
"Segðu mér þat, Skírnir,  
áðr þú verpir söðli af mar  
ok þú stígir feti framar:  
Hvat þú árnaðir

í Jötunheima  
þíns eða míns munar?"

Skírnir kvað:

41.  
"Barri heitir,  
er vit báðir vitum,  
lundr lognfara;  
en eft nætr níu  
þar mun Njarðar syni  
Gerðr unna gamans."

Freyr kvað:

42.  
"Löng er nótt,  
langar ro tvær,  
hvé of þreyjak þrjár?  
Oft mér mánaðr  
minni þótti  
en sjá half hýnótt."



## 26. Kafli

### Baldurs draumur (Vegtamskviða)

Þessi þekktu saga hefur verið sögð í mörgum útgáfum. Baldur sólargoð fékk forspá í draumi sem olli Ásum áhyggjum. Þegar Óðinn frétti að Hel, dauðagyðjan, væri að undirbúa komu sonar hans, bað Óðinn Frigg, móðir goðanna, þess að hún tæki eið af öllum skepnum að þær myndu ekki skaða Baldur. Allir samþykktu glaðir kröfu hennar og hættunni sýndist afstýrt. Eitt hafði þó yfirsést, mistilteinn, of lítilfjörlegum til að geta talist hættulegur.

Loki hafði lært af yfirsjón sinni. Hann týndi af þessari litlu jurtt og útbjó ör úr henni og fór á goðafund þar sem þeir í gamni sínu hentu vopnum að Baldri, sem hlægjandi og óvarinn henti gaman af þegar vopnin hrukku af honum ósködduðum. Aðeins tvíburabroðir Baldurs, Höður stóð hjá. Loki gekk til hans og spurði hvort hann vildi ekki taka þátt í leiknum og bauðst til að leiðbeina honum að miða svo hann gæti notið leiksins. En örin sem Loki setti í boga Haðar var hin banvæni mistilteinn. Hún smaug í hjarta sólargoðsins sem þar með ferðaðist til Heljar.

Dulbúinn sem Hermóður (guðlegt hugrekki) reið Óðinn til gyðju dauðans, Heljar, til að endurheimta sólargoðið, sem hún féllst á, ef án undantekningar allar skepnur myndu gráta Baldur. Frigg gekk á allar skepnur og allar grétu hin elskaða Ás. Allt sýndist ganga vel þar til hún rakst á gamla kráku — Loka í gervi — sem neitaði. Niðurstaðan var því ótvíræð, Baldur yrði kyrr í húsakynnum Heljar.

Sólargoðið var lagður til hvílu í skip sitt, elskuleg eiginkona hans Nanna (tunglið) dó úr harmi og var lögð við hlið hans. Áður en brennandi skipi hans



var sleppt var sagt að Óðinn hafi beygt sig niður og hvíslað einhverju í eyra sonar síns. (1)

Það er margir lyklar sem passa við þessa sögu. Sólargoðið deyr á hverju ári við vetrarsólhvörf og er endurborinn á hverri nóttu sem skref til að hefna dauða hans fram að nýrri ársól. Hátíð hinnar „óvinnandi sólar“ var alstaðar haldin norðan miðbaugs sem heilagur tími, jól, sem síðar varð að Kristmessu. Það var tími „Meyfæðingar“ þegar hið guðlega fæðist í fullnuma sem vígður er í launhelgarnar. Fæðingu Krists var gefinn þessi dagur til að kenna hann sem einn af þessum fullnumum.

Önnur túlkun vísar í sögn um lok sólar eða hinnar gullnu aldar. Í árdaga mannkynsins ríkti sakleysi í hinum unga huga manna. Það var tími friðar og einlægni, eðlislæg hlíðni við lögmál náttúrunnar ríkti og áhrif guðanna stjórnaði lífi sköpunnar. Þegar hópgreind manna fór að reyna afl sitt, leiddi frjálst val og vilji óhjákvæmilega til rangsleitni og siðalögmál ábyrgðar kom inní myndina ásamt öflum fávísku og myrkurs, sem táknað er með hinum blinda goði Höði, þeir voru verkfærin sem luku þessari blíðu saklausu tilveru. Svipað og sagt er frá í Biblíunni þegar Adam og Evu voru rekin úr Aldingarðinum Eden eftir að hafa bragðað á forboðnum ávexti tréðs illis og góðs, því þau voru orðin eins og goðin, ábyrg fyrir þroska og þróun sinni. Mannlegur hugur verður að vera frjáls til að ákveða vegferð sína, sakleysi og stefnuleysi æskunnar ríkti ekki lengur, sálin varð að taka stefnuna og stýra að markmiði sínu, að fullkomnun og birta goðumlíkna vitund sína æ betur.

Þróunarkrafan um greind í verki — Loki, dulbúinn sem gömul kráka — neitar að syrgja þessa liðnu gullnu öld, því raunverulega innri vinna mannsins verður að hefjast. Bundinn í undirheimum verður Loki að þola þjáningar til enda tímans. Hinn fagra, Skaði, andstæða eiginleika Njarðar, aldar Satúrnusar, bindur höggorm yfir andliti hans og eitur hans drípur án afláts á þennan bundna títan og



eykur þjáningar hans á meðan Signý trú eiginkona hans við hlið hans reynir að grípa eitrið í skjóðu. Það er þegar hún þarf að tæma skjóðuna að eitrið drýpur á andlit Loka og hann stynur af sársauka, þá hristist jörðin.

Þetta er sorgleg mynd sem haldið er fram í flestum ef ekki öllum ritum, að þau öfl sem neyddu manninn úr sakleysi æskunnar yfir í þroska og ábyrgð sé álitin af hinu illa. Kannski er það vegna almennar tregðu mannkynnsins til að fullorðnast. Jafnvel í dag eru það margir sem vilja fremur leggja ákvarðanir sínar við dyr einhverra drottna, raunverulegra eða ímyndaðra og vilja helst engar byrðar bera, þó lítisháttar athugun og íhugun ætti að sannfæra okkur um að til að uppfylla meiri örlög verður þroskuð vera að yfirgefa æskuna og takast á við tilgangsmeyri þátttöku í heiminum. Þannig er Loki neyddur til að bíða í djúpi efnisins og þjást til loka hringrásarinnar. Sársauki hans er aukinn með eitri þekkingarhöggormsins, á sama hátt og þjáning Prometheus var aukin við að ránfuglar kroppuðu í lifur hans. Báðar pyndingarnar lýsa misnotkun mannsins á guðgjöf hugans. Fórn þess upplýsta lýkur ekki fyrr en mannleg þrautaganga verður að fullu lokið, þegar Fenris, afkvæmi Loka, verður frjáls og gleypir sólina í lok lífs hennar og Vali heldur áfram verki sólarguðsins í stærri birtingu. Þá munum við kannski vita hverju Óðinn hvíslaði í eyra Baldurs.

### Baldurs draumar

(Vegtamskviða)

- |                 |                      |
|-----------------|----------------------|
| 1.              | ballir draumar.      |
| Senn váru æsir  |                      |
| allir á þingi   | 2.                   |
| ok ásynjur      | Upp reis Óðinn,      |
| allar á máli,   | alda gautr,          |
| ok um þat réðu  | ok hann á Sleipni    |
| ríkir tívar,    | söðul of lagði;      |
| hví væri Baldri | reið hann niðr þaðan |



niflheljar til;  
mætti hann hvelpi,  
þeim er ór helju kom.

3.  
Sá var blóðugr  
um brjóst framan  
ok galdrs föður  
gól of lengi;  
fram reið Óðinn,  
foldvegr dunði;  
hann kom at hávu  
Heljar ranni.

4.  
Þá reið Óðinn  
fyrir austan dyrr,  
þar er hann vissi  
völu leiði;  
nam hann vittugri  
valgaldr kveða,  
unz nauðig reis,  
nás orð of kvað:

5.  
"Hvat er manna þat  
mér ókunnra,  
er mér hefir aukit  
erfitt sinni?  
Var ek snivin snævi  
ok slegin regni  
ok drifin döggu,  
dauð var ek lengi."

Óðinn kvað:

6.  
"Vegtamr ek heiti,  
sonr em ek Valtams;

segðu mér ór helju,  
ek mun ór heimi:  
Hveim eru bekkir  
baugum sánir,  
flet fagrlig  
flóuð gulli?"

Völva kvað:

7.  
"Hér stendr Baldri  
of brugginn mjöðr,  
skírar veigar,  
liggr skjöldr yfir,  
en ásmegir  
í ofvæni;  
nauðug sagðak,  
nú mun ek þegja."

Óðinn kvað:

8.  
"Þegj-at-tu, völva,  
þik vil ek fregna,  
unz alkunna,  
vil ek enn vita:  
Hverr mun Baldri  
at bana verða  
ok Óðins son  
aldri ræna?"

Völva kvað:

9.  
"Höðr berr hávan  
hróðrbaðm þinig,  
hann mun Baldri  
at bana verða



ok Óðins son  
aldri ræna;  
nauðug sagðak,  
nú mun ek þegja."

Óðinn kvað:

10.  
"Þegj-at-tu, völva,  
þik vil ek fregna,  
unz alkunna,  
vil ek enn vita:  
Hverr mun heift Heði  
hefnt of vinna  
eða Baldrs bana  
á bál vega?"

Völva kvað:

11.  
Rindr berr Vála  
í veströllum,  
sá mun Óðins sonr  
einnættir vega:  
hönd of þvær  
né höfuð kembir,  
áðr á bál of berr  
Baldrs andskota;  
nauðug sagðak,  
nú mun ek þegja."

Óðinn kvað:

12.

"Þegj-at-tu, völva,  
þik vil ek fregna,  
unz alkunna,  
vil ek enn vita:  
Hverjar ro þær meyjjar,  
er at muni gráta  
ok á himin verpa  
halsa skautum?"

Völva kvað:

13.  
"Ert-at-tu Vegtamr,  
sem ek hugða,  
heldr ertu Óðinn,  
aldinn gautr."

Óðinn kvað:

14.  
"Ert-at-tu völva  
né vís kona,  
heldr ertu þriggja  
þursa móðir."

Völva kvað:

15.  
"Heim ríð þú, Óðinn,  
ok ver hróðigr,  
svá komir manna  
meir aftr á vit,  
er lauss Loki  
líðr ór böndum  
ok ragna rök  
rjúfendr koma."



## 27. Kafli

### Hrafnagaldur Óðins

Þessi sögn lýsir eftirmálum í lok dauða plánetu. Hún hefur verið skilin útundan í þýðingum þar sem margir fræðimenn með hin virta Sophus Bugge í broddi fylkingar hafa leitt hana hjá sér þar sem hún hefur verið talin næstum óskiljanleg. Þetta kvæði býr yfir mikilli fegurð með sterkri launsagnartilvísun, lesandinn skynjar hið ósagða draumkennda óumræðanlega gap milli tímabil lífs þegar plánetusálin fellur í kyrrð eftir dauðann. Öllum náttúruríkjum er haldið í andardráttarlausri spennu, hreyfingarlaus, ómeðvituð, líflaus, bíða rafmagnaðaðar skímu nýrrar dögunar. Alfaðir einn er starfandi. Í allri Eddu er engin slík tilfinningarrík tónlist til sem lýsir þessu andartaki lífsins, sem skilur hver lífshóp fastan í eigin vitund í langri hvíld eða athafnaleysi þar til goðin snúa til baka.

Tveir hrafnar Óðins, Huginn og Muninn (hugur og minni), "fljúga hverjan dag Jörmungrund yfir" (Grímnismál) og gefa Alföður skýrslu á hverri nóttu. Hér er minnst á áhyggjur goðsins yfir Huginn þegar hann snýr ekki aftur. Það er eðlileg ástæða fyrir því. Hugurinn greinir í sundur, hefur val, verur sem hafa þennan hæfileika og hafa náð greindarþætti og frjálsum vilja, eins og mannkynið á jörðu, standa frammi fyrir þeim möguleikum sem þeir birta. Þær geta, ef þær kjósa að helga sig eingöngu efnishlið náttúrunnar, jötnunum, í einstaka tilfellum slitið sambandinu við sinni innri guð og þannig er framlagi þeirra til kosmískis tilgangs glatað, og sál þeirra missir af tækifæri til ódauðleika. Þeir geta líka smásaman fundið tengsl við guðlega tilvist sína. Þetta vandasama val er ekki ákvarðað í eitt skipti, það er samsöfnuð áhrif á ótölulegra margra smærri





ákvarðanna í gegnum þróunarskref í lífinu. Í eðlilegu þroskaferli vex sálin af ávöxtum reynslunnar og samskiptum við guðlegan uppruna sinn og sameinast honum smásaman.

Þannig eru „dagslok“ lífsins, Huginn snýr aftur til Óðins með reynsluna úr heiminum og sameinast hinum guðlega að nýju. Fylginautur hans, Muninn, geymir allt sem gerst hefur frá upphafi tímans. Á þeim skrám er byggt það sem sannast stendur og afrekað hefur verið, því minnið er varanlegt og er grunnur fyrir vitund framtíðarinnar.

Við ættum að muna að eiginleikar hrafna vísa ekki aðeins til mannlegrar vitundar heldur til sambærilegra eiginleika eins og þeir birtast með mismunandi hætti á ýmsum stigum í náttúrunni. Pláneta eins og sú sem Iðunn persónugerir, hefur eiginleika sem ná yfir alla hluta hennar, frá náttúruöflunum, gegnum gróft efni steinaríkisins, viðkvæmni plantnanna, hópvitund dýranna og sjálfsvitund mannlegrar sálar. Það tekur líka til æðri vitunda, andlega ríkisins ofar manninum innan plánetuárunnar. Sérhver vakandi vitundar fer í gegnum lífið til að öðlast víðfeðmari reynslu og vex til meiri skilnings og þekkingar, það er í manninum sem við fyrst verðum fær um að greina breytinguna.

Við lífslok plánetunnar er setið fyrir Iðunni (sál plánetunnar) við Urðarbrunn af áköfum goðum sem vilja læra af lífsreynslu hennar og njóta mjöðs (ávaxta) sem hún vildi láta af hendi. Ef táknlyklum Guðspekinnar er beitt sýnist líklegt að faðir hennar, Ívaldi, standi fyrir fyrri heim, Tunglhnattakeðjuna, sem var undanfari jarðarinnar. Iðunn, dóttir hans er „Ívalds eldri yngsta barna“ tilheyri okkar jörð sem er afsprengi jarðarhnattarins í Tunglkeðjunni fyrrum. Hinsvegar er þetta ekki mesta efnislega birting hennar, það var Nanna, líkaminn sem ekki er lengur sýnilegur okkur. Nanna (Nauma) dó áður en okkar jörð fæddist, en sundrað efni hennar var notað sem efni jarðarinnar. Nanna er því lægri grunnar jarðarinnar og hvílir djúpum dauðasvefni stungin þyrnisvefni, ;



„Eins kemur austan  
úr Élivágum  
þorn af akri  
þurs hrímkalda,  
hveim drepur dróttir  
Dáinn allar  
mæran of Miðgarð  
með nátt hverri.“

Þetta er sá þyrnir sem færði „Sofandi fegurð“ algleymið (önnur túlkun sem Þyrnirós), og hinum langa svefni lauk með kossi lífsins. Hin lamandi þyrnir kemur frá frostjötni og á hverjum degi kemur dauðinn með nóttunni á miðnætti. Eins og kvæðið segir okkur hefur hin sorgmædda Idunn lítið að færa til veislu goðanna. Hinsvegar segja síðustu versin okkur af fæðingu lífs að nýju;

„...gengu til rekkju  
gýgjur og þursar,  
náir, dvergar  
og dökkálfar.“

nærri fjærstu rótum Alheimstréðs og goðin birtust aftur og blésu líf í nýjan heim nýrra vona:

„Risu raknar,  
rann álfröðull,  
norður að Niflheim  
njóla sótti;“

---

## Hrafnagaldur Óðins

1. Alföður orkar  
álfar skilja  
vanir vitu  
vísa nornir  
elur íviðja  
aldir bera  
þreyja þursar  
þrá valkyrjur.

2. Ætlun æsir  
illa gátu  
veður villtu  
vættar rúnum;  
Óðhræris (2) skyldi  
Urður geyma  
máttk at verja  
mestum þorra.

3. Hverfur því Hugur  
himna leitar,  
grunar guma  
grand ef dvelur;  
þótti er Þráins  
þunga draumur(3),  
Dáins dula (dvergur)  
draumur þótti.

4. Dugur er með



dvergum  
dvína, heimar  
niður að Ginnungs  
niði (4) sökkva;  
oft Alsviður  
ofan fellir,  
oft af föllnum  
aftur safnar.

5.Stendur æva  
strind né röðull,  
lofti með lævi  
linnir ei straumi  
mærum dylst  
í Mímis brunni  
vissa vera;  
vitið enn, eða hvað?

6.Dvelur í dölum  
dís forvitin,  
Yggdrasils frá  
aski hnigin;  
álfa ættar  
Íðunni (5) hétu,  
Ívalds eldri  
yngsta barna.

7.Eirði illa  
ofankomu,  
hárbaðms undir  
haldin meiði;  
kunni síst  
að kundar Njörva,  
vön að værri  
vistum heima.

8.Sjá sigtívar  
syrgja Naumu (6)  
viggjar að véum;  
vargsbelg seldu,  
lét í færast,  
lyndi breytti,

lék að lævísi,  
litum skipti.

9.Valdi Viðrir  
vörð Bifrastar(7)  
Gjallar sunnu  
gátt að fréttu,  
heims hvívetna  
hvert er vissi;  
Bragi og Loftur  
báru kviðu(8).

10.Galdur gólu,  
göndum riðu,  
Rögnir og Reginn  
að ranni heimis;  
hlustar Óðinn  
Hliðskjálfu í (9) ;  
leit braut vera  
langa vegu.

11.Frá enn vitri  
veiga selju  
banda burður  
og brauta sinnar;  
hlýrnis, heljar,  
heims ef vissi  
ártíð, æfi,  
aldurtila.

12.Né mun mælti,  
né mál knátti  
Gefjun greiða,  
né glaum hjaldi;  
tár af tándust  
törgum hjarnar,  
eljunfaldin  
endurrjóða.

13.Eins kemur austan  
úr Élivágum  
þorn af akri

þurs hrímkalda,  
hveim drepur dróttir  
Dáinn allar  
mæran (10) of  
Miðgarð  
með nátt hverri.

14.Dofna þá dáðir  
detta hendur,  
svífur of svimi  
sverð áss hvíta;  
rennir örvit  
rýggjar glyggvi,  
sefa sveiflum  
sókn gjörvallri.

15.Jamt þótti Jórunn  
jólnum komin,  
sollin sútum,  
svars er ei gátu;  
sóttu því meir  
að syn var fyrir,  
mun þó miður  
mælgí dugði.

16.Fór frumkvöðull  
fregnar brauta,  
hirðir að Herjans (11)  
horni Gjallar;  
Nálar nefa  
nám til fylgis,  
greppur Grímnis  
grund varðveitti.

17.Vingólf tóku  
Viðars þegnar,  
Fornljóts sefum  
fluttir báðir; (12)  
iðar ganga,  
æsi kveðja  
Yggjar(13) þegar  
við ölteiti.



18.Heilan Hangatý  
heppnastan ása,  
virt öndvegis  
valda báðu;  
sæla að sumbli  
sitja dfa,  
æ með Yggjungi  
yndi halda

19.Bekkjarsett  
að Bölverks ráði  
sjöt Sæhrímni  
saddist rakna;  
Skögul að skutlum  
skaptker Hnikars  
mat af miði  
Mímis hornum.

20.Margs of frágu  
máltíð yfir  
Heimdall há goð,  
hörGAR Loka,  
spár eða spakmál  
sprund ef kenndi,  
undorn of fram,  
unz nam húma.

21.Illa létu  
orðið hafa  
erindleysu  
oflítilfræga; (14)  
vant að væla  
verða myndi,  
svo af svanna  
svars of gæti.

22.Ansar Ómi  
allir hlýddu:  
„Nótt skal nema  
nýræða til;  
hugsi til myrgins  
hver sem orkar  
ráð til leggja  
rausnar ásum!“

23.Rann með röstum  
Rindar móður  
fóðurlarður  
fenris valla; (15)  
gengu frá gildi  
goðin, kvöddu  
Hropt og Frigg  
sem Hrímfaxa fór.

24.Dýrum settan  
Dellings mögur  
jó fram keyrði  
jarknasteinum:  
mars of Manheim  
mön af glóar,  
dró leik Dvalinns  
drösull í reið. (16)

25.Jörmungrundar  
í jódyn nyrðra  
und rót yztu  
aðalpollar  
gengu til rekkju  
gýgjur og þursar,  
náir, dvergar  
og dökkálfar.

26.Risu raknar,  
rann álfröðull,  
norður að Niflheim  
njóla sótti;  
upp nam Árgjöll  
Úlfrúnar niður,  
hornþytvaldur  
Himinbjarga.



## 28 Kafli

### Að lokum

Lesandi sem þraukað hefur fram að þessum kafla, hefur tekið eftir því að engar myndir eru af guðum eða jötnum sem oft prýða slíkar bækur, m.a. sem sýna kraftalegan Þór með frumstæðan steinhamar. Slíkum skreytingum hefur verið sleppt hér því þær lítisvirða forna goðafræði meira en nokkuð annað. Hér hefur verið reynt að fjalla um efni goðsagnanna, þ.e náttúruöflin og efnið í alheiminum, andstætt þeim hefðbundna sið að setja þessar sagnaverur í mannlegt líki og gæða efnið eiginleikum sem það hefur ekki. Hvorki plánetu eða stjörnu efni er hægt að manngera né gefa því eiginleika sem er umfram náttúru þess.

Þegar við höfum farið yfir lítin hluta Sæmundar *Eddu*, og með stuttum úttúrdúrum í annað efni, ættum við nú að vera nokkuð vel kunnug þeirri aðferð sem sagnaskrifarnir notuðu til að skrá vísindi guðanna. Gegnum hina sérstöku galdra goðsagnanna lærum við af uppruninum, um aldur og endir hlutanna, því við erum hvert og eitt okkar, hin leitandi Óðinn. Vankvæðin sem við stöndum frammi fyrir þegar draga þarf efnið niður í það einfalda, er sama krafan og fyrir andann í efninu, sem hangir á lífsins tré, slitinn frá hærri heimum: Óðinn hið neðra helgaður Óðni hinum efra á trénu er hann leitar í djúpinu að rúnum viskunnar og lyftir þeim með söng, hljóði, hreyfingu, athöfn.

Í Völuspá og Grimnismálum fáum við yfirsýn á myndun alheimsins, sýn á lifandi heima sem snúa aftur til birtingar eftir kosmíska hvíld. Við sjáum goðin taka sæti sín, koma saman til ráðagerða og hvaða sess þær háu verur skipa á greinum Tré Lífsins. Við lærum hver mannlegur uppruni er, að við erum



upprunin úr kosmísku sköpunarafli, samsett úr alheimslegum þáttum sem gefur okkur eiginleika sem tilheyra okkar tegund.

Aðrar goðsagnir hafa tilvísun í okkar hnött og mannkynin sem tekið hafa hvert við af öðru sem og jötna og risa sem sýna okkur mismunandi sérkenni og nýja reynslu sem nærir þraukandi vitundina. Mannlegur andi ferðast um svið og kima Alheimstréðs í leit að reynslu, á sama hátt og við erum hýsill fyrir óteljandi heima atóma í okkar eigin líkama, samtímis og okkar eigin álfur (egó) hegðar sér í samræmi við hina guðdómlegu *hamingju* (andann) eða hleypur eftir dverginum (náttúruöflunum) í eðli okkar. Okkar efnislíkami, steinaríkið sem og önnur náttúruríki byggja upp plánetur sólkerfisins á sama hátt og líf atómanna byggja okkar eigin líkama og tilheyrr þeim heimi sem við lifum í.

Goðsagnirnar eru einkar skiljanlegar og engin ástæða til auðtrúar á þær, kerfin samtinnast og kvíslar þeirra á lífstrénu eru í sjálfu sér sjálfstæð tré sem vaxa og greinast áfram innan heildarinnar. Goðin á sínum eigin sviðum, byggingaröflin, hafa engin afskipti af málefnum manna, þau eru skapandi og raunverulegir heimar sem er okkur lokaðir, en engu síður möguleg framtíð okkar. Því við erum líkt og börn í heimi fullorðinna, náum þeim í hné í mikilfengleika þeirra og sjáum aðeins brot af eiginleikum þeirra.

Heimarnir lifa og deyja, lifna við og hverfa aftur. Að loknu hverju plánetulífi leita goðin lærdóms af „ávöxtum andans“ sem hann hefur öðlaðist í birtingu sinni. Á okkar mannlega sviði förum við inní okkar eigin hnattstarfsemi og öðlumst einhvern „mjöð“ sem gleður okkar innri mann og hverfum til annars heims, sem hefur aðra samsetningu, annan þéttleika og önnur reynslusvið fyrir vaxandi vitund til að reyna. Íkorn vitundarinnar sem hoppar um á greinum lífsins tré og hefur þannig aðgang að mörgum sviðum þess, en það sem tekur til eins sviðs hefur ekki sömu tilvísun á öðrum, þó við tilheyrum þeim öllum. Við



lifum og lærum í þeim öllum, en hver eðlisþáttur okkar hefur sína heimahöfn í einhverjum þeirra.

Alveg frá því að hugur og vilji fyrri mannkyna var hraðað til að hugsa og velja og frá því að þeirra, — okkar — fyrstu skref sem mannlegar verur var stýrt af "uppbyggjandi öflum" í líkingu Rígs, hefur leið okkar legið yfir margar mýrar og kviksendi þar sem innra ljósið var dimmt, en líka yfir tinda mikils innblásturs. Sem hluti hins skapandi alheims getur hinn mannlegi hugur ekki aðskilið sig frá honum, né hafnað því að vera hluti hans. Við erum fullvissuð af goðsögunum að þrautaganga okkar gegnum efnisdal sjálfshyggjunnar muni enda og við endurheimtum guðleika okkar réttilega og öðlumst vitund og ábyrgðarverk í stjórnun heimsins. Því innan oss er ótvíræður tengill við hina björtu vitund sem stjórnar plánetu og sólkerfum. Þau eru tignarveldi þar sem eðli þeirra gegnsýrir þá heima á sama hátt og mannleg vera gegnsýrir með vitund sinni allt líf innan sálar og líkama síns. Þó að við missum stundum snertingu við uppljómun okkar, hefur hugarheimurinn sem við dveljum í ótal neista sem geyma sannleikann.

Á þessari vegferð hefur ljós hugljómunar aldrei slokknað, ávallt hefur verið til staðar launhelgar hugmyndir á öllum tímum fyrir þá sem leita sanninda af heilum hug. Þess vegna hafa goðsagnir og launsagnir lifað. Þegar innri nauðsyn og umhyggja ræður verða þær að fullu þekktar, á öðrum tímum munu þær verða leyndar í dularbúningi skemmtisagna og æfintýra. Þegar þær eru rannsakaðar birta þær eilíf verðmæti og eiginleika og kenna okkur að lifa, því, eins og þær sýna okkur greinilega, þá er hlutverk mannríkisins að umbreyta grófu efni jötnaheims okkar í varanlegt verðmæti vitundar — mjöðin sem nærir goðin — í okkur og kerfum heimsins.

Launsagnirnar kenna okkur að þekkja sannleikann og virða hann, ekki sem gögn sem geyma má í tölvuminni, heldur vaxandi svið sannleika sem gefur okkur enn



skýrari mynd og opnar skilning á innri sviðum lifandi alheims. Þessi fullvissa um guðlegan uppruna okkar og alheimsörlög gefur okkur grunn sem ávallt er gildur. Ekkert gildishlaðið mat á kostum (sem geta orðið gallar ef þeim er misbeitt), heldur traustur persónuleiki, innri vegvísir sem bendir til réttar áttar við allar aðstæðum.

Túlkunin sem hér er færð fram er alls ekki tæmandi heldur sýnir aðeins meginútlínur í theosófískri heimsspeki sem hægt er að þekkja í sögnum og kvæðum Eddu. Ekki hafa öll tákni verið ráðin né allar kenningar útskýrðar. Margt mun lesandinn rekast á sem ekki er útskýrt. Margar setningar eru of snúnar til að skilja og eru því skildar eftir fyrir innsæi lesandans. Því er trúað að með almennum lyklum táknafræðinnar geti hugsandi og greinandi lesandi fundið frekari skilning, ekki aðeins á norrænni goðafræði heldur einnig öðrum launsögnum heimsins. Það sem hefur verið skoðað vel er einnig ófullkomið, því það er aðeins lítil hluti efnisins sem til staðar er í Eddunum. Ef þessi hluti rúnaviskunnar getur hvatt aðra til að takast á við frekari rannsóknir á þessum gögnum, er tilgangnum náð. Það er raunveruleg þörf í nútímanum á að endurheimta andlegan áhuga og ástæðurnar fyrir tilvist mannsins áður en við hellum okkur í alheiminn án merkingar. Gömlu goðin eru ekki dauð, langt frá því. Þeir ganga til skyldna sinna við að halda heimunum í réttum takti, þeir tryggja jafnvægi í náttúruöflunum og viðhalda á öllum sviðum þau viðkvæmu áhrif sem heilla okkur í efnisumhverfi okkar. Meistaraverk náttúrunnar er maðurinn. Náttúruríkin sem fylgja okkur eiga mikið undir okkur og þjást ómælt af misstököm okkar, en þau sem á undan okkur fóru í þróunarstiganum, eru ekki bundin af fávísku okkar, en eru engu að síður án samvinnu við okkur þegar við gerum ekki okkar besta sem menn.

Það er nauðsynlegt að við öðlumst vitund um næstu skref að Óði okkar, mannlegri sál, sem verður að bindast hinni himneskri brúði sinni við ferðalok, eftir langa leið um vindkalda dali efnisins og á langri fortíð safnaði saman





eiginleikum og hæfni. Aðeins þegar við erum undirbúin og viljug getum við fullgilt mannleg örlög okkar sem Svipdagur sameinaður Meðgleði, hamingju okkar, sameinuð í takmarki ára og alda.



## ORÐSKÝRINGAR- NORRÆN GOÐAFRÆÐI

Hugtakasafn úr norrænni goðafræði.

Alfaðir er eitt af fjölmörgum heitum Óðins.

Alsvinnur og Árvakur heita hestarnir sem draga kerru Sólar.

Andhrímnir er nafn steikarans sem sýður göltinn Sæhrímni í katlinum Eldhrímni í Valhöll.

Askur og Embla eru fyrstu manneskjurnar samkvæmt sköpunarsögu norrænnar goðafræði. Þau urðu til þegar fyrstu goðin, Óðinn, Vilji og Vé, fundu tvö tré á ströndu og gerðu úr þeim mannverur. Óðinn gaf þeim anda og líf, Vilji vit og skilning og Vé mál, heyrn og sjón.

Askur Yggdrasils sjá Yggdrasill.

Auðhumla heitir frumkýr sem varð til þegar hrímið draup í árdaga. Úr spenum hennar runnu fjórar mjólkurár sem nærðu hrímþursinn Ými. Auðhumla sleikti salta hrímsteina í þrjá daga og leysti úr þeim forföður goðanna, Búra.

Austri er einn fjögurra dverga sem halda uppi himninum sem gerður var úr höfuðskel Ýmis. Austri heldur uppi austurhorni himinsins, Norðri norðurhorninu, Suðri suðurhorninu og Vestri vesturhorninu.

Árvakur sjá Alsvinni.

Ás/Ásynjur sjá æsir.

Ása-Þór er eitt af heitum Þórs.

Ásgarður er bústaður ása. Hann stendur þar sem heimurinn rís hæst og þangað má komast um brúna Bifröst. Þar eru bústaðir goðanna, m.a. Valhöll.

Baldur er einn ásanna, sonur Óðins og Friggjar, eiginmaður Nönnu og faðir Forseta. Bústaður Baldurs er Breiðablik. Baldur er bestur og vitrastur goðanna og eftirlæti allra.

Bergelmir er eini jötunninn sem ekki drukknaði í blóði Ýmis. Því eru allar ættir hrímþursa komnar af Bergelmi og konu hans. Ýmir var afi Bergelmis.

Bestla er jötnamær, dóttir Bölþorns jötuns. Með Bor á Bestla hin fyrstu goð, Óðin, Vilja og Vé.

Bifröst heitir brúin milli Miðgarðs og Ásgarðs sem goðin byggðu og sést frá jörðu sem regnbogi. Annar endi Bifrastar er á himni, hjá Himinbjörgum þar sem Heimdallur býr. Á hverjum degi ríða æsir yfir Bifröst að Urðarbrunni til dóma.



Bil og Hjúki heita mennsk börn sem Máni tók til fylgdar við sig.

Bilskirnir er bústaður Þórs.

Bor heitir faðir fyrstu goðanna, Óðins, Vilja og Vés. Bor er sonur Búra og kona hans var Bestla, dóttir Bölþorns jötuns. Jötnar eru þannig forfeður goðanna og voru til á undan þeim.

Bragi er norræni skáldskaparguðinn, sonur Óðins. Þess vegna er skáldskapur oft kallaður bragur. Kona hans er Iðunn.

Breiðablik heitir bústaður Baldurs og Nönnu. Það er fagur staður þar sem aldrei verður óhreint.

Brisingamen er skartgripur Freyju.

Búri er ættfaðir ásanna sem kýrin Auðhumla sleikti lausan úr hrímsteinum, faðir Bors og afi hinna fyrstu goða, Óðins, Vilja og Vés.

Bölþorn heitir faðir jötnameyjarinnar Bestlu.

Dagur er sonur Nætur og persónugervingur dagsins. Hann ríður hestinum Skinfxa yfir himininn en móðir hans, Nótt, ríður Hrímfaxa.

Dvergar eru vitrar verur sem búa undir björgum og í klettum. Þeir eru miklir hagleiksmenn. Dvergarnir Austri, Norðri, Suðri og Vestri halda uppi himninum, hver í sínu horni. Í Snorra-Eddu segir að dvergar hafi kviknað niðri í jörðinni eins og maðkar í holdi, þeir fyrstu í holdi Ýmis.

Einherjar eru menn sem deyja í bardaga og valkyrjur fara með til Óðins í Valhöll. Einherjar berjast daglangt á Iðavelli en að kvöldi rísa hinir föllnu upp og setjast að drykkju. Aðeins þeir menn sem dóu í bardaga gátu orðið einherjar.

Eldhrímnir heitir ketillinn í Valhöll sem eldamaðurinn Andhrímnir matbýr í göltinn Sæhrími.

Embla sjá Askur og Embla.

Epli Iðunnar eru töfraepi sem halda goðunum ungum. Gyðjan Iðunn gætir eplanna.

Élivogar er mikil á sem rennur úr Niflheimi. Við sköpun heimsins flytur hún með sér kuldann sem mætir hitanum úr Múspellsheimi í Ginnungagapi. Við þann samruna kviknar fyrsta lífið, hrímþursinn Ýmir.

Fensalir heitir bústaður Friggjar.

Freyja er norræna ástargyðjan. Hún er af vanaætt, dóttir Njarðar og systir Freys. Freyja ekur um á vagni sem tveir kettir draga. Auk þeirra eru einkennisgripir



Freyju valshamur, gölturinn Hildisvíni og Brísingamen. Freyja er oft í forsvari fyrir ásynjur og ævinlega girnast jötnar hana.

Freyr er mestur goða af ætt vana og mikilvægasta frjósemisgoð norrænnar goðafræði. Freyr er sonur Njarðar og bróðir Freyju. Freyr ræður fyrir regni, skini sólar og frjósemi jarðar.

Frigg er höfuðgyðja í heiðnum sið af vanaætt og einungis Freyja hefur mikilvægara hlutverki að gegna. Frigg er kona Óðins og á með honum eina dóttur og sex syni, m.a. Baldur. Bústaður hennar í Ásgarði heitir Fensalir. Þjónustumejar Friggjar eru Fulla og Gná. Ginnungagap er hið mikla tóm sem var til fyrir sköpun heimsins. Fyrir norðan það varð hinn ískaldi Niflheimur til en að sunnan eldheimurinn Múspellsheimur.

Gjallarhorn er horn ássins Heimdalls sem hann blæs í til að vara goðin við þegar ragnarök skella á.

Goð/guð(ir) eru af tveimur meginættum: æsir og vanir. Æsir eru goð hernaðar og valda en vanir frjósemisgoð. Í árdaga háðu ættirnar mikil stríð en sömdu svo frið og skópu með sætt sinni manninn Kvasi. Goðin standa fyrir það góða í norrænni goðafræði en jötnar og annað illþýði það illa.

Heiðnir menn trúðu á og dýrkuðu goðin og hétu á þau til ólíkra hluta. Þekkt nöfn á goðum eru: Óðinn, Þór, Njörður, Freyr, Týr, Heimdallur, Bragi, Víðar, Váli, Ullur, Hænir og Forseti. Ekki er vitað hversu margar ásynjur voru í raun dýrkaðar sem slíkar í heiðni en þau nöfn sem nefnd eru í fornum heimildum eru: Frigg, Freyja, Gefjun, Iðunn, Gerður, Sigyn, Fulla, Nanna, Sága, Eir, Sjöfn, Lofn, Vár,

Vör, Syn, Hlín, Snotra, Gná, Sól og Bil. Loki er jötnaættar en ævinlega með ásum enda fóstbróðir Óðins.

Hati er úlfurinn sem eltir mánann yfir himininn og mun gleypa hann í ragnarökum. Úlfurinn Skoll eltir sólina.

Heiðrún heitir geitin sem stendur á þaki Valhallar. Úr spenum hennar rennur hreinn mjöður í drykkjarker einherja.

Heimdallur er norrænt goð sem stundum er sagður faðir alls mannkyns. Hann á níu mæður sem allar voru systur. Hann á hestinn Gulltopp og lúðurinn Gjallarhorn og heyrir blástur hans í alla heima. Heimdallur býr í Himinbjörgum við Bifröst og gætir brúarinnar fyrir bergrisum. Hann þarf minni svefn en fugl og sér jafnt nótt sem dag hundrað rastir frá sér. (Röst er forn mælieining sem



nemur um 12 km.) Hann heyrir og gras vaxa á jörðu og ull á sauðum. Hann er svarinn óvinur Loka.

Hel heitir heimur hinna dauðu. Til Heljar koma þeir men sem deyja ekki í bardaga. Vegurinn til Heljar nefnist Helvegur.

Himinbjörg heitir bústaður Heimdallar sem stendur við himins enda, við brúarsporð Bifrastar.

Hjúki sjá Bil.

Hliðskjálf er háseti Óðins og þaðan má sjá um heima alla.

Hrímfaxi heitir hesturinn sem Nótt ríður yfir heiminn.

Hrímpursar er annað heiti á jötnum. Það á rætur að rekja til þess að forfaðir jötna, Ýmir, varð til við sköpun heimsins þegar hrím mætti hita.

Hræsvelgur heitir jötunn í arnarham sem situr á enda heimsins og kemur vindinum af stað með vængjaslögum sínum.

Hvergelmir er uppspretta í Niflheimi, undir Aski Yggdrasils, sem úr falla ellefu ár. Í honum eiga öll vötn heimsins upptök sín. Í Hvergelmi býr Níðhöggur.

Iðavöllur er goðsögulegur völlur í miðjum Ásgarði þar sem askur Yggdrasils stendur. Á Iðavelli berjast einherjar dag hvern.

Iðunn er ein af ásynjum norrænu goðafræðinnar, gyðja ástar og æsku og kona Braga. Iðunn ræður yfir æskueplunum sem æsir éta til að halda sér ungun.

Jörð er goðvera sem telst til ásynja en er einnig sögð tröllkona. Þór er sonur hennar og Óðins.

Jötunheimur, -heimar er ógnvænlegt jötnaríki sem liggur utan Miðgarðs og skilja ár það frá mannheimi. Einnig nefndur Útgarður.

Loki er flóknasta og jafnframt neikvæðasta persónan í goðafræðinni. Faðir hans er jötunninn Fárbauti, móðir hans heitir Laufey eða Nál. Kona Loka heitir Sigyn og synir þeirra eru Narfi og Váli.

Máni er sonur Mundilfara og bróðir Sólar. Hann keyrir vagn mánans yfir himinhvolfið.



Miðgarður heitir miðja heimsins og sá staður þar sem mannfólkið býr.

Mundilfari er faðir Sólar og Mána sem æsir köstuðu upp á himininn.

Múspellsheimur heitir eldheimur og þaðan kom hitinn við sköpun heimsins. Múspellssynir eru eldjötnar.

Naglfar er skip hinna dauðu sem sjósett er í ragnarökum og flytur Múspellssyni til bardaga við goðin. Naglfar er gert af nöglum dauðra manna og er stærst allra skipa.

Nanna er ein af ásynjunum, eiginkona Baldurs, dóttir Neps og móðir Forseta.

Niflheimur heitir staður í norðri sem var til fyrir sköpun heimsins. Milli hans og hins heita Múspellsheims er Ginnungagap. Ein af rótum asks Yggdrasils stendur yfir Niflheimi og undir henni er brunnurinn Hvergelmir.

Níðhöggur er dreki sem drekkur blóð dauðra og étur lík. Einnig er sagt að hann búi undir aski Yggdrasils og nagi rætur hans.

Njörður er norrænt goð af vanaætt, faðir systkinanna Freys og Freyju. Njörður er sjávar- og frjósemisgoð.

Nóatún er bústaður goðsins Njarðar.

Norðri sjá Austri.

Nornir skapa mönnum örlög samkvæmt norrænni goðafræði.

Við Urðarbrunn sitja örlaganornirnar Þrjár, Urður, Verðandi og Skuld, og ráða örlögum manna.

Nótt er persónugervingur næturinnar.

Óðinn er æðsta goð norrænar goðafræði. Hann er aðallega goð skáldskapar, hernaðar og dauðans en einnig goð töfra, galdra og rúnastafa. Óðinn og bræður hans, Vilji og Vé, voru fyrstu goðin. Þeir eru synir Bors og tröllkonunnar Bestlu. Óðinn er kvæntur Frigg og þekktustu synir hans eru:

Baldur (með Frigg),

Þór (með Jörð) og Váli (með Rindi),

en börn Óðins eru miklu fleiri. Bústaður Óðins í Ásgarði

heitir Gláðsheimur, þar er höllin Valhöll og hásetið

Hliðskjálf þaðan sem Óðinn sér um heima alla.

Ratatoskur heitir íkorninn sem hleypur upp og niður stofn asks Yggdrasils og ber öfundarorð á milli drekans Níðhöggs, sem nagar rætur asksins, og arnarins sem situr í greinum hans.



Sif er ein ásynjanna, eiginkona Þórs og móðir Ullar. Hún er frægust fyrir mikið og fallegt hár.

Sigyn er eiginkona Loka og ein ásynjanna.

Skinfaxi heitir hesturinn sem Dagur ríður.

Skoll heitir úlfurinn sem eltir sólina á ferð hennar yfir.

Skuld sjá Urður, Verðandi og Skuld; norn.

Sól er dóttir Mundilfara og systir Mána. Hún keyrir vagn sólarinnar um himinhvolfið sem hestarnir Alsvinnur og Árvakur draga.

Suðri er einn fjögurra dverga sem halda uppi himninum. Sjá Austri.

Sæhrímnir er gölturinn sem steikarinn Andhrímnir sýður dag hvern í katlinum Eldhrímní handa einherjum í Valhöll eftir að þeir hafa barist allan daginn. Kjötið af Sæhrímní nægir alltaf til að metta einherjana, sama hversu margir þeir eru, og á hverjum morgni rís gölturinn alheill upp á ný.

Tanngnjóstur og Tanngrísnir heita hafrar Þórs. Þeim má slátra og éta að kvöldi. Ef öllum beinum er kastað á húðirnar og Mjölni sveiflað yfir rísa þeir heilir upp að morgni.

Tröll, jötunn og þurs eru samheiti yfir óvinveitt illþýði úr Útgarði sem ógna Ásgarði og Miðgarði og Þór berst gjarnan við.

Týr er norræna himin-, stríðs- og þinggoðið, jötunninn Hymir er nefndur sem faðir hans en einnig sjálfur Óðinn. Hvergi er nefnt að hann eigi konu eða afkomendur.

Ullur er eitt goðanna, sonur Sifjar og stjúpsonur Þórs.

Urðarbrunnur er undir þeirri rót asks Yggdrasils sem stendur á himni. Þar eiga goðin dómstað sinn og þar er fagur salur þar sem örlaganornirnar, Urður, Verðandi og Skuld, sitja og skapa mönnum örlög. Á hverjum degi taka nornirnar vatn úr brunninum og ausa upp yfir askinn.

Útgarður eða jötunheimar er svæðið sem liggur utan þess hluta heimsins sem menn og goð byggja og er bústaður jötna, þursa og annars illþýðis. Í Útgarði er illt að vera og erfitt að rækta jörðina og því sækja jötnar sífellt í land ása.

Valhöll heitir bústaður Óðins í Ásgarði og þangað safnar hann öllum þeim sem deyja í bardaga og gerir þá að einherjum.



Veggir Valhallar eru þaktir spjótum og skjöldum og brynjur liggja á bekkjum. Valkyrjur vísa einherjum til sætis í Valhöll þar sem þeir borða kjöt af geltinum Sæhrímni og drekka mjöð úr spenum geitarinnar Heiðrúnar.

Valkyrjur eru stríðsmeyjar sem hafa áhrif á gang orrustu. Þær ráða því hverjir deyja og verða að einherjum. Valkyrjur færa Óðni hinar föllnu hetjur til Valhallar og bera einherjum öl.

Vanir er önnur tveggja goðaætta (hin er æsir) og kemur úr Vanaheimum.

Vé(i) er eitt hinna fyrstu goða, sonur Bors og tröllkonunnar Bestlu, bróðir Óðins og Vilja.

Vilji er eitt hinna fyrstu goða, sonur Bors og tröllkonunnar Bestlu, og bróðir Óðins og Vés.

Vingólf eða Víngólf er fagur salur gyðjanna í Ásgarði.

Víðar heitir einn ásanna, sonur Óðins og tröllkonunnar Gríðar.

Völva er kona sem getur spáð fyrir um framtíðina.

Yggdrasill eða askur Yggdrasils heitir heimstré hinna norrænu goðsagna. Króna hans breiðir sig yfir allan heiminn og rætur hans teygja sig til þriggja átta. Ein rótin nær til Niflheims, þar er brunnurinn Hvergelmir og drekin Níðhöggur nagar rótina. Önnur rótin er í Jötunheimum, þar er Mímisbrunnur og vitri jötunninn Mímir. Þriðja rótin er á himnum, við hana er Urðarbrunnur.

Ýmir heitir frumjötunn norrænu sköpunarsögunnar. Hann var tvíkynja og jók kyn sitt þannig að annar fótur hans eignaðist son með hinum og eru þaðan komnar ættir hrímþursa.

Þór er hinn norræni þrumuguð. Hann er sonur Óðins og bróðir Baldurs. Móðir Þórs er Jörð. Nöfn allra barna Þórs minna á ógurlega krafta hans: synir hans eru Móði og Magni og dóttir hans heitir Þrúður. Kona Þórs heitir Sif og Ullur er stjúpsonur hans. Þór er stór vexti, sterklegur og rauðskeggjaður, með stingandi augnaráð og mikill drykkju- og matmaður. Þór er sterkastur ása og ver goð og men gegn hættulegum öflum Útgarðs: jötnum og Miðgarðsormi. Höll Þórs stendur á Þrúðvangi í Ásgarði og heitir Bilskirnir. Þór á mikinn vagn sem hafrarnir Tanngrisnir og Tanngnjóstur draga.

Þrúðvangur er staður í Ásgarði þar sem bústaður Þórs, Bilskirnir, stendur.